<sup>3</sup> *En*] Here several leaves are

wanting in Cod. 332, 4to. The text is now again taken from the Codex Flateyensis.



fór hann í Suðreyjar ok fékk þar ok mikit lið. Þaðan fór hann til 10th een Írlands ok herjaði, ok slíkt hit sama á Bretlandi. Þaðan fór hann til tury. Englands, ok herjaði þar sem annars-staðar. Ólafr hét sá konúgr er Játvarðr hafði þar settan til landvarnar. En með því at Eiríkr hafði lið A.D. 950. mikit þá gækk hann á land upp frá skipum. Ólafr dró ok saman her (Sax.Chr.) úvígan ok fór á hendr Eiríki konúngi, ok varð þar orrosta mikil. Önd-verdan daginn féllu mjök Euskir menn; en þar er einn féll, kómu þrír í staðinn. En enn efra hluta dagsins sneri mannfallinu á Norðmenu, ok lauk svá at Eiríkr konngr féll ok fimm konúngar með honum. Einn þeirra hét Guthormr. Þar féllu ok jarlar, Arukell ok Erlendr, synir Torf-Einars. En er þan Gunnhildr ok synir heunar urðu þess vör at Eiríkr var fallinn, ok hann hafði áðr herjat land Engla-konúngs, þá þykkjast þau vita at þeim var eigi fríðvænt á Englandi; búask þau því af skyndingi til Orkneyja. Þá var þar jarl Þorfinnr hausakljúfr. Tóku Gunnhildar-synir þá undir sik Eyjar, ok vóru þar á vetrum, en fóru á sumrum í hernað. En er þau Gunnhildr ok synir hennar vóru í Orkneyjum, þá heyrðu þau at úfriðr var milli Dana-konúngs ok Hákonar konúngs Aðalsteins-fóstra, þá þótti þeim nokkur ván at þau mundi fá hjálp af Haraldi Gornissyni. Þau byrja þá ferð sína til Dana-konúngs. Eu áðr þau færi or Orkneyjum giptu þau Ragnhildi, dóttur Eiríks konúngs ok Gunnhildar, Arnfinni syni Þorfinns jarls; ok settist Þorfinnr þá at Eyjum; hann var höfðingi mikill ok herskár; hann varð sótt-dauðr; ok er hann heygðr í Rögnvaldsey á Haugaheiði, ok þótti verit hafa mikilmenni.

9. Þorfinnr átti fimm sonu, hét einn Hávarðr hinn ársæli, annarr Hlödverr, hinn þriði Ljótr, fjórði Skáli, fimti Arnfinnr.<sup>2</sup> Ragnhildr Eireksdóttir ræð Arnfinni bónda sínum bana í Myrkkol á Katanesi; en hon giptist Hávarði hinum ársæla bróður hans. Hávarðr

<sup>1</sup> The text of this whole narrative, from "Þá kom Hákon." is taken from the Danish Translation, turned into Icelandic by aid of Hkr. Hásk. S. Góða, ch. 3-5. The compiler of the Fl., in order to avoid repeating events already told in the Lives of the Kings, has here abridged the text very much. His text runs thus:—"Þá kom Hákon " Aðalsteins-fóstri í land en Eiríkr " stökk á brot sem fyrr segir." " Arnkell ok Erlendr jarlar, synir " Torf-Einars, féllu á Englandi

" með Eiríki konúngi blóðöx " sem " 'fyrir er ritað.' Gunnhildr ok " synir hennar fóru síðan til Orku- " eyja, ok tóku þær undir sik ok " dvöldust þar um hríð. Þaðan " fóru þau til Danmerkr, ok giptu " áðr Ragnhildi, dóttur Eiríks ok " Gunnhildar, Arnfinni syni Þor- " finns jarls, ok settist Þorfinnr " jarl at Eyjum."

<sup>2</sup> The order of the names in Tr. is, Arnfinnr, Havardr, Hlödver, Arnljotr, Skáli (better).

10th cen-  
tury.

tók jarldóm ok var góðr höfðingi ok ársæll. Einarr klínigr hét maðr, systurson Hávarðs, hann var höfðingi mikill, ok hafði sveit mikla, ok var í hernaði á sumrum. Hann þá veizlu at Hávarði. Ok at þeirri veizlu töluðu þau mart Ragnhildr ok Einarr; kallaði hon slíkan mann vel til höfðingja fallinn ok betr bentan jarldóm en Hávarði, frænda hans, ok kallaði þá konu vel gipta er slíkan mann ætti. Einarr bað hana ekki taka slíkar ræður, kvað hann mann göfgastan í Eyjum ok hana fullvel gipta. Ragnhildr

24. svarar: “Skammar munu verða samfarar okkar “ Hávarðs hêðan frá; satt er þat, at verða munu “ menn til [í] Eyjum, þeir er eigi mun allt í augu “ vaxa ef þú fyrimant þèr tignarinnar.” Við slíkar fortölur hennar gekst Einari hugr til ágirni ok svika við jarl, frænda sinn; ok sömdu þat síu á millum, at hann skyldi drepa jarl, en hon skyldi giptast honum. Ok nokkuru síðarr bjóst Einarr til ferðar þeirrar; ok þá mælti spámaðr einn, er var með honum: “Ger þetta verk eigi í dag, heldr á “ morgin, ella munu lengi ættvíg vera í ætt yðvarri.” Einarr lét sem hann heyrði þetta eigi. Hávarðr var þá á Steinsnesi í Hrossey, þar var fundr þeirra ok bardagi harðr, ok eigi langr áðr jarl fèll; heitir þar nú Hávarðs-teigar. Ok þá er þessi tíðendi spyrgast, þótti Einarr orðinu níðingr mikill af verki þessu; þá vildi Ragnhildr ekki sambland eiga við hann, ok kallar þat lygð eina, at hon hefði þar í heitum verit; sendi hon þá eptir Einari harðkjöpt, hann var son annarrar systur Hávarðs. Ok þá er þau fundust, sagði hon skömm at slíkum frændum hans, er eigi vildi hefna hans, kallast allt vilja til vinna at jarls yrði hefnt: “Er þat ok auðvitað,” sagði hon, “at sá mun mest metinn af öllum “ góðum mönnum, er jarls hefnir, hefir sá ok “ unnit til ríkis hans.” Einarr svarar: “Þat er mælt “ frá,” segir hann, “at þèr mælit stundum annat en

“ yðr er í skapi; en sá er þetta verk gjörir mun  
 “ vilja þat fyrir hafa, at þú haldir þeim í hendr <sup>10th cen-</sup>  
 “ ríkinu ok þeim hlutum öðrum, er eigi mun þykkja <sup>tury.</sup>  
 “ minna skipta.” Slíta svá ræðunni. Eptir þetta  
 fór Einarr harðkjöptr at Einari klíníngi ok drap  
 hann, en Ragnhildr sendi eptir Ljót bróður þeirra  
 ok giptist honum. Ljótr tók jarldóm ok gjörðist  
 höfðíngi mikill. Einarr harðkjöptr hafði nú drepit 26.  
 frænda sínu, en var eigi nærr jarldómi en áðr;  
 unír hann nú stórilla sínum hlut, vildi nú afla sér  
 manna, ok sækja með magni til eyjanna; honum  
 varð illt til manna, því at Orkneyíngar vildu þjóna  
 sonum Þorfinns hausakljúfs; ok nokkuru síðarr lét  
 Ljótr<sup>1</sup> jarl drepa Einar harðkjöpt.

10. Skúli, bróðir Ljóts, fór upp á Skotland ok var  
 þar gefit jarls-nafn af Skota-konúngi; síðan fór hann  
 ofan á Katanes, ok aflaði sér þar liðs,<sup>2</sup> ok fór þaðan  
 í Eyjar ok deildi þar til ríkis við Ljót, bróður sinn.  
 Ljótr safnar liði, ok fór til móts við Skúla ok var  
 fjölmennri; en er þeir fundust, vildi Skúli ekki annat  
 en berjast; varð þar harðr bardagi, ok sigraðist Ljótr  
 en Skúli flýði yfir á Nes ok upp á Skotland;<sup>3</sup> ok  
 þangat ferr Ljótr eptir honum, ok dvaldist þar um  
 hríð ok varð fjölmennr. Ok þá ríðr Skúli ofan af  
 Skotlandi með her mikinn er Skota-konúngr hafði  
 fengit honum ok Magbjóðr jarl, ok fundust þeir Ljótr  
 í Dölum á Katanesi ok var[ð] þar orrosta mikil.  
 Ok vóru Skotar hinir áköfustu í öndverðri orrosta.<sup>4</sup>  
 Ljótr jarl bað menn hlífa sér, ok standa þó sem  
 fastast. En er Skotar fengu ekki at gjört, eggjaði

<sup>1</sup> *Ljótr*] add. Tr.

<sup>2</sup> ok . . . *liðs*] ok eflðist at liði,  
 Lex. Run.

<sup>3</sup> ok *upp á Sk.*] add. Tr. : oc op  
 udi Skotland.

<sup>4</sup> The order of the sentences is  
 here restored according to the Tr.  
 In Fl. it runs thus : “ her mikinn,

“ ok fundust . . orrosta mikil. Skúli  
 “ hafði her mikinn, er Skota-  
 “ konúngr hafði fengit honum ok  
 “ Magbjóðr jarl, ok vóru Skotar  
 “ hinir áköfustu í öndverðri orros-  
 “ tu,” thus displacing the sentence,  
 “ er Skotakonúngr . . . Magbjóðr  
 “ jarl.”

10th cen-  
tury.

Ljótr sína menn, ok var sjálfv himn ákafasti. Ok er svá hafði staðit um hríð, þá raufst fylking þeirra Skota, ok eptir þat flýja þeir, en Skúli hēlt upp bardaga, en fēll þó at lyktum. Ljótr tók undir sik Katanes, ok var þá úfriðr milli Skota-konungs<sup>1</sup> ok Ljóts jarls, því at Skotar undu illa úföllum sínum. Þá er Ljótr jarl var á Katanesi fámennr,<sup>2</sup> þá kom ofan Magbjóðr jarl af Skotlandi með her mikinn, ok fundust þeir Ljótr jarl á Skíðamýri á Katanesi, ok hafði Ljótr jarl ekki liðs við; en þó gekk Ljótr svá fast fram, at þeir viknuðu fyrir Skotarnir, ok var skammr bardagi, áðr þeir flýðu, er lífit þágu, en fjöldi var sárt. Ljótr vendi aptr með sigri, ok var liðit mjök sárt. Ljótr jarl hafði ok fengit sár þat, er hann leiddi til bana, ok var hann mjök harmdauði.<sup>3</sup>

11. Hlöðver Þorfinnsson tók jarldóm eptir Ljót ok var mikill höfðingi; hann átti Eðnu,<sup>4</sup> dóttur Kjarvals Íra-konungs; þeirra son var Sigurðr digri. Hlöðver varð sótt dauðr, ok er heygðr í Höfn á Katanesi. Sigurðr, son hans, tók jarldóm eptir hann; hann varð höfðingi mikill ok víðlendr. Hann hēlt með valdi Katanes fyrir Skotum, ok hafði hvert sumar her úti. Hann herjaði í Sudreyjar, á Skotland ok Írland. Þat var á einu sumri, at Finnleikr Skota-jarl haslaði Sigurði völl á Skíðamýri at nefndum degi; en Sigurðr gekk til fréttar við móður sína, hon var margkunnig. Jarl sagði henni, at eigi mundi minni liðsmunr en sjau menn um einn. Hon svarar: “Ek munda þik  
“ hafa lengi upp fætt í ull-laupi mínum, ef ek vissa  
“ at þú mundir einart lifa, ok ræðr auðna lífi en  
“ eigi hvar maðr er kominn; betra er at deyja með  
“ sæmd en lifa með skömm. Tak þú hēr við merki

<sup>1</sup> konungs] add. Tr.

<sup>2</sup> fámennr] add. Tr. : ikke med meget folk.

<sup>3</sup> oc bleff meget begræden, add. Tr.

<sup>4</sup> Eðnu] thus Tr. and Fms. i. 199; Anðnu, Fl.

“ Því, er ek hefir gjört þér<sup>1</sup> af allri minni kunnáttu, 10th cen-  
 “ ok væntir ek at sigrsælt mun verða þeim er fyrir<sup>tury.</sup>  
 “ er borit, en banvænt þeim er berr.” Merkit var  
 gjört af miklum hannyrdum ok ágætligum hagleik.  
 Þat var gjört í hrafnis-mynd; ok þá er vindr blæss í  
 merkit, þá var sem hrafn beindi fluginn.<sup>2</sup> Sigurðr  
 jarl varð reiðr mjök við orð móður sinnar, ok gaf<sup>30.</sup>  
 Orkneyíngum óðul sín til liðveizlu, ok fór til Finn-  
 leiks jarls á Skíðamýri, ok fylktu hvárirtveggju liði  
 sínu. Ok þá er orrostan sè saman, var skotinn merk-  
 ismaðr Sigurðar jarls til bana. Jarl kvaddi annan  
 mann til at bera merkit; ok þá er barizt var um  
 hríð, fell sá. Þrír fellu merkismenn jarls, en hann  
 hafði sigr, ok fengu þá Orkneyíngar óðul sín.

12.<sup>3</sup> Olafr Tryggvason var fjóra vetr í hernaði í Vestrlöndum síðan er  
 hann kom af Vindlandi, áðr hann lét skírast í Syllingum. Þaðan fór  
 hann til Írlands,<sup>4</sup> ok fèkk þar Gyðu, dóttur Kvarans Íra-konúngs. Síðan  
 dvaldi hann um hríð í Dyflinni, þar til er Hákon jarl sendi vestr Þóri  
 klöku at lokka hann þaðan. Olafr sigldi vestan fimm skipum, ok kom  
 fyrst við Orkneyjar. Þar hitti hann Sigurð jarl í Rögvaldsey í Ás-  
 mundar-vági, með þrjú skip, ok var hann búinn í hernað. Olafr  
 konungr lét kalla jarl á skip sitt ok kvaðst vilja tala við hann; ok er  
 þeir fundust, mælti Olafr konungr til hans. “ Þat er minn vili, at þú  
 “ látir skírast ok allr lýðr sá er þær þjónar, ella skalt þú deyja hér þegar,  
 “ en ek mun fara með eld ok usla yfir allar Eyjar.” En er jarlinn sá  
 hversu hann var við koninn, þá gaf hann allt sitt mál í konúngs vald.  
 Lèt konungr þá skíra hann ok tók í gisling son hans er hèt Hundr eðr  
 Hvelpr, en konungr lét skíra hann með Hlöðvis nafni. Þá urðu krist-  
 nar allar Orkneyjar. En Olafr konungr sigldi þá austr til Noregs; ok  
 fór Hlöðvir með honum, ok lifði hann skamma stund. En síðan veitti  
 Sigurðr jarl enga lýðskyldu Ólafi konungi. Hann gèkk þá at eiga  
 dóttur Melkolms Skota-konúngs, ok var þeirra son Þorfinur jarl. Sigurðr  
 jarl hafði áðr átta þrjá sonu er þá vóru á lífi, hèt einn þeirra Sumarliði,  
 annarr Brúsi, þriðri Einarr.

<sup>1</sup> þér] add. Lex. Run.

<sup>2</sup> Cfr. Þorsteins-saga Síðuhalls-  
 sonar, cap. 2.

<sup>3</sup> The original text is here pre-  
 served only in the Danish Tr.,  
 which is here rendered into Ice-  
 landic. Instead of which the Fl.

has a long chapter, which is a part  
 of the longer Life of King Olaf  
 Tryggvason, as contained in Fms.  
 This chapter we accordingly put  
 in the Appendix.

<sup>4</sup> *Irlands*] *Englands, Cð.*

10th cen-  
tury.

13.<sup>1</sup> Litlu síðarr en þeir Ólafr konúgr Tryggvason sættust ok Sigurðr jarl Hlöðversson, gekk jarl at eiga dóttur Melkólms Skota-konúgs, ok var þeirra son Þorfinnr jarl. Sigurðr jarl átti þrjá sonu aðra, hèt einn Brúsi, annarr Sumarliði, þriði Einarr rangmunnr. Fimm<sup>2</sup> vetrum eptir Svoldrar-orrostu fór Sigurðr jarl til Írlands til liðs með Sigtryggi konúgi

Battle of  
Svolder,  
A.D. 1000.

38. silkiskegg, en setti sonu sína hina ellri til landa, en Þorfinnr son sinn fèkk hann í hendr Skota-konúgi til fóstis, móður-föður sínum. En er Sigurðr jarl kom til Írlands, hældu þeir Sigtryggr konúgr her þeim til móts við Brján Íra-konúg, ok varð fundr þeirra Föstudaginn langa. Þá varð engi til at bera hrafis-merkit, ok bar jarl sjálf, ok fèll þar, en Sigtryggr konúgr flýði. Brján konúgr fèll með sigri ok gagni.

Battle of  
Clontarf,  
A.D. 1014.

14. Eptir fall Sigurðar jarls tóku synir hans ríki ok skiptu í þriðjunga, Sumarliði, Brúsi, ok Einarr. Þorfinnr var með Skota-konúgi fimm vetra gamall þá er Sigurðr faðir hans fèll. Skota-konúgr gat þá Þorfinni dóttursyni sínum Katanes ok Suðrland ok jarlsnafn, ok setti menn til landráða með honum. Þorfinnr jarl var bráðgjörri í vexti, manna mestr ok sterkastr, svartr á hár, skarpleitr ok skolbrúnn.<sup>3</sup> Ok þegar er honum óx aldr, var þat andsett, at hann var ágjarn. Þeir bræðr vóru úlíkir í skaplyndi, Einarr ok Brúsi. Einarr var maðr stríðr ok ágjarn, úþýðr ok hermaðr mikill. Brúsi var maðr hógværr, stiltr vel, lítilátr ok málsnjallr. Sumarliði var líkari Brúsa í skaplyndi; hann var elztr þeirra bræðra, ok lifði skemst, ok varð sótt dauðr. Eptir andlát hans taldi Þorfinnr jarl til ríkis í Orkneyjum. Einarr sagði at Þorfinnr hefði Katanes ok Suðrland, þat ríki, er átt hafði faðir þeirra, ok taldi þat meira en þriðjung Eyja, ok vildi

<sup>1</sup> Chapp. 13-16 are contained in col. 293, 294 of the Codex Fl.

<sup>2</sup> *Fimm*] Thus, according to the chronology of the Icelandic writers.

<sup>3</sup> *skarpleitr ok skolbrúnn*] add. Tr.: með skarp ansigt oc maner. See ch. 22.

eigi unna Þorfinni skiptis eptir Sumarliða,<sup>1</sup> en Brúsi <sup>11th century (early).</sup> vildi unna, ok lét upp skipti fyrir sína hönd: “Vil ek eigi,” segir hann, “ágirnast meira af ríki, en þann þriðjung, sem ek á at rættu.” Þá tók Einarr <sup>40.</sup> undir sik tvá hluti Eyja; gjörðist hann þá ríkr ok fjölmennr, var opt á sumrum í hernaði, ok hafði útboð mikil í landi, en allmisjafnt varð til fengjar. Tók bændum at leiðast þat starf, en jarl hêlt með freku öllum álögum, ok lét öngum hlýða mót at mæla. Einarr var hinn mesti ofstopamaðr; gjörði í hans ríki halleri mikit af starfi ok fêkostum, þeim er bæendr höfðu; en í þeim hluta lands, er Brúsi hafði, var ár mikit ok hóglífi bóndum; var hann því vinsæll.

15. Maðr hêt Ámundi ríkr ok auðigr, hann bjó í Hrossey í Sandvík á Hlaupandanesi. Þorkell hêt son hans, allra manna gerfiligastr þeirra er upp óxu í Orkneyjum. Ámundi var vitr maðr, ok einna manna mest virðr í Eyjum. Þat var eitt vár, at jarl hafði útboð mikit sem hann var vaur, en bæendr kurrudu illa, báru þat fyrir Ámunda ok báðu hann mæla þeim nokkura forstöðu við jarl. Ámundi sagði jarl úáhlýðinn, “ok mun lítið at skapast, er vinátta vár jarls ok góð at svá búnu,<sup>2</sup> en mèr þykkir við váða búit, ef vèr verðum rangsáttir við skaplyndi hvár-“ ratveggju; mun ek mèr,” segir hann, “engu af skipta.” Þá ræddu þeir þetta mál við Þorkel; hann var traudr til, ok hêt þó sinni umsýslu við áeggjan manna. Ámunda þótti hann ofskjótt heitið hafa. En er jarl átti þing, þá mælti Þorkell af hendi bónda, sagði nauðsyn manna, ok bað jarl vægja mönnum. Einarr svarar vel, ok segir at hann skuli virða orð hans. “Ek hafða nú ætlað at hafa sex skip ór landi, <sup>42.</sup>“ en nú skulu eigi meirr en þjú, en þú, Þorkell, bið “nú eigi þessa optarr.” Bæendr þökkudu vel Þorkatli

<sup>1</sup> eptir Sumarliða] add. Tr. | men jarlen oe jeg ere endnu gode  
<sup>2</sup> er vinátta . . búnu] add. Tr. : | venner. Sec OH. l. e.

11th  
century  
(early).

liðveizlu sína; fór jarl í víking, ok kom aprt at hausti. En eftir um várit hafði jarl enn útboð, ok átti þing við bændr. Þá talaði Þorkell enn, ok bað jarl vægja bóndum. Jarl svarar reiðuliga ok sagði at hlutr bónda skyldi mjök vesna við hans ræðu. Hann gerði sik svá óðan ok reiðan, at hann sagði at þeir skyldu annat vár eigi báðir heilir á þinginu. Sleit við svá búit þinginu. En er Ámundi varð varr við hvat þeir Þorkell höfðu við ázt, bað hann Þorkel brott fara. Fór hann yfir á Katanes til Þorfinns jarls ok var þar lengi síðan, ok fóstraði hann, er jarl var úngr,<sup>1</sup> ok var síðan kallaðr Þorkell fóstri, ok var hann ágætr maðr. Fleiri voru þeir ríkismenn, er flýðu ór Orkneyjum fyrir ofríki Einars jarls; flýðu flestir til Þorfinns jarls, sunir til Noregs ok til ymissa landa.

16. Þegar Þorfinnr jarl var roskinn, þá gjörði hann boð til Einars bróður síns, ok beiddist af honum ríkis þess, er hann þóttist eiga í Orkneyjum, en þat var þriðjungr. Einarr tók því úbrátt at minka sik svá. En er Þorfinnr jarl spyr þat, þá býðr hann út liði af Katanesi. En er Einarr jarl varð varr við, þá safnar hann liði, ok ferr í móti Þorfinni, ok ætlar at berjast við hann. Brúsi jarl safnar ok liði, ferr til móts við þá, ok berr sáttmál í milli þeirra. Varð þat at sætt, at Þorfinnr jarl skyldi hafa þriðjung ríkis í Orkneyjum, sem hann átti at rættu, en Brúsi jarl ok Einarr jarl lögðu saman sinn hluta; skyldi Einarr jarl hafa forráð fyrir þeim ok landvörn. En ef misdauði þeirra yrði, þá skyldi sá þeirra land taka eftir annan, er lengr lifði. En sá máldagi þótti eigi jafnligr, því at Brúsi átti son, er Rögvaldr hét, en Einarr var sonlauss; setr Þorfinnr jarl menn til at varðveita ríki þat, er hann átti í Orkneyjum; en hann var optast á Katanesi.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> *úngr*] jungr, Cd.

| <sup>2</sup> *en hann . . . Katanesi*] add. Tr., OII.



17.<sup>1</sup> Einarr<sup>2</sup> jarl var optast á sunrum í hernaði um 11th century (early). Írland ok Skotland ok Bretland. Þat var eitt sumar er Einarr jarl herjaði á Írland, at hann barðist í Ulfreksfirði við Konufögur Íra-konúng; fèkk Einarr jarl þar úsigr mikinn ok manna-lát. Annat sumar eptir fór Eyvindr úrar-horn vestan af Írlandi ok ætlaði til Noregs; veðr var hvast, ok stormr mikill. Þá sneri Eyvindr til Asmundarvágs, ok lá þar veðrfastr um hríð. En er þat spyr Einarr jarl þá hélt hann þangat liði miklu; tók hann þar Eyvind ok lét drepa, en gaf grið flestum mönnum hans. Fóru þeir heim til Noregs um haustið ok á fund Ólafs konúngs, ok sögðu honum aftöku Eyvindar. Konúngr svarar fá umb, ok fanst þat á þó, at honum þótti mannskaði mikill ok mjök í móti sèr gjört um flest. Var konúngr fámæltr um<sup>3</sup> þat er honum þótti sèr mjök í móti skapi. Þorfinnr jarl sendi Þorkel fóstura sinn út í Eyjar at heimta saman skatta sína. Einarr jarl kendi Þorkatli mjök uppreist þá, er Þorfinnr jarl hafði tilkall haft út í Eyjarnar. Fór Þorkell skyndiliga ór Eyjunum yfir á Nes; ok sagði<sup>4</sup> Þorfinni jarli, at hann var þess víss orðinn, at Einarr<sup>46</sup> jarl ætlaði honum dauða, ef eigi hefði vinir hans eðr frændr gjört honum njósn. “Nú mun ek eiga þann “ á baugi, at láta þann verða fund okkarn jarls, at “ um skipti með okkr; en þann annan, at fara lengra “ á brott, ok þangat, at jarl eigi aldri vald yfir mèr.” Þorfinnr jarl fýsti þess mjök, at hann skyldi fara austr til Noregs móts við Ólaf konúng; “Muntú,” segir jarl, “mikils metinn hvar sem þú ert með tign- “ um mönnum, en ek veit beggja ykkart skaplyndi, “ þitt ok jarls, at þit munut skamma stund mundast

<sup>1</sup> Chapp. 17-21 are contained in coll. 400-405 of the Cod. Fl.

<sup>2</sup> *Einarr jarl var, sqq.*] thus Tr. and OH. The Fl. begins here a fresh section of the Saga, thus: Þátr þeirra Orkneyinga. Mikill

hermaðr Einarr jarl í Orkneyjum Sigurðarson jarls; hann þótti engi jafnaðar-maðr. Hann herjaði á Írland, ok barðist, &c.

<sup>3</sup> *um*] add. Tr.

<sup>4</sup> *ok sagði*] spurði, Cd.

11th  
century  
(early).

“ til.” Þjóst þá Þorkell á fund Ólafs konúngs, ok fór um haustið til Noregs, ok var um vetrinn með Ólafi konúngi í miklum kærleikum; hafði konúngr Þorkel mjök við ráð sín; þótti honum, sem var, Þorkell vitr maðr ok skörúngr mikill. Fann konúngr þat í tali hans, at hann misjafnaði mjök frásögn um<sup>1</sup> jarla, ok var vinr mikill Þorfinns en lagði þúngt til Einars jarls. Ok snemma um várit sendi konúngr skip vestr um haf á fund Þorfinns jarls, ok orðsendíng þá, at jarl skyldi koma á hans fund. Hann lagðist eigi ferðina undir höfuð, þvíat vináttu-mál fylgðu orðsendíngunni.

18. Þorfinnr jarl fór austr til Noregs ok kom á fund Ólafs konúngs; fèkk hann þar góðar viðtökur, ok dvaldist þar leugi um sumarit. En er hann þjóst vestr, þá gaf Ólafr konúngr honum langskip mikit ok gott með öllum reiða. Þorkell fóstri réðst til ferðar með Þorfinni jarli<sup>2</sup> ok gaf jarl honum þat skip er hann  
48. hafði vestan um sumarit:<sup>3</sup> skildust þeir konúngr ok jarl hinir beztu vinir með miklum kærleikum. Þorfinnr jarl kom um haustið til Orkneyja. En er Einarr jarl spurði þetta þá hafði hann fjölment, ok lá á skipum. Brúsi jarl fór til fundar við þá bræðr, ok bar sætt á milli þeirra; kom enn svá at þeir sættust, ok bundu þat eiðum. Þorkell fóstri skyldi þá í sætt tekinn ok vináttu við Einar jarl; ok þat var ok mælt, at hvárr þeirra skyldi öðrum veita veizlu, ok skyldi jarl fyrri sækja í Sandvík til Þorkels. En er jarl var  
A.D. 1020. þar á veizlu, þá var þar veitt kappsamliga. Jarl var  
(Annals.) ekki kátr. Þar var mikill skáli ok dýrr á báðum endum. Þann dag, er jarl skyldi burt fara ok búast, þá skyldi Þorkell fara með honum til veizlu. Þorkell sendi menn fram á leiðina á njósn, þá er þeir skyldu fara um daginn; en er þeir kómu apt, sögðu þeir Þorkatli, at þeir fundu þar þrennar sátir ok vápnada

<sup>1</sup> um] thus Lex. Run. s. v. misjafna, and OH. l. c.

<sup>2</sup> Þorfinni jarli] him. j., Cd.

<sup>3</sup> um sumarit] add. Tr.

menn, “ok hyggjum vèr, þèr satt at segja, at svik <sup>11th</sup> “muni undir vera.” En er Þorkell spurði þetta, þá <sup>century</sup> frestaði hann Lúningi ok heimti saman menn sína. (early). Jarl bað hann búast, ok sagði mál at ríða. Þorkell sagði, at hann átti mart [at] annast. Hann gekk stundum út en stundum inn. Eldar vóru á gólfinu. Þá gekk Þorkell inn um aðrar dyrr, ok með honum einn maðr, er nefndr er Hallvarðr, hann var Íslenzkr maðr, austfirzkr at ætt. Hann lauk apr hurðinni. Þorkell gekk innarr eptir skálanum milli eldsins ok þess at jarl sat. Jarl spurði: “Ertú nú búinn?” Þorkell svarar: “Ek em búinn nú.” Þá hjó Þorkell til jarls í höfuðit. Jarl steyptist fram á gólfit. Hallvarðr mælti:<sup>1</sup> “Hèr sè ek alla vesta fangaráðs, er 50. þèr dragit jarl eigi af eldinum.” Hann keyrði þá spörðu undir hnakkabein jarli, ok kipti honum upp at pallinum. Þorkell ok þeir báðir fèlagar gengu út skyndiliga um aðrar dyrr en þeir gengu inn; stóðu þar úti menn Þorkels með alvæpni. Jarls menn tóku til hans, ok var hann þá dauðr, en öllum fèllust hendr til hefnda; var þat ok, at bráðan bar at mjök, enda varði engan mann þessa verks af Þorkatli; því at þeir hugðu allir, at svá mundi vera sem áðr var mælt, at vinátta væri með jarli ok Þorkatli;<sup>2</sup> vóru menn ok flestir vápulausir inni, en margir áðr vinir Þorkels góðir. Bar þat til með auðnu þeirri, er Þorkatli var lagit lengra líf. Þorkell hafði þá lið, er hann kom út, engu minna en jarls-menn.<sup>2</sup> Fór Þorkell þá til skips síns en jarls-menn í brott. Þorkell sigldi þann dag í brott ok austr í haf, ok var þat eptir vetrætr. Koma þeir þá með heilu ok höldnu til Noregs; fór Þorkell þegar á fund Ólafs konúngs, ok fèkk hann þar góðar viðtökur. Lèt konúngr yfir þessu verki vel; var Þorkell með honum um vetrinn.

<sup>1</sup> Da sagde Isenderen, Tr. See | *hafi . . jarls-menn*] add. from O.H.  
O.H. l. c. | in accordance with the Tr.

<sup>2</sup> *því at . . Þorkatli and Þorkell* |

11th  
century  
(early).

19. Eptir fráfall Einars jarls tók Brúsi jarl þann hluta lands, er áðr hafði haft Einarr jarl, þvíat þat var meðmargra manna vitorði hverjum skildaga þeir Einarr ok Brúsi höfðu félag gjört. Þorfinni jarli þótti þat rættast, at hálfar Eyjar hefði hvárr þeirra, en þó hafði Brúsi þann vetr<sup>1</sup> hvárrtveggja hlut Eyjanna. En um várit kallaði Þorfinnr til lands við Brúsa, at hann vill hafa helmíng landa, en Brúsi gaf eigi jákvæði við þetta; áttu þeir stefnur at þessum málum. Gengu þá at vinir þeirra at semja þetta mál; ok kom svá, at Þorfinnr

52. lét sér ekki annat líka, en hafa helmíng Eyja; en segir þat með, at Brúsi þurfti eigi meira en þriðj-  
úng með þat skaplyndi, sem hann hefir. “Ek unda  
“ því,” segir hann, “at hafa þriðjúng lands, þann er  
“ ek tók eptir föður miun í arf; kallaði ok engi til  
“ í hendr mēr; en nú hefi ek tekit annan þriðjúng  
“ eptir bróður minn at rættum máldögum. En þó at  
“ ek sè vanfærr til at deila kappi við yðr, frændi,  
“ þá mun ek þó annars í<sup>2</sup> leita, en játta undan mēr  
“ ríki at svá búnu.<sup>3</sup> Þeir skildu at svá búnu mál-  
stefnu þessa. En er Brúsi sá, at hann mundi eigi  
standa jafnfætis við Þorfinnr, þvíat hann hafði ríki  
miklu meira, ok traust af Skota-konúngi móður-föður  
sínun, þá ræð Brúsi þat af, at fara ór landi austr á  
fund Ólafs konúngs, ok hafði með sér Rögnvald son  
sinn, ok var hann þá tíu vetra. En er jarl hitti  
konúng, þá tók hann vel við honum. En er jarl bar  
upp eyrendi sín ok segir konúngi allan málavöxt,  
þann er var með þeim bræðrum; ok bað konúng veita  
sér styrk til at halda ríki sínu; bauð þar fram í  
móti fullkomliga sína vináttu. Konúngr svarar, ok  
tók þar fyrst til máls, er Haraldr hinn Hárfagri hafði  
eignast óðul öll í Orkneyjum, “En jarlar hafa síðan haft

<sup>1</sup> þann vetr] thus OH., Tr. (den vinter); ij. vetr, Fl. (badly).

<sup>2</sup> í] thus OII. l. c.; á, Fl.; raad, (i.e. annars ráðs í leita,) add. Tr.

<sup>3</sup> at svá búnu] add. OII. and Tr.: saa naarligen.

“ í lèn, en aldri at eign ; ok er þat til jarteigna,” segir hann, “ at þá er Eirekr blóðöx ok synir hans vóru <sup>11th century (early).</sup> Orkneyjum, þá vóru jarlar þeim lýðskyldir. En er Ólafr Tryggvason frændi minn kom þar,<sup>1</sup> þá gjörðist Sigurðr jarl faðir yðvarr hans maðr. Nú hefi ek tekit eptir hann allan arf. Nú vil ek gjöra þer þann kost at þú gjörist minn maðr ; mun ek þá fá þer Eyjar í lèn ; skulu vit þá freista, ef ek veiti þer minn styrk, hvárt betr skal at haldi koma, eðr Þorfinni bróðr þínum traust Skota-konúngs. En ef þú vill eigi þenna kost, þá mun ek eptir leita þeim eignum ok óðulum, er várir frændr hafa átt vestr þar.” Þessar ræður hugfesti jarl með sèr, ok bar fyrir vini sína, ok leitaði ráðs við þá hverju hann skyldi játta, hvárt hann skyldi at þessu sættast við Ólaf konúng ok gjörast hans maðr : “ en hitt er mèr úsfýnna hverr minn hlutr verðr at skilnaði várum, ef ek kveð nei við, þvíat konúngr hefir bert gjört fyrir mèr tilkall, at hann þykkist eiga Eyjarnar. En við stórræði hans, ok þat, at vèr erum hér komnir, þá mun honum lítið fyrir at gjöra þat af várum kosti, sem hann vill.” En þó at jarli þætti á hváru-tveggja annmarkar sýnir,<sup>2</sup> þá tók hann þann kost, at leggja allt á konúngs vald, bæði sik ok ríki sitt. Tók þá Ólafr konúngr af jarli vald ok forráð yfir öllum erfða-löndum, ok gjörðist jarl þá konúngsmaðr, ok batt þat svardögum.

20. Þorfinnr jarl spurði at Brúsi bróðir hans var farinn austr á fund Ólafs konúngs at sækja traust af honum ; en fyrir því at Þorfinnr hafði farit fyrr á fund Ólafs konúngs ok komit sèr þar í vináttu, þá þóttist hann eiga þar vel fyrir búit, ok vissi at þar mundi margir fylgja hans máli ; gjörir Þorfinnr jarl þat ráð, at hann býr ferð sína sem skyndiligast, ok fór

A.D.  
c. 1023.

<sup>1</sup> kom þar] add. Hkr ; om. Cd.

<sup>2</sup> annmarkar sýnir] MO. in Lex. Run. ; andmarkur, Fl.

11th  
century  
(early).

- til Noregs, ok ætlaði at sem minstr skyldi verða misfari þeirra Brúsa, ok ekki skyldi eyrendi hans til lykta koma. Ok er Þorfinnr hitti konúng var þat annan veg en hann hafði ætlað; þvíat þá er hann kom á fund Ólafs konúngs var lokit ok gjört allt um
56. sáttmál þeirra konúngs ok Brúsa. Þorfinnr jarl vissi ok eigi at Brúsi hafði upp gefit ríki sitt<sup>1</sup> fyrr en Þorfinnr jarl var kominn á fund Ólafs konúngs. En þegar þeir hittust Þorfinnr jarl ok Ólafr konúng, þá hóf konúngur upp hit sama tilkall til ríkis i Orkneyjum, sem hann hafði haft við Brúsa, ok beiddi Þorfinn þess hins sama, at hann skyldi játa konúngi þeim hluta landa, er hann átti áðr. Jarl svarar vel orðum konúngs, ok sagði svá, at honum þótti mikit undir um vingan hans: “Ok ef þèr, herra,” sagði jarl, “þykkist þurfa liðveizlu minnar mót öðrum höfðingjum, þá hafi þér fullt til þess unnit; en mér er eigi hent, at veita yðr handgöngu, þvíat ek em áðr jarl Skota-konúngs, ok honum lýðskyldr.” En er konúngur fann undandrätt í svörum jarls um þessa mála-leitan, er hann hafði upp hafit, þá mælti konúngur: “Ef þú, jarl, vill eigi gjörast minn maðr, þá er sá annarr kost, at ek setja þann mann yfir Orkneyjar, er ek vil; en ek vil at þú veitir þá svardaga, at kalla ekki til landa þeirra, ok láta þá í friði vera af þèr, er ek set yfir. En ef þú vill engan þenna kost, þá mun svá þykkja þeim, er ek set yfir, sem úfriðar muni þeim af þèr ván; má þèr þá eigi undarligt þykkja at dalr komi móti hóli.”<sup>2</sup> Jarl svarar, ok bað konúng gefa sèr frest at hugsa þetta mál. Konúngur gjörði svá, gaf jarli stund ok orlof at ráða um þetta við vini sína. Þá beiddi jarl þess, at konúngur skyldi ljá honum frest til annars

<sup>1</sup> *sitt*] en, add. Cd.

<sup>2</sup> *at dalr komi móti hóli*] A proverbial expression, meaning “that

“as they have made their beds so  
“they must lie.”

sumars, ok færi hann heim þá fyrst: “Er heima <sup>11th</sup> century  
 “ráðuneyti mitt allt,” segir hann, “en ek em bernsku-<sup>(early)</sup>.  
 “maðr<sup>1</sup> fyrir aldrs sakir.” Konúngr bað hann þá  
 kjósa annat-hvært. Þorkell fóstri var þá með konúngi;  
 hann sendi menn leyniliga til jarls, ok bað hann eigi  
 þat fyrir ætlast, hvat[ki] er honum var í hug, at skiljast <sup>58.</sup>  
 svá við Ólaf konúng, at þeir væri eigi sáttir, svá sem  
 hann var kominn í hendr konúngi. Þóttist hann sjá,  
 at einbeygðr var kostur at láta konúng einn öllu ráða;  
 þótti þeim sá þó eigi kjörvísigr, at eiga enga ván  
 sjálfr til ættleifðar sinnar, ok veita svardaga til þess,  
 at þeir hefði í friði þat ríki<sup>2</sup> er ekki vóru til bornir.  
 En fyrir því at honum syndist úvíst um brottför sína,  
 þá kjöri hann þat, at ganga til handa konúngi ok  
 gjörast hans maðr sem Brúsi bróðir hans hafði gjört.  
 Konúngr fann þat at Þorfinnr var miklu skapstærri  
 en Brúsi; trúði hann því Þorfinni verr; sá konúngr  
 þat, at hann mundi þykkjast eiga styrks ván af  
 Skota-konúngi þó at hann brygðist þessu sáttmáli;  
 skildi konúngr þat af vizku sinni. Brúsi gekk treg-  
 ligar at öllu sáttmáli, en mælti þat eina um, at hann  
 ætlaði sér at halda; en þar er Þorfinnr var, gekk hann  
 glaðr at öllu, þegar hann hafði ráðit fyrir sér hvern  
 hlut hann skyldi upp taka; þá gekk hann glaðr at<sup>3</sup>  
 öllum skildaga, ok dró um þat engan hlut, er konúngr  
 beiddi hit fyrsta kveld; en þat grunaði konúng, at  
 hann mundi ætla at gjöra eptir sumar sættir.

21. Þá er Ólafr konúngr hafði hugsat fyrir sér allt  
 þetta mál lét hann blása til fjölmenningar stefnu, ok  
 lét þangat kalla jarla báða. Þá mælti hann: “Sáttmál  
 “vårt Orkneyínga-jarla vil ek nú birta fyrir alþýðu;  
 “þeir hafa nú játað mínu eiginorði yfir Orkneyjum  
 “ok Hjaltlandi ok gjörzt mínir menn, ok bundit þat

<sup>1</sup> *bernsku-maðr*] Lex. Run. and  
 Hkr. l. c.; *bernskr maðr*, Fl. In  
 Lex. Run. s. v. *ráðuneyti*, the  
 whole passage runs thus: “sagði

“Þorfinnr jarl sem satt var, at  
 “heima var mest ráðuneyti hans.”

<sup>2</sup> *ríki*] þat er, Cd.

<sup>3</sup> Thus repeated.

- 11th century (early).
60. “svardögum; ok vil ek nú gefa þeim í lèn, Brúsa  
 “þriðjúng en Þorfinni annan, svá sem þeir hafa fyrr  
 “haft; en þann þriðjúng, er átti Einar jarl, þann  
 “læt ek falla undir mik, fyrir þá sök, at hann drap  
 “Eyvind úrar-horn hirðmann minn ok fèlagsmann  
 “kæran; vil ek sjá fyrir þeim hluta lands þat er  
 “mèr sýnist. Þat vil ek ok til skilja við ykk bræðr  
 “jarla mína, at þit takit sættir af Þorkatli Ámunda-  
 “syni<sup>1</sup> fyrir dráp Einars bróður ykkars; vil ek at  
 “dómr sè undir mik, ef þit vilit því játa.” En þat  
 var sem annat, at þeir játtuðu því öllu, er konúngr  
 mælti. Gekk þá Þorkell fram, ok festi á konúngs  
 dóm; ok sleit svá þessu þingi. Ólafr konúngr dæmdi  
 bætr fyrir Einar sem fyrir þrjá lenda menn, en fyrir  
 sakar skyldi niðr falla þriðjúngr gjalda. Þorfinur jarl  
 bað sèr brottfarar-leyfis konúng. En er þat fækst,  
 bjóst hann skyndiliga. En er hann var albúinn, þá  
 varð þat einn dag, er jarl drakk á skipi, at þar kom  
 fyrir hann váfeifliga Þorkell Ámundason, ok lagði  
 höfuðit í knè honum, ok bað hann af gjöra slíkt er  
 hann vildi. Jarl spurði, hví hann gjörði svá, “þar sem  
 “vèr erum áðr sáttir at konúngs dómi, ok statt upp.”  
 Hann gjörði svá, ok mælti: “Sætt þeirri, er konúngr  
 “gjörði milli vár, mun ek hlíta á milli vár Brúsa; en  
 “þat sem til yðvarr kemr af, skulu þèr einir ráða.  
 “Þó at konúngr hafi mèr skilit eignir mínar eðr  
 “lands-vist í Orkneyjum, þá kann ek svá skaplyndi  
 “yðvart, at mèr er úfært í Eyjarnar, nema ek fara í  
 “trúnaði yðrum; <sup>2</sup> vil ek þat festa yðr,” segir hann,  
 “at koma aldri til Orkneyja, hvat sem konúngr mælti  
 “um þat.” Jarl þagnaði ok tók seint til máls ok mælti:  
 “Viltú, Þorkell, at ek dæma um okkur mál, en hlíta  
 62. “eigi konúngs dómi: þá mun ek þat hafa upphaf at  
 “sætt okkari, at þú skalt fara með mèr til Orkneyja,  
 “ok vera með mèr, ok skiljast eigi við mik, nema mitt

<sup>1</sup> *Ámundasyni*] Öuundarsyni, Cd. [ <sup>2</sup> *yðrum*] yekrum, Cd.



“ leyfi sè til ; vera skyldr til at verja land mitt, ok <sup>11th</sup> allra hluta, þeirra er ek vil gjöra láta, meðan vit <sup>century</sup> lifum báðir.” Þorkell svarar : “ þat skal á yðru valdi, <sup>(early)</sup> herra, sem allt annat, þat er ek má ráða.” Gekk Þorkell til, ok festi<sup>1</sup> jarli þat allt, sem hann kvað á. Jarl segir at um fægjöld mundi hann síðarr á kveða ; en hann tók þá swardaga af Þorkatli, ok snerist hann þá þegar til ferðar með jarli ; fór jarl þá þegar á braut, er hann var búinn, ok sást þeir Ólafr konúgr aldregi síðan. Brúsi jarl dvaldist þá eptir, ok bjóst í tómi meirr ; en áðr hann færi á braut þá átti Ólafr konúgr stefnu vit hann, ok mælti : “ Þat lízt mér, jarl, at ek mun hafa þik at trúnaðar-manni þar fyrir vestan hafit ; ætla ek svá, at þú skalt hafa tvá hluti landa til forráða, þá sem þú hefir áðr haft, ok vil ek at þú sèr nú eigi minni maðr eðr úríkari, er þú ert mér hand-genginn, en áðr vartú ; en ek vil festa þinn trúnað með því, at ek vil, at hær sè eptir Rögnvaldr son þinn ; sè ek þá, ef þú hefir mitt traust, ok tvá hluti landa, at þú mátt vel halda þínu at réttu fyrir Þorfinni jarli.” Brúsi tók þat með þökkum at hafa tvá hluti landa. Dvaldist Brúsi litla hríð, áðr hann fór í braut, ok kom um haustið vestr til Orkneyja. Rögnvaldr son Brúsa var eptir með Ólafr konúgi ; hann var allra manna fríðastr, hárit mikit ok gult sem silki. Hann var snimma mikill ok sterkr ; manna var hann gjörfiligast, bæði fyrir vits sakir ok svá kurteisi ;<sup>2</sup> hann var lengi við Ólafr konúgi. Þessa 64. getr Óttarr svartí í drápu þeirri, er hann orti um Ólaf konúng :

“ Gegn ero þær at þegnum,  
þjóð-skjöldunga góðra  
“ haldit hæft á veldi,  
Hjaltlendingar kendir :

<sup>1</sup> festi] Here the text is again taken from Cod. 332. (cfr. cap. 8). bæði sakir vitru ok framburðar, Lex. Run.

<sup>2</sup> svá kurteisi] allrar atgerfi, Fl. ;

11th  
century  
(early).

“ eingi varð á jörðu,  
ógnbráðr, áðr þær náði,  
“ æztr<sup>1</sup> sá er Eyjum vestan  
ýnglingr und sik þrýngi.”

Þá er þeir bræðr kómu vestr til Orkneyja, Þorfinnr ok Brúsi, þá tók Brúsi tvá hluti landa til forráða, en Þorfinnr þriðjúng; hann var jafnan á Katanesi ok á Skotlandi, en setti menn sína yfir Eyjarnar; hafði Brúsi þá einn landvörn yfir Eyjunum. En í þann tíma var mjök herskátt, þvíat Norðmenn ok Danir herjuðu mjök í vestr-víking, ok kómu optliga víð Eyjarnar, er þeir fóru vestr eðr vestan, ok námu þar neshám. Brúsi taldi ar því, er Þorfinnr hafði engar útgjörðir fyrir Orkneyjum eðr Hjaltlandi, en hafði skatta ok skyldir allt at sínum hluta. Þá bauð Þorfinnr honum þann kost, at Brúsi skyldi hafa þriðjúng landa, en Þorfinnr tvá hluti, ok hafa einn landvörn.<sup>2</sup> En þótt eigi yrði þetta skipti bráðfengis,<sup>3</sup> þá fór þó þetta skipti fram, at Brúsi hafði þriðjúng en Þorfinnr tvá hlutina; var þetta þá er Knútr hafði ríki í Noregi, en Ólafr varð landflótti.

c. 1028.

22.<sup>4</sup> Þorfinnr jarl gjörðist höfðingi mikill, hann var 66. manna mestr ok sterkast, ljótr,<sup>5</sup> svartr á hárr, skarp-leitr ok nefmikill<sup>6</sup> ok nokkut skolbrúnn; hann var kappsmaðr mikill ok ágjarn, bæði til fjár ok metnaðar; hann var sigrsæll ok kenni í orrostum ok góðr áræðis; hann var þá fimmm vetra gamall, er Melkólmr<sup>7</sup> Skotakonúngr móður-faðir hans gaf honum jarls-nafn ok Katanes til yfirsóknar sem fyrir er ritað,<sup>8</sup> en þá var

<sup>1</sup> *æztr*] austr, Hkr., Fl.

<sup>2</sup> *landvörn*] fyrir hönd beggja, add. Fl.

<sup>3</sup> *bráðfengis*] bráðfengit, Lex. Rnn.

<sup>4</sup> Chapp. 22, seq., are contained in col. 521-558 of the Cod. Fl. Fl. here adds: “Orkneyínga þátr,— Ólafr konúngr Haraldsson fèkk

“ engu lýðskylðu af Þorfinni jarli

“ síðan er þeir skildu eptir sáttmál

“ þeirra Brúsa jarls allra-saman.”

<sup>5</sup> *ljótr*] yfirsýndar, add. Fl.

<sup>6</sup> *ok nefmikill*] om. Fl.

<sup>7</sup> *Melkólmr*] Melkólfr, Fl. (less rightly).

<sup>8</sup> *sem . . . ritað*] om. Fl. Cf. ch. 14.

[hann] xiiij. vetra, er hann hafði útgjörðir fyrir landi sínu, ok herjaði á ríki annarra höfðingja.<sup>1</sup> Svá segir Arnórr jarla-skáld :

“ Hilmir rauð í hjálma  
 hreggi skelkvings<sup>2</sup> eggjar,  
 “ fór áðr fimtán væri  
 fet-rjóðr hugins vetra :  
 “ görr læzt grmd at verja  
 gunnfrækn<sup>3</sup> ok til sækja  
 “ ærri<sup>4</sup> Einars hlýra.<sup>5</sup>  
 Öngv mannr und ský-ranni.”

Þorfinnr jarl hafði styrk mikinn af Skota-konungi frænda sínum ; dró þat mjök fram ríki hans í Orkneyjum, er sá styrkr var svá nærr. Skota-konungr andaðist þá er þeir bræðr voru sáttir Brúsi ok Þorfinnr. Tók þá ríki yfir Skotlandi Karl Hundason ; hann þóttist ok eiga Katanes, seu hinir fyrri Skota-konungar ; vildi hann hafa skatta af því ríki slíkt sem amarsstaðar, en Þorfinnr jarl þóttist eigi hafa of mikinn arf eptir móður-föður sinn, þótt hann hefði Katanes. Kallaði hann sèr gefit hafa verit þat ríki, ok vildi hann enga skatta gjalda af ; gjörðist nú af þessu fjandskapr mikill, ok herjuðu hvárir ríki annarra. Karl konungr vildi setja þann höfðingja á Katanes<sup>6s</sup>. er hèt Mumtan eðr<sup>6</sup> Muddan ; sá var systurson hans, ok gaf honum jarls-nafn. Reið þá Muddan ofan á Katanes<sup>7</sup> ok efdist at liði í Suðrlandi ; gengu þá njósnir til Þorfinns jarls ; dró hann þá her saman um Katanes ; kom þá ok utan af Orkneyjum Þorkell fóstri með mikit lið til móts við jarl ; fór Þorfinnr þá til móts við Muddan, ok hafði þá<sup>8</sup> meira her. Ok þegar

<sup>1</sup> ok . . höfðingja] add. Fl., as also the Tr. ; this sentence must therefore have been overlooked by Asgeir Jonsson in his transcript.

<sup>2</sup> skelkvings] thus MO. ; skilfvings, Fl.

<sup>3</sup> gunnfrækn] geðfrækn, Fl.

<sup>4</sup> ærri] errinn, Fl.

<sup>5</sup> hlýra] hlýri, Fl.

<sup>6</sup> Mumtan eðr] om. Fl.

<sup>7</sup> á Katanes] af Skotlandi, Fl.

<sup>8</sup> þá] sýnu, add. Fl.

11th  
century  
(middle).

er Skotar vissu þat, at þeir höfðu lið minna, vildu þeir eigi berjast,<sup>1</sup> ok riðu upp aptr á Skotland. Þorfinnr jarl fór þá eptir þeim ok lagði undir sik Suðrland ok Ros, ok herjaði víða um Skotland; sneri þaðan aptr á Katanes, en Þorkell út í Eyjar. Leiðangrs lið fór ok heim. Jarlinn sat á Katanesi í Dungalsbæ, ok hafði þar fimm langskip, ok svá nokkut mart lið, at þau vóru vel skiput. Muddan kom á fund Karls konúngs í Beruvík ok segir honum sínar farar eigi sléttar. Karl konúngur varð þá reiðr mjök, er hann spurði, at land hans var herjat; gekk hann þá þegar á skip, ok hafði ellifu langskip ok mikit lið; hélt þá norðr fyrir Skotland. Hann sendi Muddan aptr til Kataness við mikit lið, ok reið hann it efra um Skotland; var svá stefnt, at hann skyldi þaðan at koma, ok skyldi Þorfinnr þá verða í klofanum. Nú er þat at segja frá Karli, at hann létti eigi fyrr en hann kom á Katanes; var þá ok skamt á milli þeirra Þorfinns. Tók þá Þorfinnr þat ráð, at stíg[a] á skip ok halda út á Petlandsfjörð ok ætlaði til Orkneyja; var þá svá skamt í milli þeirra, at þeir Karl sá seglin Þorfinns, er hann sigldi austr<sup>2</sup> á fjörðinn, ok sigldu þeir þegar eptir þeim. Þeir Þorfinnr höfðu eigi sèt þeirra segl, ok austr stefndi hann með eyjunum ok ætlaði til Sandvíkr. Hann lagðist anstan undir 70. Dýrnes, ok gjörði þegar Þorkatli orð, at hann skyldi liði samna. Brúsi hafði hinn nörðsta hlut Eyja, ok var hann þar.<sup>3</sup> Þorfinnr lá undir Dýrnesi sem áðr var ritað ok hafði síð komit. En um morgininn, er ljóst var orðit, finna þeir eigi fyrr, en þeir Karl róa at þeim ellifu skeiðum.<sup>4</sup> Vóru þá tveir kostir fyrir höndum: sá annarr, at hlaupa á land, ok leifa skipin úvinum sínum ok fèit allt;<sup>5</sup> hinn annarr, at leggja til móts,

<sup>1</sup> *vildu . . . berjast*] varð þeim seinna um árásina, Fl.

<sup>2</sup> *austr*] austan, Fl.

<sup>3</sup> *Brúsi . . . þar*] om. Fl.

<sup>4</sup> *skeiðum*] thus Fl., better; er. the verse: skipum, Cod.

<sup>5</sup> *allt*] þat er á var, add. Lex. Run.

ok láta þá auðnu<sup>1</sup> ráða. Þorfinnr heitr þá á sína menn, <sup>11th century (middle).</sup> ok það þá brjóta upp vápu sín; kvaðst eigi vilja á flóttu leggja; það þá róa í móti vaskliga. Ok eptir þat tengja hvárir-tveggju skip sín. Þorfinnr jarl eggjaði mjök lið sitt, það þá vera ákafa, ok gjöra harða hina fyrstu hriðina, kallaði Skota fár standast mundu. Þessi orrosta var bæði hörð ok löng, ok var þat lengi, er eigi mátti sjá, hvernig hníga mundi.<sup>2</sup> Orrostu<sup>3</sup> þessar getr Arnórr í Þorfinns-drápu:

- “ Endr hygg ek Karli kendu  
kyndum jöfur<sup>4</sup> brynju,  
“ land vara lofðungs kundar  
laust, fyrir Dýrnes austan :  
“ fimm snekkjum røð frammi  
flugstyggv við hug dyggan  
“ rausnar-maðr at ræsis  
reiðr ellefu skeiðum.  
“ At lögðu skip skatnar  
skilit, fèll herr á þiljur,  
“ svómu járn í ámu<sup>5</sup>  
óðhörð<sup>6</sup> Skota blóði :  
“ stall drapa, strengir gullu,  
stál beit, en rann sveiti,  
“ broddr fló, bifðusk oddar  
bjartir, þengils hjarta.”

Þorfinnr jarl eggjaði nú ákaflega sína menn; lagði<sup>72</sup> hann þá skip sitt at skipi Karls, ok var þar allhörð orrosta. Hældust þeir þá, Skotarnir, lítt fyrir framan siglu á konungs-skipinu; ok þá hleypr Þorfinnr jarl or lyptíngunni ok fram í skipit, ok barðist alldjarfliga. Ok þá er hann sá, at þyntist á skipunum<sup>7</sup> Karls,

<sup>1</sup> *auðnu*] auðit, Lex. Run.

<sup>2</sup> *ok . . mundi*] om. Fl.

<sup>3</sup> *Orrostu*] orrostan. Þessa, Cd. The reading would then be “ hver-  
“ nig hníga mundi orrostan. Þessa  
“ getr Arnórr, etc.”

<sup>4</sup> *jöfur*] lofut, Fl.

<sup>5</sup> *ámu*] so also MO. Cfr. Bisk-  
upa sögur, i. 411 (ámir höðkoflar);  
aumu, Fl.

<sup>6</sup> *óðhörð*] so also MO.; óð borð,  
Fl.

<sup>7</sup> *á skipunum*] skipanum, “ Karl’s  
“ crews grew thin,” Fl. (rightly).

11th  
century  
(middle).

eggjaði hann sína menn til uppgöngu; ok er þat sá Karl konúgr, bað hann höggva tengslin, ok halda frá.<sup>1</sup> Þá kómu þeir Þorfinnr á stafuljám á konungskipit. Bað Þorfinnr þá upp bera merki sitt, ok fylgði hann þar sjálfr, ok mikil sveit manna með honum. Þá hljóp Karl af skipi sínu með þá menn, er upp stóðu, en mestr hluti var fallinn á því skipi. Karl hljóp á annat skip, ok bað þá taka til ára, ok lögðust Skotar þá á flóttu, en Þorfinnr elti þá. Svá segir Arnórr: <sup>2</sup>

“ Þrima var þvigit skemri,  
þat var skjótt at spjótum  
“ maetr við minna neyti  
minn dróttinn rak flóttu:  
“ gól<sup>3</sup> áðr grams menn feli<sup>4</sup>  
gunnmár um her sárum,  
“ hann vá sigr fyrir sunnan  
Sandvík, ruðu branda.”

Karl bæld undan suðr til Breiðafjarðar, ok gekk þar á land, ok safnaði liði af nýju. Þorfinnr veik aptr eptir bardagann. Kom þá Þorkell fóstri til móts við hann, ok höfðu þeir þá lið mikit, sigldu þeir þá suðr til Breiðafjarðar eptir þeim Karli; ok þegar er þeir kvómu við Skotland, tóku þeir at herja. Þá var þeim sagt at Muddan var á Katanesi norðr í Þórsá, ok hafði þar her mikinn; hann hafði ok sent til Írlands eptir liði, þvíat hann átti þar frændr marga ok vini, ok beið hann þar þess liðs. Þá gjörðu þeir Þorfinnr þat ráð, at Þorkell fóstri fór norðr með Katanesi við suman herinn, en Þorfinnr lá eptir við Skotland ok herjaði þar. Þorkell fór leyniliga; var honum ok allt landsfólk trygt ok trútt á Katanesi; gekk engi njósn fyrir honum áðr hann kom í Þórsá á

<sup>1</sup> ok halda fró] ok leggja burt  
öllum skipaher sínum a[ll]bra[d]-  
liga, taka til ára sinna ok leggja  
frá, Fl.

<sup>2</sup> MO. omits the following verse.

<sup>3</sup> gól] gall, Fl.

<sup>4</sup> feli] fèllu, Fl.

náttar-þeli, ok tók hús á þeim Muddan, ok báru eld at. Muddan svaf í lopti einu; ok í því er hann hljóp út, ok ofan fyrir lopt-svalinnar, hjó Þorkell eptir honum, ok kom á hálsinn, ok tók af höfuðit. Eptir þat gáfust menn upp, en sumir kómust á braut af hlaupi. Þar var mart manna drepit; en þat var allr fjöldi, er grið vóru gefin. Dvaldist Þorkell þar skamma hríð áðr hann fór aptr til Breiðafjarðar; hafði hann þá her allan með sèr, þann er fækst á Katanesi, ok um Suðrland ok um Ros. Mætti hann þá Þorfinni jarli suðr við Merhæfi ok segir honum slíkt sem í hafði gjörzt hans ferðum. Þakkaði jarl honum vel sitt starf; lágu þeir þá þar báðir um hríð ok herjuðu.

Nú er at segja frá Karli konungi: at hann fór upp á Skotland eptir orrostu þeirra Þorfinns jarls, ok efdist þá at liði af nýju. Hann dró her allt sunnan af Skotlandi bæði hit eystra ok hit vestra, ok allt sunnan af Satíri. Þá kom ok til móts við hann herr sá af Írlandi, er Moddan<sup>1</sup> hafði eptir sent; sendi hann þá víða til höfðingja eptir liði, ok<sup>2</sup> stefndi her þeim öllum til móts við Þorfinn jarl, ok varð fundr þeirra á Torfnesi fyrir sunnan Breiðafjörð.<sup>3</sup> Þar varð orrosta mikil, ok höfðu Skotar her miklu meira. Þorfinnr jarl var í öndverðri sinni fylkíng; hann hafði hjálm á höfði gullroðinn ok gyrðr sverði, spjót mikit í hendi, ok vá hann við því tveim höndum.<sup>76.</sup> Svá er frá sagt, at hann var fremstr allra sinna manna. Hann gekk þar at í fyrstu, sem fyrir var fylkíng þeirra Íranna; var hann svá ákafr<sup>4</sup> með sína sveit, at þeir hrukku þegar fyrir, ok fengu aldri síðan viðréttu. Lèt Karl þá bera fram sitt merki til móts við Þorfinn; var þar þá harðr bardagi, ok

<sup>1</sup> Moddan] thus Cd.

<sup>2</sup> sendi . . ok] add. Fl.

<sup>3</sup> Breiðafjörð] thus Cd.; Bæfjörð, Banfirth? Fl.

<sup>4</sup> ákafr] i fyrstu, add. Fl.

11th  
century  
(middle).

lauk með því, at Karl lagðist á flóttu; en sumir menn segja, at hann hafi fallit. En Arnórr segir svá:

“ Úlfs tuggu rauð eggjar  
eitt þar er Torfnes heitir—  
“ úngr olli því þengill,  
þat var Mánadag—fráunar:  
“ Súngu þar til þinga  
þunn fyrir Ekkjal sunnan  
“ sverð er siklíngur barðist  
snarr við Skotlands harra.  
“ Hátt bar Hjalta dróttinn  
hjálma at geira jálmi,<sup>1</sup>  
“ ógnstærir rauð Írum  
odd, í ferðar broddi:  
“ Minn dróttinn naut máttar  
mildr und Brezkum skildi,  
“ heudi Illöðves frændi  
hermenn, ok tók brenna.”<sup>2</sup>

Þorfinnr jarl rak flóttann langt<sup>3</sup> upp á Skotland; ok eptir þat fór hann víða um landit ok lagði undir sik. Hann fór þá allt suðr á Fífi, ok lagði undir sik landit; gengu menn þá undir hann hvar sem hann fór. Ok þá er hann dvaldist á Fífi,<sup>4</sup> sendi hann frá sér Þorkel fóstura með sumt liðit. Ok þá er Skotar vissu þat, at jarlinn hafði gjört frá sér suman herinn, 78. fóru þeir sömu at honum, er áðr höfðu undir hann gengit. Ok þegar er jarl varð varr við svik þeirra, heimti hann saman lið sitt, ok fór í móti þeim; varð Skotum þá seinna unn úrásina, er þeir vissu at jarl<sup>5</sup> var við búinn. Þorfinnr jarl ræð þegar til bardaga, er hann mætti Skotum;<sup>6</sup> en þeir nentu þá eigi at verja sik, slógust þegar á flóttu, ok flýðu<sup>7</sup> á merkr ok

<sup>1</sup> *jálmi*] sálmi, Fl. (badly).

<sup>2</sup> *ok tók brenna*] en tokst senna, MO.

<sup>3</sup> *langt*] allt, Fl.

<sup>4</sup> *ok lagði . . . Fífi*] om. Fl.

<sup>5</sup> *jarl*] Here begins fragm. a. (a single vellum leaf).

<sup>6</sup> *Skotum*] Sköttum, a.

<sup>7</sup> *flýðu*] víðs vegar, add. a.



skóga. Ok þá er Þorfinnr hafði rekit flóttann, heimti hann saman menn sína, ok segir at þá vill hann láta brenna þat hérað allt, er þá vóru þeir í staddir, ok gjalda svá Skotum<sup>1</sup> fjandskap ok svikræði. Fóru þá jarls menn um þorp ok um bæi, ok brendu svá hvarvetna at ekki kot stóð eptir; drápu þeir ok karlmenn þá, er þeir fundu, en konur ok gamalmenni dróst á merkr ok skóga með væl ok veinan.<sup>2</sup> Mart fólk gjörðu þeir ok hertekit, ok færðu í bönd, ok ráku svá fyrir sèr. Svá segir Arnórr :<sup>3</sup>

“ Týndust ból þá er brendi<sup>4</sup>—  
bráskat þat dægr háski,  
“ stökk í reyr enn rokna<sup>5</sup>  
rauðr eldr—Skotta-veldi :  
“ Mörð-kennir galt mönnum  
mein ; á sumri einu  
“ fengu þeir við þengil  
þrim sinnum hlut minna.”

Eptir þetta fór Þorfinnr jarl norðr eptir Skotlandi til skipa, ok lagði undir sik landit hvar sem hann fór. Fór hann þá norðr á Katanes ok sat þar um vetrinn. En hvert sumar þaðan í frá hafði hann leiðangr úti ok herjaði um Vestrlönd, en sat optast um kyrt á vetrum.<sup>6</sup>

<sup>1</sup> A great uncial letter in Cd. Here begins the second section or part of the Orkney-Saga, containing an abridgment of the Life of St. Magnus.

<sup>2</sup> eptir . . . jarls] add. Tr.

<sup>3</sup> hans . . . Halldórr] add. Tr.

<sup>4</sup> Gyriði] it should be Sigríði. ep. Fms. vii. 271, and Fsk. in the

Armæðlingatal, 147, as also Fms. vii. 255. Her husband was a Gyrð Ámundason. This error, however, seems due to the author, not the transcriber of the Saga, wherefore we have left it as it stands.

<sup>5</sup> tignu] emend.; rognn, Fl.

<sup>6</sup> Gunnason] Gunnarsson, Fl.

Móðir Óspaks var Þórdís dóttir Halls á Síðu.<sup>1</sup> Erlíngur A.D. 1066. ok Magnús voru synir þeirra, en dætr þeirra Gunnhildr ok Cecilia, er Ísakr átti, ok voru synir þeirra Endriði ok Kolr. Játvör lét dóttir Erlends<sup>2</sup> laungetin, Borgarr<sup>3</sup> lét son hennar.<sup>4</sup>

40. Þá er þeir bræðr Páll ok Erlendr höfðu ríki tekit í Orkneyjum, kom austan ór Noregi Haraldr Sigurðarson með her mikim. Hann kom fyrst við Hjaltland. Þaðan fór hann til Orkneyja. Þar lét hann eptir Ellisif drottningu ok dóttur þeirra Máriú ok Íngigerði. Ór Orkneyjum hafði hann lið mikit. Ræðust jarlar báðir til ferðar með konungi. Fór konúgr þaðan suðr til Englands, ok lendi þar sem heitir [Kliffand, ok vamm Skarðaborg. Síðan lagði hann at við Hallornes,<sup>5</sup> ok átti þar orrostu, ok fékk sigr. Miðvikudag næsta fyrir Mathiasmessu átti hann 132. orrostu í Jórvík<sup>6</sup> við jarla Valhjóf ok Mörukára. Þar féll Mörukári. Sunnudag eptir<sup>7</sup> var sú borg gefin í vald Haraldri konungi, er stóð við Stafufurðubryggju. Mánadaginn eptir<sup>8</sup> gekk hann á land at skipa staðinn. <sup>9</sup>Setti hann eptir hjá skipum<sup>10</sup> Ólaf son sinn, ok jarla Pál ok Erlend, ok Eysteinn orra mág sinn, Þorberg Árnason.<sup>11</sup> Í þeirri landgöngu kom í móti Haraldri konungi Haraldr Guðinason með úvígjan<sup>12</sup> her. Tókst þegar mikil orrosta.<sup>13</sup> Ok í þeim bardaga féll Haraldr Sigurðarson. Eptir fall konúngs kom Eysteinn orri frá skipum ok jarlar, ok gjörðu allharða hríð. Sú orrosta var köllut Orra-él eðr Orra-

<sup>1</sup> Síðu] Cfr. Þorsteins Saga Síðu-hallssonar (in fine).

<sup>2</sup> Erlends] emend.; Erlings, Fl.

<sup>3</sup> Borgarr] emend.; Bergr, Fl.

<sup>4</sup> The passage from "Játvör . . ." is left out in Tr., where well nigh one page is left blank, although the text is complete.

<sup>5</sup> Hallornes] thus Tr.; Hallarnes, Fl.; Hellornes, Hkr. and Fms. vi. 406.

<sup>6</sup> í Jórvík] om. Tr.

<sup>7</sup> eptir] efter predieken, Tr.

<sup>8</sup> Mánadaginn eptir] add. Tr.

<sup>9</sup> Þar, add. Fl., but om. Tr.

<sup>10</sup> hjá skipum] add. Tr.

<sup>11</sup> Þorberg Árnason] add. Tr.

<sup>12</sup> úvígjan] thus Hkr. and Tr.; utallig; allmikinn Fl.

<sup>13</sup> Tókst . . . orrosta] add. Tr.: bleff der strax en stor slaetning.

A.D. 1066-<sup>093.</sup> hríð.<sup>1</sup> Þar féll Eysteinn orri, ok mjök svá allr Norð-  
manna-herr. Eptir þá orrostu leyfði Haraldr kouíngur  
Ólafi syni Haralds ok jörlum brottför af Englandi ok  
her þeim öllum er eigi hafði flýit. Sigldi Ólafir út um  
haustið af Hrafseyri, ok svá til Orkneyja. Ok vóru  
þar þau tíðendi, at<sup>2</sup> þann dag ok á þeirri stundu, er  
Haraldr féll, varð Mária bráðdauð dóttir hans; ok er  
þat mál manna, at þau hafi eins manns fjör haft.

A.D. 1067. Ólafir var um vetrinn í Orkneyjum, ok var hann hinn  
mesti vin jarla frænda sinna. Þær vóru bræðra-dætr,  
Þóra móðir Ólafs konúngs, ok Íngibjörg móðir jarla.  
Ólafir fór um várit austr til Noregs, ok var þar til  
konúngs tekinn með Magnúsi bróður sínum.

En er þeir bræðr ræðu Orkneyjum, þá var samþykki  
þeirra mikit ok gott langa hríð. En er synir þeirra  
tóku at megnast, þá gjörðust þeir ofstopamenn unklir  
Hákon ok Erlíngur. Magnús var þeirra kyrrlátastr. Allir  
vóru þeir miklir ok sterkir ok vel mentir um alla hluti.  
Hákon Pálsson vildi vera fyrirmaðr þeirra bræðra;  
þóttist hann vera meiri burðum en synir Erlends,  
þvíat hann var dótturson Hákonar jarls Ívarssonar ok  
134. Ragnhildar, dóttur Magnúss konúngs góða. Vildi  
Hákon at vinir hans hefði or skíptum meira hlut þar,  
en þeir at hnigu til sona Erlends; en Erlendr vildi  
ekki at synir hans hefði lægra hlut þar í Eyjum.  
Kom þá svá, at þeir frændr máttu ekki ásamt vera,  
ok var með þeim ekki úhætt. Þá áttu feðr þeirra  
hlut at með [þeim]; þeir skyldu seinja málit. Var þá  
fundr til lagðr; ok fanst þat brátt á, at hvárr þeirra  
hmeigði eptir sínum sonum; ok urðu eigi ásáttir. Gjör-  
ðist nú úsamþykki með þeim bræðrum; ok skildust  
úsáttir, ok þótti þat mörgum mikill skaði.

41. Eptir þetta fóru góðgjarnir menn í milli þeirra, ok  
leita um sættir. Var þá lagðr sáttar-fundr með þeim

<sup>1</sup> sú orrostu . . . orra-hríð] add.  
Tr.: oc bleff dan slactning kaldet  
orre el eller orr-hriid.

<sup>2</sup> ok vóru . . . tíðendi at] add.  
Tr., cp. IIkr. l. e.; ok þann dag,  
Fl.

í Hrossey. Á þeim fundi gengu saman sættir þeirra <sup>A.D. 1066-</sup> með því móti, at þá var skipt Eyjum í helminga svá <sup>1093.</sup> sem verit hafði með þeim Þorfinni ok Brúsa. Stóð svá um hríð. Hákon var þá jafnan í hernaði síðan hann þroskaðist. Gjörðist hann þá ofstopamaðr mikill; ok leituðu mjök á þá menn, er þjónuðu undir þá feðgana, Erlend ok sonu hans.<sup>1</sup> Kom þá em svá, at þeir urðu úsáttir, ok fórust at með fjöluenni. Hávarðr Gunnason<sup>2</sup> ok allir aðrir gæðingar jarla gengu einn dag á milli ok<sup>3</sup> báru em saman með þeim;<sup>4</sup> ok báru sáttmál á milli. Vildu þeir Erlendr<sup>5</sup> feðgar þá eigi sættast svá at Hákon væri þar í Eyjum. En með því at vinum þeirra þótti mikit í ábyrgð um deilur þeirra, þá feldu þeir þæn at Hákon, at hann læti þetta eigi fyrir sættum standa, ok færi heldr brott or 136. Eyjunum; sögðu þat ráðligt, at hann færi austr um haf at finna frændr sína, bæði í Noregi ok Svíþjóð. Ok við umtölur manna, ok svá þat, at Hákon var öfund á frændum sínum þar í Eyjunum en þótti gott at kanna síðu amarra hofðingja, þá veitti hann þeim þæn sína<sup>6</sup> at hann færi brott or Eyjum at sinni. Gekk þá em sættin saman at góðra manna ráði. Eftir þetta fór Hákon burt ór Eyjum, fyrst austr til Noregs, ok fann þar Ólaf konúng kyrra. Þetta var ofarlíga <sup>A.D.</sup> á hans dögum. Dvaldist Hákon þar nokkura stund. <sup>c. 1090.</sup> Síðan fór hann austr til Svíþjóðar á fund Ínga konúngs Steinkelssonar, ok tók hann við honum vel. Hann fann þar vini sína ok frændr. Hlaut hann þar hinn

<sup>1</sup> *Erlend . . hans*] add. Tr.

<sup>2</sup> *Gunnason*] thus Cd.; cfr. the preceding chapter.

<sup>3</sup> Thus Tr.: Havarder Gunnesen oc andre af de synderlig gode mend udi Öerne ginge en dag mellem oc vilde hafne dennem forligte, men Erlender, etc.; Hávarðr Gunnason ok allir aðrir gæðingar. Jarlar báru . . , Fl.

<sup>4</sup> *þeim*] emend.; sèr, Fl.

<sup>5</sup> *Erlendr*] Erlingr, Fl.

<sup>6</sup> In the Fl. a whole passage has been left out, (an homoteleuton, ok færi heldr brott or Eyjum . . at hann færi, etc.). The Danish Translation presents the text complete, closely in accordance with ch. 2 of the Minor Magnús Saga, which we have followed.

A.D. 1093. mesta heiðr af vinsældum Hákonar móðurföður síns. Hann hafði haldit ríki af Steinkatli Svía-konungi síðan er hann varð landflótti fyrir Haraldi Sigurðarsyni; hafði hann þar orðit hinn vinselsti, bæði af konungi ok landsmönnum. Annarr dótturson Hákonar jarls Ívarssonar var Hákon, er kallaðr var hinn norræni. Hann var faðir Eireks hins spaka, er konúgr var í Danmörku eptir Eirek konúgr eymuma. Hákon dvaldist í Svíþjóð um hríð, ok var Íngi konúgr vel til hans. En er svá hafði fram farit um hríð, þá lèku honum laudmumir at sækja vestr til Eyja. Þá var í Svíþjóð úng kristni; vóru þá margir menn þeir er fóru með forneskju, ok þóttust af því verða fróðir ok vísir margra hluta, þeirra er eigi vóru fram komnir. Íngi konúgr var vel kristinn maðr, ok vóru honum leiðir allir forneskju-menn. Lagði hann mikla stund á at cyða úvenjum þeim, er lengi höfðu fylgt heiðninni; en landshöfðingjar ok stórbændr kurrðu illa, er um var vandat úsiðu þeirra. Kom því svá, at bændr tóku sèr annan konúgr þann er þá hèlt til blóta, Sveinn, bróðir drottningar, ok var kallaðr Blót-Sveinn. Fyrir honum varð Íngi konúgr landflótta í Vestra-Gautland. En svá lauk þeirra skiptum, at Íngi konúgr tók hús á Sveini ok brendi hann inni. Eptir þat tók hann allt land undir sik. Eyddi hann þá enn úsiðum mörgum.<sup>1</sup>

42. Þá er Hákon Pálsson var í Svíþjóð hafði hann frètt til, at þar í landi var sá maðr, er fór með vísindi ok spádóm, hvárt er hann hafði til þess fjölkýngi eðr aðra hluti. Honum gjörðist forvitni á mikil at finna þann mann, ok vita hvers hann yrði vís um forlög sín. Ok eptir þetta fór hann til þess manns; ok fann hann at lyktum í markbygð<sup>2</sup> nokkurri. Fór hann þar at veizlum, ok sagði bóndum um árferð ok aðra hluti.

<sup>1</sup> úsiðum mörgum] hedenske seder  
oc ceremonier, Tr.

<sup>2</sup> markbygð] thus Tr.: markbyd,  
as also Magn. S., l. c.; sjóbygð, Fl.

En er hann fann þenna mann, þá frétti hann eptir hversu honum mundi gangast til ríkis eðr annarrar hamíngju. Vísinda-maðr spurði hvat manna hann væri. Hann sagði nafn sitt ok ætt sína, at hann var dótturson Hákonar Ívarssonar. Þá sagði vísinda-maðr: “Hví muntú vilja taka af mér vísindi eðr sagnir? Veiztú þat, at hinir [fyrri] frændr þínir hafa lítinn hug haft á þess-háttar mönnum sem ek em, ok má þer þörf vinna at þú leitir eptir at vita forlög þín af Óláfi hinum digra Noregs-konungi<sup>1</sup> frænda þínum, er þer hafit allan trúnað á. En grunr mundi mēr á vera, at hann mundi eigi lítillæti til hafa at segja þer þat er þik forvitnar, eðr vera eigi svá máttugr ella, sem þer kallit hann.” Þá svarar Hákon: “Ekki vil ek honum úmæla. Ætla ek þat meirr, at ek mun eigi verðleika til hafa at taka af honum vísindi, en hitt, at eigi muni hann vera svá voldugr, at ek mætta taka fyrir þat af honum vísindi. En því hefi ek á þinn fund farit, at mēr hefir þat í hug komit, at hēr mun hvárrgi þurfa at öfunda annan fyrir mannkosta sakir eðr trú-bragða.” Sá maðr svarar: “Vel líkar mēr þat, at ek finn þat á, at þú þykkist þar eiga allt traust, er ek em, ok framarr en trúa sú, er þer hafit með farit, ok aðrir frændr þínir. Er ok svá, at þeir er á slíkt stunda, er undarliga farit; fara með föstur ok vökur, ok ætla, at þar af muni þeim veitast þeir hlutir, er þeim er forvitni á at vita. En þó at þeir stundi á slíkt, þá verða þeir því síðr vísir þess, er þá forvitnar, sem þá skiptir meira; en vēr leggjum oss í engar meingjörðir, ok verðum vēr þó jafnan vísir þeirra hluta, er vinum várum þykkir máli skipta, at þeir gangi údulðir. Nú mun svá fara með okkr, at þú munt þess njóta frá mēr, er ek skil þat, at þú

<sup>1</sup> *Noregs-konungi*] add. Tr.

A.D. 1090-1094. “ þykkist heldr mega taka sannynði af mēr en kenni-  
 “ mönnum Ínga konúnga, þeim er hann þykkist allt  
 “ traust undir eiga. Skaltú koma á þriggja náttu  
 “ fresti; skulu vit þá freista, at ek kunna at segja  
 “ þær nökkura hluti, þá er þik forvitnar.” Eptir þat  
 “ skilja þeir; ok dvelst Hákon þar í bygðinni. Ok at  
 liðnum þremr nóttum, fór hann at finna vísinda-mann;  
 var hann þá í húsi nokkuru einn saman, ok varpaði  
 mæðiliga öndinni, er hann gekk inn; strauk hendinni  
 um emmit; sagði at hann hefði miklu til kostað, áðr  
 hann yrði þeirra hluta viss, er hann skyldi forvitnast.  
 Hákon kveðst þá heyra vilja sín forlög. Spámaðrinn  
 tók til orða: “Ef þú vill forlög þín vita, þá er þar  
 “ langt um at tala, fyrir því at þau eru mikil; ok af  
 “ lífi þínu ok stundan munu mikil stór-tíðindi hljótask;  
 “ ok er þat mitt hugboð, at [þú] verðir einvalds-  
 142. höfðingi yfir Orkneyjum at lyktum; en kann vera  
 “ at þær þykki langt at líða; hygg ek ok þat, at þar  
 “ muni þitt afkvæmi ríkja. En af vestr-för þinni,  
 “ þeirri er þú ferr næst til Orkneyja, munu mikil  
 “ stór-tíðindi af gjörast, þá er þeir hlutir verða fram  
 “ gengnir, er þar af mun leiða. Þú munt ok á þínum  
 “ dögum láta gjöra glæp þann, er þú munt annat-  
 “ tveggja fá bætt eðr eigi við þann guð, er þú trúir  
 “ á. En spor þín liggja lengra út í heim en ek fe  
 “ sèt, en þó hygg ek at þú munir hær bera beinin  
 “ í norðr-hálfummi. Nú hefig sagt þær þá hluti, er ek  
 “ mun at sinni; nú ræðr þú hversu þú skalt við una  
 “ þitt eyrindi.” Hákon svarar: “Mikla sögn segir  
 “ þú, ef sönn er; en þat ætla ek, at betr muni vera,  
 “ en þú segir, um minn hag; má ok vera, at þú  
 “ munir þetta eigi með sannyndum sèt hafa.” Spá-  
 maðr bað hann því af trúa sem hann vildi, en kvað  
 þetta mundu fram fara.

43. Eptir þetta fór Hákon til fundar við Ínga  
 konung; ok dvaldist með honum skamma stund. áðr



hann fýstist at fara í Vestr-lönd.<sup>1</sup> Tók þá orlof af A.D. 1090-  
konungi til brautfarar. Hákon fór fyrst til Noregs á <sup>1094.</sup>  
fund Magnúss konungs frænda síns, ok tók hann vel  
við honum. Þar frèttir hann þau tíðendi af Orkney-  
jum, at Erlendr jarl ok synir hans ræði þar mestu, ok  
vóru allvinsælir; en Páll faðir hans var heldr afskip-  
ta-lítill um ríkit. Þat þóttist hann ok spyrja af þeim  
mönnum, er vestan kómu, ok helzt mæltu trúnað fyrir  
honum, at<sup>2</sup> Orkneyíngar mundu lítt langa til at hann  
kæmi vestr þangat; ok höfðu þeir áðr<sup>3</sup> frið góðan  
ok kyrrsæti; en ugðu ef Hákon kæmi vestr, at af  
honum mundi standa úfriðr ok styrjöld. En er Hákon 144.  
hugsaði þetta fyrir sér, þá þótti honum eigi örvænt,  
at þeir frændr mundi halda ríki fyrir honum, en láta  
honum eigi úhætt, ef hann kæmi vestr þangat eigi  
með fjölmenni. Tók hann þat ráð, at sækja at  
Magnús konung, at hann kæmi honum til ríkis í  
Orkneyjum.

Þetta var eptir þat er Magnús konungur hafði látið A.D. 1094.  
af lífi taka Steigar-Þóri ok Egil, ok frelsaði landit af  
öllum úfriði. Hákon var vitr maðr, ok þóttist hann  
skilja á ræðum Magnúss konungs, er þeir ræddust við,  
at konungur mundi vera stórráðr, ok ágjarn á ríki  
annarra höfðingja. Hákon tók þær ræður fyrir kon-  
ungi, at þat væri höfðings bragð at hafa leiðangr úti,  
ok herja vestr um haf, ok leggja undir sik Eyjar,<sup>4</sup>  
sem gjörði Haraldr hinn hárfagri. Segir ok, ef hann  
fengi ríki í Sudreyjum, at þaðan væri hægt at herja á  
Írland ok Skotland; ok ef hann kæmi undir sik Vestr-  
löndum, at þaðan væri gött at eflast með styrk Norð-  
manna á móti Englis-mönnum, “ok hefna svá Haralds  
“Sigurðarsonar föður-föður þíns.” En er þeir töluðu  
þetta, fanst þat á, at konungi fèll þetta vel í skap;

<sup>1</sup> áðr . . . [Vestr-lönd] add. Tr.:  
förend hand fick i sinde at drage i  
Vesterlandene.

<sup>2</sup> at] ok, Cd.

<sup>3</sup> áðr] add. Lex. Run.

<sup>4</sup> Eyjar ] Sudreyjar, Tr., less  
right; cp. Magn. S., ch. 7, l. e.

A.D. 1098. kallaði at þetta væri vel talat ok höfðingliga, ok nærr sínu skaplyndi. “En þat skaltú hugsa, Hákon,” segir konúgr, “ef ek gjöri þetta fyrir orð þín ok áeggjan, “at fara með her vestr um haf, at þèr skal ekki á “úvart koma, þótt ek borag frekan atsúg til ríkja “þeirra, er liggja vestr þar, ok gera ek at því engan “manna mun.”<sup>1</sup> En er Hákon heyrði þenna órskurð, lét hann sèr fátt um finnast, ok grunaði hvar til mælt mundi. Lèt hann þá af at eggja konúg á né einar ferðir; þurfti þá ok lítils við; þvíat eptir þessa ræðu

146. sendi konúgr boð um allt ríki sitt, at leiðangr skyldi úti vera. Gjörði hann þat bert fyrir alþýðu, at hann ætlaði her þeim at halda vestr um haf, hvat sem síðarr gjörðist til tíðinda í hans ferðum. Þjoggest menn þá til þessarar ferðar af öllu landi. Magnús konungr hafði með sèr son sinn til þessarar ferðar átta vetra gamlan, er Sigurðr lét. Hann var vel mannaðr.

Þá er þeir bræðr Páll ok Erlendr réðu Orkneyjum, kom austan ór Noregi Magnús konungr son Ólafs Kyrra.<sup>2</sup> Hann hafði her mikinn; honum fylgðu margir lendir menn: Viðkuunr Jónsson, Sigurðr Hranason, Serkr or Sogni, Dagr Eilífsson. Synir Skopta ór Gizka: Ögmundur, Finnr, ok Þórðr.<sup>3</sup> Eyvindr ölbogi stallari konungs. Þar var ok<sup>4</sup> Kali af Ögðum Sæbjarnar son, Þorleifs sonar ins spaka<sup>5</sup> er Hallfreðr meiddi, ok Kolr son hans. Kali var spekiugr mikill ok kær konungi, ok orti vel.—Þá er Magnuss konungr kom til Orkneyja, þá tók hann jarla, Pál ok Erlend, ok sendi þá austr til Noregs, en setti Sigurð son sinn yfir

<sup>1</sup> This whole passage is cited in Lex. Run., s. v. bora, and with slight variations, e. g. ef ek göra, . . . at þèr skal eigi þat á úvart koma at ek bora skjótt frekan atsúg til ríkja þeirra er þar liggja fyrir vestan hafit, etc.

<sup>2</sup> son . . . Kyrra] add. Tr.

<sup>3</sup> Synir Skopta . . . Þórðr] thus

Tr.; Skopti ór Gizka. Ögmundur . . . , Cd.

<sup>4</sup> Þar var ok] add. Tr.

<sup>5</sup> As to the pedigree, Tr. agrees,—der vaar oc Kali aff Augdum hvise fader vaar Sueinbjorn (sic) Thorleiffs sön; som maud kallede den spake eller viise som Hallfredir hafde saar gjort, etc.; cf. Fms. vii. 48.

Eyjar ok fékk honum ráðuneyti. Magnús konungr A.D. 1098. fór í Suðreyjar; ok fylgðu honum synir jarla: Magnús ok Erlingr synir Erlends jarls, ok Hákon Pálsson. En er Magnús konungr kom í Eyjar, tók hann at herja, fyrst í Ljóðhúsum ok vann þau.<sup>1</sup> Ok í þeirri ferð vann hann allar Suðreyjar, ok tóku höndum Lögmann [son] Guðröðar Suðreyja-konungs. Þaðan fór hann suðr undir Bretland; ok átti orrostu mikla í Öngulseyjar-sundi við jarla tvá Brezka, Huga inn digra ok Huga inn þrúða. Þeir voru bræðr Costnama er þá var konungr á Írlandi á Ulaztiri.<sup>2</sup> Ok er menn brutu up vápu sín ok hjoggust til orrostu, settist Magnús Erlingsson niðr aptr í fyrir-rúmi ok vápnast <sup>148.</sup> eigi. Konungr spyr hví hann sæti. Hann læzt þar við engan mann sakir eiga. “Vil ek því eigi berjast.” [Konungr mælti]: “Far þú undir þiljur niðr, ok ligg “ eigi hér fyrir fótum mönnum, ef þú þorir eigi at “ berjast, þvíat ek ætla þèr eigi trú til ganga.” Magnús tók saltara ok söng um bardagann; en hlífði sér ekki. Orrosta þessi var bæði hörð ok löng, ok var bæði skotið ok höggit. Var þat lengi, at eigi mátti sjá í millum, hvern veg hníga mundi. Magnús konungr skaut af handboga ok annar maðr Háleyskr hjá honum. Hugi þrúði barðist allhraustliga. Hann var svá búinn ok brynjaðr, at ekki var bert á honum nema augun. Magnús konungr bað inn Háleyska, at þeir skyti báðir senn til hans. Gjörðu þeir ok svá; kom önnur örin í nefbjörgina, en önnur í augat, <sup>3</sup>ok flaug aptr í gegnum höfuðit. Var skot þat konungium kennt.

Þar féll Hugi þrúði. Síðan flýðu Bretar, ok höfðu látið lið mikit; en Magnús konungr átti at ráða sigri

<sup>1</sup> þau] þar, Cd.

<sup>2</sup> Þeir voru bræðr . . . Ulaztiri] add. Tr., which here and below misreads ‘Sadtzari’ for ‘Ulazturi.’

<sup>3</sup> ok flaug aptr] Here begins the second and last vellum leaf of *b*, from which the text is now taken.

A.D. 1098. miklum, ok hafði þó látið marga góða menn, en fjölði varð sárr. Svá var þar um kveðit :

“ Dundi broddr á brynjur,  
bragningr skaut af magni,  
“ sveigði allvaldr Egða  
álm; stökk blóð á hjálma :  
“ Strengs fló hagl í hringa ;  
hæ ferð, en lét lét verða  
“ Hörða-gramr í harðri  
hjarl-sókn banat jarli.”

Þá eignaðist Magnús konungr Öngulsey<sup>1</sup> sem inir fyrir Noregs-konungar höfðu lengst eignast suðr. Öngulsey er þriðjungr Bretlands. Kali Sæbjarnarson hafði fengit sár mörg í Öngulseyjar-sundi, ok eigi bráð-ban-  
150. vænlig.<sup>2</sup> Síðan vendi Magnús konungr aptr it syðra með Skotlandi.

Magnús konungr hafði gjört Magnús Erlendsson skutilsvein sinn ok þjónaði hann jafnan at konungsborði. En eptir bardaga í Öngulseyjar-sundi lagði Magnús konungr á hann óþokka mikinn ; kallaði hann hafa ódrensiliga farit. Þat var eina nótt at Magnús konungr lá við Skotland, at Magnús Erlendsson hljóp brott af skipi Magnúss konungs, þá er hónum þótti hellzt færi á gefast at flýja frá konunginum. Hann hljóp fyrir borð ok svamm til lands, ok hjó svá um í hvílu sinni, at þar sýndist sem maðr lægi. En er hann kom til lands, hljóp hann til skógar, ok var í línklæðum sínum. Hann drap fæti, ok skeindist mjök, er hann var berfiettr, ok mátti hann eigi fara lengra at sinni. Hann kom at trè einu miklu, ok fór þar í limar upp, ok batt þar um fót sèr, ok leyndist þar í limunum nökkura stund. En um morguninn, er menn gengu til matar á konungs-skipinu, spurði konungr hvar Magnús Erlendsson væri. Hónum var sagt, at

<sup>1</sup> Öngulsey] allar Suðreyjar ok Öngulsey, Fl. | <sup>2</sup> bráð-banvænlig] thus b. as well as MO.; allbanvæn, Fl.

hann svaf í hvílu sinni. Konungr bað vekja hann, A.D. 1038. ok kvað til mundu bera fleira en svefn er hann lá lengr en aðrir menn. En er til ríms hans var komit, þá var hans saknat. Þá bað konungr leita hans, ok lét leysa sporhunda. En er hundarnir voru lausir, kvómu þeir þegar á sporit, ok runnu til skógar, ok kvómu at trè því er Magnús var uppi í. Þá rann einn hundrinn í hríng um eikina ok gó. Magnús hafði trèkefli í hendi sèr, ok kastaði til hundsins, ok kom á síðuna. Hundrinn lagði halann milli fóta sèr ok hljóp ofan til skipa ok þar aðrir eptir. Fundu konungs-menn eigi Magnús. Leyndist hann um hríð á skóginum; ok kom fram um síðir í hirð Melkolms Skota-konungs,<sup>1</sup> ok dvaldist þar um hríð, en stundum var hann á Bretlandi með biskupi nökkurum. Stundum var hann á Englandi eðr í ymsum stöðum með vínnum sínum, ok kom eigi til Orkneyja meðan Magnús konungr lifði.

Magnús konungr hèlt sunnan með Skotlandi. Ok þá kvómu í móti honum sendimenn Melkolms Skota-konungs, ok buðu honum sættir. Sögðu svá, at Skota-konungr vildi gefa honum allar eyjar þær er liggja fyrir vestan Skotland, ok fara mætti stjórn-föstu skipi milli ok meginlands. En er Magnús konungr hèlt sunnan at Satíri, lét hann draga skútu yfir Satíriseið. Konungr hèlt um hjalmun-völ ok eignaðist svá allt Satíri. Þat er betra en hin bezta ey í Suðreyjum, nema Mön. Hón gengr vestan af Skotlandi, ok eið mjótt fyrir ofan, svá at þar eru jafnan dregin skip yfir. Magnús konungr hèlt þaðan í Suðreyjar, en sendi menn sína í Skotlands-fjörðu; skyldi þeir

*En eptir bardaga . . . Melkolms Skota-konungs*] this passage is much shorter in Fl.—Eptir bardagan í Öngulseyjar-sundi lagði Magnus konungr á hann óþokka mikinn. Hann hafði ekki sárr orðit þótt

hann hefði (sic) hlíft sèr. Leyndist hann í brott um nótt frá konungi, ok leyndist um hríð í skógum meðan konungs-menn leituðu hans. Hann kom fram í hirð Melkolf's, etc.

A.D. 1098. svá með öðru landi út en öðru inn, ok eignaði Magnús konungr sèr svá allar eyjar fyrir vestan Skotland. Þá giörði konungr þat bert at hann mundi sitja um vetrinn í Suðreyjum, en leyfði þeim mönnum, er honum þótti mest nauðsyn á vera, heim at fara. En er liðsmenn vissu þat<sup>1</sup> þá gjörðust þeir heimfúsir ok kurrudu illa um brottvist sína. Konungr átti þá tal við lið sitt ok ráðuneyti. Hann fór til at sjá sár manna sinna. Þá fann konungr Kala Sæbjarnarson, ok spurði at sárum hans. Kali kvað lítt gróa; ok lèz eigi vita til hvers draga mundi. Konungr kvaddi Kala ráða. Kali svarar: "Er eigi þat nú, konungr, at vinir þínir skjótist frá yðr?" Konungr lètzt eigi ætla at þat mundi. Kali bað konung eiga vápna-þing ok kanna lið sitt. Konungr gjörði svá, ok saknaði þá margra manna. Ok er konungr sagði þetta Kala, þá kvað Kali þetta:—

" Hve launa þèr þínir  
þingríkir höfðingjar  
" (vestr bifast rengr í röstum;  
reyndú oss konungr) hnossir?"

Konungr svarar:—

" Auð hefig minn, þann er mönnum  
marg-teitum røð ek veita,  
" (húf lèt ek klökvan klífa  
kólgur)<sup>2</sup> illa fólgin."

Síðan hèlt konungr vörðu um brotför manna, ok lèt önga. . . .<sup>3</sup> Þá er Magnús konungr var í Suðreyjum fèkk hann til handa Sigurði syni sínum Biaðmuniu dóttur Murkjartans<sup>4</sup> Íra-konungs af Kunaectum. Þá var Sigurðr ix. vetra en mærin v. vetra. Þenna vetr andaðist Kali Sæbjarnarson ór sárum. Í Önguls-

<sup>1</sup> *ljatmun vøl . . vissu þat*] this passage, about ten lines in the vellum, are wellnigh illegible in *b.*, the blank is filled up from Fl.

<sup>2</sup> *húf lèt ek klökvan klífa kólgur*]

thus Fl.; *kjól lèt ek kaldan klífa kólgur, b.*, as also MO. (against the alliteration).

<sup>3</sup> Illegible in *b.*

<sup>4</sup> *Murkjartans*] Mur . . . ans, *b.*

eyjar-sundi hafði fallit Sigurðr sneis frændi Kala. A.D. 1099. Hann var lendr maðr á Ögðum.

Magnús konungr fór snemma um várit ór Sudreyjum. Hann fór fyrst til Orkneyja. Þar spurði hann andlát jarla<sup>1</sup> austan um haf. Erlendr<sup>2</sup> hafði andast í Níðarósi, ok var þar jarðaðr, en Páll í Björgvin. Um várit í Orkneyjum gipti Magnús konungr Gunnildi dóttur Erlends jarls Kol Kalasyni í föður-bætr, ok fylgðu henni heiman nökkurar eignir í Orkneyjum ok bú í Papuli. Erlingr son Erlends jarls segja sumir<sup>156.</sup> menn at félli í Öngulseyjar-sundi; en Snorri Sturluson segir hann fallit hafa á Ulaztiri með Magnúsi konungi. Kolr Kalason gerðiz lendr<sup>3</sup> maðr konungs, ok fór austr í Noreg með konungi, ok heim á Agðir með konu sína, ok settist at búum sínum. Þau Kolr ok Gunnhildr áttu tvau börn; hêt son þeirra Kali en dóttir Ingiríð. Bæði vóru þau hin mannvænstu; ok fædd upp með ást mikilli.

Þá er Magnús konungr hafði ráðit landi ix. vetr, A.D. 1102-1103. fór hann ór landi vestr um haf ok herjaði á Írland, ok var um vetrinn á Kunnaetum. En um sumarit eptir féll hann á Ulaztiri Bartholomeus-messu-dag. En er Sigurðr konungr spurði fall föður síns í Orkneyjar, fór hann þegar austr til Noregs, ok var þar til konungs tekinn með bræðrum sínum, Eysteini ok Ólafi. Sigurðr lét eptir dóttur Íra-konungs fyrir vestan hafit. Einum vetri eðr tveinar eptir fall Magnús konungs, kom vestan um haf Hákon Pálsson, ok gáfu konungar honum jarls-nafn, ok ríki slíkt sem burðir hans stóðu til. Fór hann þá vestr um haf, ok tók undir sik ríki í Orkneyjum. Hann hafði jafnan fylgt Magnúsi konungi meðan hann lifði. Hann var með honum í

<sup>1</sup> jarla] Erl. (*i.e.* Erlends), *b.*

<sup>2</sup> Erlendr] Fl.; hann, *b.*

<sup>3</sup> lendr] here *b.* ends. The following is now taken from Fl.,

where the closing passage runs thus: At brúðhlaupi Kols gerðist Erlendr maðr konungs (badly).

A.D. 1106- hernaði austr í Gautlandi, sem segir í drápu þeirri er  
1116. ort er um Hákon Pálsson.

Þá er Hákon jarl hafði ríki tekit<sup>1</sup> í Orkneyjum, kom ofan af Skotlandi Magnús son Erlends jarls, ok  
158. beiddist at taka við föðurleifð sinni. Þat líkaði bónd-  
um vel, þvíat hann var allvinsæll. Hann átti þar  
marga frændr ok mága, þá er gjarna vildu honum til  
ríkis halda. Þá átti móður hans göfugr<sup>2</sup> maðr er  
Sigurðr hêt; þeirra son var Hákon karl; þau áttu bú  
í Papuli. Þá er Hákon jarl spurði at Magnús jarl var  
kominn í Eyjarnar, dró hann lið at sèr, ok vildi eigi  
upp gefa Eyjarnar eðr miðla þat ríki er hann átti  
þar.<sup>3</sup> Eptir þat fóru vinir á milli, ok leituðu um  
sættir. Kom því svá, at þeir sættust at því, at Hákon  
gaf upp ríki hálf, ef þat væri atkvæði Noregs-ko-  
núnga; ok með því settist úfriðr þessi.<sup>4</sup> Magnús fór  
þegar á vár til Noregs á fund Eysteins konúngs, þvíat  
Sigurðr var þá út farinn í Jórsala-heim. Eysteinn  
konúngr tók við honum forkunnar vel, ok gaf honum  
upp föðurleifð sína, hálfar Orkneyjar ok jarls-nafn.  
Fór Magnús jarl vestr um haf á vit ríkis síns, ok  
urðu þar fegnir frændr ok vinir ok öll alþýða; samdist  
þá vel frændsemi þeirra Hákonar, er vinir áttu hlut í.  
Var þá ár ok friðr góðr í Orkneyjum meðan vinátta  
þeirra hêlt.

48. Hinn heilagi<sup>5</sup> Magnús Eyja-jarl var hinn ágætasti  
maðr, mikill at vexti, drengiligr ok skýrligr at yfirlit-  
um, siðgóðr í háttum, sigrsæll í orrostum, spekingr  
at viti, málsnjallr ok ríklundaðr, örr af fê ok stórvindr,  
ráðsvinnr ok liverjum manni vinsælli; blíðr ok góðr við-  
mælis við spaka menn ok góða; en harðr ok úeirinn  
við ránsmenn ok víkinga; lét drepa mjök þá menn,

<sup>1</sup> *tekit*] emend.; haft, Cd.

<sup>2</sup> *göfugr*] thus Tr.: en ypperlig  
maðr, and the Minor Magn. Saga,  
ch. 6; sá maðr er Sigurðr hêt, Fl.

<sup>3</sup> *Eyjarnar . . . átti þar*] Tr.;  
cp. Magn. S. Minor, l. c.

<sup>4</sup> *ok með . . . þessi*] oc der med  
bleff denne nfred stillit, Tr.

<sup>5</sup> *Hinn heilagr*] om. Tr.



er hejruðu á bændr ok landsmenn ; lét hann taka morðingja ok þjófa, ok refsaði svá ríkum sem úríkum rán ok þýfskur ok öll úknutti. Eigi var hann vinhallr í dómum ; virði hann meira guðligan rétt en mannvirðingar mun. Hann var stórgjöfúll við höfðingja ok ríka menn, en jafnan veitti hann þó mesta huggan fátækum mönnum. Í öllum hlutum hélt hann ríkuliga guðs boðorð ; þjáði sinn líkama í mörgum hlutum, þeim er í hans lofligu lífi vóru birtir fyrir guði en leynt fyrir mönnum. Sýndi hann þá ráðagjörð sína, at hann bað sèr einnar meyar hinnar dýrðligstu ættar af Skotlandi, ok drakk brúðhlaup til ; byggði hann tíu vetr hjá henni svá at hann spilti hvárskis þeirra losta, ok var hreinn ok flekklaus allra saurlífs synda. Ok er hann kendi freistni á sèr, þá fór hann í kalt vatn, ok bað sèr fulltings af guði. Margir vóru þeir hlutir aðrir ok dýrðligir mannkostir, er hann sýndi sjálfum guði en leyndi mennina.

49. Þeir frændr Magnús ok Hákon höfðu landvörn nokkura hríð svá at þeir vóru vel samþykkir. Svá er sagt í kvæði því, er ort er um þá, at þeir hafi barizt við þann höfðingja er Dufnjáll hëti, ok var manni fyrnari en bræðrúngr jarla, ok féll hann fyrir þeim. Þorbjörn hët göfgr maðr, er þeir tóku af lífi í Borgarfirði á Hjaltlandi ; er þat margra manna sögn, at þeir hafi tekit hús á honum, ok brennt ham inni.<sup>1</sup> Fleiri eru þau tíðendi, er kvæðit vísar á, at þeir hafi báðir samt at verit, þó at hër sè eigi greiniliga frá sagt. En er þeir frændr höfðu nokkura stund landi ráðit, þá var enn sem optarr, ok jafnan kann verða, at margir illgjarnir menn urðu til um at spilla frændsemi þeirra. Dróst Hákon þá úgiptumenn meirr á hendr, þvíat hann var mjök öfundsjúkr um vinsældir ok höfðingskap Magnúss frænda síns.

<sup>1</sup> er [þat . . hann inni] add. Tr. : | . . , the Minor Magn. S. supplies  
oc er det mange mends tale ; at . . | the words.

162. 50. Tveir menn eru þeir til nefndir, er vóru með A.D. 1116. Hákon jarli, er einna vest gengu á milli þeirra frænda, (Ann. Sigurðr ok Sighvatr sokki. Því<sup>1</sup> rógi kom svá með Reg.) umtali vándra manna, at þeir frændr drógu þá enn lið saman, ok fór hvárr í móti öðrum, jarla,<sup>2</sup> með miklu liði. Þeir hældu þá báðir til Hrosseyjar, þar sem þingstöð þeirra var Orkneyínga. En er þeir kómu þar, þá fylktu hvárir-tveggju liði sínu, ok bjoggest til bardaga. Þá vóru þar jarlar ok allt stórmenni, ok vóru þar margir beggja vinir, þeir er allan hlut áttu í at setta þá; gengu margir þá á milli með drengskap ok góðvilja. Þessi fundr var á Langa-föstu litlu fyrir Pálmadag.<sup>3</sup> En við þat er margir góðgjarnir menn áttu hlut at at skirra vandræðum með þeim, en veita hvárigum til úhæfu við annan, þá bundu þeir sætt sína með eiðum ok handsölum.<sup>4</sup> Ok er þaðan liðu nökkurar stundir, þá eindagaði Hákon jarl með falsi ok fagrælum stefnudag hinum sæla Magnúsi jarli, at eigi skyldi snúast eðr únýtast frændsemi þeirra ok staðfastliga nýgjörr friðr. Skyldi þessi fundr til staðfestu friðar ok sættar-gjörða þeirra á milli í Páska-viku um várit í Egilsey. Þetta líkaði Magnúsi jarli sem fullkomnum heilhuga, firðr<sup>5</sup> allra grunsemða, svika ok ágirndar; ok skyldi hvárr þeirra hafa tvau skip ok jafnumarga menn; svörðu þess báðir, at halda þær sættir, er hinir vitrustu menn réðu upp at segja þeirra á milli. En er Pa[s]cha-tíðin gekk af, búast hvárir-tveggju til þessa fundar. Stefndi Magnús jarl til sín
164. þeim mönnum öllum, er hann vissi vera góðgjarnasta, ok líkligsta til umbóta með þeim frændum. Hann hafði tvau skip ok jafnumarga menn, sem mælt var. Ok er hann var búinn, hêlt hann til Egilseyjar. Ok er

<sup>1</sup> Því] Þeim, Cd.

<sup>2</sup> jarla] j., Cd.

<sup>3</sup> litlu fyrir Pálmadag] add. Tr.: lit for Palmedag. The words are taken from Magn. S. Minor, l. c.

<sup>4</sup> oc skulle de viseste mend dómme mellem dennem, add. Tr.

<sup>5</sup> firðr] firðr = fridr, Cd. (badly).

þeir reru í logni ok sækyrru, þá reis boði á skipi því, A.D. 1116. er jarl stýrði, ok fëll yfir skipit þar er jarl sat. Menn jarls undruðust mjök þenna atburð, er boði fëll í logni, þar sem engi maðr vissi ván til at fyrri hefði fallit, ok djúpt var undir. Þá sagði jarl: “Eigi er þat kynligt, at þèr undrist þetta; en þat er hugsan mín, at þetta sè fyrirboðan lífláts míns; kann vera, at þat komi fram, er fyrir er spáð um Hákon jarl. Skulum vær svá hugsa vart mál, at ek get at Hákon frændi mun búa eigi um heilt við oss á þessum fundi.” Menn jarls urðu hryggir við þessi orð, er hann sagði svá bráðar vánir síns lífláts, ok báðu hann greta lífs síns, ok fara eigi á trúnað Hákonar jarls. Magnús jarl svarar: “Fara skal nú at sinni; ok verði allt at guðs vilja um várar ferðir.”

51. Nú er at segja frá Hákon jarli, at hann stefndi at sèr liði miklu, ok hefir herskip mörg, ok öll skiput sem til bardaga skyldi leggja. Ok er liðit kom sanan, gjörir jarl þat bert fyrir mönnum, at hann ætlaði at á þeim fundi skyldi um skipta með þeim Magnúsi jarli, svá at þeir skyldu eigi báðir fyrir Orkneyjum. Margir hans menn létu vel yfir þessi ráða-gjörð, ok lögðu, til mörg orð ferlig; vóru þeir með vestum til-lögum, Sigurðr ok Sighvatr sokki. Tóku menn þá róðr mikinn ok fóru ákafliga. Hávarðr Gunnason var 166. á jarls skipi, vinr ok ráðgjafi jarla; ok var báðum þeim jafnhollr. Hákon hafði leynt hann þessu úráði, er Hávarðr vildi víst eigi við sæma. Ok er hann vissi jarl svá staðfastan í þessu úráði, þá hljóp hann af jarls skipinu á sund ok svamm í ey eina úbyggða. Magnús jarl kom fyrr til Egilseyjar með lið sitt; ok er þeir sá ferð Hákonar jarls, sá þeir at hann hafði átta herskip; þóttist hann þá vitá, at um svik mundi búit. Sótti Magnús jarl þá upp á eyna með lið sitt, ok til kirkju til bænar, ok var þar um nóttina; en menn hans buðu at verja hann. Jarl svarar: “Leggja vil ek eigi líf yðvart í hættu fyrir mik; ok ef eigi verðr fríðr settr með okkr frændum, þá verði sem guð vill.”

A.D. 1116. Mönnum hans þótti sannast þat er hann hafði sagt þá er boðinn féll at þeim.<sup>1</sup> Nú af því at hann vissi fyrir um lífs-stundir sínar, hvárt er þat var heldr af hugspeki hans eðr guðligri vitran, þá vildi hann eigi flýja ok eigi fara langt frá fundi úvina sinna.<sup>2</sup> Hann baðst fyrir rækiliga ok lét sýngja sér messu.

52. Hákon ok hans menn hljópu upp um morguninn, ok runnu fyrst til kirkjunnar, ok rannsökuðu hana, ok fundu jarl eigi. Hann hafði við þriðja mann gengit annan veg á eyra í leyni nökkut. Ok er hinn helgi Magnús jarl sá at þeir leituðu hans, þá kallar hann á þá, ok segir hvar hann var; bað hann þá eigi annars [staðar] leita. Ok er Hákon sá hann, þá hljópu þeir þangat með ópi ok vápna-braki. Magnús jarl var þá á bæn sinni er þeir kómu til hans. Ok er hann lauk bæn sinni, þá signdi [hann] sik ok mælti til Hákonar jarls með staðföstum hug: “Eigi gjörðir þú vel, “ frændi, er þú gékt á eiða þína; ok mikil ván, at þú “ gjörir þetta meirr af annarra ílsku en þinni. Nú vil “ ek bjóða þér þjá kosti, at þú gjörir þenna nokkurn “ heldr en spillir eiðum þínum ok látir drepa mik “ saklausan.” Menn Hákonar spurðu hvern hann byði. “ Sá er hinn fysti, at ek mun ganga suðr til Róms, “ eðr allt út í Jórsala-heim, ok sækja heim helga staði, “ ok hafa tvau skip ór landi með því sem vèr þurfum “ at hafa, ok bæta hvárs-tveggja okkars sál. Þess mun “ ek sverja at koma aldri til Orkneyja.” Þessu var skjótt neitað. Þá mælti Magnús jarl: Nú með því, “ at líf mitt er á yðru valdi, ok ek hefi í mörgum “ hlutum til sekta gjört við almátkan guð, þá sentú “ mik upp í Skotland til vina okkarra beggja, ok se

<sup>1</sup> þá er . . . þeim] add. Tr., Magn. S. Minor, l. c.

<sup>2</sup> han gick icke for nogen aarsag til Kirken end (sic) at han vilde forsvare sit lif. der gjorde han sin bøn inderlig til Gud oc befaled sig hannem i hand. Aarle om

morgin derefter gick hand ud aff Kirken oc to andre met hannem, en anden veg med til stranden udi en hemmelig sted oc gjorde da sin bøn igen til Gud, add. Tr. See Magn. S., ch. 24.

“ ek þar varðveittr ok tveir menn með mér til skemt- A.D. 1116.  
 “ anar ; sjá þú svá fyrir at ek nái eigi ór þeirri varð-  
 “ veizlu at koma.” Þessu var skjótt neitað. Magnús  
 mælti : “ Einn er eptir einn kostrinn sá er ek mun  
 “ ljóða þèr ; ok veit guð, at meirr sè ek fyrir yðvarri  
 “ sál en lífi mínu, en betr samir þèr þat þó, en týna  
 “ lífi mínu : lát mik aflima sem þèr líkar eðr augum  
 “ ræna, ok set mik í myrkva-stofu.” Þá mælti Hákon  
 jarl : “ Þessa sætt tek ek, ok eigi beiði ek framarr.”  
 Höfðingjar hljópu þá upp, ok mæltu til Hákonar jarls :  
 “ Drepa munu vèr nú annan-hvárn ykkarn, ok eigi  
 “ skulu þit báðir frá þessum degi löndum ráða.” Þá  
 svarar Hákon jarl : “ Drepit hann heldr, því at fyrr  
 “ vil ek ráða ríki ok löndum en deyja svá brátt.”  
 Svá segir Holdboði, rættorðr bóndi, í Suðreyjum frá  
 viðræðu þeirra. Hann var þá með Magnúsi annarr <sup>170.</sup>  
 hans manna, er þeir gjörðu hann handtekinn.

53. Svá var hinn virðuligi Magnús jarl glæðligr,  
 sem honum væri til veizlu boðit ; hvárki mælti hann  
 með stygð nè reiði-orðum. Ok eptir þessa ræðu féll  
 hann til bænar ok laut í gauþnir sèr, ok helti út  
 mörgum tárur í guðs augliti. Þá er hinn helgi Mag-  
 nús jarl var til dauða ráðinn, bauð Hákon Ófeigi  
 merkis-manni sínum at drepa jarl ; en hann neitti með  
 hinni mestu reiði. Þá neyddi hann Lífólf steikara  
 sinnu til at bana Magnúsi ; en hann tók at gráta  
 hástöfum. “ Eigi skaltú gráta þetta,” sagði jarl, “ því-  
 “ at frægð er í at vinna slíkt ; vertú með staðföstum  
 “ hug, þvíat þú skalt hafa klæði mín, sem siðr er til  
 “ ok lög hinna fyrri manna.<sup>1</sup> Ok eigi skaltú hræðast,  
 “ þvíat þú gjörir nauðigr ; ok sá er þèr nauðgar,  
 “ misgjörir meira en þú.” En er jarl hafði þetta mælt,  
 stepti hann af sèr kyrtlinum ok gaf Lífólfi. Síðan  
 bað hann sèr leyfis at biðjast fyrir ; ok þat var honum  
 veitt. Hann féll til jarðar, ok gaf sik guði ok færði

<sup>1</sup> at den skal hafue ens vaaben oc kleder som hannem slaæer ihjel.  
 add. Tr.

A.D. 1116. honum sjálfan sik í fórn. Eigi at eins bað hann fyrir sèr eðr vinum sínum heldr ok þar með fyrir úvinum sínum ok bana-mönnum, ok fyrirgaf þeim af öllum hug þat er þeir misgjörðu með hann, ok játti guði sínar misgjörðir, ok bað þær af sèr þvásk í úthellingu blóðs síns, ok fal önd sína guði á hendi, ok bað guðs engla koma í mót sál sinni ok færa hana í hvíld Paradísar. Þat segja sumir menn, at hann tæki *corpus Domini* þá er honum var messan síngin. Þá er guðs  
 172. vinr var til höggs leiddr mælti hann til Lífólfs: “Stattú fyrir mèr, ok högg mik í höfud mikit sár, “þvíat eigi samir at höggva höfðingja sem þjófa; “styrkstú aumr, þvíat ek hefir beðit fyrir þær til “guðs, at hann líkni þær.” Eptir þat signdi hann sik, ok laut hann undir höggit. Ok leið önd hans til himins.

54. Sá staðr var áðr mosóttir ok grýttir. En litlu síðarr birtust verðleikar Magnuss jarls við guð, svá at þar varð grænn völlr, er hann var veginn; ok sýndi guð þat, at hann var fyrir rættlæti veginn, ok hann öðlaðist fegrð ok grænleik Paradísar, er kallast jörð lifandi manna. Hákon jarl leyfði eigi at jarl væri til kirkju færðr. <sup>1</sup> Andláts-dagr Magnúss jarls er tveim náttum eptir Tibureius-messu. Þá hafði hann jarl verit yfir Órkneyjum vij. vetr ok þeir Hákon báðir saman. Þá var liðit frá falli Ólafs konúngs fjórir vetr hins átta tigar.<sup>2</sup> Þá voru konúngar yfir Noregi Sigurðr ok Eysteinn ok Ólafr. Þá var liðit frá burði Crists M. ok níu tigar ok einn vetr.<sup>3</sup>

55. Eptir fundinn þá hafði Þóra móðir Magnúss jarls boðit báðum jörlum til veizlu.<sup>4</sup> Ok nú kom Hákon

<sup>1</sup> The remainder of the chapter om. Tr. and Magn. S. Minor.

<sup>2</sup> Thus Cd. Cfr. Magnús Saga. Eyja-jarls, cap. 27.

<sup>3</sup> This last date is wrong; the true date probably was 1116. See Ann. Reg.

<sup>4</sup> Instead of this Tr. runs thus:

Det sige vise meud, at udi foraaret efter at de skulle haffue verit forligte haffde Thora Mogensis moder bödet dennem begge til gest, oc de skulle komme strax til heuder naar de vaare forligte oc komme igen til bage fra Egilsö. Cp. Magn. S. Minor, ch. 14.

jarl til veizlunnar eptir víg hins helga Magnúss jarls. A.D. 1116. Þóra gekk sjálf um beina, ok bar jarli drykk ok hans mönnum þeim er at víginu höfðu verit sonar hennar. Ok er drykkur fëkk á jarl, þá gekk Þóra fyrir hann ok mælti: “Nú ertú einn kominn lúmgat, herra, en ek “ vænta ykkar beggja; muntú nú vilja gleðja mik at 174. “ Guðs vitni ok manna; ver mēr nú í sonar stað, en “ ek mun þèr í móður stað; þarf ek nú mjök þinnar “ miskunnar, ok at þú leyfir mēr, at son minn sè til “ kirkju færðr; ver mēr nú svá bæna, sem þú vill at “ guð sè þèr á dóms-degi.” Jarl þagnar ok hugsar málit; <sup>1</sup> ok fanst at þessum úverkum, <sup>2</sup> er hon bað svá mjúkliga grátandi, at hon næði son sinn til kirkju at færa. Hann leit við henni, ok feldi tár ok mælti við hana: “ Graf son þinn þar er þèr líkar.” Síðan var Magnús jarl færðr til Hrosseyjar, ok grafinn at Kristis-kirkju þeirri, er Þorfinnr jarl lét gjöra. Brátt eptir þat sýndist optluga himneskt ljós skína yfir grepti hans. Síðan tóku menn at heita á hann opt, ef í háska vóru staddir; ok greiddist þegar þeirra mál sem þeir beiddn. Jafnan var ok kendr himneskr ilmr við gröf hans, ok fengu þaðan sjúkir menn heilsu. Því næst gjörðu menn ferð sína, bæði af Orkneyjum ok Hjaltlandi, þeir er vanheilir vóru, ok vöktu at leiði ins helga Magnúss jarls, ok tóku bót sinna meina. En þó þorðu menn eigi þessu <sup>3</sup> upp at halda meðan Hákon jarl lifði. Svá er ok sagt, at þeir menn, er mest vóru í svikum við inn helga Magnús jarl, at flestir dó illum dauða ok herfligum.—Í þenna tíma var Vilhjálmr biskup í Orkneyjum; hann var þar fyrstr biskup; þá var biskups-stóll at Kristis-kirkju í Byrgis-héraði. Vilhjálmr var biskup vj. vetr ins vij. tigar. Hannu tortrygði

<sup>1</sup> málit] Here the vellum fr. 325 begins again, from which the text is now taken (cfr. p. 52).

<sup>2</sup> ok . . úverkum] om. Fl.

<sup>3</sup> þessu] mjök, add. Fl.

A.D. 1116-  
1126. lengi heilagleik Magnúss jarls.<sup>1</sup>—Eptir víg Magnúss jarls tók Hákon ríki allt undir sik í Orkneyjum; lét hann þá alla menn ganga til eiða við sik,<sup>2</sup> þá er áðr 176. höfðu þjónat Magnúsi jarli; gjörðist hann þá höfðingi mikill, ok hafði álög mikil við vini Magnúss jarls, þá er honum þóttu mest hafa verit í móti sèr í þeirra skiptum. En nokkurum vetrum síðarr byrjaði Hákon ferð sína ór landi, ok fór suðr til Róms. Í þeirri ferð fór hann út til Jórsala; sótti þangat helga dóma, ok laugaðist í ánni Jórdan, svá sem síðr er til pálmara.<sup>3</sup> Eptir þat vendi hann aprt til óðala sinna, ok tók undir sik ríki í Orkneyjum. Hann gjörðist þá stjórnsaur, ok friðaði vel ríki sitt. Setti hann þá í Orkneyjum ný lög, þau er bóndum hugnuðu miklu betr, en þau er áðr vóru. Tók[u] við slíkt at vaxa vinsældir hans; kom þá svá, at Orkneyíngar stunduðu á ekki annat, en hafa Hákon at höfðingja ok hans afspríngi.

56. Í þenna tíma, er Hákon jarl hafði ríki í Orkneyjum, ljó sá maðr í Dali á Katanesi, er Moddan<sup>4</sup> lét, göfugr maðr ok vellauðigr. Hans ðætr vóru þar Helga ok Frakökk<sup>5</sup> ok<sup>6</sup> Þorleif. Helga Moddandsdóttir<sup>7</sup> var frilla Hákonar jarls; ok var þeirra son Haraldr, er kallaðr var inn sléttmáli; en Ingibjörg dóttir þeirra, er átti Ólafr bitlíngr Sudreyja-konúngr, ok Margrèt var ok þeirra dóttir. Frakökk Moddandsdóttir<sup>8</sup> var gípt þeim manni, er Ljótr lét níðingr í Suðrlandi; ok var þeirra dóttir Steinvör in ðigra, er átti Þorljótr í Rekavík. Þeirra son var Ölvir rósta, ok Magnús, Ormur

<sup>1</sup> jarls] þar til er birtust hans verðleikar svá framarliga, at guð lét hans heilagleik þeim mun hærra vaxa sem meirr var til reynt, ok segir í Jarsteina-bók hans, add. Fl., but om. Tr.

<sup>2</sup> sik] ok trúnaðar, add. Fl.

<sup>3</sup> svá . . . pálmara] thus Lex. Run. s. v. Pálmari. In Cd. the sen-

tence is displaced, and put after "Jórsala."

<sup>4</sup> Moddan] Maddan, Fl.

<sup>5</sup> Frakökk] Frakavck, Cd.; Fra-körk, Fl., in this place.

<sup>6</sup> ok] om. Fl.

<sup>7</sup> Moddandsd.] Maddadar dóttir, Fl.

<sup>8</sup> Frakökk Moddandsdóttir] Frakörk Maddadaradóttir, Fl.



ok Moddan, Einriði; ok Auðhildir [dóttir]. Önnur <sup>A.D. 1116-</sup> dóttir Frakakkar var Guðrún, er átti Þorsteinn höldr <sup>1126.</sup> fjarans-muðr; <sup>1</sup> þeirra son var Þorbjörn klerkr. Þorleif Moddansdóttir átti ok dóttur er Gunnhildir hêt. <sup>2</sup> Hákon jarl átti ok annan son er Páll hêt, ok var kallaðr inn úmálgi; hann var fályndr ok vinsæll. Með þeim <sup>178.</sup> bræðrum var jafnan fátt, er þeir óxu upp. Hákon jarl Pálsson varð sótt-bitinn þar í Eyjunum. Þótti mönnum þat skaði mikill, þvíat of hans daga ofanverða var góðr friðr; en bændum var mikill grunr of samþykki þeirra bræðra Páls ok Haralds.

57. Eptir lát Hákonar jarls tóku synir hans ríki; ok vóru þeir sneumendis úsamþykkir ok skiptu ríkinu í helminga. Þar gjörðust brátt greinir miklar með stórmenni, ok hurfu gæðingar mjök í tvá stadi. Haraldr jarl hêlt Katanes af Skota-konúngi; var hann þar löngum; <sup>3</sup> en stundum uppi á Skotlandi, þvíat hann átti þar marga frændr ok vini. Þá er Haraldr jarl var staddr í Suðrlandi kom til hans sá maðr er Sigurðr hêt, er kallaðist son Aðalbrigðs <sup>4</sup> prests; hann var kalladr slembi-djákn; hann kom þá ofan af Skotlandi; ok hafði verit með Davíð Skota-konúngi, ok hafði hann lagt á hann virðingar miklar. Haraldr jarl tók við honum forkunnar vel. Fór Sigurðr út í Orkneyjar með Haraldri jarli, ok svá Frakökk Moddansdóttir, <sup>5</sup> því at þá var dauðr Ljótr níðingr búandi <sup>6</sup> hennar; höfðu þær Helga systr þá mikil landráð með Haraldri jarli. Sigurðr slembir var í miklum kærleikum við öll þau. Þá fylgði honum Auðhildir dóttir Þorleifar Moddansdóttur; ok var þeirra dóttir Íngigerðr, er síðan átti Hákon kló. Auðhildi hafði átta Eirekr

<sup>1</sup> fjarans-muðr] Tr. reads *fiatans*.

<sup>2</sup> Þorleif . . . hêt] add. Tr.

<sup>3</sup> löngum] Fl.; jafnan, Cd.

<sup>4</sup> Aðalbrigðs] Adalbrikz, Fl.

<sup>5</sup> Moddansdóttir] thus also Fl. in this place.

<sup>6</sup> búandi] bróðir, Fl. (badly).

- A.D. 1116-1126. streita;<sup>1</sup> þeirra son var Eirekr stagbrellr.<sup>2</sup> Þá er þau Sigurðr ok Frakökk kómu í Eyjarnar gjörðist brátt sveitar-dráttir mikill, ok heimta hvárir-tveggi jarlar sem flesta vini sína at sèr. Þeir vóru kærstir Páli jarli, Sigurðr á Vestnesi, er átti Íngibjörgu ina tignu frændkonu jarla, ok Þorkell Sumarliðason, er jafnan var með Páli jarli, ok kallaðr fóstri. Hann var náfrændi Mágness ins helga, ok manna vinsælastr. Svá virðu vinir Haralds jarls sem Þorkell mundi þá bræðr sízt spara til deilu, fyrir sakir harma þeirra, er hann hafði beðit af Hákonu jarli föður þeirra. Þessu kom svá, at þeir Haraldr jarl ok Sigurðr slembir gjörðu til Þorkels fósttra ok drápu hann. En er þat spurði Páll jarl, lèt hann sèr allmjök misboðit; ok samnaði þegar liði at sèr. En þá gengu þegar njósnir til Haralds jarls, ok dró hann ok lið at sèr.<sup>3</sup> En er þessa urðu varir vinir þeirra beggja, fóru þeir til ok leituðu um sættir; áttu þá ok allir menn hlut í at þeir skyldu sættast. Páll jarl var svá reiðr, at hann vildi eigi sættast, nema þeir menn væri allir brott gjörfir er at viginu höfðu verit. En með því at bóndum þótti stór mein á vera of deilur þeirra, þá lögðu allir menn orð til, at þeir skyldu sáttir vera. Kom því svá, at Sigurðr var á brott gjörr ór Eyjunum ok þeir menn aðrir er Páli jarli þóttu mest sakaðir of verkit. Haraldr jarl hèlt upp bótum eptir víg Þorkels. Þat var ok mælt í sætt þessi, at batna skyldi frændsymi þeirra bræðra Páls ok Haralds, ok skyldu þeir vera báðir samt of Jól ok allar inar stærstu hátíðir.
182. Sigurðr slembir fór á brott ór Orkneyjum ok upp á Skotland, ok dvaldist þar um hríð með Melkólmi<sup>4</sup> Skota-konúngi í góðu yfirlæti; ok þótti hann þar inn mesti afreks-maðr at öllum karlmannligum íþróttum.

<sup>1</sup> *streita*] *stræta*, Fl.; *strenta*, Tr.  
<sup>2</sup> *stagbrellr*] thus always 325, as also Tr.; *slagbellir*, Fl.

<sup>3</sup> *en þá . . sèr*] om. Fl.  
<sup>4</sup> *Melkólmi*] thus always 325; Melkólfi always, Fl.

Dvaldist hann of hríð í Skotlandi áðr hann fór út í A.D. 1120. Jórsala-heim.

móti þeim austan frá Múla<sup>1</sup> ok vóru tólf saman. Þeir A.D. 1135. jarl tengdu þá saman skip sín. Þá kom til hans Erlíngur búandi af Tannskara-nesi ok synir hans, ok buðu honum lið sitt. Þá höfðu þeir svá þröngt á skipum sínum, at þeir þóttust eigi mega fleirum mönnum við koma. Bað jarl þá Erlíng flytja at þeim grjóti, meðan þeim væri við engu hætt.<sup>2</sup> Ok þá er þeir höfðu um búizt, kómu þau Ölvir; ok greiddu þegar atróðr, ok höfðu þau lið miklu meira ok skip smærri. Ölvir hafði mikit skip, ok lagði hann þat at skipi jarls. Varð þar in harðasta orrosta. Ólafur Hrólfsson<sup>3</sup> lagði sitt skip at inum smærrum skipum Ölvis, ok var þar borða-munr mikill, ok hrauð hann á skamuri stundu þrjú skip. Ölvir lagði svá fast at skipi jarls, at frambyggvar allir brukku aprt of siglu. Þá eggjaði Ölvir sína menn til uppgöngu, ok gengr sjálfur fyrstr upp. Sveinn brjóst-reip var fremstr allra jarls-manna ok barðist all-hraustliga. Páll jarl sèr nú at Ölvir var kominn á skipit, ok eggjar fast sína menn; bleypr sjálfur ór lyptíngunni ok fram á skipit. Ok er Ölvir sá þat, þreif hann upp fletti-skeptu<sup>4</sup> ok fleygði til jarls, ok kom á skjöldinn, ok fèll hann þegar á þiljurnar. Þá varð óp mikit. Ok í því þreif Sveinn brjóst-reip upp stein einn mikinn, ok fleygði til Ölvis, ok kom fyrir<sup>238.</sup> brjóst honum; var höggit svá mikit, at hann braut þegar útbyrðis ok á kaf. Hans menn gátu tekit hann; ok var hann þá upp dreginn í skip, ok lá hann í úviti, ok vissu menn eigi hvárt hann var dauðr eðr lífs. Þá hljópu sumir til, ok hjoggu tengslin, ok vildu flýja, ok þá vóru ofan reknir allir Ölvis menn af skipi jarls. Tóku þeir þá at flýja. Ölvir raknaði þá við, ok bað þá eigi flýja. En þá lét engi sem vissi hvat hann mælti. Jarl rak flóttann austr af Hrossey, ok svá

<sup>1</sup> frá Múla] add. Fl.

<sup>2</sup> meðan þeim . . . hætt] meðan þeir mætti fyrir úfriði, Fl.

<sup>3</sup> Hrólfsson] thus in this place, Cd.; cfr. above, p. 108, note 2.

<sup>4</sup> fletti-skeptu] flettum-skiptu, Cd.

A.D. 1135. fyrir austan Hrossey ok Rögnvaldsey, ok svá á Pétlands-fjörð; dró þá í sundr með þeim. Snýr jarl þá apr. Ok þar er þeir höfðu barizt, lágu auð skip þeirra Ólvis fimm. Tók jarl [þau] til sín ok skipaði sínum mönnum. Föstudaginn var barizt; en of nóttina lét jarl búa skipin; samnaðist þá til hans mart manna, ok tvau langskip. Hafði hann of morguninn tólf skip ok öll vel skipuð. Laugardaginn sigldi hann til Hjaltlands, ok kom of nóttina í Álasund<sup>1</sup> á úvart þeim er gættu skipa Rögnvalds jarls; lét Páll jarl þar drepa mennina, en tók fèit til sín ok skipin. En of morguninn kom þeim Rögnvaldi njósn. Hlaupa þeir saman ok höfðu búanda samnað mikinn; fóru síðan ofan til strandar, ok eggja þá Pál jarl, at ganga á land ok berjast við sik. En Páll jarl trúði eigi Hjöltum, ok vildi því eigi á land ganga, en bauð, at þeir fengi sèr skip ok berðist þeir á skipum. En þeir Rögnvaldr jarl sá,<sup>2</sup> at þeir fengu ekki skip til þess, svá at þeim væri þat 240. færi. Ok skildust þeir við svá búit. Fóru þeir Páll jarl til Orkneyja; en þeir Rögnvaldr jarl voru á Hjaltlandi um sumarit, en fluttust of haustið til Noregs á skipum með ymsum kaupmönnum; ok þótti þeirra ferð heldr hæðilig. En er Rögnvaldr jarl kom heim, ok þeir fundust feðgar, spyr Koll hvárt Rögnvaldr ynði illa sínum hlut. Hann segir, læzt sitt eyrindi þykkja lítið orðit, ok heldr úvirðiligt. Koll segir: “Eigi  
 “ þykki mèr svá þó; mèr þykkir eyrindit gótt, ok  
 “ mikit at gjört, ef<sup>3</sup> Hjaltar eru vinir yðrir; ok betra  
 “ farit en úfarit.” Rögnvaldr segir: “Ef þú lofar  
 “ þessa för, þá mun vera annat-hvárt, at þú munt vera  
 “ úvandari at várum hlut en ek hugða, eðr þú munt  
 “ sjá nakkvat þat í várri ferð, er vèr hugsom eigi  
 “ eptir; vil ek nú gjarna attú gjörir ráð fyrir oss ok  
 “ verðir sjálfr í ferð með oss. Koll segir: “Eigi skal

<sup>1</sup> of . . . Álasund] om. Fl.

<sup>2</sup> sá thus Fl.; segja, Cd.

<sup>3</sup> ef] er, Fl. (better?).

“ nú bæði gjöra, auðvelda allt fyrir yðr, en koma sjálf A.D. 1135.  
 “ hvergi <sup>1</sup> nær; mun ek vilja mjök mín ráð hafa, þess  
 “ at ek halla <sup>2</sup> ekki yðvarri sæmd í.” Rögnvaldr svarar:  
 “ Gjarna viljum vèr þínum ráðum fram fara.” Kolr  
 segir: “ Þat er it fyrsta mitt ráð, attú gjörir orð til  
 “ Haralds konúngs ok annarra vina þinna, at þeir fái  
 “ þèr lið til vestr-fara ok skip snemma í vár; en vèr  
 “ drögum at oss allan afla þann er vèr megum til fá  
 “ í vetr, ok ráðum svá til í annat sinn, at annat-  
 “ tveggja sè, at vèr fáiim Orkneyjar, eðr liggim þar  
 “ eptir ella.” Rögnvaldr svarar: “ Þat býr mèr í  
 “ skapi, at fara eigi margar slíkar ferðir sem þessa, er  
 “ vèr fórum nú; ætla ek ok þeim flestum þat í hug,  
 “ er nú fóru.”

69. Páll jarl fór til Orkneyja eptir þat er hann hafði tekit skip þeirra Rögnvalds jarls; hann átti þá at hrósa sigri miklum. Þá hafði hann boð <sup>3</sup> mikit ok 242. bauð til sín gæðingum sínum. Þar var þat ráðs tekit at hlaða <sup>4</sup> vita í Friðarey; skyldi þar eldi í slá ef herr væri sènn [fara], frá Hjaltlandi. Þá var annarr á Rínansej, <sup>5</sup> ok svá í fleirum eyjum, svá at sjá mátti of allar Eyjar, ef úfriðr færi at. Þá vóru ok skipaðir menn til uppkvaða um allar Eyjar; <sup>6</sup> skyldi Þorsteinn Hávarðs son, Gunna sonar, hafa Rínansej; <sup>7</sup> en Magnús bróðir hans Sandey; en Kúgi <sup>8</sup> um Vestrey; Sigurðr á Vestnesi Hrólfsøy. Ólafr Hrólfsson fór til Kataness í Dungalsbæ ok hafði þar yfirsókn. Valþjófr son hans bjó þá í Strjónsey. Páll jarl veitti þá gjafar vinum sínum, ok hētu allir honum sinni vináttu fullkominni.

<sup>1</sup> *hvergi*] í, add. Cd.

<sup>2</sup> *halla*] thus Fl.; hallda, Cd.

<sup>3</sup> *boð*] vina boð, Fl.

<sup>4</sup> *hlaða*] Fl.; halda, Cd. The Tr. paraphrases the passage,—Da bleff det raad gjort, at de skulle bere til haabe lyng, tre, oc töre paa de høy-iste bierge udi Friderø, oc giöre der aff en lade eller vidkast; den

kaldede de vite. This is a commentary rather than translation of the word viti.

<sup>5</sup> *Rínansej*] Rínarsey, Fl.

<sup>6</sup> *ef . . . eyjar*] om. Fl.

<sup>7</sup> *Rínansej*] Rínarsey, Fl.

<sup>8</sup> *Kúgi*] thus Cd. rightly in this place.

A.D. 1135. Hann hafði fjölment of haustið þar til er hann spurði at þeir Rögnvaldr vóru í brottu af Hjaltlandi. Var þá tíðindalaust í Eyjunum, ok leið svá fram at Jólunum. Páll jarl hafði Jóla-boð mikit, ok esnaði til at búi sínu því er heitir í Örfuru;<sup>1</sup> hann bauð þangat mörgum göfgum mönnum. Þangat var boðit Valþjófi Ólafssyni ór Strjónsey.<sup>2</sup> Þeir fóru tíu á teinæríngi, ok týndust allir á Vestfirði atfangs-dag Jóla, ok þótti þat mikil tíðindi, þvíat Valþjófr var manna bazi mentr. Ólafr faðir hans hafði sveit mikla á Katanesi. Þar vóru synir hans, Sveinn ok Gunni; ok synir Gríms ór Svíney, Ásbjörn ok Margaðr; en Ásleif húsfreyja ok Gunni son hennar vóru farin til heimboðs skamt í brott til vina sinna. Þau tíðendi görðust í Dungalsbæ<sup>3</sup> þrem nóttum fyrir Jólin at Sveinn Ólafsson var róinn til fiska ok þeir Ásbjörn ok Margaðr með honum; þeir fylgdu honum jafnan ok vóru inir vaskligstu menn.<sup>4</sup> En of nóttina eptir er þau vóru í brott farin, kom<sup>244.</sup> Ólvir rosta í Dungalsbæ með sveit þá er honum hafði fylgt í víkingu of sumarit, ok tók hús á Ólafi; ok báru þegar eld at, ok brendu hann inni við sætta mann, en leyfðu öðrum mönnum útgöngu. Þeir tóku þar lausa-fè allt, ok fóru við svá búit í brott. Sveinn, er síðan var kallaðr Ásleifarson, kom heim fyrir atfangs-dag Jóla, ok fór þegar norðr á Pétlandsfjörð. Kom hann of miðnætti í Svíney<sup>5</sup> til Gríms föður þeirra Ásbjarnar. Steig Grímr á skip með þeim, ok fluttu þeir Svein til Skálpeiðs á Knarrarstaði. Arnkell hét maðr sá er þar bjó, ok synir hans Hánefr ok Sigurðr. Þeir Grímr feðgar snóru þaðan aptur, ok gaf Sveinn Grími fingr-gull. Þeir Hánefr ok Sigurðr bræðr fylgdu Sveini í Örfuru;<sup>6</sup> þar var honum vel

<sup>1</sup> Örfuru] Jorfiöru, Fl.

<sup>2</sup> ór Strjónsey] add. Tr.; úr Straumsey (badly), Fl.

<sup>3</sup> Þau tíðendi . . . Dungalsbæ] thus Tr.; Þat var, Cd.

<sup>4</sup> þeir . . . menn] om. Fl.

<sup>5</sup> Svíney] Svefney, Fl. (badly).

<sup>6</sup> Örfuru] Jorfiöru, Fl.

fagnat; fylgdu menn honum til Eyvindar Melbrigða-sonar, frænda Sveins. Eyvinðr leiddi Svein fyrir Pál jarl; ok fagnaði jarl vel Sveini ok frètti hann at tíðindum; en Sveinn segir lát föður síns með þeim atburðum sem vóru. Jarl lét illa yfir þessu, ok kvað mjök af sér hlotizt hafa. Bauð hann Sveini með sér at vera, ok læzt skyldu gjöra [til hans mikinn] sóma.<sup>1</sup> Sveinn þakkar vel jarli boð sitt, ok kvaðst þat mundu þiggja.

A.D. 1135.  
Dec.

70. Eptir þat fóru menn til aptan-söng[s]. Þar var mikill húsa-bær, ok stóð í hallendi,<sup>2</sup> ok var brekka á bak húsum. Ok þá er á kom leitið, var fyrir ofan Örríðafjörðr; á honum liggir Damisey.<sup>3</sup> Þar var kastali í eyjunni, ok gætti sá maðr, er Blann<sup>4</sup> hét, son Þorsteins á Flyðrunesi. Þar í Örfjöru<sup>5</sup> var drykkjuskáli mikill; ok vóru dyrr við eystra gafflað sunnan á hliðvegg, ok stóð kirkja dýrðlig fyrir skála-durum, ok niðr at ganga til kirkjunnar frá skálanum. En er inn gekk í skálann, var á vinstri hönd hella mikil; en fyrir innan ölker bæði mörg ok stór; en í gegn úti-durum var stofa.<sup>6</sup> Þá er menn kómu frá aptan-söng var mönnum skipat í sæti. Lét jarl Svein Ásleifarson sitja et næsta sér innar frá; en utar frá jarli sat Sveinn brjóst-reip it næsta; en þá Jón, frændi Sveins brjóst-reips. Þá er borð vóru upp tekin, kómu menn þeir, er sögðu druknum Valbjófs Ólafssonar; ok þótti jarli þat mikil tíðindi. Þá bað jarl, at engi skyldi þægja<sup>7</sup>

246.

<sup>1</sup> ok læzt . . . sóma] This sentence is almost illegible; om. Fl.

<sup>2</sup> hallendi] Here many leaves are wanting in Cd. 325. The text is now taken from Fl.

<sup>3</sup> Damisey] thus Fl. for Daminscy.

<sup>4</sup> Blann] thus Cd.; cfr. above, cap. 59.

<sup>5</sup> í Örfjöru] Jorfiöru, thus always Flat.

<sup>6</sup> The Tr. renders thus—en stor helle eller flad steen: mellem den oc stoffuen vaare mange oc store ölkar; men tuert offuer fra døren naar mand gick ind vaar en anden liden stue. (Was the text from which he translated different?)

<sup>7</sup> þægja] thus emend.; segia, Cd.; the meaning is, the earl begged that none should, during the Yule, push him roughly, i.e.

- A.D. 1135. Sveini Ásleifarsyni um Jólin, ok kvað honum þó ærit  
 Dec. margt til áhyggju. Ok um kveldit, er menn höfðu  
 drukkit, gekk jarl at sofa ok flestir menn. En Sveinn  
 brjóst-reip gekk út, ok sat úti um nóttina eptir venju  
 sinni. Ok um náttina stóðu menn upp, ok gengu til  
 kirkju,<sup>1</sup> ok hlýddu tíðum, ok eptir hámessu gengu  
 menn til borða. Eyvindr Melbrigðason hafði mest  
 forráð á veizlunni með jarli, ok sat ekki upp. Skutil-  
 sveinar ok kerti-sveimar stóðu fyrir borði jarls, en Ey-  
 vindr skenkti þeim nöfnum sitt ker hvárum þeirra.  
 Þá þótti Sveini brjóst-reip Eyvindr skenkja herra í  
 sitt ker; en vildi eigi taka fyrir við en Sveinn Áslei-  
 farson hafði drukkit af sínu ker, ok kallaði Svein  
 drekka sleituliga. Þar hafði lengi verit fátt með þeim  
 Sveini brjóst-reip ok Ólafi Hrólfssyni, ok svá þeim  
 nöfnum síðan er Sveinn Ásleifarson þroskaðist. Ok er  
 drukkit hafði verit um stund, þá var farit til nónu.  
 En er menn kómu inn, þá var mælt fyrir minnum,  
 ok drukkit af hornum. Þá vildi Sveinn brjóst-reip  
 248. skipta hornum við nafna sinn, þótti þat vera lítið.  
 Eyvindr vatt þá miklu horni í hönd Sveini Áslei-  
 farsyni, ok bauð [hann] þat nafna sínum. Þá reid-  
 dist Sveinn brjóst-reip, ok mælti fyrir munni sér, svá  
 at nokkurir menn heyrðu ok svá jarl: “Sveinn  
 “mun Sveini at bana verða, ok Sveinn skal Sveini at  
 “bana verða?” Þessu var á dreif drepit. Var nú  
 drukkit allt framan til aptan-söngs. Ok er jarl gekk  
 út, þá gekk Sveinn Ásleifarson fyrir honum, en Sveinn  
 brjóst-reip sat eptir ok drakk. En er þeir kómu fram  
 í ölstofuna, kom Eyvindr eptir þeim, ok brá Sveini á  
 cimmeli. Hann spurði: “Heyrðir þú hvat nafni þinu  
 “mælti þá er þú hafðir boðit honum hornit?” “Eigi,”  
 sagði hann. Eyvindr hermdi þá orðin, ok sagði at þat

worry or vex Sweyn, in his present  
 bereavement. The Tr. has caught  
 the meaning, rendering “klage

þaa,”—*accuse, worry*. See Icel.  
 Diet. s. v. þægja.

<sup>1</sup> ok gengu . . . kirkju] add. Tr.



mundi fjándinn hafa mælt fyrir munn honum um nót-  
 tina : “ Mun hann ætla þér dauða ; en þú skalt verða  
 “ fyrir á bragði ok drepa hann.” Fækk Eyvindr honum  
 öxi í hönd, ok bað hann þar standa hjá hellunni í  
 skugganum ; ok bað hann höggva framan í mót Sveini,  
 ef Jón gengi fyrir honum ; en ef Jón gengi síðarr, þá  
 bað hann Svein höggva eptir nafna sínum. Jarl gekk  
 til kirkju, ok gaf engi gaum at þeim Eyvindi. En þeir  
 Sveim brjóst-reip ok Jón gengu út litlu síðar en jarl.  
 Sveinn<sup>1</sup> brjóst-reip hafði sverð í hendi, þvíat hann bar  
 jafnan sverð, þótt aðrir væri vápnlausir ; ok gekk Jón  
 fyrri. Ljós bar at úti-durunum, en veðr var þúngt.<sup>2</sup>  
 Ok er Sveinn brjóst-reip kom at úti-durunum, ljó  
 Sveinn Ásleifarson framan í enni honum ; ok rasaði hann  
 við en fèll eigi. Ok er hann rætti við, þá sá hann  
 mann standa í durunum, ok hugði at sá hefði særðan  
 hann. Þá brá hann sverðinu, ok ljó í höfuð honum,  
 ok klauf hann [í] herðar niðr. Varð þar fyrir Jón,  
 frændi hans ; ok fèllu þeir þar báðir. Eyvindr kom  
 þá at, ok leiddi Svein Ásleifarson í stofu þá, er gegnt  
 var úti-durum, ok var hann þar dreginn út um skjá-  
 vindauga.<sup>3</sup> Þar hefir Magnús Eyvindarson hest búinn  
 til reiðar, ok fylgdi honum á brott á bak bænum, ok  
 svá í Örríðafjörð. Tóku þeir þá skip, ok flutti Magnús  
 Svein í Damisey,<sup>4</sup> ok flutti hann þar í kastala ; en  
 Blánn fylgdi honum um morgininn norðr til Egils-  
 eyjar á fund Vilhjálms biskups. Þá var biskup at  
 tíðum, er þeir koma þar. Ok eptir messu var Sveini  
 fylgt leyniliga til biskups, ok segir Sveinn honum  
 tíðindin, lát föður síns ok Valþjófs, ok víg þeirra  
 Sveins, ok hèt á biskup til trausts. Biskup þakkaði  
 honum fyrir víg Sveins brjóst-reips, ok kvað þat land-

<sup>1</sup> *Sveim*] hafði, add. Cd.

<sup>2</sup> Here the Tr. reads—ljus vaar  
 udi dörren, thi det vaar got veder oe  
 stille (perhaps he did not quite  
 understand the phrase “ljós bar”).

<sup>3</sup> *var hann . . . skjá-vindauga]*  
 hann var þar dreginn upp í ljóran,  
 Lex. Run. s. v. ljóri.

<sup>4</sup> *Damisey]* thus Cd., as above.

A.D. 1135. hreinsun verit hafa. Lèt biskup Svein þar vera um  
Dec. Jólin; en eptir þat sendi biskup hann til Suðreyja í  
Týrvist til þess manns er Holdboði hèt ok var Hundason; var hann þar höfðingi mikill, ok tók allvel við Sveini. Dvaldist hann þar um vetrinn, ok var vel virðr af allri alþýðu.

A.D. 1136. 71. Nokkuru síðarr en vígin höfðu verit í Örfjöru hljópu menn til frá kirkjunni, ok var Sveinn borinn inn í hús, þviat hann var enn eigi örendr, ok vissi þó ekki. Andaðist hann um nóttina. Þá lèt jarl skipa mönnum í sæti, ok vildi viss verða hverr valdit hefði vígunum, ok var þá saknat Sveins Ásleifarsonar. Þóttust menn þá vita at Sveinn hafði vegit. Þá kom Eyvindr at ok mælti: “Þat megu menn sjá at Sveinn  
252. “brjóst-reip mun veitt hafa Jóni líflát.” Jarl mælti, at eingi maðr skyldi blása hárf af höfði Sveins, ok segir hann eigi þetta fyrir sakleysi gjört hafa. “En ef hann “forðast minn fund,” segir hann, “þá mun hann sèr “illa geta í því.”<sup>1</sup> Þótti mönnum þat líkligast, at Sveinn mundi farit hafa í Papuli til Hákonar karls bróður hins helga Magnúss jarls; hann var höfðingi mikill, spakr ok hófsamr. Ekki spurði jarl til Sveins á þeim vetri, ok lét hann gjöra Svein útlægan. Þá er vára tók, fór jarl víða um Norðr-eyjar at lands-skyldum sínum. Hann vingaðist þá mjök við stórmenni, ok gaf nær á tvær hendr. Jarl kom í Strjónsey,<sup>2</sup> ok gaf Þorkatli fletti bú þat, er átt hafði Valþjófr Ólafsson, til þess at hann skyldi viss verða, hvar Sveinn væri niðr kominn. Þorkell mælti: “Eigi kemr nú at því, “sem mælt er, at ‘mörg eru konúngs eyru.’ En þótt “þú sèr jarl, þá þykkir mèr undarligt, at þú hefir ekki

<sup>1</sup> þá mun . . . því] the Tr.—da er hand sig sielf noget ont med videndis, oc kjender sig skyldig, ellers

vil jeg ikke tro at hand haffuer giørt dette uden aarsag.

<sup>2</sup> Strjónsey] Straumsey, Cd. (badly).

“frétt til Sveins; en ek vissa þegar, at Vilhjálmr A.D. 1136.  
 “biskup sendi hann til Suðreyja til Holdboða Hun-  
 “dasonar, ok hefir hann þar verit í vetr.” Jarl  
 mælti: “Hvat skal ek gjöra við biskup er slíku hefir  
 “bellt?” Þorkell svarar: “Eigi er at gefa biskupi sakir  
 “á þessu, við þat sem nú liggir á; muntú þurfa allra  
 “vina þinna, ef þeir Rögnvaldr koma austan.” Jarl  
 segir at slíkt er satt. Páll jarl fór þaðan til Rínans-  
 eyjar,<sup>1</sup> ok þú veizlu at Rögnu húsfreyju ok Þorsteini  
 syni hennar. Ragna var vitr kona. Þau áttu annat  
 bú í Papey. Þar sat jarl þrjár nætri; þvíat honum gaf  
 eigi til Kúga í Vestrey. Þau jarl ok Ragna töluðu <sup>254.</sup>  
 mart; segir hon jarli, at honum var lítill skaði at um  
 Svein brjóst-reip, þótt hann væri garpr mikill: “Hlauzt  
 “þú af honum úvinsældir miklar. Væri þat mitt ráð,  
 “við<sup>2</sup> þann vanda, sem at yðr horfir, at þèr gjörðit  
 “yðr vini sem flesta ok værit úsakgæfir.<sup>3</sup> Vilda ek  
 “at þèr gæfit eigi sakir Vilhjálmi biskupi eðr öðrum  
 “frændum Sveins Ásleifarsonar; heldr vilda ek, at þú  
 “gæfir upp biskupi reiði þína; ok því framarr, at þú  
 “létir senda orð í Suðrey[jar] eptir Sveini, ok gefa  
 “honum upp reiði þína ok eignir sínar, til þess, at  
 “hann væri þèr þvílíkr sem faðir hans. Hefir þat  
 “lengi verit siðr hinna göfgustu manna, at gjöra mikit  
 “fyrir sakir<sup>4</sup> vina sinna, ok afla sèr svá trausts ok  
 “vinselda.” Jarl svarar: “Vitr kona ertú, Ragna,  
 “en eigi hefir þú hlotið jarls-nafn í Orkneyjum; eigi  
 “skaltú hèr landráðum stýra. Heyr á endemi! at ek  
 “munda Sveini fè til sætta gefa, ok ætla, at þat  
 “mundi mèr vega sigr til handa.” Hann gjörir sik  
 hèr reiðan um ok mælti: “Guð skipti með okkr  
 “Rögnvaldi jarli frænda, ok láti svá ganga livárum  
 “sem gert hefir; ef ek hefi við hann misgjört, þá er

<sup>1</sup> Rínanscyjar] Rínarseyjar, Cd.

<sup>2</sup> við] thus Lex. Run. s. v. ósak-  
 gæfir; V = um, Cd.

<sup>3</sup> úsakgæfir] Lex. Run. s. v.;  
 úsakgjafir, Cd.

<sup>4</sup> sakir] orð, Lex. Run. s. v.  
 traust.

A.D. 1136. " nú mál at bæta ; en ef hann vill ganga á ríki mitt, (the win- " þá þykki mér sá minn vinr mestr, er mik eflir til ter.) " þess, at ek fá haldit ríki mínu. Ek hefi Rögnvald " aldri sènan ; hefir ek því síðr at minni vitund honum " misboðit, at þat er frændr várir hafa gjöra látið, þá " víta menn, at ek átta þar engan hlut at." Margir svöruðu, at mjök væri úsynju á hann leitað at berjast 256. til ríkis við hann ; en engi mælti í móti. Þá er á tók líða várit, lét Páll jarl hlaða<sup>1</sup> víta á Friðarey ok Rínanseý, ok nær í öllum eyjum, svá at hvern mátti sjá frá öðrum. Maðr hèt Dagfinnr Hlöðversson, er bú átti í Friðarey, vaskligr maðr ; hann skyldi gæta þess vitans ok slá eldi í, ef herr væri sènu fara frá Hjaltlandi.

Rögnvaldr jarl sat um vetrinn heima á Ögðum at búum þeirra feðga ; ok gjörði orð til frænda sinna ok vana ; en suma fann hann, ok beiddi, at þeir mundi efla hann til vestr-farar at líði ok skipum ; ok vikust flestir vel við nauðsyn hans. En um Góí sendi Kolr 1136. (Febr.) tvá byrðinga ór landi, annan vestr til Englands at kaupa vist ok vápn ; en öðrum hêlt Sölmundr suðr til Danmerkr at kaupa þar slíkt sem Kolr sagði fyrir ; því at hann hefir nú alla ætlun á búnaði þeirra. Svá var ætlað, at þessir byrðingar skyldu komnir í land at Páskum ; en þeir ætla at búa ferðina eptir Páska-víku. Svá var gjört ; ok héldu þeir austan eptir Páska-víku.<sup>2</sup> Hafði sitt langskip hvár þeirra feðga, en Sölmundr hafði hit þriðja. Þeir Kolr höfðu ok vista-byrðing. En er þeir kómu til Björgynjar, var þar fyrir Haráldr konúgr ; hann fêkk Rögnvaldi langskip alskipat. Jón fótr hafði ok langskip. Et setta hafði Áslákr, son Erlends ór Hernum ; hann var dóttur-son Steigar-Þóris ; hann hafði ok vista-byrðing. Þeir höfðu

<sup>1</sup> hlaða] thus Lex. Run. s. v. | <sup>2</sup> Svá . . . . Páska-víku] add. víti ; halda, Cd. | Tr. ; om. Cd. (an homoteleuton).

sex<sup>1</sup> stór skip, fimm skútur, en þrjá byrðinga. Þá er A.D. 1136. þeir lágu til byrjar í Hernum, kom skip vestan; ok spurðu þeir tíðindi af Orkneyjum ok Hjaltlandi,<sup>2</sup> ok svá hvern viðrbúnað Páll jarl hafði, ef Rögnvaldr jarl kæmi vestr þangat með her um sumarit.<sup>3</sup>

72. Rögnvaldr jarl lét blása til húsfþings, er þeir 258. lágu í Hernum; ok talaði þá um viðrbúnað Páls jarls, ok hve mikinn fjándskap Orkneyíngar sýndu við hann, er þeir ætluðu at verja honum frændleifð sína, þá er Noregs-konúngar höfðu honum gefit at rættu. Ok talar þar um langt örindi ok snjallt:—“Ek ætlaða,” sagði hann, “svá at fara<sup>4</sup> til Orkneyja at fá þær eðr látast “ella.” Gjörðu menn góðan róm at máli hans ok létu honum traustri fylgd. Þá stóð Kolr upp ok mælti: “Spurt höfum vèr af Orkneyjum, at þar vilja allir “menn á mót yðr rísa, ok verja ríki yðvart með “Páli jarli; vilja þeir seint af láta þeim fjándskap, “er þeir hafa upp tekit við yðr, frændi. Nú er þat “mitt ráð at leita þangat trausts, er gnógt er til, at “sá unni yðr ríkis, er á at rættu; en þat er iun helgi “Magnús jarl móður-bróðir yðvarr. Vil ek at þú heitir “á hann, at hann unni yðr frænd-leifðar þinnar, ok “sinnar erfðar: at þú látir gjöra stein-musteri í Ork- “neyjum í Kirkjuvági, ef þú fær þar ríki, þat er “ekki sè annat dyrdligra í því landi; ok látir Mag- “núsi jarli helga frænda þínum; ok leggir þar fè til, “svá at sá staðr mætti eflast, ok yrði þangat komit “hans helgum dómi ok biskups-stólinum með.” Þetta þótti öllum ráðligt. Ok var þetta heit fest. Eptir þat létu þeir í haf; ok gaf þeim byr góðan; ok tóku Hjaltland; ok urðu þar hvárir öðrum fegnir. Kunnu Hjaltar 260.

<sup>1</sup> *sex*] *siu*, i.e. seven, Tr.

<sup>2</sup> *ok Hjaltlandi*] add. Tr.

<sup>3</sup> *með . . . , sumarit*] add Tr. :  
met sit folk efter om sommeren  
eller icke.

<sup>4</sup> *Ek ætlaða . . . fara*] thus  
emend. from Tr.; ok ætlaði svá at  
fara, Fl.

A.D. 1136. at segja þeim mörg tíðindi af Orkneyjum. Ok dvöldust þeir þar nokkura hríð.

73. Þat var eitt sinn at Kolr spyrir Una, þviat hann var þá þar, ok hafði ráðizt til þeirra Kols feðga,<sup>1</sup> eptir er hann hafði verit í fjörráðum við Brynjúlf. Þá spyrir Kolr: “Hvárt viltú, Uni, gefa til ráð, at brug-  
“ ðit verði vitanum í Friðarey; eðr annast þat, at  
“ eigi verði annarr kveiktr. Kveð ek þik at þessu  
“ fyrir því, at ek veit at þú ert vitrari<sup>2</sup> en þeir flestir  
“ aðrir er hær eru nú, þótt hær sè nú virðingar-menn  
“ meiri.” Uni svarar: “Engi em ek ráða-maðr, enda  
“ vil ek eigi gjöra herhlaup með mínum ráðum. Vil  
“ ek því þat kjósa, sem síðarr skal at gjöra, at ek  
“ ætla þat heldr af sjálfum mér til at taka.”<sup>3</sup> Ok litlu síðarr, einn dag er veðr var fagrt,<sup>4</sup> lét Kolr búa mörg smá-skip, ok snéri á leið til Orkneyja. Þar voru engir höfðingjar í för nema Kolr. Ok er þeir koma svá langt, at þeir ætluðu at sjá mundi ferð þeirra frá Friðarey, þá lét Kolr draga segl upp á öllum skipum; en skipaði til mönnum at hamla svá at sem minst gengi skipin, þótt vindr legðist eptir; ok lét hann eigi setja hærri en í mitt trè; en draga svá upp, sem þeir höfðu lengr farit. Segir Kolr, at þá mun sèn verða för þeirra ór Friðarey, “Sem þangat nálgist meirr skipin.”<sup>5</sup>

<sup>1</sup> þviat . . . Kols feðga] thus emend., chiefly from the Tr., which runs thus—thi hand vaar der, oc haífde draget effter det til Kol, at hand haífde, etc. The text of the Fl. is here grossly corrupted,—“er fyrr  
“ var getið, hann var þá er hann rezt  
“ þegar hniginn at aldri.” The text cannot be exactly restored; in  
“þegar hniginn at allri,” one may guess at “feðga, á Ogðum,” or the like.

<sup>2</sup> vitrari . . . aðrir] vitraðr ramarr öðrum, Lex. Rnn. s. v.

<sup>3</sup> enda . . . taka] The Tr. runs

thus,—ieke heller vil jeg drage did med krigs folek, derfor vil jeg komme siden met min raad, om jeg kan tenke da noget ndaff mig self.

<sup>4</sup> einn . . . fagrt] add. T.

<sup>5</sup> sem þangat nálgist meirr skipin] in Tr. the stratagem of Kol is clearer and more minutely described,—Lige som skibene kom da oe da nær mere, effter som de heisede seglene, endog de komme ieke möget aff sted. Kan det da, etc., we have therefore altered “nalgast” into “nalgist,” subjunctive.

“ Kann þá vera at þeir slái eldi í vitann, ok verði her- A.D. 1136.  
 “ hlaup um allar Eyjar. Þá sá Dagfótr ór Friðarey siglingina ; 262.  
 “ Sló hann þegar eldi í vitann, en fór sjálf til jarls, ok sagði  
 “ hönun.”<sup>1</sup> Ok þegar senn var vitinn á Friðarey, þá lét  
 Þorsteinn Rögnuson kynda vita á Rínansey. Ok eptir  
 þat var kveiktr hverr at öðrum um allar Eyjar. En  
 bæendr allir fóru til jarls. Ok var þetta hit mesta  
 herhlaup. En er Kolr sá at vitinn brann, bað hann  
 sína menn aptr fara ; kvað vera mega, at þetta yrði  
 nökkurum at sundrþykki. Ferr Kolr aptr til Hjalt-  
 lands við svá búit, ok segir at nú skal Uni taka til  
 sinna ráða. Uni kveðr til farar með sèr þrjá menn  
 Hjaltlenzka ; þeir taka sexæring einn, ok nökkur föng  
 önnur ok veiðar-færi. Þeir fóru til Friðareyjar, ok  
 sagðist Uni vera Norænn maðr ; en kveðst hafa kván-  
 gast í Hjaltlandi ok átt þar sonu ; kveðst hafa verit  
 ræntur af mönnum Rögnvalds jarls ; ok mælir hit harð-  
 asta til þeirra. Hann tekr sèr þar húsa-vist ; ok róa  
 synir hans til fiska ; en hann er heima, at gæta fanga  
 þeirra. Hann kemr sèr í tal ok kunnleika við þá  
 menn, er þar eru fyrir ; ok þokkaðist hann vel.

74. Eptir þat er Dagfinnr hafði brent vitann, fór hann  
 á fund Páls jarls, sem fyrr var getið ; ok þar kómu  
 allir gæðingar jarls. Var þá haldit til frèttum um  
 ferðir þeirra Rögnvalds jarls ; ok þótti mönnum undar-  
 ligt, er þeir kvómu hvergi fram. En þó hældu þeir  
 saman liðinu þrjá daga. Þá tóku bæendr at kurra illa ;  
 ok segja, at þar var fólkska mikil at brenna vita, þótt  
 fiski-menn sæist fara með bátum sínum. Var þá skelt <sup>264.</sup>  
 á Þorstein Rögnuson, at honum hefði illa tekizt, er  
 hann hafði kveikt vitanu á Rínansey. Þorsteinn sva-

<sup>1</sup> ok verði . . . hönun] thus ac-  
 cording to Tr.,—oc löbe de da til  
 haabe forgeffuis. Da saa Dagfótr  
 paa Friderö seilaten ok tendte  
 strax ilden, oc drog self hen til  
 jarlen. The text of the Fl. is here

mangled and defective,—en fari  
 sjálfir á fund Páls jarls ok segi  
 honum. The words “ok verði  
 herhlaup” we have borrowed from  
 Hkr. Hák. S. Góða, ch. 22. See  
 also below.

A.D. 1136. rar, ok kveðst eigi annat kunna en elda vitann, er hann sá brendan á Friðarey, ok kvað þetta af Dagfinni hlotizt hafa. Dagfinnr svarar: “Miklu optarr hljóta menn illt af þær, en þú megir mër þat kenna.” Þorsteinn bað hann þegja; ok hljóp upp með öxi, ok hjó hann þegar bana-högg. Þá hljópu menn til vápna, ok varð þar bardagi. Þetta var [í] Hrossey skamt frá Kirkjuvági. Sigurðr af Vestnesi, ok synir hans, Hákon pík<sup>1</sup> ok Brynjúlf, veittu Flöðve föður Dagfinns; en Þorsteini veittu frændr hans. Þá var sagt jarli; ok fór hann til; ok var lengi áðr hann gæti skilit þá. Þá talar Kúgi ór Vestrey langt örindi, ok sagði svá: “Gjörít eigi jarli skömm þessa, at þær sjálfir berist sín á millum, þvíat þurfa munu þær allra yðvarra manna<sup>2</sup> innan lítills tíma; gætum þess þá, at vèr sèm eigi úfærir eðr rangsáttir. En þetta mun hafa gengit eptir vilja ok ráðum úvinna várra, ok verit prettr þeirra, til þess at eyða svá vitumum. En nú er ván þeirra á hverju dægri, at þeir komi; ok gjörum svá vart ráð. Dagfinni mun hær hafa enginn<sup>3</sup> illvili til gengit, en verit nökkuru bráðari en skyldi.” Gat Kúgi hær alls til hins sanna; ok fór um mörgum orðum vitrligum. Kom þá svá, at hvárir-tveggju vildu at jarl skipaði. En þó var þat ráðit, at þeir rufu samnaðinn, ok fóru menn heim. En sá maðr var til fenginn at gæta vitans í Friðarey, er Eirekr hét. Ok þá er Uni hafði litla hríð verit í Friðarey, kom hann at Eireki ok mælti: “Viltú at ek 266. “gæta vitans, síðan ek gjörir ekki annat, ok má ek vel sitja ein-tómi við.” Eirekr þá þat. En þegar er menn vóru eigi nær þar, bar Uni vatn í vitann, ok gerði svá vátan, at hvergi festi eld á.

<sup>1</sup> pík] emend.; kló, Cd.; ko (sic), Tr.; cfr. cap. 59.

<sup>2</sup> manna] vana, Lex. Run., s. v. rangsáttir, where: “jarl mun þurfa “alla vini sína á lítilli stundu.

<sup>3</sup> Dagfinni . . . enginn] thus emend. by way of conj.; Dagfinnr mælti: hær hefir eingum, Cd.



75. Þeir Rögnvaldr jarl mæltu, at þeir mundi þess A.D. 1136. bíða, er á stæðist misganga straumanna ok austan-veðr; þvíat þá er varla fært á milli Vestreyjar ok Hrosseyjar; en austan-veðr má sigla frá Hjaltlandi til Vestreyjar. Ok þess neyttu<sup>1</sup> þeir Rögnvaldr jarl, ok kómu á Frjádags aptan í Vestrey í Höfn til Helga er þar bjó. Þá varð engum vita upp skotið; þvíat þá er seglin vóru sèn ór Friðarey, bjóst Eirekr at fara til Páls jarls, en sendi menn til Una at elda vitann; ok er sá kom þar, þá var Uni á brottu. En er sá vildi elda vitann, þá var svá vátr, at eigi mátti eld á festa. Ok er Eirekr spyr þetta, þykkist hann sjá hversu farit hefir. Ferr síðan á fund Páls jarls, ok segir honum.<sup>2</sup> En er Rögnvaldr jarl var kominn til Vestreyjar, hljópu þeir saman Eyjar-skeggjarnir, ok gjöra þeir Kúgi ok Helgi ráð fyrir þeim. Þat er hit fyrsta, at leita gríða til jarls. Ok fara svá skipti þeirra, at Vestreyngar ganga undir Rögnvald jarl ok sverja honum eiða.

76. Sunnudaginn eptir<sup>3</sup> hafði Rögnvaldr jarl tíðir þar í þorpinu, ok stóðu þeir úti hjá kirkjunni. Þá sá þeir hvar gengu sextán menn slyppir ok kollóttir. Þeim þóttu þeir undarlíga búnir. Jarls-menn ræddu<sup>4</sup> 268. um hverir vera mundi. Þá kvað jarl vísu:

“ Sextán hefir ek sènar  
senn ok topp í enni  
“ jarðar elli<sup>4</sup> firðar  
orm-vangs saman ganga:  
“ Þat báru vèr vitni  
vestr at hér sè flestar,  
“ (sjá liggir út við elum<sup>5</sup>  
ey) kollóttar meýjar.”

<sup>1</sup> *neyttu*] thus emend. according to the Tr.: det ‘nyttede,’ Tr.; væntu, Fl.

<sup>2</sup> *ferr síðan . . honum*] perhaps somewhat corrupted; skynded hand

sig da hen til Pal jarl alt hvad hand kunde, Tr.

<sup>3</sup> *eptir*] add. Tr.

<sup>4</sup> *elli*] thus MO.; eldi, Fl. (badly).

<sup>5</sup> *elum*] thus, or elu, MO., adding,

A.D. 1136. Eptir helgina fóru menn Rögnvalds jarls þar um hinar næstu bygðir. Ok gengu allir menn undir jarl. Þat var eina nótt í Vestrey, at jarls-menn höfðu njósn af at eyjar-menn mundu eiga lannþing til svikræða við Rögnvald jarl. En er jarl fékk njósn af, þá stóð hann upp, ok fór til þingsins. En þat var tíðinda, at jarls-menn höfðu barða marga Eyjar-skeggja, en tekit Kúga bónda ok settan í fjötra; ok kváðu hann verit hafa upphafs-mann at þessu ráði. En er Rögnvaldr jarl kom á þingit, féll Kúgi til fóta honum, ok bauð allt sitt mál vera á Guðs valdi ok jarls; sagði at hann var færðr nauðigr á þingit, því at allir bændr vildu at hann görðist upphafs-maðr at þessu ráði.<sup>1</sup> Flutti Kúgi mál sitt orðfærliga, ok fluttu margir aðr[ir] þat ok sönnuðu með honum. Þá kvað jarl þetta :

“ Liggja sè ek á leggjum,  
 láss bannar þèr rásir,  
 “ kveld-förlöstum karli,  
 Kúga,<sup>2</sup> járn in bjúgu :  
 “ Eigið<sup>3</sup> allðri, Kúgi,  
 (aptr muntú settr af prettum ;  
 “ nauðr er at nýta eiða)  
 “ nátt-þing; ok halt sáttir.”

270. Jarl gaf þar öllum mönnum grið. Bundu þeir þá at nýju fèlag sitt.

77. Þá er Rögnvaldr jarl var kominn í Orkneyjar, ok margir menn höfðu undir hans vald gengit, þá var

by way of commentary, in the margin, “ þessi ey liggir út við elum, það er, “ á móti vestri, sem jèlast ;” Elon, Fl. ; as if it were a local name. The sense, as MO. duly surmises, is— This island is situated towards the tempests, towards the extreme west (the ocean).

<sup>1</sup> *En er Rögnvaldr . . ráði*] thus from MO. and Tr. the former part

of the sentence is taken from MO. ; the latter part, in small type, from the Tr. ; the Fl. leaves out the whole sentence,—partly an homoteleton, “ upphafsmaðr ” being repeated.

<sup>2</sup> *Kúga*] Kugi, Fl.

<sup>3</sup> *Eigið*] thus MO. ; ægit, Cd. The construction then would be : eigit allðri náttþing.

Páll í Hrossey, ok höfðu þeir þar þing ok ráða-gjörð A.D. 1136. við sína menn. Beiddi jarl umráða, hve með skal fara þessu vandmæli. En menn tóku þar misjafnt á; ok var þat sumra ráð, at skipta skyldi löndum við Rögnvald jarl; en flestir ríkis-menn, ok svá bændr, vildu kaupa Rögnvald á brott með fè, ok buðu þar sína kosti til. Sumir fýstu at berjast skyldi; ok kölluðu þat fyrir hafa vel tekizt. Rögnvaldr jarl hafði haft njósnaar-mann á þinginu. Ok er þeir koma til hans, spurði hann tíðinda. Skáld eitt svaraði jarli er verit hafði á þinginu.<sup>1</sup>

“ Heyri ek hitt, (en ærit<sup>2</sup>  
hafa dólgar skap fólgi)  
“ þengill ríkr, af þingi  
þann kvitt búand-manna :  
“ At valdandar vildi  
varg-seðjandi margir  
“ at þú vigg á brim<sup>3</sup> byggir  
brands, en Páll<sup>4</sup> at landi.”

Eptir þetta sendi Rögnvaldr jarl menn á fund biskups, ok beiddi hann meðal-ferða, ok sendi eptir Þorsteini Rögnusyni ok Þorsteini Hávarðssyni ór Sandey, ok bað þá fara með hönnum ok leita um sættir; ok veita hvár-272. igum at göra nökkurn úfrið. Ok er þeir kómu til biskups, fóru þeir allir samt til Hrosseyjar á fund Páls jarls; ok leitaði hann<sup>5</sup> um sættir með þeim frændum. Kom biskup því á leið, at sett vóru hálf-mánaðar-grið til umleitanar lengri sætta. Varð þá skipt Eyjunum, hvar hvárir skyldu kostnað á hafa þessa stund. Fór þá Rögnvaldr jarl til Hrosseyjar, en Páll jarl fór í Hrólfsøy. Ok í

<sup>1</sup> spurði . . þinginu] thus MO.; frætti jarl skald eitt er þar hafði verit, Fl. The Fl. also corrupts ‘cu ærit’ into ‘at órir.’

<sup>2</sup> en ærit] en órir, Fl. (badly).

<sup>3</sup> vigg á brim] thus Fl.; vigs a brun, MO.

<sup>4</sup> Páll] or Pál, Fl.

<sup>5</sup> fara með . . leitaði hann] add. Tr.; in Fl. the whole is left out, an homoteleuton, ‘leita um sættir’ being repeated.

A.D. 1136. Þenna tíma urðu þau tíðindi þar í Eyjunum, at þeir frændr Sveins Ásleifarsonar, Jón<sup>1</sup> vængr af Upplandi ór Háey ok Rikgarðr frá Brekkum ór Stujónsey, fóru at Þorkatli fletti, til bús þess, er Valþjófr hafði átt, ok brendu hann inni með níunda mann. Þeir fóru eptir þat á fund Rögnvalds jarls; ok gjörðu honum þann kost, at þeir mundu fara til Páls jarls með frænda-bálk sinn, ef Rögnvaldr jarl vildi eigi við þeim taka. Jarl veik þeim eigi af hendi. Ok þá er þat spurði Haffiði Þorkelsson, fór hann þegar á fund Páls jarls, er hann spurði brennu föður síns; ok tók Páll jarl við honum. Eptir þetta bundust þeir Jón á hendi Rögnvaldi jarli. Gjörðist hann þá brátt fjölmennr þar í Eyjunum ok vinsæll. Rögnvaldr jarl leyfði heimför þeim Jóni, ok Sölmundi, ok Ásláki, ok mörgum öðrum liðs-mönnum sínum. En þeir vildu bíða umskipta. Þá sagði Rögnvaldr jarl: “Þat hygg ek, ef guð vill at ek fá ríki í Orkneyjum, at hann muni gefa mér styrk til, ok hinn helgi Magnús jarl frændi minn, at halda því, þótt þær farit heim til eigna yðvarra.” Eptir þat fóru þeir heim til Noregs, hverr til sinna heimkynna.<sup>2</sup>

78. Um várit snemma hafði Sveinn Ásleifarson farit ór Suðreyjum ok upp á Skotland at finna vini sína.  
 274. Hann dvaldist lengi [í] Atiöklum með Moddadi jarli ok Margrètu Hákonar-dóttur, ok töluðu þau marga hluti leyniliga. Þar frètti Sveinn úfrið ór Orkneyjum; ok gjörðist hann þá fúss þangat at fara, ok finna frændr sína. Hann fór fyrst til Kataness í Þórsá,<sup>3</sup> ok með honum göfgr maðr er Ljótólfr hèt; með honum hafði Sveinn verit lengi um várit. Þeir kómu til Öttars jarls í Þórsá,<sup>3</sup> bróður Frakkakar; ok leitaði

<sup>1</sup> at þeir . . . Jón] emend. The Flatey Book reads “at þeir frændr, “Sveinn Ásleifarson ok Jón,” &c. But it is plain from the context

that Sweyn was not at Thorkel's burning.

<sup>2</sup> hverr . . . heimkynna] add. Tr.

<sup>3</sup> Þórsá] Þórsey, Cd.

Ljótólfr um sættir með þeim Óttari ok Sveini um þat, A.D. 1136. er Frakkök hafði gjöra látið; ok hêlt Óttarr jarl þar bótum upp af sinni hendi. Jarl hêt<sup>1</sup> ok vináttu sinni Sveini; en Sveinn hêt því Óttari jarli, at hann skyldi styrkja Erlend, son Haralds hins slêtt-mála, til þess at hann fengi föðurleifð sína í Orkneyjum, þá er hann vildi til kalla. Sveinn skipti þar skipum, ok hafði þaðan byrðing, ok á þrjá tigi mauna. Tók hann þaðan útnyrðing yfir Pétlandsfjörð; ok svá fyrir vestan Hrossey; ok svá til Efju-sunds,<sup>2</sup> ok eptir sundinu til Hrólfsøyjar. Á eyjar-endanum var höfði mikill, ok urð stór undir niðri. Þar lá opt otr í urðinni. Ok er þeir Sveinn rëru eptir sundinu, tók hann til orða: “Menn  
 “ eru þar á höfðanum; ok munu vër þar at leggja,  
 “ ok víta tíðindi af þeim. Vil ek at menn breyti  
 “ nokkut umbúníngi sínum; skulu vër rækja<sup>3</sup> húðföt  
 “ vár, ok skulu þar niðr leggjast tuttugu menn, en  
 “ tíu skulu róa;<sup>4</sup> vër skulum fara höfsamliga.” En er þeir dragast at eyjunni, kalla menn af höfðanum, at þeir skyldi róa til Vestness, ok færa Páli jarli þat er þeir höfðu á skipinu;—þeir þóttust mæla við kaupmenn. En Páll jarl hafði verið um náttina á Vestnesi at Sigurðar á veizlu. Jarl hafði staðit upp snimma, ok höfðu þeir tuttugu menn farit suðr á eyna, at<sup>276</sup> veíða otr, er lá í urðinni undir höfðanum. Þeir ætluðu heim til dag-drykkju. Byrðíngs-menn rëru at landi; ok spurðust þeir almæ[ ]tra tíðinda ok hve þeir menn hêti er fyrir voru. Sögðu<sup>5</sup> byrðíngs-menn hvaðan þeir væri at komnir; frétta þeir ok hvar jarl væri. Þeir segja, at hann væri þar á urðinni. Þetta heyrðu þeir Sveinn þar er þeir lágu í húðfötunum. Bað Sveinn þá þar at leggja, er eigi mætti sjá af höfðanum. Þá mælti Sveinn at þeir skyldu vápnast, ok vinna þegar á

<sup>1</sup> hêt] helt, Cd.

<sup>2</sup> Efju-sunds] Esju-sundz, Tr.

<sup>3</sup> rækja] thus Cd.; perhaps it should be ‘sækja;’ the Tr. has—vi skulle tage vore senger op.

<sup>4</sup> róa] vi skulle oc tage vor segel ind, add. Tr.

<sup>5</sup> ok hve . . sögðu] add. Tr.

A.D. 1136. jarls-mönnum er þeir fyndist. Ok svá gjöra þeir. Þar drápu þeir níttján menn; en sex féllu af Sveini. Þeir tóku Pál jarl með valdi; ok leiddu á skip, ok snéru stafn-hafi; ok fóru aptr hina sömu leið fyrir vestan Hrossey;<sup>1</sup> ok viku á milli Háeyjar ok Grímseyjar; ok svá fyrir austan Svelg; þaðan suðr<sup>2</sup> til Breiðafjarðar, ok eptir honum til Ekkjals-bakka. Þar lét hann eptir skip sitt ok tuttugu menn. En þeir fóru þar til er þeir kómu til Atiokla<sup>3</sup> á fund Maddaðar jarls ok Margrètar systur Páls jarls. Var þeim þar vel fagnat; ok setti Maddaðr jarl Pál jarl í háseti sitt. Ok er þeir höfðu niðr sezt, kom Margrèt inn gangandi með mikla kvenna-sveit, ok hvarf til bróður síns. Eptir þat vóru menn fengnir til skemtunar við þá. Var Páll jarl heldr fár, sem eigi var undarligt at hann mundi hafa áhyggjur miklar. Ekki er getið orða þeirra Páls jarls ok Sveins meðan þeir fóru báðir saman. Þau Maddaðr jarl, ok Margrèt, ok Sveinn Ásleifarson, gengu í stofu eina<sup>4</sup> á tal. En um kveldit eptir drykkju þá var þeim Sveini fylgt til svefn-húss einum saman, ok vóru þar læstir. Ok fór svá hvert kveld meðan þeir vóru þar.

79. Þat var einn dag, at Margrèt lýsti því, at Sveinn Ásleifarson skal fara til Orkneyja á fund Rögnvalds jarls, ok hjóða honum kost á, hvárn hann vill heldr til ríkis með sèr í Orkneyjum, Pál jarl, eðr Harald, son þeirra Maddaðar, þrèvetran at aldri. Ok er Páll jarl varð áheyrslí, svarar hann: “ Þat er frá mínu skapi at segja, at ek em svá farinn frá ríki mínu, at eigi munu menn til slíkra ferða spurdaga haft hafa; vil ek ok aldri koma síðan til Orkneyja. Sè ek at þessi hefnd mun af guði gefin fyrir þjófnað váru frænda. “ En ef guði þykkir þat mitt ríki, þá vil ek gefa þat Harald, ef hann má njóta; en ek vil at mèr sè

<sup>1</sup> *Hrossey*] thus Tr. (see above); Hrolfsey, Fl.

<sup>2</sup> *suðr*] add. Tr.

<sup>3</sup> *En þeir fóru . . Atiokla*] men hand drog self elfte, (=en hann fór við ellifta mann,) Tr. (erron.).

<sup>4</sup> *í stofu eina*] add. Tr.

“ fengit fè at staðfesta mik í múnklífi nokkuru; ok A.D. 1136.  
 “ hafi þèr vörð á, svá at ek komumst eigi á brott  
 “ þaðan. En ek vil, Sveinn, at þú farir í Orkneyjar,  
 “ ok segir, at ek sè blindaðr, ok þó at fleira meiddr;  
 “ þvíat vinir mínir munu sækja mik, ef ek em heill  
 “ maðr. Kann þá vera, at ek mega eigi synja at fara  
 “ til ríkis míns með þeim: þvíat ek get, at þeim muni  
 “ þykkja meiri skaði at skilnaði várum, en þeim mun  
 “ vera.” Ekki er getið fleiri orða jarls en þessa.  
 Eptir þat fór Sveinn Ásleifarson til Orkneyja. En  
 Páll jarl var eptir í Skotlandi.—Ok er þetta frásögn  
 Sveins um þenna atburð. En er sögn sumra manna,  
 er verr samir, at Margrèt hafi ráðið til Svein Ásleifar- 250.  
 son at blinda Pál jarl bróður sinn, ok setja í myrkva-  
 stofu; en síðan ræði hon til mann annan, at veita  
 honum þar líflát. En eigi vitum vèr, hvárt sannara er.  
 En þat er mömum kunnigt, at aldri síðan kom hann  
 til Orkneyja, ok ekki ríki hafði hann á Skotlandi.

80. Þat var tíðinda á Vestnesi, þá er seinkaðist  
 heimkváma jarls, þá lét Sigurðr bóndi senda menn at  
 leita þeirra. En er þeir kómu þar er urðin var, sá  
 þeir mannfallit. Þá hugðu þeir at jarl mundi þar fallit  
 hafa. Fóru heim, ok sögðu þessi tíðindi. Sigurðr fór  
 þegar til at kanna valinn, ok fundu þar níttján jarls-  
 menn, en þeir voru sex menn þar, er þeir kendu eigi.  
 Eptir þat sendi Sigurðr menn til Egilseyjar á fund  
 biskups, at segja honum þessi tíðindi. Ok fór biskup  
 þegar á fund Sigurðar, ok tóku tal um þessi tíðindi; ok  
 gat Sigurðr, at þetta mundi vera af ráðum Rögnvalds  
 jarls. En biskup svarar því, at ömur raun mundi á  
 verða, en Rögnvaldr jarl mundi svikit hafa Pál jarl  
 frænda sinn; “Get ek,” segir biskup, “at aðrir nökkurir  
 “ muni þetta úverkan gjört hafa.” Borgarr, son Játh-  
 varar Erlends dóttur, er bjó at Geitabergi,<sup>1</sup> hann hafði

<sup>1</sup> Geitabergi] In ch. 59 they are said to have lived at Knarstead.

A.D. 1136. sèt hyrðinginn, er sunnan fór, ok suðr aprt. En er þat spurðist, þá hugðu menn, at vera mundi af ráðum Frakkakar ok Ölvis rostu. En er þessi tíðindi spurðust um Eyjarnar, at Páll jarl var á brottu, ok enginn vissi hvat af honum var vordit, þá leituðu þeir sèr<sup>282</sup>. ráða; ok vóru þeir flestir, er þá fóru á fund Rögnvalds jarls, ok svörðu honum hlýðni. En Sigurðr á Vestnesi ok synir hans, Brynjúlfr ok Hákon þík,<sup>1</sup> kvóðust engum manni mundi eiða sverja, meðan þeir vissu ekki til Páls jarls, hvárt hans væri ván til eðr eigi. Fleiri menn vóru þeir, er neittu swardögum við Rögnvald jarl. En þeir vóru sumir, er stund á kvæddu, eðr á dag, nær þeir mundi til handa ganga, ef þá spurðist ekki til Páls jarls. En er Rögnvaldr jarl sá, at við mart stórmenni var at eiga, þá tók hann á engu þverliga, því er bændr beiddu. Ok liðu svá fram stundir, at hann átti jafnan þing við bændr, ok gengu æ nokkurir honum til handa á hverju þingi.

Þat var til tíðinda einu dag í Kirkjuvági, at Rögnvaldr jarl átti þing við bændr; ok er menn vóru á þinginu, var sèt at ix.<sup>2</sup> menn vápnaðir gengu frá Skálp-eiði til þingsins. Ok er þeir kómu á þingit, kendu þeir þar Svein Ásleifarson; ok var mönnum forvitni á, hvat hann segði tíðinda. Sveinn hafði á skip[i] farit sunnan til Skálp-eiðs, ok látið þar eptir skipit; en þeir gengu til Kirkjuvágs síðan. Ok er þeir kómu á þingit, þá hurfu at honum frændr hans ok vinir, ok spurðu hann tíðinda; en hann svaraði fá; ok bað kalla biskup til sín. En biskup fagnaði Sveini vel, þvíat þar hafði lengi verit vinátta. Gengu þeir á tal tveir, ok [segir] Sveinn biskupi þá allt um sínar ferðir, þat er satt var; ok bað hann nú um ráða með sèr þenna vanda-hlut. Biskup mælti: “Þetta eru mikil tíðindi, er þú segir,

<sup>1</sup> *þík*] emend. according to ch. 39; kló. Tr. and Cd., but cfr. cap. 59.

<sup>2</sup> *ix*] Tr.; lx. Fl.



“ Sveinn; ok er meiri ván, at vit verðim okkr eigi A.D. 1136.  
 “ einhlítir um þetta mál; ok vil ek at þú bíðir mín  
 “ hær; en ek mun flytja mál þitt fyrir alþýðu ok <sup>284.</sup>  
 “ Rögnvaldi jarli.” Gengr þá biskup til þings, ok  
 kveðr sèr hljóðs. Ok er þat fækst, þá talar biskup  
 um mál Sveins; ok sagði fyrir hvat hann hafði farit ór  
 Orkneyjum, eðr hvert áfelli Páll jarl hafði veitt honum  
 fyrir víg Sveins brjóst-reiþs hins vesta manns. Beiddi  
 biskup þá Rögnvald jarl gríða til handa Sveini, ok  
 alla alþýðu. Þá svarar Rögnvaldr jarl: “ Heit ek  
 “ Sveini gríðum þrjár nætr fyrir mik. En svá þykki  
 “ mær þú, biskup, undir brún at líta, sem þit Sveinn  
 “ munit kuma at segja frá nokkurum þeim stor-tíð-  
 “ indum sem enn er[u] eigi upp borin. Vil ek at þú  
 “ takir Svein í vald þitt, ok ábyrgist hann; en ek vil  
 “ eiga tal við hann á morgin.” “ Já, já,” sagði biskup,  
 “ gjarna vill hann við yðr tala, ok sem fyrst; ok þinn  
 “ maðr vill ham gjörast, ef þær vilit við honum taka.”  
 Jarl svarar: “ Ekki þykkja mær of margir mínr vinir  
 “ í þessu landi: en þó munu vèr fleira tala,<sup>1</sup> áðr en ek  
 “ játta því.” Síðan ganga þeir á tal fjórir: Rögnvaldr  
 jarl, Kolr faðir hans, biskup, ok Sveinu Ásleifarson.  
 Segir Sveinn þá ljúft ok leitt sem farit hafði með þeim  
 Páli jarli. En þeir gjörðu þat ráð, at láta fara af þín-  
 ginu hit mesta fjölmenni. Jarl stendr upp um morgininn  
 eptir, ok gaf mönnum þá heimfarar-leyfi. En er raufst  
 fjölmenni á þinginu, þá heimti biskup<sup>2</sup> sèr hvern  
 mann til máls við þá; ok lèt áðr alla menn heita  
 Sveini gríðum, þá er við vóru, en<sup>3</sup> hann segði tíðindin. <sup>286.</sup>  
 En um morgininn eptir var til fenginn Hákon<sup>4</sup> karl  
 bróðir hins heilaga Magnúss jarls, at segja Sigurði á  
 Vestnesi ok sonum hans um farar jarls, ok þat, at

<sup>1</sup> en . . tala] men tale vil jeg  
 met bannem, Tr.

<sup>2</sup> biskup] Tr.; hann, Fl

<sup>3</sup> en] Tr.: förend; meðan, Fl.

<sup>4</sup> Hákon] emend.; cfr. cap. 59;  
 Magnus, Cd. (badly).

A.D. 1136. hans var ekki ván til ríkis, ok hann var meiddr.<sup>1</sup> Sigurðr segir: “ Mikil tíðindi þykkir mér um fráferð jarls; en hitt þykkir mér þó þýngst, er hann er “ meiddr, þvíat þess mundi hann hvergi kominn, at “ ek munda eigi fara á hans fund, ef hann væri heill.”<sup>2</sup> Ok svá hefir hann sagt vinum sínum síðan, at Hákon mundi eigi úmeiddr á brott hafa farit, ef hann hefði liðs-afla til haft, þá er hann sagði honum þessa sögu; svá þótti honum mikils um vert.

En eftir þessi tíðindi gengu allir menn í Orkneyjun til handa Rögnvaldi jarli; ok gjörðist hann nú einn höfðingi yfir þessu ríki, er átt hafði Páll jarl. Ok eigi miklu síðarr var markaðr grundvöllr til Magnús-kirkju, ok aflat smíða til; ok fór svá mikit fram verkinu á þrem<sup>3</sup> misserum, at minna gekk á fjórum eðr fimm þaðan í frá. Kolr var þar mestr tilamaðar-maðr smíðarinnar, ok hafði mest forsögn á. En er fram tók at líða smíðinni, varð jarli kostnaðar-samt; ok eyddust mjök fœin. Þá leitaði jarl ráða við föður sinn. En Kolr lagði þat til, at jarl skyldi færa lög á því, at jarlar höfðu tekit ódul öll í erfð eftir menn; en erfingjar leysti<sup>4</sup> til sín; ok þótti þat heldr hart. Þá lét Rögnvaldr jarl kveðja þings, ok bauð bændum at kaupa ódulin, svá at eigi þurfti at leysa. Ok kom þat ásamt með þeim, svá at öllum líkar vel. En 288. gjalda skyldi jarli mörk af hverju plógs-landi um allar Eyjar. En þaðan í frá skorti eigi fê til kirkju-smíðar. Ok er þat smíði all-mjök vandat.

A.D. 1136 81. Þá er Rögnvaldr jarl hafði ráðit tvá vetr Orkneyjum, þá tók hann Jóla-veizlu at búi sínu, því er heitir á Knarrar-stöðum. Þat var hinn sëtta dag Jóla, -1138.

<sup>1</sup> meiddr] blindet oc end da mere saare giord, Tr.

<sup>2</sup> ef . . . heill] add. Tr.

<sup>3</sup> á þrem] thus Tr.: i de tree half-aare; á þeim, Fl.

<sup>4</sup> leysti] thus Tr.: skulle löse; leystu, Fl.

at skip var sèt fara sunnan af Pétlands-firði. Veðr var A.D. 1138,  
gótt, ok stóð jarl úti ok mart manna hjá honum, ok 1139.  
hugðu at skipinu. Þar var sá maðr er Hrólfr hēt ok  
var hirðprestr jarls. Ok er þessir menn tóku land, þá  
gengu þeir frá skipi, ok höfðu jarls-menn töl á, at  
vera mundu xv. menn eðr xvi. En í öndverðu liðinu  
gekk maðr í blárrí<sup>1</sup> kápu, ok hafði brugðit hári undir  
húfu; hann hafði rakat skegg un hökuna framanverða,  
en úrakada hváptana ok kinnr,<sup>2</sup> ok hēkk þar sítt ofan.  
Þessi maðr þótti þeim [jarls-mönnum] nokkut undar-  
ligr. En Hrólfr prestr kendi þenna manni; ok<sup>3</sup> segir at  
þat var Jón biskup ofan af Skotlandi af Atioklum.<sup>4</sup>  
Þá gekk jarl á móti þeim, ok fagnar vel biskupi;  
setti jarl biskup í háseti sitt, en þjónar sjálfir fyrir  
borði sem skutil-sveinn. Um morgininn eptir veitti  
biskup tíðir snimma. Ok þá fór hann norðr til Egils-  
eyjar á fund Vilhjálms biskups, ok var þar til tíunda  
dags Jóla. Þá fóru þeir báðir biskuparnir á fund  
Rögnavalds jarls með virðuligu föruneysi, ok báru upp  
örindi sín. Þeir segja frá einka-málum Sveins Ásleifar-  
sonar ok Maddaðar jarls, þat at Haraldr son þeirra  
skyldi fara út í Orkneyjar til fóstrs með Rögnavaldi jarli;  
með þeim skildaga, at Haraldr skyldi<sup>5</sup> bera jarls-nafn, ok  
hafa Orkneyjar hálfar við Rögnavald jarl; en hvárr-<sup>290.</sup>  
tveggi skyldi hafa eina hirð;<sup>6</sup> en Rögnavald jarl skyldi ráð  
hafa fyrir þeim; ok svá, þótt Haraldr þroskaðist, ok  
vildi sitt hvárr þeirra, þá skyldi Rögnavald jarl ráða;  
var Sveinn ok þar með, ok bar þetta með biskupi.  
Gjörðu þeir Rögnavald jarl þat ráð, at fundr var lagiðr  
um várit á Langa-föstu á Katanesi; ok gekk þá saman  
sættin með þessum skildaga, ok var bundin eiðum  
hinna beztu manna af Orkneyjum ok af Skotlandi.

<sup>1</sup> blárrí] blaa, Tr.; brarri, Cd.  
(badly).

<sup>2</sup> ok kinnr] add. MO.

<sup>3</sup> prestr kendi . . ok] add. MO.;  
cp the Tr.; om. Fl.

<sup>4</sup> Atioklum] Atjötlum, MO.

<sup>5</sup> fara . . skyldi] add. Tr.; om.  
Fl.; an homoteleton (skyldi fara  
. . . skyldi bera).

<sup>6</sup> en . . hirð] add. Tr.

A D. c.  
1139.

Fór þá Haraldr Maddaðarson út í Orkneyjar með Rögnvaldi jarli, ok var honum þá gefit jarls-nafn. Þá fór í Eyjarnar með Haraldi jarli Þorbjörn klerkr; hann var son Þorsteins hölds, ok Guðrúnar, dóttur Frakkakar; hann var vitr maðr ok mikill fyrir sèr; hann fósttraði þá Harald jarl, ok ræð mjök fyrir honum. Þorbjörn kvángaðist í Orkneyjum, ok fèkk Íngiríðar<sup>1</sup> Ólafs-dóttur, systur Sveins Ásleifarsonar. Var Þorbjörn þá ýmist út í Orkneyjum, eðr uppi í Skotlandi; ok var hinn fræknasti maðr, ok hinn mesti újafnaðar-maðr um flesta hluti. Sveinn Ásleifarson tók undir sik eignir þær allar, er átt hafði Ólafr, faðir hans, ok Valþjófr, bróðir hans; gjörðist hann þá höfðingi mikill, ok hafði jafnan fjölment með sèr. Hann var vitr maðr ok forspár um marga hluti, újafnaðar-maðr ok úfyrirleitinn. Eigi vóru í þann tíma þeir tveir menn fyrir vestan haf, þeirra er eigi vóru meiri attar<sup>2</sup> er meira háttar þætti vera en þeir Sveinn ok Þorbjörn mágar. Vóru þá með þeim kærleikar miklir.

A.D. 1140-  
1148.  
292.

82. Þat var eitt sinn, at Sveinn Ásleifarson kom at máli við Rögnvald jarl, at hann skyldi fá honum manna afla ok skip til þess at hefna þeim Ólvi ok Frakkök brennu Ólafs feðr síns. Jarl mælti: “Ætla<sup>3</sup> þú eigi þat, Sveinn, at okkr muni nú<sup>4</sup> verða mein at Ólvi ok Frakkök kerlingu þeirri er til einkis er fær.” Sveinn svarar: “Jafnan munu mein at þeim meðan þau lifa; enda ætlaða ek þá til annars, er ek gjörða stærst fyrir þínar sakir, [en] at þú mundir eigi slíkt veita,” Jarl svarar: “Hvat legg ek þá til er þèr líkar?” Sveinn svarar: “Tvau skip vel búin.” Jarl kvað svá vera skyldu sem hann beiddi. Ok eptir þat býr Sveinn tór sína. Ok

<sup>1</sup> *Íngiríðar*] thus Cd., and Tr. Again in ch. 59 she is called *Íngirerðr*; cfr. below, cap. 86.

<sup>2</sup> *þeirra . . . attar*] add. from Tr.

<sup>3</sup> *Ætla*] emend.: men du ikke det! Tr.; ætlar, Cd.

<sup>4</sup> *nú*] ekki, add. Cd., but wrongly, as seen from the Tr.

er hann var búinn, sigldi hann suðr til Breiðafjarðar,<sup>1</sup> A.D. c. 1139-1148.  
ok tók útnyrðing til Dufeyra. Þat er kaupstaðr á Skotlandi. En þaðan fór hann inn fyrir Mærlæti, ok því næst<sup>2</sup> til Ekkials-bakka. Þaðan fór hann til Atiokla, ok lá þar sem Elgin heitir,<sup>3</sup> til Maddaðar jarls. Þá fëkk hann Sveini leiðtoga, þá er leið kunnu um fjöll ok merkr, þar sem hann vildi fara. Fór hann þaðan hit efra um fjöll ok skóga fyrir ofan allar bygðir, ok kom fram í Hjálmundal nær miðju Suðrlandi. En þau Ölvir höfðu hvervetna haft njósnir, þar er þeim þótti úfriðar ván ór Orkneyjum; en þessa leið var þeim eingi ván hermanna. Urðu þau eigi fyrr vör við herinn, en þeir Sveinn voru komnir í hlíð nokkura á bak bænum Frakkakar. Þar kom í mót þeim Ölvir rosta með sex tígum manna. Sker þar þegar í bardaga, ok verðr lítil viðtaka; hrökkva þeir Ölvir heim at bænum, þvíat þeir náðu ekki<sup>294</sup> skóginum. Þar varð mannfall mikit.<sup>4</sup> En Ölvir hljóp upp til Hjálmundals-ár; ok svann yfir ána, ok svá upp í fjallit; ok fór þaðan til Skotlands-fjarðar; ok svá út til Suðreyja. Ok er hann ór sögunni. En er Ölvi dró undan, fóru þeir Sveinn heim á bæinn, ok ræntu þar hvívetna; en eptir þat brendu þeir bæinn, ok alla þá meun, er inni voru. Ok lét Frakkök þar líf sitt. Þeir Sveinn gjörðu þar hit mesta hervirki í Suðrlandi, áðr þeir fóru til skipa sinna. Eptir þat lágu þeir úti um sumarit, ok herjuðu um Skotland. Kom Sveinn at hausti til Orkneyja á fund Rögnvalds jarls; tók hann vel við Sveini; fór Sveinn þá yfir á Nes í Duggalsbæ,<sup>6</sup> ok sat þar um vetrinn. Í þenna tíma kom til Sveins orðsending Holdboða ór Suðrey-

<sup>1</sup> *Breiðafjarðar*] thus Tr.; Borg-artfjarðar, Fl. (badly).

<sup>2</sup> *því næst*] add. Tr.: dernest.

<sup>3</sup> *ok lá þar sem Elgin heitir*] add. Tr.: oc la der som kaldis Elgin.

*nannfall mikit*] conj.; mann-

fildi mikill, a great gathering of men, Ct.

<sup>5</sup> *ok svann yfir ána*] add. Tr.: oc svómmede offuer aæn, oc lób.

<sup>6</sup> *Duggalsbæ*] thus Ct.

A.D. 1139-  
1148.

jum, at Sveinn skyldi koma til liðveizlu við hann; þviat þangat til Tyrvistar<sup>1</sup> hafði komit höldr<sup>2</sup> af Bretlandi, ok hafði eltan Holdboða ór búum sínum ok rænt fè miklu. Sá maðr hèt Roðbjartr, er sendr var, Enskr at kyni. Sveinn brá skjótt við, er honum vóru send orðin, ok kom út í Orkneyjar til móts við Rögnvald jarl, ok bað Rögnvald jarl, at hann skyldi fá honum lið ok skip. Jarl spurði, hvat Sveinn vildi þá at hafast. Hann kvað þann mann hafa sèr orð sent, er sízt átti hann ní við at kveða, ok honum hafði þá bezt gefist, er hann þurfti mest við, er flestir fóru á hendr honum. Jarl svarar: “Vel væri þá, “ ef þit skildist vinir; en útrúir eru flestir Suðrey-  
“ íngar; en gæta<sup>3</sup> máttú dreng-skapar þíns; en ek mun fá þer tvau skip al-skiput.” Þetta líkar Sveini  
296. vel. Ok fóru þá til Suðreyja, ok fann eigi Holdboða fyrr en hann kom vestr í Mön, þviat hann hafði þangat stokkit. En er Sveinn kom í Mön, þá varð Holdboði honum feginn. Ok þar í Mön hafði höldrinn sá hinn Brezki gjört hervirki mikit í ránum ok manndrápum, ok víða í Suðreyjum.<sup>4</sup> Fyrir honum hafði fallit göfugr maðr, er Andres hèt; Hann átti eptir konu, er Íngiríð hèt, ok son er hèt Sigmundr öngull.<sup>5</sup> Íngiríð húsfrú átti fè mikit ok bú stór. Þat ráð gjörði Holdboði, at Sveinn<sup>6</sup> bæði hennar. En er þat var vakit við hana, þá mælti hon, at Sveinn skyldi þat til ráðahags vinna at hefna Andres bónda síns. Sveinn svarar, at han mætti gjöra Bretum skaða nokkurn, “En eigi má ek vita hvers “ af verðr auðit um manna-lát.” Ok eptir þat fara þeir Sveinn ok Holdboði í hernað ok höfðu fimm skip. Þeir hejruðu um Bretland; ok gengu þar upp er heitir Jarlsnes, ok gjöra þar hervirki mikit. Þat var

<sup>1</sup> þangat til Tyrvistar] thus Tr.; þar, Cd.

<sup>2</sup> höldr] hauldr, Cd. ?

<sup>3</sup> gæta] emend.; gata, Cd.

<sup>4</sup> Suðreyjum] emend.; Suðr-ríki, Cd.

<sup>5</sup> öngull] add. Tr.

<sup>6</sup> Sveinn] Tr.; hann, Cd.

einn morgin, at þeir gengu upp í þorp nokkurt ok A.D. 1139-1148.  
 var þar lítil viðtaka. Flýðu bændr ór þorpinu; en þeir Sveinn ræntu þar hvívetna, ok brendu sex bæi fyrir dagverð sínu. Þá var þar með Sveini Íslenzkr maðr, er Eirekr hêt, ok kvað þetta :

“ Bæir eru brendir, en búendr rændir,  
 “ (svá hefir Sveinn hagat), sex í morgin :  
 “ Gjörði hann einum ærium þeirra,<sup>1</sup>  
 “ leigir þar kol leigu-manni.”

Eptir þetta fóru þeir til skips síns, ok lágu úti um <sup>298.</sup>  
 sumarit, ok fengu mikit herfang. En höldrinn hljóp í ey þá, er Lund heitir; þar var vígi gott. Sátu þeir Sveinn þar um nökkura hríð ok fengu ekki at gjört. Ok fóru heim um haustið í Mön.

83. Þenna vetr gjörði Sveinu brúðkaup til Íngirðar; ok sat þá með sæmd mikilli. Um vórit dró hann menn at sêr, ok fór á fund Holdboða,<sup>2</sup> ok beiddi hann liðs. En hann taldist undan; ok lêt at menn væri í athöfnum margir, en sumir í kaupferðum; ok fêkk Sveinn þar ekki af. En þat var raunar, at þeir höldrinn höfðu sæzt á laun, ok bundit lag sitt með fê-gjöfum. En Sveinn fór eigi at síðr; ok hafði þá þrjú skip, ok varð lítið til fjár öndvert sumar. En er á leið, fóru þeir suðr undir Írland; ok tóku þar kugg einn er múnkar áttu ór Syllíngum, ok ræntu. Hann berjaði ok víða á Írlandi; ok tóku þar mikit fê. Ok fóru um haustið heim í Mön, ok höfðu mikit lið.<sup>3</sup> Þá hafði Sveinn Ásleifarson skamma stund heima setið, at hann beyrði þann kvitt, at Holdboði<sup>4</sup> mundi honum eigi trú. En Sveinn duldist við þat. Ok eina nátt um vetrinn,<sup>5</sup> var þat tíðinda, at varðmenn Sveins kómu,

<sup>1</sup> þeirra] somehow corrupted; a noun is wanted. The meaning is, he made them charcoal enough, more than they wanted.

<sup>2</sup> Holdboða] thus Tr.; Hornboða, Cd.

<sup>3</sup> ok höfðu mikit lið] add. Tr.

<sup>4</sup> Holdboði] Tr.; Hornboði, Cd.

<sup>5</sup> vetrinn] thus Tr.: vinteren; várit, Cd.

A.D. 1139-  
1148. 300. ok sögðu, at úfriðr fór at þeim. Þeir Sveinn hljópu til vápna ok út. Þeir sá hvar menn fóru með eld at bænum, ok höfðu lið mikit. Þá hljópu þeir Sveinn á hól einn, ok vörðust þaðan; þeir höfðu lúðr ok blésu. En þar er þykkbýlt; ok drifu menn til liðs við þá Svein, svá at þar kom, at þeir létu frá er til vóru komnir. Slógust þeir Sveinn eptir ok eltu þá. Þar féll mart manna í flóttanum; en fjöldi var súrt af hvárum-tveggjum áðr þeir skildu. En fyrir þessu liði ræð Holdboði,<sup>1</sup> ok hafði hann dregit undan í flóttanum. Fór hann þar til er hann kom í Lundey; tók höldrium vel við honum, ok hældust þeir saman. Sveinn fór heim, ok hafði fjölment, ok varðhöld mikil, þvíat þvíat hann trúði illa Suðreyíngum. Þá er föng þeirra Sveins tóku at þverra, þústnaði fólkitt við hann;<sup>2</sup> ok seldi [hann] jarðir sínar, er á leið vetrinum, til lausafjár; ok fór snimma um várit sumnan til Ljóðbúsa, ok dvöldu þar langa hríð.<sup>3</sup> Hafði hann gjört mikit hervirki í þessari ferð.

84. Þá er Sveinn var í Suðreyjum, hafði Rögnvaldr jarl farit á Katanes, ok tók veizlu í Vík með þeim mamm, er Hróaldr hét; kona hans hét Arnljót;<sup>4</sup> Sveinn hét son þeirra, ok var hinn vaskligsti maðr. En er jarl var á veizlu, kómu þeir Þorbjörn klerkr ofan af Skotlandi; ok sagði þau tíðindi, at Þorsteinn höldr faðir hans var drepinn, ok hafði jarl einn Skozkr<sup>5</sup> drepit hann, en jarl sá hét Valþjófr.<sup>6</sup> En þat höfðu menn á máli, hve tíð-rætt þeim Rögnvaldi jarli var ok

<sup>1</sup> *Holdboði*] Hornboði, Cd.

<sup>2</sup> *Þá er föng . . . við hann*] om. Cd., but is found in *Lex. Run. s. v.* þústna. In the Tr. the whole passage runs thus: hafðe de oe saa haard vilkord den tid svends fetalie minkedes, oc hands folck begynte at laðe ilde deroffuer. The identity of this passage and the entry in

*Lex. Run.*, although no authority is there expressly stated, admits of no doubt.

<sup>3</sup> *ok . . . hríð*] add. Tr.

<sup>4</sup> *kona . . . Arnljót*] add. Tr.

<sup>5</sup> *Skozkr*] add. Tr.: en Skotte-jarl.

<sup>6</sup> *en jarl . . . Valþjófr*] add. Tr.; cp. ch. 88.



Þorbirni; þvíat jarl gáði varla at lúka málum sínuu A. D. 1139-1148. 302. fyrir tali þeirra. Fór Þorbjörn þaðan út í Eyjar með jarli; en Sveinn Hróaldsson gjörðist þá skutil-sveinn jarls. Þorbjörn hafði þá verit um hríð á Skotlandi. Hann hafði drepa látit tvá menn, þá er verit höfðu at brennu Frakkakar með Sveini Ásleifarsyni. En er Sveinn kom ór Suðrey[jum], þá fór hann heim í Gareksey til bús síns; en ekki á fund Rögnvalds jarls, sem hann var vanr er hann kom ór hernaði. En er<sup>1</sup> jarl spurði, at hann var heim kominn, spurði hann Þorbjörn hvat hann ætlaði, hví Sveinn mundi eigi finna hann. Þorbjörn svarar: “ Þess get ek, at Sveini “ mislíki við mik, þvíat ek lét drepa þá menn er verit “ höfðu með honum at brennu Frakkakar.” Jarl mælti: “ Eigi vil ek, at þit sèt missáttir.” Ok eptir þat fór Rögnvaldr jarl [í] Gareksey, ok leitaði um sættir með þeim; ok var þat auðvelt, þvíat báðir þeir vildu at jarl skipaði. Síðan gjörði hann þá sátta at sinni. Ok hëlzt sú sætt lengi síðan.

85. Í þenna tíma kom til Orkneyja Íslands<sup>2</sup> far eitt. Þar var á sá maðr, er Hallr hêt, son Þórarins breiðmaga. Hann fór til vistar í Rínansey til þeirra Þorsteins ok Rögnu. Hann undi þar illa; ok bað Þorstein, at hann kæmi honum til Rögnvalds jarls. Þeir fóru á hans fund, ok vildi jarl eigi við Halli<sup>3</sup> taka. En er þeir kómu heim, þá spyr Ragna hve farist hafði. Hallr kvað þá vísu:

“ Senda ek son þinn, Ragna!  
 (sönn koma mál<sup>4</sup> fyrir bragna;  
 “ hans var haglig<sup>5</sup> iðja)  
 hirðvistar mër biðja :

304.

<sup>1</sup> *En er jarl]* emend. in accordance with Tr.; en er Sveinn kom ór Suðreyjum um sumarit, ok jarl spurði, Fl, a repetition from the preceding.

<sup>2</sup> *Íslands]* Islenzkt, Cd.

<sup>3</sup> *Halli]* MO.; honum, Cd.

<sup>4</sup> *mál]* om. MO.

<sup>5</sup> *haglig]* MO.; hálig, Cd.

A.D. 1139-  
1148.

“ Hafa kveðst hodda rýrir  
hinn er hæstum<sup>1</sup> veg stýrir,  
“ neitti hann grúpaus<sup>2</sup> gran[n]a,  
gnótt vígligri<sup>3</sup> manna.”

Litlu síðarr fór Ragna á fund Rögnvalds jarls at örindum sínum. Hon var svá búin, at hon hafði galdan rautt á höfði, gjört af hrossa-hári. Ok er jarl sá þat, kvað hann :

“ Aldr hefig frètt þar er fèldu  
fránstall<sup>4</sup> konur allar  
“ (verðr-at menja myrðir  
mjúk-orðr) höfuð-dúkum :  
“ Nu tær hlökk um hnakka  
hauk-strindar sèr<sup>5</sup> binda,  
“ (skryðist brúðr við bræði  
ben-gagls) merar-tagli.”

Ragna mælti : “ Hèr kemr nú at því sem mælt er, at “ Fár er svá vitr, at allt sjái sem er ;’ þvíat þetta er “ af hesti en eigi af meri.” Hon tók þá silki-dúk ok faldaði sèr með,<sup>6</sup> ok talaði eigi at síðr mál sitt. Jarl tók henni heldr seint í fyrstu ; en mýktist, ræðan svá sem á leið ; ok fékk hon þat örindi, sem hon vildi, ok<sup>7</sup> hirðvist Halli. Ok var hann lengi síðan með Rögnvaldi jarli.—Þeir ortu báðir saman Háttu-lykil hinn forna,<sup>8</sup> ok létu vera fimm vísur með hverjum hætti. En þá þótti of langt kveðit, ok eru nú tvær<sup>9</sup> kveðnar með hverjum hætti.

306. 86. Þat er sagt at Sveinn Ásleifarson spurði at Holdboði<sup>10</sup> var kominn í Sudrey[jar], þá bað hann

<sup>1</sup> *hæstum*] Fl. ; mestum, MO.

<sup>2</sup> *grúpaus*] thus Fl. ; gildum, MO.

<sup>3</sup> *vígligri*] MO. ; víglegra, Cd.

<sup>4</sup> *fránstall*] thus emend. ; fránstallz MO. ; framstallz, Cd.

<sup>5</sup> *hauk-strindar sèr*] MO. ; hodd-strindar sem, Cd.

<sup>6</sup> *faldaði sèr með*] vaði at höfði sèr. MO.

<sup>7</sup> *ok*] MO. ; er hon fékk, Cd.

<sup>8</sup> *háttu-lykil hinn forna*] háttu-tal it forna, MO. The Tr. has ‘hattar-lykil hin forne.’

<sup>9</sup> *tvær*] iij. vísur, MO. ; tre, Tr. Two is the number, such as the poem now exists.

<sup>10</sup> *Holdboði*] Hornbogi, Cd.

Rögnvald jarl fá sér lið til at hefna sín. Jarl fékk honum fimm skip; ok stýrði einu Þorbjörn klerkr; en öðru Hafliði son Þorkels flettis; þriðja Dufnjáll son Hávarðs Gunnasonar; fjórða Ríkgarðr Þorleifarson; fimta Sveinn Ásleifarson. En þegar er Holdbodi spurði til Sveins, þá hlýði hann suðr aprt til Lundeyjar; ok tóku félagar hans hann til sín.<sup>1</sup> Þeir Sveinn drápu mart manna í Suðreyjum; en réntu víða ok brendu. Þeir fengu mikit fé, en náðu eigi Holdboda,<sup>2</sup> ok aldri kom hann í Suðreyjar síðan. Sveinn vildi vera í Suðreyjum um vetrinn; en þeir Þorbjörn vildu heim; ok fóru þeir síð<sup>3</sup> um haustið summan til Kataness, ok kómu í Dungalsbæ. Ok er þeir skyldu skipta herfangi sínu, þá mælti Sveinn, at allir skyldu jafn-mikit hafa, nema hann hefði höfðingja-hlut; þvíat hann kvedst einn hafa fyrir verit; ok sagði jarl hafa fengit þá til liðs við sik. Hann læzt ok einn hafa sakir átt við Suðreyínga, en þeir engar. En Þorbjörn þóttist engum mun síðr hafa til unnit, ok verit eigi síðr fyrirmaðr en Sveinn. Vildu þeir ok [at] allir skipstjórnar-menn hefði jafnan hlut. En svá varð at vera sem Sveinn vildi; þvíat hann var miklu mann-fleiri þar á Nesinu. En Þorbjörn fór út í Orkneyjar á fund Rögnvalds jarls, ok sagði hve farit hafði með þeim Sveini; ok líkaði þeim illa, er hann hafði gjört þá hlut-ræningja. Jarl kvað þat eigi mundi einu sinni finnast á, at Sveinn væri engi jafnaðar-maðr, “En þar mun enn koma, at hann mun taka gjöld fyrir sitt ranglæti. En eigi skulu þer nu þetta deila. Ek skal fá yðr jafn-mikit af mínu, sem þer missit við hann; vil ek ok ekki, at þer kallit á hann nu þetta; ok væri vel, ef eigi leiddi stærri vandkvæði af honum; uggi ek þó, at þess muni eigi langt at bíða.”<sup>4</sup> Þorbjörn svaraði: “Guð þakki yðr,

<sup>1</sup> suðr . . . sín] add. Tr.; or Suðreyjum, Cd.

<sup>2</sup> Holdboda] Hornboda, Cd.

<sup>3</sup> síð] add. Tr.

<sup>4</sup> uggi . . . bíða] add. Tr.: men att tenker jeg at der skal icke vere langt til.

A.D. 1139-1148. — “ herra, þann sóma, er þér gjörít til vár; ok eigi munu vèr deila við Sveinu um þetta; en aldri síðan skal ek vera vin hans; ok gjöra skal ek honum “ nokkura svívirðing hér á móti.” Ok eptir þetta segir Þorbjörn skilit við Íngiríði<sup>1</sup> systur Sveins; ok sendi hana yfir á Nes til Sveins. Tók hann við henni vel; en þótti gjör til sín svívirðing mikil. Var þá með þeim fjándskapr. Kom þar at því sem mælt er, “ at ‘ Foruðin sjást bezt við.’ ” En þó leitaði nú hvárrgi berliga á annan.<sup>2</sup>

Þá er Sveinn var í Suðreyjum, þá hafði hann sett Margað Grímsson í Dungals-bæ til forráða, ok fengit honum í hendr sýslu þá, er hann hèlt af Rögnvaldi jarli. En Margaðr var sakgæfinn ok áleitinn, ok varð hann úvinsell við sinn újafnað. En þeir er mest urðu fyrir újafnaði hans, stukku á fund Hróalds bónda<sup>3</sup> ok hèldu sik þar. Af því gjörðist fjándskapr með þeim Hróaldi ok Margaði. Litlu síðarr en Sveinn var heim kominn<sup>4</sup> fór Margaðr suðr til Víkr við tugtugta mann at örindum sínum. Ok áðr hann kom sunnan, veitti hann heimsókn Hróaldi bónda, ok drap hann, ok nokkura menn fleiri. Fóru síðan til Dungals-bæjar á fund Sveins. Þá safnar Sveinnu mönnum, ok ferr til Lamba-borgar, ok býst þar um. Þar var vígi gott, ok sat hann þar með sex tigi manna, ok flutti at sèr vistir ok önnur föng þau er þeir þurftu at hafa. Borgin stóð á sævar-lömrum nökkurum; en steinveggr var fyrir ofan, vel smíðaðr. Þjörgin gengu langt með sjánum annan veg. Þeir gjörðu þá margar úspektir á Katanesi í ránum, ok fluttu þangat í borgina, ok gjörðust úvinsælir.

87. Tíðindi þessi koma til eyrna Rögnvaldi jarli ok Sveini Hróaldssyni; beiddi Sveinn jarl fulltings, at

<sup>1</sup> Íngiríði] Tr.; Íngigerði, Cd.

<sup>2</sup> bónda] add. Tr.

<sup>3</sup> En þó . . . annan] add. Tr. and

<sup>4</sup> en Sveinn . . . kominn] add. Tr.

MO. in Lex. Run. s. v. berliga.

hann leiðrætti þetta mál; fluttu þetta margir menn með Sveini. Kom því svá, at Rögnvaldr jarl brást við, ok fór yfir til Ness, ok þessir höfðingjar með honum: Þorbjörn, Haffiði Þorkelsson, Dufnjall Hávarðsson, ok Ríkgarðr,<sup>1</sup> ok vóru þeir hinir tillaga-verstu á hendir Sveini. Þeir fóru til Dungals-bæjar: ok var Sveinn þá í brottu. Var þat sagt, at hann var farinn suðr til Víkr; fóru þeir þangat. Ok er þeir kvómn þar, spurðu þeir<sup>2</sup> at Sveinn var í Lamba-borg. Fóru þeir jarl þá þangat. Ok er þeir kómu til borgarinnar, þá spyr Sveinn hverr fyrir liðinu ræð. Honum var sagt at Rögnvaldr jarl ræð fyrir. Sveinn fagnaði honum vel, ok<sup>3</sup> frætti jarl eptir örindum. Jarl svarar, at hann vill at hann seli Margad fram í vald þeirra. Sveinn spyr hvárt hann skal gríð hafa. Jarl læt því eigi vilja heita. Þá mælti Sveinn: “Eigi nenni ek at selja Margad fram í vald þeirra Sveins Hróaldssonar, eðr annarra úvina minna, þeirra sem með yðr eru; en gjarna vilda ek vera sáttir við yðr, herra.” Þá svarar Þorbjörn klerkr: “Heyr hvat dróttins-svikinn mælir! at hann vildi gjarna sáttir vera; en hefir áðr rænt land hans, ok lagizt út sem þjófr. Launar þú illa jarli margan sóma, er hann hefir til þín gjört, sem þú munt öllum þeim, er þú mátt því við koma.” Sveinn svarar: “Eigi þarftú, Þorbjörn, hær svá mart til at leggja; þvíat ekki mun fyrir þín orð gjört. En þat er hugboð mitt, at þú munir honum verstu launa þann sóma, er hann hefir til þín gjört, áðr þit skilit; fyrir því at engir munu gefu af þær hljóta þeir er nokkut eigu við þik.” Þá mælti Rögnvaldr jarl, at menn skyldu ekki skatyrðast. Eptir þat settust þeir um borgina, ok bönnuðu allar atflutningar; ok gekk svá mjök lengi, at ekki mátti atsókn við koma. Ok er eyddust vistir þeirra, þá kallaði Sveinn saman sína menn, ok leitaði

<sup>1</sup> ok Ríkgarðr] add. Tr.<sup>3</sup> fagnaði . . ok] add. Tr.<sup>2</sup> var þat . . . spurðu þeir] add. Tr.; þeir spurðu. Cd.

A.D. 1139-  
1148.

ráða við þá; en allir menn mæltu eins munni, at hans forsjá vildu hafa, meðan hennar væri kost. Þá tók Sveinn til orða ok mælti: “Þat sýnist mér úvirðuli-  
 “gast at svelta hère, en ganga síðan á vald úvina  
 “sinna. Hefir ok þetta svá farit sem líkligt var, at  
 “oss mun bæði skorta við Rögnvald jarl, vit ok  
 “gæfu. En hère hefir verit leitað um sættir ok grið,  
 “ok hefir hvártki fengist Margaði<sup>1</sup> fèlaga mínum.  
 “En veit ek at kost mun hère öðrum mömum griða;  
 “en ek nenni eigi, at selja hann fram undir öxi.  
 “Nú er þat eigi rétt, at hère [gjaldi] svá margir hans  
 “vandræða, þótt ek nenna eigi at skiljast við hann  
 “at sinni.” Ok eptir þetta tók Sveinn þat ráð, at  
 knýta saman snæri þau, er þeir höfðu. En um nát-  
 tina létu þeir þá Svein ok Margað síga ofan ór bor-  
 ginni á sjáinu. Ok eptir þat tóku þeir sund, ok  
 lögðust fram með ljörgunum þar til er þraut ham-  
 rana. Eptir þat stigu þeir fótum á land, ok fóru  
 upp í Sudrland; ok svá til Mærhæfi; ok þaðan til  
 Dufeyra. Þar fundu þeir Orkneyska menn á byrðingi;  
 hêt sá Hallvarðr, er fyrir þeim var, en amarr Þorkell;  
 þeir vóru tíu saman. Þeir Sveinn gengu á skip með  
 þeim, ok fóru tólf saman á byrðingi suðr fyrir Skotland,  
 þar til er þeir koma í Máeyjar.<sup>2</sup> Þar var þá múnk-lífi.  
 314. Baldvini hêt ábóti sá er fyrir ræð. Þar vóru þeir  
 Sveinn ok hans menn sjau nætr veðrfastir,<sup>3</sup> ok sögðust  
 vera sendir á fund Skota-konungs af Rögnvaldi jarli.  
 Múnkar grunuðu sögu þeirra, ok ætluðu vera ráns-  
 menn; ok sendu til lands eptir mömum. En þá er  
 þeir Sveinn verða þess varir, þá hlaupa þeir á skip, ok  
 ræntu staðinn fè miklu. Þeir fóru á brott ok inn eptir  
 Myrkva-firði. Þeir fundu í Eiðina-borg<sup>4</sup> Davíð Skota-

<sup>1</sup> *Margaði*] Margardi, Cd.<sup>2</sup> *Máeyjar*] thus (plur.) Fl.;  
Manöer, Tr. (less right).<sup>3</sup> *Þar vóru . . veðrfastir*] Þeir  
Sveinn vóru fjóra daga veðrfastir íMáeyjum, Lex. Run. s. v. veðr-  
fast.<sup>4</sup> *Eiðina-borg*] Edeuborg, Tr.  
This, and ch. 101, are the sole in-  
stances where this name occurs in  
old Icelandic writers.

konung. Tók hann vel við Sveini, ok bauð þeim at vera með sér. Sveinn sagði konúngi allan mála-vöxt þangat-kvámu sinnar; ok hve farið hafði með þeim Rögnavaldi jarli, áðr þeir skildust; ok svá þat er þeir höfðu rænt í Máeyjum.<sup>1</sup> Vóru þeir Sveinn um hríð með Skota-konúngi í góðu yfirlæti. Davíð konúgr sendi menn til þeirra manna, er fjár höfðu mist fyrir Sveini í ferðinni, ok lét þá sjálfa virða skaða sinn, en bætti sínu fê hverjum sinn missi. Davíð konúgr bauð Sveini at sækja konu hans í Orkneyjar, en fá honum slíkar sændir í Skotlandi, at hann mætti vel við una. Sveinn birti vilja sinn fyrir konúngi; ok sagði svá, at hann vildi, at Margaðr væri þar eptir með konúngi; en hann sendi orð til Rögnavalds jarls, at hann tæki sættum við hann; en Sveinn læzt vilja leggja allt sitt mál á vald Rögnavaldi jarli; kvezt þá jafnan vel viðr una, er þeir vóru sáttir, en þá illa, er þeir vóru úsáttir. Davíð konúgr svarar: “Bæði er nú, at jarl þessi mun vel vera, enda þykkir “yðr þat eina vera, er til hans veit;”<sup>2</sup> hættir þú nú “á hans trúnað, en fyrir-lætr þat er vèr bjóðum þèr.” Sveinn læzt hans vingau aldri láta vilja, en sagðist þó vilja biðja konúng, at hann veitti þetta. Konúgr kvað svá vera skyldu. Davíð konúgr sendi menn norðr í Orkneyjar með gjöfum, ok þeirri orð-sending, at jarl skyldi taka sættum við Svein. Fór þá ok Sveinn í Eyjar norðr, en Margaðr var eptir með konúngi. Sendimenn Davíðs konúngs fóru á fund Rögnavalds jarls. Tók hann vel við þeim, ok svá gjöfum þeim, er konúgr sendi honum, ok lét sættuna. Tók hann síðan Svein í frið ok fulla vináttu; ok fór hann þá til búa sinna.

88. Þá er þeir Sveinn ok Margaðr vóru á brottu ór

<sup>1</sup> *Máeyjum*] thus plur.; Maðer, | <sup>2</sup> *hans veit*] tvekes mig at du  
Tr. | men at der er ingen hans lige, Tr.

A.D. 1138-1148. Lamba-borg, tóku þeir er í borginni voru þat ráð, at gefa upp staðinn í vald Rögnvalds jarls. Spurði hann hvat þeir vissu til Sveins, ok þeirra Margaðar, síðast; en þeir sögðu sem var. Ok er jarl heyrði þat, mælti hann: "Satt er þat at segja, at engra manna jafnungi er Sveinn, þeirra er vèr eigum kosti hèr með oss; eru slík brögð bæði drengilig ok harðfenglig. En eigi vil ek níðast á yðr, þótt þèr hafit vasizt í þessu vandkvæði með Sveini; skal hverr yðvarr fara í friði fyrir mèr." Fór jarl þaðan heim í Orkneyjar, en sendi Þorbjörn klerk með fjóra tigi manna á skipi suðr til Breiðafjarðar at leita þeirra Sveins; ok spurðist ekki til hans. Þá talar Þorbjörn fyrir þeim, at þeir færi undarliga: "Rekumst eptir Sveini á leið fram, en höfum spurt at Valþjófr jarl, föður-bani minn, er skamt hèðan með litla sveit manna. Ok ef þèr vilit fara at honum með mèr, þá vil ek því

318. heita yðr, at mèr skal eigi fara sem Sveini, at ek gjöra yðr hlut-ræningja, ef oss berr herfang í hendr; þvíat fè þat, er vèr fám, skolu þèr hafa; en skipta mèr því einu til handa er þèr vilit; þvíat mèr þykkir betri frægð en fè." Eptir þat fóru þeir þar til er Valþjófr jarl var á veizlu; ok tóku hús á þeim, ok báru þegar eld at. Þeir Valþjófr hljópu til duranna, ok spurðu hverr fyrir eldinum ræði. Þorbjörn sagði til sín. Valþjófr bauð bætr fyrir víg Þorsteins; en Þorbjörn kvað ekki þurfa um sættir at leita. Þeir Valþjófr vörðust vel um hríð. En er eldrinn sótti þá, hljópu þeir út; ok varð þá skamt um vörn þeirra, þvíat þeir voru þrekaðir mjök af eldi. Föll þar Valþjófr jarl ok þrír tígir manna með honum. Þar fengu þeir Þorbjörn fè mikit; ok hèlt hann öll heit sín drengiliga við sína menn. Fóru þeir eptir þat út í Orkneyjar á fund Rögnvalds jarls; ok lét hann vel yfir þeirra erindi. Var þá kyrt í Eyjunum ok friðr góðr.



Í þenna tíma bjó í Vigr í Orkneyjum Kolbeinn A.D. 1138-1148. hrúga, Norænn maðr,<sup>1</sup> ok var hit mesta afar-menni. Hann lét þar gjöra stein-kastala góðan; var þat öruggt vígi. Kolbeinn átti Herbjörgu<sup>2</sup> systur Hákonar barns;<sup>3</sup> en móðir þeirra var Sigríðr<sup>4</sup> dóttir Herborgar Páls-dóttur. Þessi vóru börn þeirra: Kolbeinn karl,<sup>5</sup> Bjarni skáld, Sumarliði, Áslákr, Fríða. Þau vóru öll mikils-háttar.

89. Í þann tíma ræðu synir Haralds gilla í Noregi. A.D. e. 1148. Þeir Ingi ok Sigurðr vóru börn at aldri. Þá völdust lendir menn til ráðu-neytis við þá bræðr.<sup>6</sup> Var Ey-steinn þeirra elztr. En Ingi var skilgetinn, ok höfðu lendir menn á honum mestar virðingar; lét hann þá 320. ráða öllu því er þeir vildu. Í þenna tíma höfðu þessir lendir menn mest ráð með honum: Ögmundur ok Erlíngr, synir Kyrrínga-Orms. Þeir gjörðu þat ráð með Ínga konungi, at hann skyldi senda orð Rögnvaldi jarli, ok veita<sup>7</sup> honum sæmiligt heimboð. Sögðu, sem satt var, at jarl hafði verið mikill vin föður hans; ok báðu hann gjöra sér við jarl sem karast, svá at [hann] væri hans vin meiri en bræðra hans, hvat sem í kynni at gjörast með þeim. Jarl var frændi þeirra bræðra ok hinn mesti vin þeirra. En er þessi orð kómu til Rögnvalds jarls, veikst hann við skjótt, ok bjó ferð sína; þvíat hann var fúss at fara til Noregs, at finna frændr sína ok vini. Til þessar ferðar beiddist Haraldr jarl fyrir forvitnis sakir ok skemtunar; hann var þá fjórtán eðr fimtán<sup>8</sup> vetra

<sup>1</sup> í *Vigr . . maðr*] thus Tr.: udi denne tid bode ndi Viger i Orknöer Kolbein hruga, en Norsk mand, oe möget mandelig. The text of the Fl. is here mangled and corrupted— I þann tíma bjó einn ‘*úngr maðr*’ í Eyjunum er Kolbeinn hrúga hêt, etc. This ‘*úngr*’ is evidently misread for ‘*úigr*’ (i.e. í Vigr).

<sup>2</sup> *Herbjörgu*] Herborgu, Tr.

<sup>3</sup> *barns*] bæns, Cd.

<sup>4</sup> *Sigríðr*] add. Tr.

<sup>5</sup> *karl*] thus, not Kolbeinn, Karl., ep. Sturl. S., p. 210, Oxford edition.

<sup>6</sup> *þeir Ingi . . bræðr*] add. Lex. Run. s. v. lendir menn.

<sup>7</sup> *veita*] veitti, Cd.

<sup>8</sup> *fjórtán eðr fimtán*] thus Tr.: ‘14 eller 15’; Fl. reads ‘xix.’ i.e. nineteen, which is clearly wrong.

A.D. 1148. gamall. Ok er jarlar vóru búnir, fóru þeir vestan með kaupmönnum; ok höfðu sæmiligt föruncyti; ok kómu um várit snemma til Noregs. Fundu þeir Ínga konúng í Björgyn; tók Íngi konúngur allvel við þeim. Fann Rögnvaldr jarl þar marga vini sína ok frændr; dvaldi hann þar um sumarit mjök lengi. Þat sumar kom útan af Mikla-garði Eindriði úngi; hann hafði þar verit lengi á mála; kummi hann þeim þaðan at segja mörg tíðindi; ok þótti mönnum skemtan at spyrja ham útan ór heimi. Jarl talaði jafnan við hann. Ok eitt-hvert sinn er þeir töluðu, þá mælti Eindriði: “Þat þykki mér undarligt, jarl, er þú vill eigi fara út í Jórsala-heim, ok hafa eigi sagnir einar til

322. “ þeirra tíðinda, er þaðan eru at segja. Er slíkum “ mönnum bezt hent þar sakir yðvarra lista; muntú “ þar bezt virðr sem þú kemr með tígnum mönnum.” Ok er Eindriði hafði þetta mælt, fluttu þetta margir aðrir með honum; ok eggjuðu, at hann skyldi gjörast fyrirmaðr at ferð þessi. Erlíngur lagði hær mörg orð til; ok sagði, at hann mundi ráðast í ferðina, ef jarl vildi gerast fyrirmaðr. Ok er þessa fýstu svá göfgir menn, þá hæt jarl ferðinni. Ok er þeir jarl ok Erlíngur ræðu þetta með sèr, þá völdust margir göfgir menn til þessar ferðar. Þessir lendir menn: Eindriði úngi skal leið segja, Jón Petrsson, Áslákr Erlends-son, Guðormr Maulu-kollr af Hálogalandi.<sup>1</sup> Svá var mælt, at engi þeirra skyldi meira skip hafa en þrítögt at rúma-tali, nema jarl; ok engi skyldi hafa búit skip nema hann. Því skyldi svá gjöra, at engi skyldi annan öfunda fyrir þat, at sitt lið eðr skip hefði betr búit, annarr heldr en annarr. Jón fótr skal gjöra láta jarli útfarar-skip, ok vanda sem mest.

Rögnvaldr jarl fór heim vestr um haustið, ok ætlaði at sitja tvá vetr<sup>2</sup> í ríki sínu. Íngi konúngur gaf jarli

<sup>1</sup> *Maulu-Kollr af Hálogalandi*] thus Tr.; Guðormr Mölr, Kollr af Hallandi, Fl. (badly); Maula or

Mjóla is an island in Helgeland in Norway.

<sup>2</sup> *tvá vetr*] ii, vetr., Fl.; om vintereu, Tr.

langskip tvau heldr lítil ok einkar-fögr, ok gjör mest til A.D. 1148. róðrar, ok vóru allra skipa skjótust. Rögnvaldr jarl (Autumn.) gaf Haraldi jarli annat skipit; þat hét Fífa, en annat hét Hjálp. Þessum skipum höldu jarlar vestr um haf. Rögnvaldr jarl hafði ok þegit stór-gjafir af vinnum sínum. Þat var Týrsdags-kveld,<sup>1</sup> er jarlar létu í haf; ok sigldu allgóðan byr um náttina; ok tók vindr at vaxa.<sup>2</sup> Miðvikudag var stormr mikill, en Þórsdags-nóttina<sup>3</sup> urðu þeir við land varir. Þá var myrkr mikit. Þeir sá boða-slóðir öllum-megin hjá sér. Þeir höfðu áðr samfloti haldit. Þá var engi kostur annarr en sigla til bróts báðum skipunum; ok svá gjörðu þeir. Þar var<sup>324</sup> urð fyrir, en lítið forlendi; en hamrar hit efra. Þar höldust menn allir, en týndu fê miklu; sumt rak upp um náttina. Rögnvaldr jarl bargst þá enn allra manna bezt, sem jafnan. Hann var svá kátr, at hann læk við fingr sína, ok orti nær við hvert orð. Hann dró fingr-gull af fingri sér með vörrunum;<sup>4</sup> ok kvað vísu:<sup>5</sup>

“ Hengi ek hamri kringðan  
hanga rjúpu tangar  
“ gríunnis sylgs á gálga  
ginnúng brúar linna:  
“ Svá hefir gló-raddar gladdan  
gagl-fellis mik þella  
“ lóns at ek leik við mínar  
lautir hellis-gauta.”

<sup>1</sup> Týrsdags-kveld] Tr.: Tisdag-  
aften; Þriðja-dags-kveld, Fl.

<sup>2</sup> ok tók . . vaxa] add. Tr.: oc  
beynte vinden at voxe. oc Ons-  
dagen var en stor storm.

<sup>3</sup> en Þórsdags-nóttina] thus Tr.:  
men Thorsdag-nat bleffue de land  
vare, i.e. the night between Wed-  
nesday and Thursday.

<sup>4</sup> með vörrunum] add. MO. and  
Tr.: met leberen.

<sup>5</sup> In the following verses we, as

usual, follow the text of MO. The  
text of Fl. is here mangled and  
corrupt, e. g. ‘sylv’ for ‘sylvgs,’  
‘ginnungs’ for ‘ginnung,’ ‘gagl-  
fellz,’ ‘lóns’ for ‘lóns,’ ‘mína’  
for ‘mínar,’ ‘bæði lesti’ for ‘boði  
‘lesti,’ ‘aurum’ for ‘órum,’ ‘fengr  
‘ . . ungun’ for ‘nærgi . . úrgum,’  
‘skrautligir’ for ‘skrantligar,’  
‘gjalfrs’ for ‘gjalfr,’ ‘brazt í heitum  
‘ hugþekkr’ for ‘vazt . . . var  
‘ hann þekkr;’ and so on.

A.D. 1148. Ok er þeir höfðu upp borit föngin, fóru þeir á land (Autumn.) at leita bygða; þvíat þeir þóttust vita, at þeir mundu við Hjaltland komnir. Þeir fundu brátt bæi. Ok er þá skipt mönnum í bygðir. Þar urðu menn jarli fegnir, er hann kom; ok spurði húsfreyja<sup>1</sup> at um ferðir hans. Jarl kvað vísu:

“ Brast þá er boði lesti  
 (bauð hrönu skaða mönnum,  
 “ sút fèkk veðr it váta  
 vífum) Hjálp ok Fífu:  
 “ Sökk at sjá man þykkja  
 snar-lyndra för jarla  
 “ (sveit gat vás at vísu  
 vinna) höfð at minnum.”

326. Húsfreyja bar skinnfeld at jarli fyrir skikkju.<sup>2</sup> Hann tók við hlæjandi; ok rætti hendr á móti; ok kvað:

“ Skèkk ek skinnfeld hrokkinn;  
 skraut er mitt afar-lítið;  
 “ stærir,<sup>3</sup> sá er stendr yfir órum,  
 stafn-völlr, yfirhöfnum:  
 “ Nærgi er enn af úrgum  
 ál-vangs mari gangim  
 “ (brím rak hest við hamra  
 hún) skrautligar búnir.”

Þá voru gjörvir fyrir þeim eldar stórir; ok bökuðust þeir við eldana.<sup>4</sup> Ása hét heima-kona; Hón gèkk út til vatn, ok önnur kona með henni. En [er] þær kvomu til vatnins, steypist Ása í brunninn í fjúkinu; en hon hljóp heim kalin mjök,<sup>5</sup> ok mælti í skjálptanum; ok

<sup>1</sup> spurði húsfreyja ] thus MO. aud Tr.; ok spurðu menn, Fl.

<sup>2</sup> Húsfreyja . . . shikkju ] thus MO.; Husfráin bar skinn-feldar-skikkju at jarli, Fl.

<sup>3</sup> stærir] emend.; stór er, MO.; better would be, stærir þann . . .

stafnvöll; cp. stærir sterkar báur, Bs., i. 483, the verse.

<sup>4</sup> við eldana] MO.; þar við, Fl.

<sup>5</sup> Ása hét . . . kalin mjök] add. MO.; Griðkona kom inn ok skalf mjök, Fl. (badly).

skildu menn eigi hvat hon mælti. Jarl kveðst skilja A.D. 1148. túngu hennar; ok kvað:<sup>1</sup> (Autumn.)

“ Dúsið er, en Ása,  
 atatata! liggr í vatni;  
 “ hutututu!<sup>2</sup> hvar skal ek sitja  
 (heldr er mér kalt) við eldinn?”

Jarl sendi menn sína tólf til Einars í Gullberu-vík; en hann læzt eigi mundu við þeim taka nema jarl kemi sjálfir. Ok er Rögnvaldr jarl spyrr þetta, þá kvað hann:

“ Ala kveðst Einarr vilja  
 engan Rögnvalds drengja,  
 “ (mér fellr Gauts á góma  
 gjálfr) nema jarlinn sjálfan:  
 “ Veit ek at vazt í heitum;  
 var hann þekkr fírum ekki;  
 “ inn gékk ek<sup>3</sup> þar er brunnu  
 eldar síð á kveldum.”

<sup>4</sup>Sá atburðr varð einn dag suðr í Dynrastar-vági á Hjalptlandi, at einn bóndi gamall<sup>5</sup> ok féltill beið lengi skipanar sinnar,<sup>6</sup> en allir bátar aðrir réru út, hvern sem búinn varð. Þá kom maðr at enum gamla bónda í hvítum kofli; ok spurði hví hann réri eigi til fiskjar<sup>7</sup> sem aðrir menn. Bóndi segir, at skipan<sup>8</sup> hans var eigi komin. “Bóndi,” segir koflmaðr, “viltú at ek róa “með þér?” “Vil ek þat,” segir bóndi; “en þó vil “ek hafa hlut af skipi mínu; þvíat ek á börn mörg “heima, ok starfa ek fyrir þeim slíkt er ek má.” Síðan ræru þeir út fyrir Dynrastar-höfða, ok fyrir innan

<sup>1</sup> ok kvað] add. MO.

<sup>2</sup> hutututu] thus Fl.; utututu, MO. (and so Asbjornsen and Moe in their Fairy Tales), but here the alliteration requires an *h*.

<sup>3</sup> inn gékk ek] Fl.; inn gékk Yggs þar er brunnu eldar síð á kveldi, Fl.

<sup>4</sup> The following fishing episode

is taken from MO.; om. Fl. and Tr. Cp. also the entries in Lex. Run. *s. v.* knif, ógipta, mæ, röst.

<sup>5</sup> gamall] add. by conj. as required by the following copula; cfr. below.

<sup>6</sup> skipanar sinnar] emend.; skipara sinna, Cd.

<sup>7</sup> fiskjar] emend. fiska, Cd.

<sup>8</sup> skipan] emend. skipari, Cd.

A.D. 1148. Hundhólma. Þar var straum-mikit, er þeir sátu, ok iður stórar; skyldi sitja í iðunni, en fiskja ór röstinni. Koflmaðr sat í hálsi, ok andæfði; en bóndi skyldi fiskja. Bóndi bað hann gæta, at þá bæri [eigi] í röstina; kvað þá við váða búit vera. Koflmaðr fór ekki at hvat [er] hann sagði; ok hirti eigi, þótt bóndi kæmi í nökkura raun. Litlu síðarr bar þá í röstina; ok varð bóndi hræddr mjök, ok mælti: “Aumr var<sup>1</sup> ek ógiptu minnar, er ek tók við þèr í dag til róðrar; “þvíat ek mun hær deyja; en lið mitt er heima hjarg-“laust, ok allt á fátæki<sup>2</sup> ef ek látumk.” Ok varð bóndi svá hræddr, at hann grèt; ok hann uggði bana sinn. Koflmaðr svarar: “Ver kátr, bóndi, ok grát eigi; “þvíat sá mun okkr ór draga röstinni, er okkr lèt í “koma.” Síðan ræri koflmaðr ór röstinni, ok varð bóndi því all-feginn. Þá ræru þeir at landi, ok settu upp bátinn. Ok bað bóndi kofmanninn at ganga til ok skipta fiskum. En koflmaðr bað bónda at skipta, sem honum líkaði; kvezk eigi vilja hafa meirr en þriðjung sinn. Þar var mart manna komit til strandar, bæði karlar ok konur, ok mart fátækt folk. Koflmaðr gaf fátækum mönnum alla þá fiska er hann hafði hlotið um daginn; ok ljóst síðan til brotferðar. Þar var þat ganga upp á brekku eina; ok sátu konur margar í brekkunni. En er hann gekk upp í brekkuna, spratt hónum fótr, er hált var af regni; ok fèll hann ofan ór brekkunni. Kona eiu sá þetta fyrst, ok hló mjök at hónum; ok síðan annat fólk. En er koflmaðr heyrði þetta, kvað hann:

“ Skelk aflar Sif silkis  
svinn at umbúð minni;  
“ hlær stórum mun meira  
mær en fallit væri;

<sup>1</sup> var] Lex. Run. s. v. ógipta; | <sup>2</sup> á fátæki] slightly mended; a varð, Cd. | fætæki, Cd.

- “ Fár kann jarl (eu árla A.D. 1148.  
 ör-lyndr<sup>1</sup>) at síá gjörla (Autumn.)  
 “ (hlunns dró ek eik af unnum  
 áðr) í fiski-váðum.”

Síðan fór kofmaðr í brott; ok urðu menn þess seinna varir, at þessi kofmaðr hafði verit Rögnvaldr jarl. Er þat ok síðan mörgum manni kunnigt orðit, at þau hafa mörg verit hans brögð, er bæði vóru hjálpsamlig fyrir Guði, ok skemtilig fyrir mönnum. Mennt kenndu ok orðs-kvið þann, er stóð í vísunni, at “Fár kennir jarl í fiski-váðum.”

Jarl dvaldist mjök lengi á Hjaltlandi; ok fór um 1148, 1149.  
 haustið suðr til Orkneyja, ok sat í ríki sínu. Þat haust (Winter.)  
 kómu til hans Íslenzkir<sup>2</sup> menn tveir; hēt annarr 328.  
 Ármóðr ok var skáld, annarr Oddi hinn litli Glúmsson, Breiðfirzkr maðr,<sup>3</sup> ok orti enn vel. Jarl tók við þeim báðum til hirðvistar. Jarl hafði Jóla-bōð mikit, ok bauð mönnum til, ok gaf gjafir. Hann rētti gullrekit spjót at Ármóði skáldi, ok skelfdi við, ok bað hann yrkja vísu á móti. Ármóðr kvað:

- “ Eigi metr inn ítri  
 allvaldr gjafar skáldi  
 “ yggis við aðra seggi  
 el-stærir<sup>4</sup> mer færa :  
 “ Snjallr bar glæst með gollu  
 grundar-vörðr at mundum  
 “ buðlúngr nýztr it bezta  
 blóð-kerti Ármóði.”

Þat var einn dag um Jólin, at menn hugðu at tjöldum. Þá mælti jarl<sup>5</sup> við Odda hinn litla: “Kveð<sup>6</sup> vísu um  
 “ athöfn þess manns, er þar er á tjaldinu, ok haf þú  
 “ kveðna þína vísu þá er ek hefi lokit minni vísu;

<sup>1</sup> ör-lyndr] better ‘ör-lundr,’ a  
 ‘kenning’ of a man (?)

<sup>2</sup> Íslenzkir] MO.; Hjaltlenzkir,  
 Fl.

<sup>3</sup> Breiðfirzkr maðr] add. MO.

<sup>4</sup> el-stærir] elstæriz, MO.

<sup>5</sup> mælti jarl] mæltu jarlsmenn,  
 MO.

<sup>6</sup> kveð] MS.; gjörðú, Fl.

A.D. 1148, 1149. "haf ok engi þau orð í þinni vísu, er ek [hefi] í minni vísu."<sup>1</sup> Jarl kvað:

"Lætr um öxl sá er útar  
aldrænn stendr<sup>2</sup> á tjaldi  
"sigr-freyr Svölnis vára<sup>3</sup>  
slíðr-vönd ofan ríða:  
"Eigi mun þó at Ægis<sup>4</sup>  
ör-beiðanda reiðist  
"blik-ruðr böðvar jökla  
bein-rangr framarr ganga."

Oddi kvað:

330. "Stendr ok hyggv at höggva  
herði-lútr með sverði  
"land-álfr beiði-rindi  
baldr<sup>5</sup> við dyrr á tjaldi:  
"Fírum mun hann með hjörvi  
hætr;—nú er mál at sættist  
"hlæðendr hleypi-skíða  
hlunns áðr geigr sè unninn."

Þat var einn dag, at óðr maðr varð lauss ór böndum, ok hljóp at Rögnvaldi jarli; ok greip til hans, svá fast, at jarlinn rataði mjök svá til falls. Þá kvað jarl vísu:

"Fékk í fylkis skikkju  
fang-ramligr slangi;  
"rekkv røð hart at hnykkja  
hildingi fé-mildum:  
"Sterkr var stála-Bjarki,  
staka kvóðu menn nakvað;  
"afl hefir eggja skyfir  
orðvandr fyrir hyggjandi."<sup>6</sup>

<sup>1</sup> More terse in MO.,—kveð vísu um afhöfn þess manns er þar stendr á tjaldinu, ok haf eigi síðarr lokit þinni vísu, en ek minni; haf ok ei[n]gi þau orð í þinni vísu er ek hefi í minni. Þá kvað jarlinn.

<sup>2</sup> stendr] maðr, MO.

<sup>3</sup> sigr . . vára] MO.; sigfreyr sauðins vára, Fl.

<sup>4</sup> Ægis] Ægir, MO.

<sup>5</sup> baldr] Here fr. 325 begins again (vide cap. 70), from which the text is now taken.

<sup>6</sup> This episode—"Þat var einn dag," and the following verse, adds MO, ep. also the entry in Lex. Run. s. v. óðr; onf. Fl. and Tr.



Jarl hafði ok Vilhjálmm biskup í boði sínu of Jólum A.D. 1148,  
ok marga græðinga sína. Þá gjörði hann ok bert of 1149.  
ráða-gjörðir sínar, at hann ætlaði ór landi, ok út til  
Jórsala-heims. Bað hann biskup til ferðar með sér.  
Biskup var Paris-klerkr; <sup>1</sup> ok vildi jarl einkum at hann  
væri túlkr þeirra. Biskup <sup>2</sup> hèt ferðinni.

90. Þessir menn ræðust til ferðar með Rögnvaldi  
jarli: Magnús son Hávarðs Gunnasonar, ok Sveinn  
Hróaldsson; þeir vóru skipstjórnar-menn báðir. <sup>3</sup> Þessir  
fóru af inum minnum svá at nefndir sè: Þorgeirr  
sava-kollr. <sup>4</sup> Oddi inn litli, Þorbjörn <sup>5</sup> svartir ok Armóðr;  
þessir vóru skáld jarls. Þá vóru þessir menn: <sup>6</sup> Þorkell  
krókauga; <sup>7</sup> ok Grímkell af Glettunesi; <sup>8</sup> ok Blían <sup>9</sup> son  
Þorsteins af Flyðrunesi. <sup>10</sup>—Ok er þessir tveir vetr vóru A.D. 1148-  
liðnir, er þeir skyldu til búnaðar hafa, fór Rögnvaldr 1150.  
jarl ór Orkneyjum snemma of várit ok austr til (Spring.)  
Noregs; ok vildi vita hvat þeim liði inum lendum  
mönnum um búnaðinn. Ok þá er jarl kom til Björg-  
ynjar, vóru þeir þar fyrir Erlíngr skakki ok Jón fótr,  
mágr jarls. Þar var ok Áslákr kominn; en Guðþorur  
kom litlu síðarr. Þar var <sup>11</sup> ok skip þat fyrir brygg-  
jum, <sup>12</sup> er Jón hafði látið gjöra jarli; var þat hálf-fer- 332.  
tögt at rúma-tali <sup>13</sup> ok vandat forkunnar mjök at smíð;  
ok búit allt; ok gulli lagt allir enni-spænir ok veðr-  
vitar, ok víða annars-staðar búit. Var skipit in mesta  
gersími þess-konar. Eindriði kom jafnan til bæjarins  
of sumarit; ok segir æ, at hann <sup>14</sup> mundi ina síðari  
viku búinn. En menn létu illa er þeir þurfti at bíða

<sup>1</sup> *Paris-klerkr*] góðr, good, add.  
Fl.

<sup>2</sup> *Biskup*] hann veitti jarli þetta  
ok, Fl.

<sup>3</sup> *þeir . . báðir*] om. Fl.

<sup>4</sup> *sava-kollr*] Skotakollr, Fl.

<sup>5</sup> *Þorbjörn*] Þorbergr, Fl. (badly).

<sup>6</sup> *Þessir . . menn*] skáld, Fl.

<sup>7</sup> *Þorkell krókauga*] so also Tr.;  
but in ch. 59 he is called Asbjörn.

<sup>8</sup> *Glettunesi*] Flettunesi, Fl.; cfr.  
cap. 59.

<sup>9</sup> *Blían*] thus emend. according  
to cap. 59; Bjarni, Cd. et Fl.

<sup>10</sup> *Þorsteins af Flyðrunesi*] hans,  
Fl.

<sup>11</sup> *var*] kom, Fl.

<sup>12</sup> *bryggjum*] Björgyn, Fl.

<sup>13</sup> *var . . rúmatáli*] om. Fl.

<sup>14</sup> *hann*] at, Cd.

A.D. 1150. svá lengi. Vildu sumir at eigi væri beðit hans; ok sögðu, at menn höfðu slíkar ferðir farit, þótt eigi væri Eindriði í ferð. Ok nokkuru síðarr kom Eindriði til bæjarins, ok kallaðist þá búinn; það jarl þá sigla þegar er honum þætti byrvænligt. Ok er sá dagr kom at þeim þótti leiði gott, lögðu þeir ór bænum, ok tóku til segla.<sup>1</sup> Var heldr veðr-lítið; gekk skipit jarls lítið, því at þat þurfti byr mikinn. Aðrir höfðingjar minkundu siglíngrina, ok vildu eigi sigla undan jarli. Ok er þeir drógust út of eyjarnar, tók at hvessa veðrit; gjörðist þá svá hvast, at þeir urðu at svipta seglunum á inum smærum skipunum; en jarls skip tók þá at ganga mikit. Þá sá þeir sigla eptir sér tvau skip mikil, ok gengu þegar eptir þeim ok um þá fram. Þat skip var annat vandat mjök, þat var dreki; var bæði höfuðin, ok krókar apr,<sup>2</sup> mjök gullbúit; þat var hlýr-birt,<sup>3</sup> ok steint allt fyrir ofan sjó þat er bæta þótti. Jarls-menn mæltu, at þar mundi Eindriði fara, “Ok hefir hann þat lítt haldit er fyrir mælt var, at engi skyldi búit skip hafa, nema þær, herra.” Jarl segir: “Mikill er ofsi Eindriða. Nú er þat várkunn, at hann vili ekki við oss jafnast,<sup>4</sup> svá mjök sem vèr erum van-farnir hjá honum; en vant er þat at sjá, hvárt gæfan ferr fyrir honum eðr eptir; skulu vèr ekki

334. skapa ferð vára eptir ákefðum hans.” Bar þá Eindriða skjótt undan fram á inu meira skipinu. En jarl hèleð samfloti skipum sínum; ok fórst þeim vel. Kómu þeir um haustið til Orkneyja með heilu ok höldnu. Þat var þá ráðit, at þeir mundi þar sitja um vetrinn; sátu sumir á sínum kostnaði, en sumir vóru með bóndum, en margir með jarli.—Í Eyjunum var sveim-mikit um vetrinn, ok skildi á Austmenn ok Orkneyínga um kaup ok um kvenna-mál, ok mart varð þeim til. Bar

<sup>1</sup> ok tóku . . . segla] undu á segl  
sín, Fl.

<sup>2</sup> apr] fyrir, Fl.

<sup>3</sup> hlýrbirt] thus Lex. Run. s. v.;  
hlýrbjart, Cd.

<sup>4</sup> jafnast] sam-jafnast, Lex. Run.

jarl þar mikinn vanda at gæta til með þeim, er hvárir-<sup>A.D. 1150</sup>  
tveggju þóttust honum eiga allt gott at launa, ok all[s]<sup>-51.</sup>  
góðs frá honum verðir.—Frá þeim Eindriða er þat at  
segja, at þeir kómu við Hjaltland; ok braut hann þar  
it góða skip í spán, ok týndi miklu fê; en it minna  
skip hëlzt. Eindriði var um vetrinn á Hjaltlandi, ok  
sendi menn austr til Noregs, at láta gjöra sêr útfarar-  
skip.<sup>1</sup>

Maðr hêt Árni spýtu-leggr, skipverri Eindriða,<sup>2</sup> hann  
fór suðr í Orkneyjar of vetrinn ok þeir fêlagar tíu.  
Árni var ójafnaðar-maðr mikill, ok hraustr maðr.<sup>3</sup>  
Þeir fêlagar sátu á sínum kostnaði í eyju einni<sup>4</sup> of  
vetrinn. Árni kaupir malt ok slátr-fê at landseta Sveins  
Ásleifarsonar; en er hann heimti verðit, dró Árni þat  
undan. Ok í annat sinn er hann heimti, vóru honum  
goldin afaryrði; ok áðr þeir skildi, laust Árni hann  
öxarhamars-högg; ok mælti þetta: “Far nú, ok seg  
“garpnum Sveini<sup>5</sup> er þú hætir jafnan, ok lát hann rêtta  
“þinn hlut; eigi muntu meira við þurfa.” Húsbónd-  
inn fór, ok segir Sveini, ok bað at hann mundi rêtta  
hlut hans. Sveinn svarar fá um, ok lèzt engu kunna  
at heita um þat. Þat var einn dag um várit, at  
Sveinn fór at landskyldum sínum; þeir vóru fjórir á  
áttæringi.<sup>6</sup> Leið þeirra lá hjá eyju þeirri, er þeir Árni 336.  
sátu í; ræddi hann um Sveinn, at þeir mundi at  
leggja; en fjara var á mikit. Sveinn gekk up [einn],  
ok hafði hand-öxi í hendi ok ekki fleira vápna.<sup>7</sup>  
Hann bað þá gæta skips, svá at eigi fjaraði uppi.  
Þeir Árni sátu í skemmu einni skamt frá sænum.  
Sveinn gekk til skemmunnar, ok inn. Þeir Árni vóru  
þar inni fimm, ok heilsuðu Sveini; hann tók  
kveðju þeirra, ok ræddi um við Árna, at hann skyldi

<sup>1</sup> *útfarar-skip*] austrfarar-skip, Fl.

<sup>2</sup> *Eindriða*] Erlends, Fl. (badly).

<sup>3</sup> *maðr*] ok harðráðr, add. Fl.

<sup>4</sup> *í eyju einni*] om. Fl.

<sup>5</sup> *garpnum Sveini*] *garpnum*  
þeim, Cd.; *kappanum Sveini*, Fl.

<sup>6</sup> *áttæringi*] so also Tr.; *teinær-*  
*íngi*, Fl.

<sup>7</sup> *ok ekki fleira vápna*] add. Tr.,  
Fl.; instead of *handoxi*, Fl. reads  
*öxi cina á lágu skapti*.

A.D.  
1150-51.  
(Winter.)

greiða mál hans búandans. Árni kvað gott tóm at því vera. Sveinn bað hann gjöra fyrir sín orð, at greiða málit. Árni kvaðst þar ekki mundu fyrir gjöra. Sveinn kvaðst lítils mundu um beiða; ok í því setti hann öxina í höfuð Árna svá at á hamri stóð, ok varð honum laus öxin. Sveinn hljóp út; en förumantar Árna tóku til hans, en sumir hljópu eptir Sveini ofan á leiruna. Hljópu þeir svá eptir fjörinni, ok varð einn<sup>1</sup> skjótastr. Var þá [í] hendíngum með þeim Sveini. Þönglar stórir lágu í fjörinni í leirinu.<sup>2</sup> Sveinn greip upp einn þöngulinn, ok rak í andlitið þeim er næst honum var með leirinu öllu. Þessi greip til augnanna báðum höndum, ok þerði ór leirinn.<sup>3</sup> En Sveinn dró undan til skips síns, ok fór heim í Gareksey til bús síns. Litlu síðarr fór Sveinn yfir á Nes at örindum sínum. Hann sendi orð Rögnvaldi jarli, at hann skyli sættast á víg Árna spýtu-leggs. Ok þegar er honum kómu þessi orð, stefndi hann til sín öllum þeim, er eptirmál áttu um víg Árna; ok samdi við þá, svá at þeim hugnaði; ok hêlt sjálfr bótum upp. Marga úspekt aðra bætti jarl með sínu fê, þá er þar var gjör of vetrinn bæði af Austmönnum

338. ok Orkneyíngum, þvíat þeir höfðu all-illa saman gengit.<sup>4</sup> Um várit snemmendis stefndi jarl þíng fjölment í Hrosseyju; kómu þangat til allir höfðíngjar, þeir er vóru í ríki hans. Gjörði hann þá bert fyrir þeim, at hann ætlaði ór landi út til Jórsala-heims; segir at hann mundi ríki sitt í hendr fá Haraldi jarli Maddaðarsyni frænda sínum. Bað hann þess, at allir skyldu fylgja honum sem manndómiligast, hvers sem hann kunní við at þurfa, meðan hann væri í brottu. Haraldr jarl var þá nær tvítögum manni. Hann var mikill maðr vexti, ok sterkr, ljótr maðr ok vel vitr, ok þótti mönnum hann vænligr til höfðíngja. Þor-

<sup>1</sup> *einu*] thus Tr. : hann, Cd.

<sup>2</sup> *leirinu*] leirinum, Cd.

<sup>3</sup> *leirinu*] better, leirit.

<sup>4</sup> *þvat . . gengit*] om. Fl.

Þjörn klerkr hafði þá mest landráð með honum fyrst A.D. 1151.  
er Rögnvaldr jarl fór ór Orkneyjum.<sup>1</sup> (Summer.)

91. Rögnvaldr jarl bjóst um sumarit ór Orkneyjum; ok varð heldr síð-búinn; þvíat þeir urðu lengi at bíða Eindriða, er skip hans kom eigi austan ór Noregi þat er hann hafði gjöra látið um vetrinn.<sup>2</sup> En er þeir vóru búinir, hældu þeir á brott ór Orkneyjum fimtán stór-skipum. Þessir vóru þar skipstjórnar-menn: Rögnvaldr jarl, Viljalmr biskup, Erlíngr skakki, Áslákr Erlendsson, Guðþormr, Mjólu-Kollr af Hálogalandi,<sup>3</sup> Magnús Hávarðsson, Sveinn Hróaldsson, Eindriði úngi, Jón Petrsson fótr;<sup>4</sup> ok þeir fimm er eigi eru nefndir; þeir vóru menn Eindriða.<sup>5</sup> Þeir sigldu ór Orkneyjum, ok suðr til Skotlands, ok svá til Englands. Ok er þeir sigldu fyrir Norðimbraland fyrir Humruminni<sup>6</sup> kvað Ármóðr vísu:<sup>7</sup>

“ Hrönn var fyrir Humru-mynni,<sup>8</sup>

háleit þar er vèr beitum;

“ sveigir lauk, en lægjast

lönd fyrir Veslu-söndum:<sup>9</sup>

“ Eigi drífr í augu

alda laudri faldin

“ (drengr ríðr þurr<sup>10</sup> af þíngi)

þeim er nú sitr heima.”

340.

Þeir sigldu þaðan suðr fyrir England ok til Vallands. Ekki er sagt frá ferðum þeirra, fyrr en þeir koma til

<sup>1</sup> Þorbjörn . . . Orkneyjum] om. Fl.

<sup>2</sup> þat . . . vetrinn] om. Fl.

<sup>3</sup> Mjólu-Kollr af Háloga-landi] thus MO., ep. ch. 89; myklu kollr, Cd.

<sup>4</sup> Jón Petrsson fótr] om. Fl.; add. MO.; making up the ten captains who were to be named.

<sup>5</sup> þeir vóru menn Eindriða] add. Tr.

<sup>6</sup> fyrir . . . minni] add. Tr.; Hveru-minni (!), Fl.

<sup>7</sup> Tr. thus:—de seglede synden for Skotland oc Nordymbreland, dernest for England, oc siges der intit om deris reise, sqq., omitting the verse.

<sup>8</sup> Humru-mynni] so also MO.; Hverumynni, Wearmouth, Fl. (badly).

<sup>9</sup> Veslusöndum] Vetu-söndum, MO., perhaps better; Veizlu-söndum, Fl.

<sup>10</sup> þurr] so also MO.; þrátt, often, Fl. (badly).

A.D. 1151. sæborgar þeirrar er Narbon<sup>1</sup> hêt. Þar var þat til (Autumn.) tíðinda, at jarl sá, er fyrir hafði ráðit staðnum, var andadr; hann hêt Germanus.<sup>2</sup> Hann átti eptir dóttur eina únga ok fríða er Ermingerðr hêt. Hon varðveitti þá föðurleifð sína með ráði inna göfgustu manna, frænda sinna. Þeir gjörðu þat ráð með drotníngu, at hon skyldi bjóða jarli til veizlu virðiligrar; sögðu at við þat mundi hon fræg verða, ef hon fagnaði vel svá göfgum mönnum þeim er svá langt vóru til komnir, ok enn mundu víða bera frægð hennar. Drotníng bað þá fyrir þessu sjá. Ok er þetta var ráðit fyrir þeim, vóru sendir meun til jarls, ok sagt at drotníng byði honum til veizlu með svá mikit fjölmenni sem hann vill til hafa sótt. Jarl tók því þakksamliga; valdi hann allt lið sitt it bezta til þessar ferðar með sèr. Ok er þeir kómu til veizlunnar, var þar inn bezti fagnaðr, ok engi hlutr sparaðr til sá er jarli var þá meiri sómi en áðr. Þat var einn dag er jarl sat at veizlunni, at drotníng gekk inn í höllina, ok margar konur með henni; hon hafði borðker í hendi af gulli. Hon var klædd inum beztum klæðum, hafði laust hárit, sem meyjum er títt at hafa, ok hafði lagt gullhlað

342. um enni sèr. Hon skenkti jarli; en meyjarnar lèku fyrir þeim. Jarl tók hönd hennar með kerinu, ok setti hana í knè sèr; ok töluðu [þau] mart<sup>3</sup> um daginn. Þá kvað jarl vísu:

“ Víst er at frá ber flestu  
Fróða meldrs at góðu

“ vel-skúfaðra vífa<sup>4</sup>

vöxtr þinn, konan svinna:

“ Skorð lætr hár á herðar  
hauk-vallar sèr falla

<sup>1</sup> *Narbon*] thus MO.; ñbon, Cd.; Nerbon, Fl.; Narbona, Tr. Edit. Havn. has badly “Verbon.”

<sup>2</sup> *Germanus*] so also MO.; Geirbjörn, Fl. (badly).

<sup>3</sup> *mart*] lengi, MO.

<sup>4</sup> *Fróða . . . vífa*] fegrð þín konan svinna, vel skapaðra, MO., erroneously, by way of repetition.

“ (át-gjörnum rauð ek erni  
ilka) gult sem silki.”

A.D. 1151.

Jarl dvaldist þar mjök lengi í all-góðum fagnaði. Staðar-menn fýstu jarl at staðfestast þar; ok mæltu mjök á veðr<sup>1</sup> um, at þeir mundi gipta honum frúna. Jarl kvaðst fara vilja ferð þá, er hann hafði ætlat; en kvaðst koma mundu þar, er hann færi aptr; ok mundu þau þá gjöra ráð sín sem þeim líkaði. Eptir þat lýst jarl á brott þaðan með föruneyti sínu. Ok er þeir sigldu vestr<sup>2</sup> fyrir Þrasnes, hafa þeir byr góðan. Sátu þeir þá ok drukku ok vóru all-kátir. Þá kvað jarl vísu:

“ Orð skal Ermingerðar  
ítr drengr muna lengi,  
“ brúðr vill rökk<sup>3</sup> at ríðim  
Rán-heim til Jórdánar:  
“ En er aptr fara runnar  
unn-viggs of haf sunnan  
“ rístum heim at hausti  
hval-frón til Nerbónar.”<sup>4</sup>

Þetta kvað Ármóðr:

“ Ek mun Ermingerði,  
nema önnur<sup>5</sup> sköp verði,  
“ (margr elr sorg<sup>6</sup> of svinna),  
síðan allðri finna:  
“ Væra ek sæll ef ek svæfa  
(sýn væri þat gæfa)  
“ (brúðr hefir all-fagrt enni)  
eina nótt hjá henni.”

344.

Oddi inn litli kvað vísu:

“ Trautt eru vèr, sem ek vætti,  
verðir Ermingerðar;

<sup>1</sup> mæltu . . veðr] töluðu líkliga,  
Fl.

<sup>2</sup> vestr] austr, Fl. (badly).

<sup>3</sup> rökk] rök, MO.

<sup>4</sup> Nerbónar] thus MO.; Nerbu-  
nar, Cd.

<sup>5</sup> önnur] annars, MO.

<sup>6</sup> sorg] sít, MO.

A.D. 1151.  
(Autumn.)

“ veit ek at horsk má heita  
hlað-grund konúgr sprunda :  
“ Þvíat<sup>1</sup> sómir bil bríma<sup>2</sup>  
bauga-stalls at allu  
“ (hon lifi sæl und sólar  
setri) miklu betra.”<sup>3</sup>

92. Þeir fóru þar til er þeir kómu vestr á Galizuland of vetrinn<sup>4</sup> fyrir Jól; ok ætluðu þar at sitja of Jólin. Þeir leituðu við landsmenn, at þeir mundi setja þeim torg til matkaupa; þvíat landit var skarpt; ok illt<sup>5</sup> matland; ok þótti landsmönnum þúngt at fæða þar her mannz.<sup>6</sup> En þar var þat tíðinda, at í landinu sat höfðingi sá, er þar var útlendr, í kastala einum; ok hafði á landsmönnum pyndingar miklar. Hann herjaði á þá [þegar], ef þeir játtu eigi öllu því er hann beiddi; bauð hann þeim it mesta ofríki ok kúgan. Ok er jarl leitaði eptir við landsmenn of matkaup, gjörðu þeir honum þann kost, at þeir mundi setja þeim torg framan til Föstu, en þeir skyldi<sup>7</sup> ráða af höndum þeim kastala-mennina<sup>8</sup> með nokkuru móti; ok skyldi Rögnvaldr jarl bjóta straum fyrir, at hafa fê allt þat er fengist af þeim. Þetta berr jarl upp fyrir sína menn, ok leitaði ráðs við þá hvern upp skal taka. En flestir voru fúsir at leita<sup>9</sup> á kastala-menn, ok þótti 346. þat vænligt til fê-fanga.<sup>10</sup> Ok gengu þeir Rögnvaldr jarl at þeim kosti við landsmenn. En er leið at Jólum<sup>11</sup> kallar jarl sína menn á tal ok mælti: “ Nú höfum vèr

<sup>1</sup> Þvíat] so also MO.; Þat, Fl. (less rightly).

<sup>2</sup> bríma] báru, MO.

<sup>3</sup> betra] MO.; betri, Cd.

<sup>4</sup> of vetrinn] thus MO.; v. náttum, Fl. (badly).

<sup>5</sup> þvíat . . illi] MO.; en þat er ill (sic), Cd.

her mannz] MO.; her svá margan, Cd.

<sup>7</sup> skyldi] Here is a blank in 325; the text is now taken from the Fl.

<sup>8</sup> ráða . . mennina] thus MO., in accordance with the Tr.; corrupted in Fl.: en þeir skyldi þó ráða við þá öðrum hlutum.

<sup>9</sup> at leita] add. Lex. Run. s. v. ván.

<sup>10</sup> fê-fanga] Lex. Run. s. v. vón; fanga, Cd.

<sup>11</sup> leið at Jólum] emend.; see below “ var komit fram at Jólum;” á leið Jólin, Fl.



“ setið hær um hríð, ok höfum ekki átt við kastala- A.D. 1151.  
 “ menn; en landsmenn letjast heldr á kaupum við oss; (The Yule)  
 “ þykki mér sem þeir hugsi at þat verði lokleysa, sem Dec.  
 “ vèr hætum þeim; er þat þó ekki drengiligt, at leita  
 “ ekki við þat er vèr höfum heitið. Nú vil ek, Erlíngr  
 “ frændi,<sup>1</sup> hafa ráð við yðr hvern veg vèr skulum vinna  
 “ kastalann; þvíat ek veit at þær eru hær ráðagjörðar-  
 “ menn mestir; en þó vil ek þess biðja þá menn sem  
 “ hær eru, at hverr leggi til þat er líkligast er at  
 “ dugi.” Erlíngr svaraði ræðu jarls: “ Eigi vil ek  
 “ þegja við yðru boði; en engi em ek ráðagjörða-  
 “ maðr; er ok heldr at kveðja at þessu þá menn, er  
 “ fleira hafa sèt, ok vanari er[u] slíkum ferðum; sem  
 “ er Eindriði úngi. En hær mun fara sem mælt er, at  
 “ ‘ Skjóta mun verða til fugls áðr fáí.’ Megum vèr  
 “ ok freista at gefa til nokkut ráð, fyrir hvat sem kemr.  
 “ Skulum vèr í dag, ef yðr sýnist þat eigi úráðligt  
 “ eðr öðrum skipstjórnar-mönnum, ganga til skógar  
 “ allir; ok beri hverr þjár axl-byrðar á baki undir  
 “ kastalann; þvíat mér lízt svá sem límit muni eigi  
 “ traust vera, ef mikill eldr er at borinn. Skulum vèr  
 “ svá láta ganga þjá daga hina næstu, ok sjá hvat at  
 “ skipast.” Þeir gjörðu sem Erlíngr bauð. Ok er því  
 starfi var lokit, var komit fram at Jólum. Vildi biskup  
 eigi láta þeim atgöngu veita meðan Jóla-hátíðin stæði  
 yfir.

Sá höfðingi hæt Guðifreyr er kastalann bygði; hann  
 var vitr maðr, ok hniginn nokkut á aldr. Hann var  
 klerkr góðr, ok hafði farit víða, ok kunni margar tún-  
 gur. Hann var maðr ágjarn, ok újafnaðar-maðr mikill.  
 Hann kallar saman menn sína, er hann sá tiltekjur 348.  
 þeirra, ok mælti við þá: “ Þetta ráð sýnist mér vitr-  
 “ ligt, ok oss skaðsamligt, er Norðmenn hafa upp  
 “ tekit; mun oss svá gefast, ef eldr er at borinn, at  
 “ stein-veggrinn mun vera útraustr um kastalann, en

<sup>1</sup> Erlíngr frændi] add. Tr.

- A.D. 1151. “ Norðmenn sterkir ok hraustir; munu vèr eiga ván  
 Dec. “ af þeim snarprar orrostu, ef þeir komast í færi; vil  
 “ ek nú ráðast um við yðr hvern upp skal taka í  
 “ þessum vanda sem [at] oss er fallinn.” En hans menn  
 allir báðu hann fyrir sjá. Þá tók hann til orða: “ Þat  
 “ er hit fysta mitt ráð: at þèr skulut knýta um mik  
 “ snæri, ok láta mik síga ofan fyrir kastala-vegginn  
 “ í nótt.<sup>1</sup> Skal ek hafa vánd klæði, ok fara í herbúðir  
 “ Norðmanna, ok vita hvers ek verða viss.” Þetta  
 var ráð tekit, sem hann sagði fyrir. Ok er Guðifreyr  
 kom til Rögnvalds jarls, ok sagðist vera stafkarl einn,  
 ok mælti á Völsku; þat skildu þeir helzt. Hann fór  
 um allar búðir, ok bað sèr matar. Hann skildi at  
 með Norðmönnum var öfund mikil ok sveitar-dráttir;  
 var Eindriði fyrir annarri en jarl fyrir annarri. Guði-  
 freyr kom til Eindriða; ok kom sèr í tal við hann;  
 kærði hann fyrir honum, at höfðingi sá er kastalann  
 hèlt hefði sent hann þangat; “ Vill hann eiga við þik  
 “ fèlagskap; ok væntir þess, at þú munir honum grið  
 “ gefa, ef kastalinn verðr unninn; ann hann þèr betr  
 “ gersima sinna, ef þú vilt slíkt á mót leggja, en þeim  
 “ er hann vilja hafa at dauða-manni.” Slíkt töluðu  
 þeir ok mart annat. En jarl var leyndr; fór þetta  
 allt af hljóði í fyrstu. Ok er Guðifreyr hafði dvalizt  
 um hríð með jarls-mönnum, þá snöri hann aptr til  
 sinna manna. En því fluttu þeir ór kastalanum ekki  
 350. þat er þeir áttu, at þeir vissu eigi hvárt atlagan mundi  
 takast; þeir máttu ok ekki trúa landsfólkinu.

- A.D. 1152. 93. Þat var tíunda dag Jóla, er Rögnvaldr jarl stóð  
 Jan. upp. Var veðr gott. Bað hann þá menn sína vápnast,  
 ok lét blása liðinu upp [til] kastalans. Drógu þeir<sup>2</sup>  
 þá viðinn at, ok hlóðu bál umhverfis veggina. Skipaði  
 jarl mönnum til atgöngu, hvar hverigir skyldu at  
 ganga. Jarl gengr at sunnan með Orkneyínga; Erlíngr

<sup>1</sup> í nótt] add. Tr.: i nat.

| <sup>2</sup> þeir] MO.; þar, Cd.

ok Áslákr vestan; Jón ok Guðþormr austan; Eindriði <sup>A.D. 1151.</sup>  
 úngi norðan, með sínar sveitir.<sup>1</sup> Ok er þeir vóru búnir <sup>(Jan.)</sup>  
 til atsóknar, slógu þeir eldi í bálið.<sup>2</sup> Þá kvað jarl.<sup>3</sup>

“ Vín bar hvítt hin hreina  
 hlað-nipt alin-driptar;  
 “ sýndist fegrð, er fundust  
 ferðir, Ermingerðar:  
 “ Nú tegask öld með eldi  
 eljun-frækn at sækja  
 “ (ríða snörp or slíðrum  
 sverð) kastala-ferðir.”

Þeir taka nú at sækja fast at bæði með eldi ok vápn-  
 um. Skutu þeir þá hart í virkit; þvíat eigi mátti  
 annarri atsókn við koma. Kastala-menn stóðu laust á  
 veggnum; þvíat þeir urðu at gæta sín við skotum.  
 Þeir steyptu ok út brennanda biki ok brennu-steini;  
 ok varð jarls-mönnum lítið mein at því. Fór þat svá  
 sem Erlíngr gat, at kastala-veggurinn hrundi fyrir  
 eldinum, er límit þoldi eigi; ok urðu á stór hlið.  
 Sigmundur öngull hét hirðmaðr jarls; hann var stjúp-  
 son Sveins Ásleifar-sonar; hann var drengiligr maðr, ok  
 þó eigi allt full-vaxinn.<sup>4</sup> Hann sótti einna manna fastast <sup>352.</sup>  
 at kastalanum, ok gekk jafnan fram fyrir jarlinn.<sup>5</sup>  
 Ok er atsókn hafði verit um hrið, þá hrukku allir  
 menn af kastala-veggnum. Veðr var á af suðri, ok  
 lagði reykin at þeim Eindriða. Ok þá er eldrinn  
 tók sem fastast at sækja, lét jarl bera vatn í, ok kæla

<sup>1</sup> með sínar sveitir] add. MO.

<sup>2</sup> slógu . . bálið] add. MO.

<sup>3</sup> In the verses we, as usual, follow MO., the Fl. being very corrupt, e. g. ‘skögul dripta,’ ‘fögr er fundumst ferðum,’ ‘eiknum fremr.’

<sup>4</sup> hirðmaðr . . . vaxinn] thus

MO. and Tr. . In Fl. corrupt and maimed, — Sigmundur öngull hét maðr stjúpson jarls; hann sótti, etc.

<sup>5</sup> hann var þá varla roskinn, add. Fl., being a part of the sentence, which was left out above.

A.D. 1152. grjótið þat er brunnit var. Ok var þá hvíld á atsók-  
(Jan.) ninni.<sup>1</sup> Rögnvaldr jarl kvað þá vísu:<sup>2</sup>

“ Muna mun ek Jól þau er ólumst  
anstr gjaldkera braustum,  
“ Ullr! at Egða-fjöllum  
und-leygs<sup>3</sup> með Sölmundi:  
“ Nú göri’g enn of önnur  
jafn-glaðr sem ek var þaðra  
“ sverðs at sunnan-verðum  
svarm kastala-barmi.”

Ok enn kvað hann:

“ Unða ek vel þá er vauðisk  
vín-eik tali mínu,  
“ (gæfr var ek Völsku vífi)  
vánar-laust á hausti:  
“ Nú göri’g enn, þviat nunnum  
ætt-góðu vel fljóði,  
“ (grjót verðr laust at láta  
lím-sett) ara mettan.”

Þá kvað Sigmundur öngull:

“ Ér berit apir er órar<sup>4</sup>  
orð þau skögul borða  
“ fjall-rifs fægi-þellu  
fley-vangs til Orkneyja:  
“ At engr þar er slög súngu  
seggr und kastala vegg[um],  
“ ár þótt ellri væri  
ítr drengr framarr gengi.”

354. Eptir þat ræð jarl til uppgöngu ok Sigmundur öngull.  
Varð þar lítil viðrtaka; ok kómust þeir í kastalann.  
Var þar mart manna drepit; en þeir er lífit þágu, gáfu

<sup>1</sup> ok kæla . . . atsókninni] ok kæla grjótið þar er runnit (thus) var, aðr þeir réðu til uppgöngu. Eu meðan hvíldin var, kvað jarl vísu þessa, MO. (better?).

<sup>2</sup> In these verses, too, we follow MO., the Fl. being corrupt,—thus,

‘ólum’ for ‘ólumst,’ ‘um aðra’ ‘jafnlengd sem ek var þeirra,’ ‘ge-’ ‘finn’ for ‘gæfr’ (*gefr*, MO.), ‘eir’ for ‘ár.’

<sup>3</sup> und-leygs] undlögs, MO.

<sup>4</sup> órar] emend.; várar, MO.

sik upp í vald jarli. Þar tóku þeir mikit fê; en ekki A.D. 1152.  
fundu þeir höfðingjann, ok nær enga dýrgripí. Var þá þegar mikil umræða, hversu Guðifreyr mundi hafa undan komizt. Höfðu þeir þá þegar hinn mesta grun á Eindriða únga, at hann mundi honum hafa undan skotið, ok mundi hann hafa farit brott með reykt til skógar.

Eftir þetta dvöldust þeir Rögnvaldr jarl skamma stund á Galieiu-landi; ok hældu vestr fyrir Spán. Þeir herjuðu víða um Spánland hit heiðna, ok fengu þar mikit fê. Þeir runnu upp í þorp eitt, sem jarl sagði þeim.<sup>1</sup> En þeir er bygðu þorpit, hljópu saman ok ræðu til bardaga. Var þar hart viðmám, ok flýðu landsmenn at lyktum, en mart var drepit. Þá kvað jarl vísu:

“ Væni'g,<sup>2</sup> (út á Spáni  
var skjótt rekinn flótti,  
“ flýði margr af mæði  
men-lundr) konu fundar:  
“ Því erum vær at vóru  
væn hljóð kveðin þjóðum,  
“ (valr tók völl at hylja)  
verðir Ermingerðar.”

Eftir þat sigldu þeir vestr<sup>3</sup> fyrir Spáu, ok fengu þar storm mikinn; ok lágu þar þrjá daga um akkeri, svá at þeir höfðu all-mikit vás; ok lagði nær at þeir mundi brjóta skipin. Þá kvað jarl:<sup>4</sup>

“ Skalk-a-ek hryggr í hreggi,  
hlín! meðan strengr ok lína  
“ svörðr fyrir snekkju borði  
sal-teigar brestr eigi:

<sup>1</sup> *sem . . . þeim*] add. Tr.

<sup>2</sup> MO. omits this verse; it is somehow wrong, but having only the Fl., we have no means, save conjecture, to restore it.

<sup>3</sup> *vestr*] út, Tr.: ud for Spaniam, perhaps better.

<sup>4</sup> In the following verse the Fl. has many errors, — ‘suðr’ and ‘sveðju’ for ‘svörðr’ ‘snekkju,’ ‘svalteigar’ for ‘sal-teigar,’ ‘beint’ ‘nam’ for ‘því ræð.’

A.D. 1152.  
356.

“ Því ræð ek hvít at heita  
hör-skorð, er ek fór norðan,  
“ (vindr berr snart at sundi  
súð-mar,)<sup>1</sup> konu prúðri.”

Eptir þat undu þeir segl sín, ok beittu út at Nörva-  
sundum all-þveran<sup>2</sup> byr. Þá kvað Oddi hinn litli:<sup>3</sup>

“ Hafði hollvinr lofða  
hinn er mjöð drekkri inni  
“ sunda-logs með sveigi  
sjau dægr muni hægri:  
“ En ríklundaðr rendi<sup>4</sup>  
Rögnvaldr með lið skjaldat  
“ hesti halli glæstum  
hlunns at Nörva-sundum.”

Ok er þeir beittu at sundinu, kvað jarl vísu:<sup>5</sup>

“ Vindr hefir Völsku sprundi  
vetrar-stund frá mundum  
“ (út berum ás at beita)  
austrænn skotið flaustum:  
“ Verðum vèr at gyrða  
vánar-hart fyrir Spáni,  
“ (vindr rekr snart at sundi  
Sviðris) við rá miðja.”

Þeir sigldu í gegnum Nörva-sund, ok tók þá at hægja  
veðrit. Ok þá er þá bar ór sundunum, þá skildist  
Eindriði úngi frá föruneyti jarls með sex skipnum.  
Sigldi hann yfir hafit til Marseliar; en þeir Rögnvaldr  
jarl lágu eptir við sundin; ok töluðu menn mart um,  
at Eindriði hefði nú sjálfir skírslu til gjört, hvárt hann  
hefði Guðifrey undan komit. Jarl lét þá vinda segl

<sup>1</sup> *súðmar*] Fl.; súð mannz, MO.

<sup>2</sup> *allþveran*] MO.; thi vinden  
vaar dennem möget paa side, Tr.;  
all-fagran, Fl. (badly).

<sup>3</sup> *hinn litli*] add. MO.

<sup>4</sup> *rendi*] reyndi, MO.

<sup>5</sup> MO. omits this verse; we have  
therefore only the Fl. to rely on;  
the verse is evidently somehow cor-  
rupt.

sín, sigldu þeir á haf, ok stefndu hit syðra með Serk-landi.<sup>1</sup> Þá kvað Rögnvaldr jarl :<sup>2</sup> A.D. 1152.  
358.

“ Landi vikr (en leika  
lögr tær á við fögrum,  
“ síð mun<sup>3</sup> seggr at hróðri  
seina) norðr at einu :  
“ Þenna rist ek með þunnu  
(þýtr jarðar-men) barði  
“ einum út frá Spáni  
öfund-krók í dag hróki.”

Ekki er getið um ferð þeirra jarls, fyrr en þeir koma suðr fyrir Serkland ; ok lágu í nánd Sardíunar-ey ; ok vissu ekki til landa. Þann-veg var veðri farit, at á lögðust logn mikil, þokur ok silægjur ;<sup>4</sup>—þá var ljós nótt,<sup>5</sup>—ok sá þeir nær ekki frá skipum, ok fórst þeim því seint. Þat var einu morgin at af lypti þokunni. Stóðu menn upp, ok lituðust um. Þá spurði jarl, ef menn sæi nökkut tíðenda. Þeir kvóðust ekki sjá, nema eyjar tvær, lítlar ok sæbrattar.<sup>6</sup> Ok er þeir sá til eyjanna í annat sinn ; þá var horfin önnur eyin. Þetta sögðu þeir jarli. Hann tók til orða : “ Þat munu “ engar eyjar verit hafa ; þat munu vera skip þau er “ menn hafa út hingat í heim, er þeir kalla Drómunda ; “ eru þau skip svá mikil sem hólmar til at sjá. En “ þar er annarr drómundrinn hefir legit, þar mun “ lagzt hafa á<sup>7</sup> vindr á hafit, ok munu þeir hafa siglt “ á brott. En þessir munu vera farandi menn ; annat- “ hvárt kaupmenn, eðr fara annan veg at örendum

<sup>1</sup> með *Serklandi*] með Africa, þat köllu vèr Serkland hit Mikla, MO.

<sup>2</sup> The Fl. is very corrupt ; ‘lauka’ for ‘leika,’ ‘þítt’ for ‘þýtr,’ ‘fyrir’ for ‘frá.’

<sup>3</sup> ek, add. MO.

<sup>4</sup> *silægjur*] thus emend. ; qs. *silægjur*, *sil* cp. Goth. *ana-silan* ; Lat. *silere* ; and *ægir* ; *silægja* means *calm sea, dead ealm* ; *sægjur*, Fl.

The word is still used in Iceland, and pronounced *silægja*.

<sup>5</sup> Þá . . *nótt*] add. MO., Tr. (read, þó var ljós nótt?) ; in the preceding sentence MO. reads “ þokur stórar,” omitting “ sælægjur.”

<sup>6</sup> Þá spurði . . *sæbrattar*] thus MO., in accordance with the Tr. ; Fl. corrupt,—ok sá þeir tvær eyjar, ok . . .

<sup>7</sup> á] add. MO.

A.D. 1152. " sínum."<sup>1</sup> Eptir þat lætr jarl kalla til sín biskup ok alla skipstjórnar-menn. Tók hann þá til orða: " Yðr  
 " kveð ek at þessu, herra biskup, ok Erlíng frænda  
 " minn: Sjái þèr nokkut ráð eðr efni vár, at vèr  
 " .megim nokkurn sigr á þeim vinna, er á drómund-  
 " inum eru?" Biskup svarar: " Torvelt get ek yðr  
 " verða at leggja langskipin undir drómundinn, þvíat  
 360. " þèr munut eigi geta betr en krækt breiðöxi<sup>2</sup> á  
 " borðit; en þeir munu hafa brennu-stein ok vellanda  
 " bik, at færa undir fætr yðr ok yfir höfuð. Megu  
 " þèr sjá, jarl, svá vitr sem þèr erut, at þat er hin  
 " mesta úfæra at leggja lið sitt ok sjálfan sik í svá  
 " mikla hættu." Þá tók Erlíng til orða: " Herra  
 " biskup," segir hann, " líkligt er þat, at þèr munit  
 " þetta gjörst kunna at sjá, at úsigrvænligt mun vera  
 " at leggja at þeim. En þann veg hyggst mèr at, þótt  
 " vèr freistim at leggja undir drómundinn, at mèr  
 " þykkir vera mega, at hinn mesta vápna-burðinn  
 " beri út af skipunum várum, ef vèr síbyrðum við.  
 " En ef eigi er svá, þá megum vèr skjótt frá leggja,  
 " þvíat þeir munu ekki elta oss á drómundinum." Jarl tók til orða: " Þetta er drengiliga mælt, ok nær  
 " mínu skaplyndi. Vil ek þat nú bert gjöra fyrir  
 " skipstjórnar-mönnum ok allri alþýðu, at hverr maðr  
 " skal búast í sínu rúmi, ok vápna sik með hinum  
 " beztum fögum. Síðan skulum vèr leggja at þeim.  
 " En ef þeir eru kristnir kaupmenn, þá er kostr at  
 " gjöra frið við þá; en ef þeir eru heiðingjar, sem  
 " mik varir, þá mun almáttigr guð vilja veita oss þá  
 " miskunn, at vèr munum vinna sigr<sup>3</sup> á þeim. En  
 " af herfangi því er vèr fám, þar skulum vèr fá fá-  
 " tækum mönnum hinn fimmtöganda<sup>4</sup> penning." Eptir

<sup>1</sup> *farandi . . . eyrendum sínum*] thus Lex. Run. s. v. *eyrendi*, in accordance with the Tr. In Fl. corrupt,—*nokkurs framandi menn*.

<sup>2</sup> *breiðöxi*] MO., Tr.; *brandöxi*,

Fl. (badly),—a word occurring nowhere else.

<sup>3</sup> *at vèr . . . sigr*] at vèr sigrunz, MO.

<sup>4</sup> *fimmtöganda*] *fimmtögunda*, MO.



þat brutu menn upp vápn sín, ok víg-gyrðluðu skip A.D. 1152. sín, ok hjoggust um eptir þeim efnum, sem þeir höfðu til. Skipar jarl til, hvar hverigir skyldu at leggja. Greiddu þeir þá atróðr, ok lögðu at sem vaskligast.

94. En er þeir sá þat, er á drómundinum vóru, at skipin röru at þeim, ok menn ætluðu til atsóknar við þá, tóku þeir pell ok dýrgripi, ok báru út á borðin, 362. ok gerðu þá háreysti mikít; ok þótti jarls-mönnum sem þeir eggjaði Norðmenn á hendr sèr. Rögnvaldr jarl lagði sitt skip aptr með drómundinum á stjórn-borða, en Erlíngr á bak-borða aptr þar. Þeir Jón ok Aslákr [lögðu] fram á sitt borð hvár; en aðrir um mitt skip á bæði borð; ok síbyrðu við öllum skipunum. Ok er þeir kómu undir drómundinn, var hann svá borðhár at þeir máttu ekki vápnnum við koma. En þeir steyptu loganda brennu-steiní ok loganda biki yfir þá. Ok var þat svá sem Erlíngr gat til, at mestan vápna-burðinn bar út af skipunum; ok þurftu þeir ekki at hlífa sèr þannig er vissi inn at drómundinum. En þeir er vóru á annat borð, höfðu skjöldu yfir höfðum sér, ok hlífðu sèr þannig.<sup>1</sup> Ok er þeim ortist ekki á um sóknina, lagði biskup frá sitt skip ok tva[u] önnur; ok völdu þeir þan-gat bogmenn sína; ok lögðu þeir í skotmál, ok skutu þaðan á drómundinn; ok var sú þá mest atsóknin. Færðu þeir þá við hlífarnar; en hugsuðu lítt um hvat er þeir höfðust at, er undir drómundinn höfðu lagt. Rögnvaldr jarl hèt þá á síua menn, at þeir skyldu taka öxar sínar, ok höggva borðin á drómundinum þar er minst væri járna-farit á. En er menn á öðrum skipunum sá athöfn jarls-manna, tóku þeir ok slíkt ráð. Þar er þeir Erlíngr höfðu at lagt, hëkk akkeri

<sup>1</sup> *er vissi . . þannig*] add. Tr. : skínle dennem som var paa den side aff deris skibe som vende ind til dromunden; men de som vare paa den anden side, haafde skjolde, oc

holde dennem offuer deris hoffueder, oe bleffue de der med forvarede; om. Fl., evidently an homoteleuton, "hlífa sèr þannig" ('skjule dennem,' and 'forvarede' of the Danish).

A.D. 1152. mikit á drómundinum, ok var krækt fleininum<sup>1</sup> á borðit, en leggrinn vissi ofan at skipi Erlíngs. Auðunn hinn rauði hēt stafubúi Erlíngs; honum [var] lypt á akkeris-stokkinn. En síðan heimti hann [at] sèr fleiri menn, svá at þeir stóðu sem þeir máttu þreyngst á stökk-  
 364. inum, ok hjoggu þaðan borðin sem þeir máttu; ok var þat höggit miklu efst. Ok er þeir höfðu höggit svá stórar dyrr, at þeir máttu ganga inn í drómundinn, ræðu þeir þá til uppgöngu; ok kómu þeir jarl í hin neðri rúmin, en þeir Erlíngr í hin efri. Ok er hvárir-tveggju koma upp í skipit, verðr þar orrosta bæði mikil ok hörð. Á drómundinum vóru Saraceni.—Þat köllum vèr Maumets villumenn. Þar var mart Blámanna; ok veittu þeir hina hörðustu móttöku. Erlíngr fækk þar sár mikit á hálsinn við herðarnar, er hann hljóp upp í drómundinn. Þat græri svá illa, at hann bar jafnan hallt höfuðit síðan. Því var hann Skakkr kallaðr. Ok er þeir kómu saman, Rögnvaldr jarl ok Erlíngr, hrukku Saraceni undan fram í skipit, en jarls-menn gengu þá upp hverr at öðrum. Urðu þeir þá fleiri, ok gengu at fast. Þeir sá, at á drómundinum var einn maðr sá, at bæði var meiri ok fríðari en aðrir; þat höfðu Norðmenn fyrir satt, at sá mundi vera höfðingi þeirra. Rögnvaldr jarl mælti, at þeir skyldu eigi bera vápn á hann, ef þeir mætti öðru-vísi fá hann. Þá báru þeir skjöldu at honum; ok varð svá tekinn, ok færðr síðan á skip biskups, ok fáir menn með honum. Þeir drápu þar mart fólk,<sup>2</sup> ok fengu mikit fê, ok margar gersimar. Þá er þeir höfðu lokit hinu mesta starfi, settust þeir niðr, ok hvíldu sik. Þá kvað jarl þetta :

“ Erlíngr gékk, þar er okkur,  
 ógn-sterkr, ruðust merki,

<sup>1</sup> *fleininum*] *flelene*, plur., Tr.

<sup>2</sup> *Þeir drápu . . . mart fólk*]

MO.; en þeir drápu hvert maunc

bornu annat, Fl., which is evidently wrong. See 174, note 3; of the selling of the captives.

- “ frægr með fremð ok sigri  
fein-lundr at drómundi: A.D. 1152.
- “ Hlóðu vèr (en víða  
var blóð numit þjóðum, 366.
- “ sverð ruðu snjallir<sup>1</sup> fyrðar  
snörp) Blámanna görpum.”

Ok enn kvað hann :

- “ Nennu vèr at vinna  
(valfall má nú kalla)
- “ (ár hefir drengr í dreyra)  
drómund (roðit skjóma) :
- “ Þat mun norðr ok norðan  
nadd-regn konan fregna
- “ (þjóð beið ljót af lýðum  
líftjón) til Nerbónar.”

Menn ræddu um tíðindin þessi er þar höfðu gjörzt. Sagði þá hverr þat er sèt þóttist hafa. Ræddu menn ok um, hverr fyrstr hafði upp gengit á drómundinn,<sup>2</sup> ok urðu eigi á þat sáttir. Þá mæltu sunir, at þat væri úmerkiligt, at þeir hefði eigi allir eina sögn frá þeim stór-tíðindum. Ok þar kom, at þeir urðu á þat sáttir, at Rögnvaldr jarl skyldi ór skera; skyldu þeir þat allir flytja síðan.<sup>3</sup> Þá kvað jarl :

- “ Gekk á drómund dökkvan,  
(drengr røð snarr til fengjar)
- “ upp með ærnu kappi  
Auðunn fyrstr inn rauði :
- “ Þar náðu vèr þjóðar  
(því hefir aldar guð valdit ;
- “ bolr féll blár á þiljur)  
blóði vápn<sup>4</sup> at rjóða.”

Þá er þeir höfðu ruddan drómundinn, þá lögðu þeir í hann eld, ok brendu. Ok er þat sá maðrinn, sá hinn

<sup>1</sup> *snjallir*] Fl.; snarpir, MO. (re-  
peating).

<sup>2</sup> *á drómundinn*] add. MO.

<sup>3</sup> *síðan*] add. MO.

<sup>4</sup> *vápn*] Fl.; völl, MO. (the en-  
gagement being on the sea!).

A.D. 1152. mikli, er þeir höfðu hertekit, brá honum við mjök, ok gjörðist litverpr, ok mátti sik eigi kyrran hafa. En þó at þeir leitaði orða við hann, þá mælti hann ekki, 368. ok engan veg bendi hann; ok ekki brá hann sèr við, hvárt er þeir hētu honum góðu eðr illu. En þá er drómundrinn tók at loga, sá þeir at svá sem logandi stór<sup>1</sup> hlypi í sjóinn. Þat fékk mikils hinum hertekna manni. Þat höfðu þeir fyrir satt, at þeir hefði úvandliga leitað fjárins; ok nú hefði runnit málmrinn í elds-ganginum, hvárt er verit hefði gull eðr silfr. Þeir Rögnvaldr jarl sigldu þaðan suðr undir Serkland; ok lágu undir sæborg<sup>2</sup> einni, ok gjörðu þar sjau náttu gríð við staðar-menn; ok áttu við þá kaup, ok seldu þeim mans-fólk.<sup>3</sup> Engi maðr vildi kaupa hinn mikla mann. Ok eptir þat gaf jarl honum fararleyfi við fimta mann. Hann kom ofan um morgininn eptir með sveit manna, ok sagði þeim, at hann var öðlingr af Serklandi, ok hafði þaðan verit leyst með drómundinum ok öllu því fè er þar var á. Lèzt honum ok þat vest þykkja, at þeir brendu drómundinn; ok fóru þar svá illa miklu fè, at engi naut: “En nú á ek mikit  
“ vald á yðru máli. Þèr skulut nú frá mèr þess mest  
“ njóta, er þèr gáfut mèr líf, ok leituðut mèr slíkrar  
“ sæmdar, sem þèr máttuð; en gjarna vilda ek, at vèr  
“ sæimst aldri síðan. Ok lifit nú heilir ok vel!” Eptir þat reið hann á land upp. En Rögnvaldr jarl sigldi þaðan suðr til Krítar; ok lágu þar í ofviðri

<sup>1</sup> *stór*] evidently thus, not *sjór*. In a vellum *stór* (molten metal) and *sjór* (sea) would look alike (*stór*). The context is here decisive. The Tr. has,—lige som vellendis eller skommendis sø; for the ancient obsolete word, *sía*, could not but have been unknown to the Danish or Norse Translator. See my remarks in Icel. Diet. s. v. *sía*.

<sup>2</sup> *sæborg*] Tr., Sösted; Serklands-borg, Fl. (badly).

<sup>3</sup> *mans-fólk*] thus emend. by way of conjecture. The Tr., namely, has,—oc solde dennem fangerne= and sold the captives to them. The Fl. has,—ok seldu þeim silfr ‘ok ‘annat fè’=‘and; sold them silver and other goods,’ which is palpably wrong. We surmise that in ‘annat fè’ lies hidden ‘mans-fólk.’ The Norsemen, namely, sold to them the surviving captives from the Dromedary.

miklu. Þá kvað Armóðr vísu, er hann hœlt vörð um náttina á jarls skipi :<sup>1</sup>

A.D. 1152.  
(The summer.)

“ Eigu vèr, þar er vági  
verpr inn um þröna stinnan,  
“ (þann<sup>2</sup> höfum vær at vinna,)  
varðhald á skæ barða :  
“ Meðan í nótt hjá nýtri  
nám-dúks hörund-mjúkri  
“ lókr sefr lind hinn veyki  
lít ek um öxl til Krítar.”

95. Þeir jarl lágu undir Krít þar til er þeim gaf byr til Jórsala-lands,<sup>3</sup> ok komu til Akrs-borgar Frjádag<sup>4</sup> snemma, ok gengu þá upp með prís miklum ok farar-blóna þeim er þar var sjald-sèmm. Þorbjörn svarti orti þá vísu :<sup>5</sup>

“ Var ek í hirð<sup>6</sup> með herði  
hjör-þeys í Orkneyjum ;  
“ (rèð fólk-starra faðir)  
fyr of vetr<sup>7</sup> (til styrjar) :  
“ Nú berum rönd með reyndum  
raun-snarliga jarli  
“ ört á úrga vörtu<sup>8</sup>  
Akrs-borg Frjá-morgin.”

Þeir jarl dvöldust í Akrs-borg um hríð. Þar kom sótt í lið þeirra, ok önduðust margir göfgir<sup>9</sup> menn. Þar andaðist Þorbjörn svarti, lendr maðr.<sup>10</sup> Oddi hinn litli kvað :

“ Bárn lúng lendra manna  
“ fyrir Þrasnes Þorbjörn svarta :  
“ Trað hlunn-björn und höfuð-skáldi.  
“ Áta jörð [til] Akrs-borgar.

<sup>1</sup> á jarls skipi] add. MO.

<sup>2</sup> þann] Fl. ; þat, MO.

<sup>3</sup> Jórsala-lands] MO. ; Jórsala, Cd.

<sup>4</sup> Frjádag ] MO. ; Föstudags-morgin, Fl.

<sup>5</sup> In the following verses we follow the text of MO.

<sup>6</sup> Var ek í hirð] MO. ; Varð ek um hríð, Fl. (badly).

<sup>7</sup> of vetr] MO. ; um nætr, Fl. (badly).

<sup>8</sup> vörtu] or ‘ portu,’ MO. ; ‘ varta ’ here means port, or gate. Cp. Gull-varta in Constantinople.

<sup>9</sup> göfgir] add. MO. : ypperlige, Tr.

<sup>10</sup> lendr maðr] add. MO.

A.D. 1152.  
(The summer.)

“ Þar sá ek hann at höfuð-kirkju  
“ siklíngs vin sandi ausinn :  
“ Nú þrumir grund grýtt of<sup>1</sup> hánnum  
“ sólu birt<sup>2</sup> á Suðr-vegum.”<sup>3</sup>

Þeir Rögnvaldr jarl fóru þá ór Akrs-borg, ok sóttu  
alla hina helgustu staði á Jórsala-landi. Þeir fóru allir  
372. til Jórdanar, ok lauguðust þar.<sup>4</sup> Þeir Rögnvaldr jarl ok  
Sigmundur öngull lögðust yfir ána ; ok gengu þar á  
land, ok þangat til sem var hrís-kjör nokkurr, ok  
riðu þar á knúta stóra. Þá kvað jarl :

“ Ek hefi lagða lykkju,  
leiðar-þvengs ok heiðar<sup>5</sup>  
“ (snotr minnst þess svanui)  
sút, fyrir Jórdan útan :  
“ En ek lykk at þó þykki  
þangat langt at ganga  
“ (blóð fellr varmt á víðan  
völl) heimdrögum öllum.”

Þá kvað Sigmundur :

“ Knút mun ek þembi-þrjóti  
þeim er nú sitr heima,  
“ satt er at heldr höfum hættan,  
hans kind, í dag binda.”

Jarl kvað :

“ Knút ríðum vit kauða,  
kom ek móðr í stað góðan,  
“ þann í þykkum<sup>6</sup> runni  
þessa Lafranz-messu.”

Síðan fóru þeir aptr til Jórsala-borgar. Ok er þeir  
kómu útan at borginni,<sup>7</sup> þá kvað Rögnvaldr jarl :

“ Kross hangir þul þessum,  
(þjóst skyli lægt)<sup>8</sup> fyrir brjósti

<sup>1</sup> of] at, MO. ; yfir, Fl.

<sup>2</sup> birt] sígnuð, Fl (better ?).

<sup>3</sup> Suðrvegum] Suðrlondan, Fl.

<sup>4</sup> Þeir fóru . . lauguðust þar] Jarlim fór með lið sitt út til Jórdanar, ok lauguðust þar allir, MO.

<sup>5</sup> ok heiðar] MO. ; um heiði, Cd.

<sup>6</sup> þykkum] Fl. ; þunnum, MO.

<sup>7</sup> Síðan . . borginni] thus MO., in accordance with the Tr. The Fl. reads,—Ok þá er þeir fóru útan af Jórsala-landi, þá kvað, etc.

<sup>8</sup> þjóst skyli lægt] thus Fl. ; þjóst skyn (sic) lægst, MO.

“ flykkist fram á brekkur  
ferð) en pálmr meðal herða.”

A.D. 1152.

96. Þeir Rögnvaldr jarl fóru um sumarit af Jórsala-landi; ok ætluðu norðr til Mikla-garðs; ok kómu um haustið til þess staðar, er heitir í<sup>1</sup> Imbólum. Þeir<sup>374</sup> dvöldust þar mjök lengi í staðnum. Þar var þat orðtak haft í staðnum,<sup>2</sup> ef menn gengust á móti þar er þröng var, ok þóttist annarr þurfa at ‘sá vægði göngunni, er á móti gekk, þá segir hann svá: “Miðhæfi! “ miðhæfi!” Þat var eitt kveld er þeir jarl<sup>3</sup> gengu ór bænum. Ok er<sup>4</sup> Erlíngr skakki gekk út á bryggjuna til skips síns,<sup>5</sup> gengu staðar-menn í móti honum, ok mæltu: “Miðhæfi! miðhæfi!” Erlíngr var drukkinn mjök, ok lét sem hann heyrði eigi. Ok er þá bar saman, stökk Erlíngr af bryggjunni, ok ofan í leirim, er undir var; ok hljópu menn haus til at draga hann upp, ok urðu at færa hann af hverju klæði, ok þvá.<sup>6</sup> Um morgininn eptir, er þeir jarl fundust, ok honum var sagt, brosti hann at, ok kvað:

“ Vill eigi vinr minn kalla,  
(varð allr í drit falla),  
“ (nær er í því ærin  
úgæfa) Miðhæfi!  
“ Lítt<sup>7</sup> lykk at þá þætti  
þengils mágr er hann rengðist,  
“ (leir fèll grár af gauri<sup>8</sup>)  
góligr í Imbólum.”

Þau tíðindi urðu nökkuru síðarr þar í staðnum, er þeir gengu ór staðnum mjök druknir, at<sup>9</sup> menn Jóns

<sup>1</sup> í] add. MO.

<sup>2</sup> Þar . . staðnum] thus MO., in accordance with Tr. The Fl. omits the passage, an homoteleton from ‘staðnum’ to ‘staðnum.’

<sup>3</sup> jarl] add. MO.

<sup>4</sup> er] add. MO.

<sup>5</sup> til skips síns] MO.; til skip-sins, Fl.

<sup>6</sup> ok þvá] add. MO. and Tr.: oe lode hannem to.

<sup>7</sup> Lítt] Fl.; hitt, MO.

<sup>8</sup> af gauri] of geira, Fl.

<sup>9</sup> at] Tr.; en, Fl.

A.D. 1152. fóts söknuðu hans, en einkis manns<sup>1</sup> annars. Þeir sendu 376. þegar at leita hans á önnur skipin um nóttina,<sup>2</sup> ok fanst hann eigi; en ekki máttu þeir hans á land upp leita um nóttina.<sup>3</sup> En of morguninn stóðu þeir upp þegar er ljóst var, ok fundu hann skamt frá borgar-veggnum; ok var hann örendr; ok fundu þeir sár á honum.<sup>4</sup> En þess varð aldregi víst hverr honum hafði geig<sup>5</sup> veittan. Veittu þeir þá umbínað líki hans ok gróft at<sup>6</sup> kirkju. Eptir [þat] fóru þeir á brott þaðan. Ok er ekki getið of ferð þeirra, fyrr en þeir kómu norðr til Engils-ness.<sup>7</sup> Þar lágu þeir nokkurar nætr, ok biðu byrjar þess er þeim þótti góðr vera norðr eptir hafinu til Mikla-garðs. Þeir vönduðu þá mjök siglíngrina; ok sigldu þá með prís miklum, sem þeir vissu at gjört hafði Sigurðr Jórsala-fari. Ok er þeir sigldu norðr eptir hafinu, kvað Rögnvaldr jarl vísu:

“ Ríðum Ræfils vakri,  
 rekum eigi plóg ór akri,<sup>8</sup>  
 “ erjum úrgu barði,  
 út at Mikla-garði:  
 “ Þiggjum þengils mála,  
 þokum fram í gny stála,  
 “ rjóðum gylðis góma,  
 gjörum ríks kouúugs sóma.”

97. Þá er þeir Rögnvaldr jarl kómu til Mikla-garðs, var þeim þar vel fagnat af stól-konungi ok Væring-jum. Þá [var] Menelias<sup>9</sup> konúngr yfir Miklagarði, er vèr köllum Manula; hann veitti jarli mikit fè ok bauð

<sup>1</sup> *manns*] Here the vellum fr. 325 begins again, (cfr. cap. 92, p. 162, note 7,) from which the text is now taken.

<sup>2</sup> *um nóttina*] om. Fl.

<sup>3</sup> *um nóttina*] add. Fl.

<sup>4</sup> *ok var . . honum*] veginn, Fl.

<sup>5</sup> *geig*] bana, Fl.

<sup>6</sup> *at*] heilagri, add. Fl.

<sup>7</sup> *Engilsness*] thus MO., in ac-

cordance with Sig. S. Jórsala f. ch. 11, both in Heimskr. and in Fms. vii. 44. The Hrokkinsk. l. c. has Lungulsness. The Fl. reads here Ægissness; Egilsness, 325; both dropping the *n*.

<sup>8</sup> *ór akri*] MO.; af akri, 325.

<sup>9</sup> *Menelias*] Menelaus, Fl. and Tr.



þeim mála-gjöf, ef þeir vildi þar dveljast. Þeir dvöldu A.D. 1152, ust þar of hríð<sup>1</sup> of vetrinn í all-góðum fagnaði. Þar<sup>1153.</sup> var Eindriði úngi ok hafði all-miklar virðingar af stól-<sup>378.</sup> konúngi. Hann átti fátt um við þá Rögnvald jarl, en afþokkaði heldr fyrir þeim fyrir<sup>2</sup> öðrum mönnum. Rögnvaldr jarl byrjaði ferð sína of vetrinn ór Miklagarði, ok fór fyrst vestr til Bolgara-lands til Dyrakksborgar. Þaðan sigldi hann vestr yfir hafit á Púl. Þar gekk Rögnvaldr jarl af skipum, ok Viljálmr biskup, ok Erlíngr,<sup>3</sup> ok allt it göfgara lið þeirra; ok öfluðu sèr hesta, ok riðu þaðan fyrst til Róma-borgar, ok svá útan Róma-veg þar til er þeir koma í Danmörk; ok fóru þaðan norðr í Noreg. Urðu menn þeim þar fegnir. Ok varð þessi ferð in frægsta,<sup>4</sup> ok þóttu þeir miklu meira háttar menn síðan, en áðr, er farit höfðu. Meðan þeir höfðu verit í ferðinni, hafði andazt Ögmundr drengr,<sup>5</sup> bróðir Erlíngs skakka; hann þótti meira háttar þeirra bræðra meðan þeir lifðu báðir. Erlíngr ræðst þegar til felags við Ínga konúng, þvíat hann var mest undir hann hallr at allri vináttu þeirra bræðra, ok skilðu eigi meðan þeir lifðu báðir.<sup>6</sup>

En eptir fall Ínga konúngs var til konúngs tekinn A.D. 1161. yfir flokk þann Magnús, son Erlíngs ok Kristínar dóttur Sigurðar konúngs Jórsala-fara; en Erlíngr einn hafði þá öll landráð í Noregi. Valdamar Dana-konúngr gaf Erlíngi jarls-nafn. Gjörðist hann hinn mesti maðr síðan, ok ríkr höfðingi; sem ritað er í sögu hans.<sup>7</sup> Eindriði úngi kom útan nökkurum vetrum síðarr en þeir Rögnvaldr jarl; ok ræzt hann þá til Eysteins konúngs; þvíat hann vildi eigi eiga við Erlíng. En eptir fall Eysteins konúngs, efluðu þeir Eindriði úngi

<sup>1</sup> of hríð] mjök lengi, Fl.

<sup>2</sup> fyrir] Fl.; en, Cd.

<sup>3</sup> ok Erlíngr] om. Fl.

<sup>4</sup> frægsta] Here Cd. 332 begins again, from which the text is now

taken (vide ch. 27, p. 40, note 4).

<sup>5</sup> drengr] add. Fl. and 325.

<sup>6</sup> Erlíngr . . . báðir] om. Fl.

<sup>7</sup> sem . . . hans] thus Cd. and 325; om. Fl.

ok Sigurðr, son Hávarðs hölds af Reyri, flokk, ok tóku til konúngs Hákon herði-breið, son Sigurðar konúngs  
 380. Haraldssonar. Þeirfeldu Gregoríus Dagsson ok Ínga  
 A.D. 1161. konúng. Þeir Eindriði ok Hákon börðust við Erlíng  
 1162. skakka undir Sekk. Þar féll Hákon, en Eindriði flýði.  
 Erlíngr jarl lét drepa Eindriða únga nokkoru síðarr í Vík austr.

A.D. 1153. 98. Rögnvaldr jarl dvaldist á Hörðalandi mjök lengi  
 (Summer.) um sumarit, er hann kom í land, ok frétti þá mörg tíðindi ór Orkneyjum. Var honum sagt, at þar var ófriðr mikill; ok gengu gæðingar í tvá flokka; en þeir voru fáir, er hjá sátu, svá at engan hlut áttu í. Var Haraldr jarl öðrum-megin at, en öðrum-megin Erlendr jarl ok Sveinn Ásleifarson. Ok er jarl heyrði þetta sagt, kvað hann vísu þessa:

“ Nú hafa gæðingar gengit  
 (guð-ljón er þat ljónum,<sup>1</sup>  
 “ upp grafast ill ráð greppa),  
 erit mörg á særi:  
 “ Þat mun þeygi sjatna  
 þeim er<sup>2</sup> svik viðr heima,  
 “ stígum lætt<sup>3</sup> á lágan  
 legg, meðan upp held<sup>4</sup> skeggi.”

Jarl hafði engan skipa-kost. Leitaði hann þá við frændr sína ok vini,<sup>5</sup> at þeir skyldu láta gjöra honum langskip nökkur um vetrinn. Gengu þeir ok vel undir þat, ok játuðu honum þar um slíku öllu sem hann beiddi. Jarl bjóst um sumarit at fara vestr til Orkneyja í ríki sitt; ok varð hann síð-búinn mjök, þvíat hann dvaldi mart. Hann fór vestr á kaupskipi því er átti Þórhallr Ásgrímsson; hann var Íslenzkr maðr ok kyn-stórr,<sup>6</sup> ok átti bú suðr í Biskups-túngum. Jarl

<sup>1</sup> *ljónum*] ljóna, Cd.

<sup>2</sup> *er*] om. MO.

<sup>3</sup> *lætt*] lítt, MO., Fl.

<sup>4</sup> *heldk*] thus, held ek, MO.; heldr, Cd.

<sup>5</sup> *Leitaði . . vini*] om. Fl.

<sup>6</sup> *ok kyn-stórr*] at kynslóð, 325 (less rightly).

hafði þó sveit mikla á skipi<sup>1</sup> ok göfugt föruneysi. A.D. 1153. Þeir tóku Skotland þá er mikit var af vetri, ok lágu (End of the lengi við Skotland undir Torfnesi. Jarlinn kom litlu <sup>year.</sup> 382.) fyrir Jól í Orkneyjar í ríki sitt.

99. Nú skal segja hvat til tíðinda gjörðist í Orkn- A.D. 1151. eyjum meðan Rögnvaldr jarl var í útförinni:—

Sumar þat er jarl var farinn ór landi, kom austan af Noregi Eysteinn konúgr, son Haralds gilla; hann hafði her mikinn. Ok er hann kom í Orkneyjar, lagði hann herinum til Rögnvalds-eyjar.<sup>2</sup> Þá spurði hann, at Haraldr jarl Maddaðarson var farinn yfir til Kataness með tvítog-sessu, ok hafði átta tigi manna; hann lá í Þórsá. En er Eysteinn konúgr spurði til hans, skipaði hann þjár skútur, ok fór vestr yfir Pétlands-fjörð, ok svá til Þórsár. Hann kom þar svá, at þeir jarl urðu eigi fyrr varir við en konúgs-menn gengu upp á skipit at þeim, ok gjörðu jarlinn handtekinn. Hann var leiddr fyrir konúg. Ok fóru þeirra skipti svá, at jarlinn leysti sik út þrem mörkum gulls, en hann gaf ríki sitt í hendr Eysteini konúgi, svá at hann skyldi af honum halda jafnan síðan. Gjörðist jarl þá maðr Eysteins konúgs, ok batt þat swardögum. Ok eptir þetta fór Eysteinn konúgr til Skotlands, ok herjaði þar um sumarit. Hann herjaði víða um England í ferð þeirri, ok þóttist hann hefna Haralds konúgs Sigurðarsonar. Eptir þat fór Eysteinn konúgr í ríki sitt austr til Noregs. Ok var all-misjamnt rætt um hans ferð. Haraldr jarl var eptir í Orkneyjum í ríki sínu, ok var hann vel þokkaðr af flestum mönnum. Þá var andaðr Maddaðr jarl, faðir hans, en Margrèt, móðir hans, var komin út í Orkneyjar. Hon var fríð<sup>3</sup> kona ok svarri<sup>4</sup>

<sup>1</sup> *skipi*] thus Fl.; skipit, Cd.

<sup>2</sup> *Rögnvalds-eyjar*] thus Cd. and Tr.; R.eyjar, Fl. From this and other passages is seen that “Rögn-

“valdsey” is meant whenever the Flat. abbreviates R.ey.

<sup>3</sup> *fríð*] væn, Fl.

<sup>4</sup> *svarri*] svarkr, 325, a synonymous word.

A.D. 1151-<sup>53.</sup> 384. mikill. Í þann tíma andaðist Davíð Skota-konúgr, ok var þar til konúgs tekinn Melkólmr son hans; hann var barn at aldri þá er hann tók ríki.

100. Erlendr, son Haralds hins slèttmála, var lengstum í Þórsá; en stundum var hann í Suðreyjum, eðr í hernaði, síðan er Óttarr jarl var andaðr. Hann var hinn mann-vænsti maðr, ok görr at sèr um flesta hluti; mildr af fè, blíðr ok ráðþægr, ok allra manna vinsælastr af sínum mönnum. Hann hafði sveit mikla. Anakol hèt maðr; hann var fóstri Erlends ok rèð mestu við hann. Anakol var víkingr, ok maðr ættstórr ok harð-fengr, Suðreyskr at kyni;<sup>1</sup> hann var ráðgjafi Erlends.

Þá er Erlendr spurði, at Rögnvaldr jarl var farinn ór ríki sínu út í Jórsala-heim, fór hann á fund Melkólms Skota-konúgs, frænda síns, ok beiddi at hann gæfi honum jarls-nafn ok Katanes til yfir-sóknar, svá sem haft hafði Haraldr, faðir hans, af Davíð konúgi, föður-föður<sup>2</sup> Melkólms konúgs. Þá var Melkólmr konúgr barn at aldri. En við þat er Erlendr átti þar frændr göfga, þá er fluttu hans mál, gekst þat við, at Skota-konúgr gaf Erlendi jarls-nafn, ok veitti honum Katanes hálf t við Harald frænda sinn. Fór Erlendr þá á Katanes, ok fann þar vini sína. Eptir þat dró hann lið at sèr, ok fór út í Orkneyjar. Hann beiddi sèr þar viðrtöku; en Haraldr jarl Maddaðarson dró lið at sèr, þegar er hann spurði til Erlends, ok gjörðist fjölmennr. Fóru þá menn á milli þeirra frænda, ok leituðu um sættir; beiddist Erlendr hálfra Eyja við Harald; enn hann vill eigi upp gefa; ok kom svá, at grið vóru sett þau missari. En þat var ráð, at Erlendr skal fara austr í Noreg á fund Eysteins<sup>3</sup> konúgs, ok beiðast helmíngs 386. þess, er Rögnvaldr átti; ok lèt Haraldr þann mundu

<sup>1</sup> *Suðreyskr at kyni*] om. Fl.

<sup>2</sup> *föður-föður*] thus emend. according to Tr., which, however, misreads,—far fader fader (!): af

Melkolms far fader fader David; föður, Cd.; Fl. om. the sentence.

<sup>3</sup> *Eysteins*] Noregs, Fl.

upp gefa. Fór þá Erlendr austr í Noreg, en Anakol, A.D. 1151-  
1153. ok sum sveitin, var eptir í Orkneyjum. Gunní Ólafsson, bróðir Sveins Ásleifarsonar, hafði getið barn<sup>1</sup> við Margrætu, móður Haralds jarls; en jarlinn gjörði hann útlaga. Af því tókst óvinátta með þeim Sveini ok Haraldi jarli; ok sendi Sveinn Gunna suðr í Ljóðhús til Ljótólfs vinar síns, er Sveinn hafði verið með fyrr. Fogl [hèt] son Ljótólfs; [hann] var með Haraldi jarli; ok var þar fátt með þeim Sveini. Þá er Erlendr jarl fór austr til Noregs, fór Haraldr jarl yfir á Katanes, ok sat í Vík um vetrinn. Sveinn Ásleifarson var þá í Þrasvík á Katanesi, ok varð-veitti þar bú stjúpsona sinna. Hann átti fyrr<sup>2</sup> Ragnhildi Ögmundar<sup>3</sup> dóttur; þau voru skamma hríð á samt. Ólafir var son þeirra. Síðarr átti hann Íngiríði Þorkelsdóttur. Andreas var son þeirra. Þat var Óðinsdag í Efstu viku, at Sveinn var genginn upp í Lamba-borg með nokkura menn. Þeir sá hvar byrðingr fór austan<sup>4</sup> af Þétlands-firði; þóttist Sveinn vita, at þar mundi vera menn Haralds jarls, þeir er hann hafði sent eptir skatti til Hjaltlands.<sup>5</sup> Sveinn bað sína menn ganga til skipa, ok leggja at byrðinginum. Ok svá gjörðu þeir; tóku þeir byrðinginn ok allt þat, er fémætt var; en skutu á land mönnum Haralds jarls, ok gengu þeir austr<sup>6</sup> til Víkr, ok sögðu honum. Haraldr jarl svaraði fá um; ok segir, at þeir Sveinn mundi ymsir fè hafa; ok skipti hann mönnum sínum á veizlur um Páskana. Þá kölluðu Katnesíngar, at jarl væri á kunn-miðum.<sup>7</sup> En þegar A.D. 1152. eptir Paska<sup>8</sup> fór Sveinn á byrðinginum ok róðrar-skútu út í Orkneyjar. Ok er þeir kómu á Skálp-eið,<sup>9</sup> tóku

<sup>1</sup> barn] Tr.: et barn; börn, Fl.

<sup>2</sup> átti fyrr] thus Fl.; ep. Tr.: hand hafide faaet til egte; Cd. om. fyrr.

<sup>3</sup> Ögmundar] thus Cd. and 325; Ægmundar, Fl. (badly).

<sup>4</sup> austan] so also Tr.; norðan, Fl.

<sup>5</sup> Hjaltlands] í Skotland, add. 325.

<sup>6</sup> austr] om. Fl.

<sup>7</sup> Þá kölluðu . . . á kunn-miðum] om. Fl. and Tr. The passage seems somehow corrupt.

<sup>8</sup> Páska] Páska-viku, Fl.

<sup>9</sup> Skálp-eið] Klifs-eið 325.

- A.D. 1152. Þeir þar skip af Fogli Ljóðólfs syni; hann var þá ko-  
 388. minn sunnan ór Ljóðhlúsum frá föður síns,<sup>1</sup> ok ætlaði til Haralds jarls. Ok í þeirri för tóku þeir til tólf aura gulls af Sigurði klaufa, húskarli Haralds jarls; þat fê hafði verit fært á bæ;<sup>2</sup> en þeir vóru í Kirkjuvági er áttu. Síðan fór Sveinn yfir á Nes ok upp á Skotland, ok fann Melkolu Skota-konung í Apar-dion;<sup>3</sup> Hann var þá níu vetra gamall. Þar var Sveinn mánuð í allgóðu yfiræti; ok bað Skota-konungur hann fá þau gæði öll á Katanesi, er hann hafði áðr haft en hann varð ósáttur við Harald jarl. Sveinn þakkaði konungi.<sup>4</sup> Bjóst Sveinn eptir þat á brott; ok skildust þeir Skota-konungur með kærleikum miklum. Fór Sveinn þá til skipa sinna, ok sigldi sunnan til Orkneyja. Þá var Anakol á Dýrnesi, er þeir Sveinn sigldu sunnan, ok sá þeir seglin fyrir austan Múla. Þeir sendu til þeirra Sveins Gauta búanda af Skeggbjarnar-stöðum; ok beiddi Anakol, at Sveinn skyldi sættast við Fogl um skip-tökuna; þvíat þar var frændsemi; ok var Fogl þá með Anakol. En er Gauti fann þá Svein, ok sagði orð<sup>5</sup> Anakols, þá bað Sveinn at þeir færi til Sandeyjar ok fyndist þar, þvíat hann læzt þangat fara mundu í hríðinni.<sup>6</sup> Þar var sættarfundr fjölmennr; ok gekk seint<sup>7</sup> saman sættin. En svá kom, at Sveinn skyldi einn gjöra þat er hann vildi. Eptir þat ræð Anakol til liðs með Sveini, ok  
 390. bazt í því, at koma saman sætt þeirra Erlends jarls, er hann kæmi austan; þvíat þar var fjándskapr af brennu Frakakkar.<sup>8</sup> Þeir Sveinn ok Anakol fóru til Strjóns-eyjar, ok lágu við Hofsnæs<sup>9</sup> nokkurar nætr.

<sup>1</sup> *sins*] thus Cd. and Fl., *i.e.*, frá with gen.

<sup>2</sup> *á bæ*] í Bæ, Fl. (as a pr. name?).

<sup>3</sup> *Apar-dion*] ardion, Fl. (badly).

<sup>4</sup> *Sveinn þakkaði konungi*] add. Fl.

<sup>5</sup> *ok sagði orð*] þá sendi hann orð til, Fl.

<sup>6</sup> *í hríðinni*] om. Fl., 325.

<sup>7</sup> *seint*] om. Fl.

<sup>8</sup> *Frakakkar*] Frakukar, Cd.

<sup>9</sup> *Hofsnæs*] Höfn, Fl., 325.

Eptir sætt þeirra Rögnvalds jarls, ok Haralds jarls, A.D. 1156. ok Sveins Ásleifarsonar, voru jarlar jafnan báðir samt, ok hafði Rögnvaldr jarl ráð fyrir; en samþykki þeirra var gott. Þá er þeir kómu heim ór Syllingum fór Þorbjörn klerkr til Haralds jarls ok gjörðist ráðgjafi hans. Sveinn fór heim í Gareksey, ok sat þar með fjölmenni á vetrum,<sup>1</sup> ok hafði herfang sitt til kostnaðar sèr, með öðrum föngum, þeim er hann átti þar í Eyjum. Hann var mest hallr undir Rögnvald jarl. Hvert sumar var hann í hernaði. Þat var mælt, at Þorbjörn klerkr bætti ekki um með þeim frændum,<sup>2</sup> Rögnvaldi jarli ok Haraldli jarli. Þórarinn kylli-nef lét hirðmaðr Rögnvalds jarls ok vin hans; hann var jafnan með jarli. Þorkell lét sveitúngr Þorbjarnar klerks ok vin. Þá Þórarinn ok Þorkel skildi á við drykk í Kirkjuvági, ok vann Þorkell á Þórami, ok komst síðan á fund Þorbjarnar. Lögumautar Þórarins sóttu eptir Þorkatli; en þeir Þorbjörn vörðust ór lopti einu. Þá var [sagt] jörlum; ok koma þeir heim at skilja þá. Þorbjörn vildi eigi at Rögnvaldr jarl dæmði þetta mál; ok gaf sök á eptir-ferðinni. En þá er Þórarinn var heill sára sinna, þá drap hann Þorkel, er hann gekk til kirkju. Þórarinn hljóp í kirkju; en þeir Þorbjörn hljópu eptir honum ok sveitúngar hans. Þá var sagt Rögnvaldi jarli; ok gekk hann til fjölmennr, ok spurði, hvárt Þorbjörn vildi brjóta upp kirkjuna. 444. Þorbjörn sagði, at kirkjan ætti þeim ekki at halda, er inni var. Rögnvaldr jarl kvað kirkjuna mundu úbrotna at sinni; ok var Þorbirni þraungt frá kirkjunni. Ekki var sæzt á þetta. Fór Þorbjörn yfir á Nes, ok var þar um hríð. Þá varð mart til með þeim; þvíat Þorbjörn gjörði margar úspektir, bæði um kvenna-mál, ok um víga-för. Þorbjörn fór leyniliga í Orkneyjar á skútu með þrjá tigi manna, ok lendi við Skálp-eið. Hann

<sup>1</sup> *vetrum*] om vinteren, Tr. (less | <sup>2</sup> *frændum*] add. Tr. right).

gekk til Kirkjuvágs með fjórða mann. Hann hljóp einn saman inn í skytning um kveld, þar er Þórarinn var inni ok drakk. Þorbjörn hjó hann þegar bana-högg; síðan hljóp hann í myrkrit langt á brott. Fyrir þessa sök gjörði Rögnvaldr jarl Þorbjörn klerk útlægan fyrir allt sitt ríki. Þorbjörn fór yfir á Nes, ok var með Hösvi mági sínum á laun; hann var kallaðr hinn sterki; hann átti Ragnhildi systur Þorbjarnar; þeirra son var Stefann ráðgjafi,<sup>1</sup> fylgdar-maðr Þorbjarnar. Litlu síðarr fór Þorbjörn á fund Melkólms Skotakonúngs, ok var með honum í góðu yfirletti. Með Skota-konúngi var sá maðr, er hêt Gilli-odran;<sup>2</sup> hann var ættstórr, ok újafnaðar-maðr mikill; hann varð fyrir reiði Skota-konúngs fyrir úspekt ok manndráp, er hann gjörði í ríki hans. Gilli-odran hljóp í Orkneyjar, ok tóku jarlar við honum. Gilli-odran var á Katanesi ok hafði ármenníng jarla. Helgi hêt göfugr bóndi á Katanesi, hann var vinr Rögnvalds jarls. Þá Gilli-odran skildi á um ármenníngina, ok fór Gilli-odran at honum ok drap hann. En eptir vígit fór hann vestr í Skotlands-fjörðu, ok tók við honum sá höfðingi, er hêt Sumarliði höldr; hann 446. hafði ríki í Döllum í Skotlands-fjörðum.<sup>3</sup> Sumarliði átti Ragnhildi, dóttur Ólafs Sudreyja-konúngs bitlíngs. Móðir Ragnhildar var Ingibjörg, dóttir Hákonar jarls Páls-sonar.<sup>4</sup> Þessi voru börn þeirra Sumarliða ok Ragnhildar:<sup>5</sup> Dufgall konúngr, Rögnvaldr, ok Engus; þat er kölluð Dalverja-ætt. Rögnvaldr jarl stefndi til sín Sveini Ásleifarsyni áðr hann færi í hernað. Ok er þeir fundust, bað Rögnvaldr jarl hann hafa til-sjár við Gilli-odran, ef honum gæfi færi á. Sveinn læzt eigi vita hvers af yrði auðit.

<sup>1</sup> ok, add. Tr.

<sup>2</sup> *Gilli-odran*] thus Tr. (or simply Gilli), like Gilli-Christr; Gilla-odran, Cd.

<sup>3</sup> *-fjörðum*] thus, plur., Tr.; -firði, Cd. (less right).

<sup>4</sup> *Móðir . . . Páls-sonar*] add. Tr.

<sup>5</sup> *Sumarliða ok Ragnhildar*] add. Tr.



111. Eptir þat fór Sveinn í víking, ok hafði fimm langskip. Ok er hann kom vestr fyrir Skotlandsfjörðu, spurði Sveinn at Sumarliði höldr var á skip kominn, ok ætlaði í víking; hann hafði sjau skip. Þar stýrði Gilli-odran einu skipi, ok var hann farinn inn í Fjörðu eptir liði því, er eigi var komit. Þegar er Sveinn spurði til Sumarliða, lagði hann til orrostu við hann; ok var þar bardagi harðr. Ok í þeirri orrostu féll Sumarliði<sup>1</sup> höldr, ok mikit lið með honum. Þar varð Sveinn þess viss, at Gilli-odran var eigi þar. Fór Sveinn þá at leita hans; ok fann hann í Myrkva-firði; ok drap hann þar Gilli-odran ok fimm tigi manna með honum. Eptir þat fór Sveinn í víking; ok heim at hausti, sem hann var vanr. Ok er [hann] kom heim, varð skjótt fundr þeirra Rögnvalds jarls; ok lét hann vel yfir þessum verkum.<sup>2</sup>

112. Þat var siðr jarla nær hvert sunnar, at fara yfir á Katanes, ok þar upp á merkr, at veiða rauðdýri<sup>3</sup> eðr hreina.<sup>3</sup> Þorbjörn klerkr var með Melkólmi,<sup>4</sup> Skotakonúngi; en stundum fór hann ofan á Nes, ok var leyniliga með vinum sínum. Hann átti þrjá vini á Katanesi, þá er hann hafði mest traust af: einn var Hösvir mágr hans; annarr Lífólfr er bjó í Þórsdal; þriði var Hallvarðr Dúfuson, er bjó at Forsi í Kálfadal<sup>5</sup> er gengr af Þórsdal. Þessir voru einka-vinir hans.

113. <sup>6</sup>Þá er Rögnvaldr hafði jarl verit tvá vetr ok A.D. 1158. tuttugu síðan er Páll jarl var handtekinn, þá fóru þeir

<sup>1</sup> *Sumarliði*] emend. Sveinn, Cd.  
<sup>2</sup> *verkum*] som Svend hæfde gjort den forgangne sommer, add. Tr.

<sup>3</sup> *rauðdýri eðr hreina*] so also Tr.: röddyr oc breins dyr. See Dr. Smith, in the 8th vol. of the Proceedings of the Society of Antiquaries of Seotland.

<sup>4</sup> *Melkólmi*] add. Tr.

<sup>5</sup> *at Forsi í Kálfadal*] thus Tr., hand boede paa Forse ved Kalfø som gaar ud fra Thorsdal; Fl. reads,—er bjó í Kalfadal at Fornesi, er gengr . . . , which, no doubt, is wrong.

<sup>6</sup> The text at the beginning of this chapter is very corrupt in Fl., but can partly be restored from Tr.

A.D. 1158. jarlar yfir á Katanes at áliðnu sumri eptir vanða.  
 (Aug.) Or er þeir kómu í Þórsá, þá fréttu þeir kvitt nokkurn, at Þorbjörn mundi vera upp í Þórsdal<sup>1</sup> á laun, ok eigi all-fámennr; ok mundi ætla þaðan til áhlaupa, ef færi gæfist á. Þá heimta jarlar menn at sèr, ok fóru með hundrað liðs; ok riðu tuttugu, en aðrir gengu. Þeir fóru um kveldit upp um dalinn, ok tóku þar nokkur gisting, sem var erg nökkut. Þat köllu vér setr.<sup>2</sup> Um kveldit, er menn sátu við elda, hnaus Rögnvaldr jarl mjök títt.<sup>3</sup> Haraldr jarl mælti: “Hvellr hnerri, “frændi.”<sup>4</sup> Þeir fóru upp um dalinn um morgininn. Ok reið Rögnvaldr jarl jafnan fyrir um daginn, ok sá maðr, er Ásólfr hèt, Gunnason af Ögðum, Norrænn maðr;<sup>5</sup> annarr hèt Jómarr frændi jarls.<sup>6</sup> Fimm riðu þeir saman fyrir upp eptir<sup>7</sup> Kálfadal. Ok er [þeir] fóru at bænum er heitir at Forsi,<sup>8</sup> var Hallvarðr<sup>9</sup> bóndi uppi á korn-amstri einu, ok hlóð, en heima-menn báru at honum. Þeir Haraldr jarl riðu nokkuru síðarr.  
 (Aug. 20.) En er Hallvarðr<sup>9</sup> kendi Rögnvald jarl, heilsaði hann  
 450. honum með nafni, ok mælti ákafa-hátt, ok spurði at tíðindum; ok mátti jafn-vel heyra þótt fjari væri. Þetta var skamt frá stofu; ok stóðu húsin á brekku nokkurri hárr; en geilur þröngur at ríða at bænum, ok við-brekt mjök. Á þessum bæ var Þorbjörn klerkr inni, ok sat við drykk. Geilarnar gengu at hús-endanum við gaf[l]hlaðit, ok vóru þar dyrr á húsunum,

<sup>1</sup> Þórsdal] thus Tr.; Þórsá, Fl.

<sup>2</sup> sem var erg . . . setr] add Tr.: der som vaar noget erg, det kalle vi setter.

<sup>3</sup> títt] add. Tr.: mögit tit.

<sup>4</sup> hnaus Rögnvaldr . . . Hvellr hnerri, frændi] thus Fl., but evidently somehow corrupt or defective. However, we have not ventured to touch it. Even the Tr. seems here not to be a quite sure guide; it runs thus:—hnyseð Harald (sic) mögit tit. Da sagde

Rognvalder (sic): ‘hnysen betyder ‘reisen fremgang.’ ‘Frænde, det ‘er sandt,’ sagde Harald, ‘om ingen ‘hnyser flere.’ This last reply is left out in Fl. In the ‘hvellr’ of the text may be hidden ‘heill,’ = good luck, good augury.

<sup>5</sup> Gunnason . . . maðr] add. Tr.

<sup>6</sup> jarls] Tr.; hans, Fl.

<sup>7</sup> upp eptir Kálfadal] upp til Kálfadals, Tr.

<sup>8</sup> er heitir at Forsi] add. Tr.

<sup>9</sup> Hallvarðr] Tr.; Hoskuldr, Fl.

en aðrar vóru<sup>1</sup> á gaf[l]hlaðinu, ok hlaðit í grjóti laus-  
 liga. Þá er þeir Þorbjörn heyrðu orðtakit, ok Hall-  
 varðr<sup>2</sup> heilsaði þeim Rögnvaldi jarli, hljópu þeir þegar  
 til vápna sinna ok brutu grjótið ór laun-durunum ok  
 hljópu þar út. Þorbjörn hleypr fyrir gaf[l]hlaðit, ok  
 á geila-garðinn. Vóru þeir jarl þá komnir at durunum.  
 Þá hjó Þorbjörn þegar til jarls; en Ásólf brá við hen-  
 dinni, ok tók af höndina. Síðan kom sverðit á höku  
 jarls, ok var þat mikit sár. Ásólf mælti, er hann fékk  
 höggit: “Fylgi þeir betr jarli, er honum eigu gjafir at  
 “launa.” Hann var þá átján vetra gamall, ok var  
 ný-kominn til jarls. Rögnvaldr jarl vildi hlaupa af  
 baki, er [hann] sá Þorbjörn, ok varð fótrinn fastr í  
 stigreiðinu. Í því kom Stefann at, ok lagði spjóti á  
 jarli. Þorbjörn veitti þá annat sár jarli. En í því  
 lagði Jómarr spjóti í lær Þorbirni, ok rendi lagit í  
 smá-þarmana. Snéru þeir Þorbjörn þá á bak húsunum;  
 ok var þar at hlaupa fyrir brekku mikla, ok á mýri  
 blanta. Í því kómu þeir Haraldr jarl; ok bar svá  
 til leiðinni, at þeir kómu á móti þeim Þorbirni; ok  
 kendu þá hvárir aðra. Þá mæltu menn jarls, at þeir  
 skyldi snúa eptir þeim Þorbirni, þeir er vissu hvat  
 fyrir var ætlat; en Haraldr jarl latti þess, ok kveðst  
 bíða vilja atkvæða Rögnvalds jarls um þetta mál,<sup>452</sup>  
 “Þvíat Þorbjörn er vanda-maðr minn mikill, sem  
 “þer vitið, fyrir frændsemis sökum, ok margra au-  
 “narra venzla, er í milli eru.” En þeir menn, er hjá  
 Rögnvaldi jarli vóru, styrmdu yfir honum dauðum;<sup>3</sup>  
 ok leið mjök löng stund áðr þeir Haraldr jarl frèttu  
 tíðindin. Vóru þeir þá komnir á mýrina ok yfir  
 fenit, þat er gekk eptir mýrinni. En af áeggjan föru-  
 neytis jarla, hljópu þeir Haraldr jarl ofan á mýrina,  
 ok fundust við fenit, svá at sínum-megin vóru at

<sup>1</sup> á húsunum, en aðrar vóru] om.  
 Fl., a homoteleton; add. Tr.: oc  
 vaare der dorene paa husene, men  
 andre vaare paa husgafflen.

<sup>2</sup> Hallvarðr] Tr.; Hóskuldr, Cd.

<sup>3</sup> dauðum] meden hand döde, Tr.

A.D. 1158. hvárir, ok vörðu þeir Þorbjörn díkis-bakkann. Drifu  
 (Aug. 20.) þá til hans menn af bænum, þeir sem honum höfðu fylgt, ok urðu þeir saman fimm tigur<sup>1</sup> manna. Þeir vörðust þá drengiliga, ok höfðu vígi gótt; þvíat fenit var bæði djúpt ok breitt, en mýrin blaut at fram; ok mátti þeirri einni atsókninni við koma, er þeir skutust á með spjótum. Þorbjörn mælti, at þeir skyldi engum aptr skjóta. Ok er skotin þurru, þá höfðust þeir orð við; ok kallaði Þorbjörn á Harald jarl, ok mælti svá: “ Þess vil ek bjóða yðr, frændi, at þær gefit mér gríð; “ en ek vil bjóða þetta mál á yðvart vald, at þær dæmit “ einir; vil ek þar engan hlut undan draga, þann er ek “ má, at yðr sæmd sè þá meiri en áðr. Væntir mik “ ok, frændi, at þú munir muna, at þær deilur hafa “ verit, at þú mundir eigi þann mun gjöra með okkr “ Rögnvaldi jarli ok mèr, at þú mundir drepa mik, þótt “ ek hefða þetta verk unnit, þá er hann færði þik mest “ undir ölboga, ok lét þik engu ráða, heldr en svein  
 454. “ sinn; en ek gaf þær beztar gjafir, ok leitaða ek þær “ virðingar í öllu því er ek máttu. En verk þetta, er “ ek hefir unnit, er glæpr mikill; ok liggr þat á mèr; “ en ríkit allt er fallit í yðvart vald. Megu þær ok þat “ vita, at þenna kost ætlaði Rögnvaldr jarl mèr, sem nú “ hefi ek honum veitt; ok er þat mitt hugboð, frændi, “ þótt þannveg hefði at borizt, at ek væra látinn, en “ Rögnvaldr jarl lifði, at þær mundit gjöra hann at við- “ sæmingar-manni; en þær vilít gjöra mik at dauða- “ manni.” Þorbjörn fór hær um mörgum orðum ok áheyriligum. Fluttu þetta ok margir menn með honum, ok báðu honum gríða. Kom svá, at jarl tók at hlýða á, er margir fluttu. Þá tók til orða Magnús, son Hávarðs Gunnasonar, gæðingr jarla ok frændi; hann var þar göfgastr maðr í liðinu með Haraldi jarli. Hann sagði svá: “ Eigi kunnu vèr yðr ráð at kenna, jarl, eptir “ þessi hinu miklu stórvirki. En segja mun ek hverr

<sup>1</sup> *fimm tigur*] 60, Tr.

“ orðrómr á mun leggjast, ef Þorbirni eru grið gefin A.D. 1158.  
 “ eptir þetta verk; ok þat annat, at hann þorir at (Aug. 20.)  
 “ segja yðr í augu upp nær í hverju orði, at hann  
 “ hafi þetta it illa verk fyrir þik gjört, eðr þèr til  
 “ sæmdar unnit, er þèr, ok öllum frændum jarls man  
 “ eilíf skömm ok úsæmd at vera, ef hans er eigi hefnt :  
 “ Hygg ek þat vini Rögnvalds jarls fyrir satt hafa, at  
 “ þú munir fyrir löngu verit hafa ráðbana-maðr jarls,  
 “ en nú hafi fram komit. Eðr hygg þú, at hann  
 “ muni af þèr bera vitundina, þá er hann skal sik  
 “ undan sökum færa, en engi heldr svörum upp fyrir  
 “ yðr, þar er hann segir yðr nú í augu upp, at hann  
 “ hafi þetta úverkan fyrir yðr unnit. En hversu máttú  
 “ meirr sanna þat en þú gefir honum nú grið. Em ek  
 “ ok ráðinn í at aldri skal hann af mèr grið hafa, 456.  
 “ ef nokkurir dugandis-menn vilja mèr fylgja, hvárt  
 “ sem yðr er þat ljúft eðr leitt.” Slík[t] hit sama  
 mæltu bræðr hans, Þorsteinn ok Hákon, ok Sveinn  
 Hróaldsson. Snéru þeir þá brott frá jarli ok upp með  
 díkinu, ok leituðu hvar þeir máttu yfir komast. Ok  
 er þeir Þorbjörn sá, at þeir Magnús snúa upp með  
 díkinu, þá tók Þorbjörn til orða : “ Nú mun þá á hafa  
 “ skilit um ráða-gjörðina ; mun jarl vilja gefa mèr grið,  
 “ en Magnús mun í móti mæla.” En meðan þeir  
 töluðu þetta, hófust þeir Þorbjörn frá díkinu. Þeir  
 Haraldr jarl stóðu a díkis-bakkanum. Ok er hann  
 sá, at ekki mundi verða af griða-gjöfinni, hljóp hann  
 yfir fenit með öllum vápnum sínum, ok var nú álna  
 yfir díkit. Föru-nautar hans hljópu eptir honum ; ok  
 gat engi yfir blaupit ; en flestir gátu fengit bakkann,  
 ok sloðruðu svá at landi. Menn Þorbjarnar eggjuðu at  
 þeir skyldu snúa á móti þeim jarli, eðr,<sup>1</sup> á móti þeim  
 Magnúsi, ok láta þar verða umskipti með þeim. Þá  
 mælti Þorbjörn : “ Þat þykki mèr ráð, at þat taki  
 “ hverr upp sem líkligast þykkir at dugi ; en ek mun

<sup>1</sup> á móti . . . eðr] add. Tr. ; om. Fl., an homoteleton, ‘ á móti.’

A.D. 1158. "enn leita á fund Haralds jarls." Flestir menn löttu þess, ok beiddu hann heldr leita á skóga ok forða sèr. Þorbjörn tók ekki undir þat ráð. Riðluðust þeir förunautar hans frá honum ok leituðu sèr ymsa vega hjálpar. En þeir Þorbjörn urðu eptir níu saman. Ok er hann sèr, at Haraldr jarl er kominn yfir díkit, ferr hann á mót honum, ok fèll á kné fyrir honum, ok kvezt færa honum höfuð sitt. Margir jarls-menn báðu 458. enn Þorbirni griða. Þá tók jarl til orða: "Forða þèr, " Þorbjörn; eigi nenni ek at drepa þik, en eigi vil ek " sjá þik síðan."<sup>1</sup> Fóru þeir þá ofan með Kálfadals-á, er þeir ræddust þetta við. Þeir Magnús sóttu eptir þeim. Ok er jarl sá þat, mælti hann: "Forða þèr, Þor- " björn; eigi berjumst ek fyrir þik við mína menn." Þá skildust þeir Þorbjörn frá föruneyti jarls ok til auðna-selja nokkura, þeirra er heita Ásgríms-erg.<sup>2</sup> Þeir Magnús sóttu eptir þeim Þorbirni; ok báru þegar eld at húsinu. Þeir Þorbjörn vörðust drengiliga. Ok er húsit tók at falla ofan af bruna, gengu þeir Þorbjörn út; ok voru þegar vápn borin á þá, er þeim mátti við koma; voru þeir áðr ok mjök sóttir af elds-gangi; létust þeir þar allir fèlagar níu. Ok er leitað var til sára-fars Þorbjarnar; höfðu út sigit iðrin í þat sárit er Jómarr hafði veitt honum. Haraldr jarl fór leið sína ofan eptir dalnum. En þeir Magnús vendu aptr til Fors,<sup>3</sup> ok veittu umbúnað líki Rögnvalds jarls, ok fluttu ofan í Þórsá.<sup>4</sup>

Fóru þeir Haraldr jarl þaðan út í Orkneyjar með líkit með fögru föruneyti, ok veittu gröpt at Magnús-

<sup>1</sup> *en eigi . . síðan*] add. Tr.

<sup>2</sup> *Ásgríms-erg*] thus Tr.: de som kaldis Asgrims erg; Ásgrims ærgin, Fl.

<sup>3</sup> *Fors*] Tr. om. 'til Fors.'

<sup>4</sup> The Fl. here inserts the following annalistic, chronological notice: Andlaz-dagr Rögnvaldz jarls kala

er v. nóttum eptir Máriu-messu ina fyrri um sumarit. Cp. Kristui S. fine, where the same entry is found. The Tr. omits it, and duly so, for it is evidently an interpolation, and breaks off the connexion between 'Þórsá' and 'þaðan.'

kirkju í kórnum;<sup>1</sup> ok hvíldi hann þar, til þess er Bjarni A.D. 1192.  
biskup lét<sup>2</sup> upp taka helgan dóm hans at leyfi pá-  
fans.<sup>3</sup> Þar á steininum, sem blóð Rögnvalds jarls hafði  
á komit, þá er hann læzt, má sjá enn í dag svá fagrt  
sem ný-blætt sè. Rögnvaldr jarl var mjök harmdauði,  
þvíat hann var all-vinsæll þar í Eyjunum ok víða  
annars-staðar. Hann hafði verit hjálpar-maðr mikill  
mörgum mönnum, örr af fè, hógværðr ok vinholtr;  
fþróttu-maðr mikill, ok skáld gott. Dóttur eina barna  
átti hann á lífi, Íugigerði, er átti Eirekr stagbrellr.  
Þeirra börn vóru þau: Haraldr úngi, ok Magnús mangi,  
Rögnvaldr, ok Íngibjörg, Elín, Ragnhildr.

114. Eptir fall Rögnvalds jarls tók Haraldr jarl A.D. 1158.  
undir sik allar Eyjar, ok gjörðist einn höfðingi yfir.  
Haraldr jarl var mikill höfðingi, manna mestr ok  
sterkastr, ódæll ok skap-harðr.<sup>4</sup> Hann átti Afreko; þeirra  
börn vóru þau: Heinrekr, ok Hákon, Helena, ok  
Margrèt. Þá er Hákon var fárra vetra gamall, bauð  
Sveinn Ásleifarson honum til fósturs; ok fæddist hann  
þar upp. Ok þegar hann var svá færð, at hann mátti  
fara með öðrum mönnum, þá hafði Sveinn hann í  
hernað með sèr hvert sumar, ok leitaði honum í öllu  
virðingar. Þat var háttr Sveins í þann tíma, at hann  
sat um vetrum í Gareksey heima, ok hèle þar jafnan 462.  
átta tigi karla á sinn kost. Hann átti svá mikinn  
drykkju-skála, at engi var annarr jafn-mikill í Orkney-  
jum. Sveinn hafði á várum starfa mikinn, ok lét  
færa niðr ofa-mikit sáð, ok gekk þar mjök sjálfr at.  
En er lokit var þeim starfa, fór hann hvert vár í  
víking, ok herjaði um Suðreyjar ok Írland; ok kom  
heim eptir mitt sumar. Þat kallaði hann vár-víking.

<sup>1</sup> í kórnum] add. Tr.

<sup>2</sup> til þess er Bjarni biskup lét] thus Tr.; the Fl. adds,—ok hvíldi hann þar, til þess er 'Guð birti hans 'verðleika með mörgum ok stórum 'jarteinum. En Bjarni . . .'

<sup>3</sup> See Annals, year 1192; and Bs. i. 439.

<sup>4</sup> ódæll ok skap-harðr] add. Tr.: man stiff-sindet oc hardsindet.

A.D. 1158-  
1170. Þá var hann heima til þess er akrar voru upp-skornir, ok sèt var fyrir kornum. Þá fór hann í víking, ok kom þá ekki fyrir heim en mánuðr var af vetri, ok kallaði hann þat haust-víking.

115. Þat var tíðinda eitthvert sinn, at Sveinn Ásleifarson fór í vár-víking, þá fór með honum Hákonson Haralds jarls; þeir höfðu fimm róðrar-skip<sup>1</sup> ok öll stór. Þeir herjuðu um Suðreyjar. Þá var fólk svá hrætt við hann í Suðreyjum, at menn fálu allt lausafé sitt í jörðu eðr urðum. Sveinn fór allt suðr til Manar, ok varð illt til fjár. Þaðan sigldu þeir út undir Írland, ok herjuðu þar. En er þeir kómu nær suðr undir Dýflinn, þá sigldu þar af hafi kjólar tveir, er komnir voru af Englandi, ok ætluðu til Dýflinnar; þeir voru hlaðnir Enskum klæðum, ok var þar á gæzka mikil. Þeir Sveinn lögðu at kjólunum, ok buðu þeim til bardaga. Lítil varð vörn Enskra mamma, áðr Sveinn réð til uppgöngu. Urðu Enskir menn þá höndlaðir.<sup>2</sup> Ok ræntu þar hverjum penníngi þeim sem á var kjólunum; nema Enskir menn höfðu ígangs-klæði sín ok

464. nokkurar vistir, ok fóru síðan með kjólana. En þeir Sveinn fóru í Suðreyjar, ok skiptu herfangi sínu. Þeir sigldu vestan með prís miklum. Þeir gjörðu til ágætis sér, er<sup>3</sup> þeir lágu í höfnum, at þeir tjölduðu Enskum klæðum yfir sér. En er þeir sigldu í Orkneyjar, saumuðu þeir klæðin framan á seglin, svá at þannig var í at sjá, sem af skrúði einu væri gjör seglin. Þetta kölluðu þeir skrúð-víking. Sveinn fór heim í Gareksey til bús síns. Hann hafði tekit af kjólunum vín mikit, ok mjöd Enskan. Þá er Sveinn hafði skamma stund heima verit, bauð hann til sín Haraldli jarli, ok gjörði í mót honum virðuliga veizlu. Þá er Haraldr jarl var at veizlunni, varð þeim mart

<sup>1</sup> *fimm . . -ship*] fimm eðr sex, Tr.

<sup>2</sup> *áðr Sveinn . . höndlaðir*] add.

Tr. : för end Svend kom op til

dennem bleffe de Engelske dog ligevel (*sic*) fangue.

<sup>3</sup> *er*] emend. at Cd.



talat af<sup>1</sup> risnu Sveins. Jarl mælti: “Þat vilda ek nú, A.D. 1158-  
1170. Sveinn, at þú legðir af hernaðinn; er nú gott  
“heilum vagni heim at aka.<sup>2</sup> En þú veizt þat, at þú  
“hefir lengi fæddan þik við hernaðinn ok lið þitt;  
“en újafnaðar-mönnum ferr svá flestum, at þeir látast  
“í hernaðinum, ef þeir taka sik eigi sjálfir frá.” Þá  
svaraði Sveinn, ok leit til jarls, ok mælti með brosu,  
ok sagði svá: “Vel er þetta mælt, herra, ok vin-  
“gjarnliga; mun ok gott at þiggja heilræði af yðr;  
“en kæra þat sumir, at þær sèt litlir jafnaðar-menn.”  
Jarl svaraði: “Ek verð at ábyrgjast minn hlut; en  
“mælgj gengr mæ til.” Sveinn mælti: “Gott mun  
“yðr til ganga, herra. Skal ok svá vera, at af skal  
“láta hernaðinum; þvíat ek finn at ek eldumst; en  
“þverr kraptrinn mikit í vásinu ok hernaðinum. Skal  
“nú fara í haust-víking; ok vilda ek at hon yrði  
“eigi með minnum afburðum en vár-víkingin var; <sup>466.</sup>  
“en eptir þat skal af láta herförum.” Jarl svarar:  
“Þat er vant at sjá, félags-maðr, hvárt fyrr kemr,  
“hel eðr langframi.”<sup>3</sup> Eptir þetta féll niðr ræðan.  
Haraldr jarl fór á brott af veizlunni, ok var út leiddr  
með sæmiligum gjöfum. Skildust þeir Sveinn með  
miklum kærleikum.

116. Litlu síðarr bjó Sveinn ferð sína í hernað; hann  
hafði sjau langskip, ok öll stór. Hákon son Haralds  
jarls var með Sveini í för. Þeir höldu fyrst til  
Suðreyja, ok fengu þar lítið herfang; fóru þaðan út  
undir Írland, ok herjuðu þar víða. Þeir fóru allt suðr  
til Dýflinnar, ok kómu þar mjök á úvart, svá at  
staðar-menn urðu eigi varir við fyrr en þeir vóru  
konnir í staðinn. Þeir tóku þar ofa-mikit<sup>4</sup> fæ. Þeir  
gjörðu þar hertekna valds-menn þá, er þar vóru í  
staðnum. Fóru þeirra skipti svá, at þeir gáfu upp

A.D.  
c. 1170.

<sup>1</sup> af ] read of ?

<sup>2</sup> aka ] taka, Cd. (badly).

<sup>3</sup> hel eðr langframi ] Rosen eller  
langvarindis hjelp, Tr. (sic).

<sup>4</sup> ofa-mikit ] Tr. : offer-made-  
mögít; mikít, Fl.

A.D.  
c. 1170

staðinn í vald Sveini, ok játtuðu honum svá miklu gjaldi, sem hann vildi á þá leggja. Sveinn skyldi ok skipa sínum mönnum staðinn, ok hafa vald yfir.<sup>1</sup> Dýflinnar-menn sverja eið at þessu. Þeir fóru til skipa um kveldit. En um morgininn skyldi Sveinn koma í staðinn, ok taka við fægjöldum; skipa staðinn, ok taka gísla af staðar-mönnum. Nú er frá því at segja, hvat títt var í staðnum um náttina. Ræðis-menn þeir er í staðnum vóru, höfðu stefnu sín á milli, ok kærðu vandræði sín, þau er þeim vóru fallin; þótti þeim þúngt at láta koma stað sinn í vald Orkneyínga, ok allra helzt þeim manni, er þeir vissu mestan újafnaðar-mann í Vestrlöndum. Kom þat ásamt með þeim, at

468. þeir mundu svíkja Svein, ef þeir mætti. Þeir tóku þat ráð, at þeir grófu sér grafir stórar fyrir borgar-hliðum, ok víða annars-staðar, milli húsanna þar er þeim Sveini var ætlat at ganga; en menn leyndust þar í húsunum hjá með vápnnum. Þeir létu við yfir grafirnar, svá at niðr skyldi falla þegar er manns þúnginn kemr á. Síðan breiddu þeir hálm á, svá at ekki mátti til sjá grafanna; ok biðu svá morgins.

118. Um morgininn eptir stóðu þeir Sveinn upp ok vápnuðust; gengu síðan til staðarins. Ok er þeir kómu inn um borgar-hliðin, gjörðu Dýflinnar-menn kví frá borgar-hliðinu allt at gröfunum. Þeir Sveinn sá ekki við slíkum svikum,<sup>2</sup> ok hljópu í grafirnar. Þeir staðar-mennirnir hljópu þegar fyrir borgar-hliðit; en sumir til grafanna, ok báru vápn á þá Svein. Þeim var úbægt vörn við at koma. Ok læzt Sveinn þar í gröfunum,<sup>3</sup> ok allir þeir, er inn höfðu gengit í staðinn með honum.<sup>4</sup> *Svá var sagt, at Sveinn létist síðast þeirra allra sinnu fêlaga; ok mælti áðr þessum*

<sup>1</sup> Sveinn skyldi . . . hafa vald  
yfir] om. Tr.

<sup>2</sup> slíkum svikum] add. Tr. : saadant svigeri.

<sup>3</sup> gröfunum] thus, plur., Tr. : i de gryfter; gröfinni, Cd.

<sup>4</sup> með hönun] add. Tr.

orðum: "Viti þat allir menn, hvárt sem ek látumst A.D.  
c. 1170.  
" í dag eðr eigi, at ek em hirðmaðr hins helga  
" Rögnvalds jarls, ok ætla ek nú þar til trausts sem  
" hann er með guði."<sup>1</sup> Menn Sveins fóru þegar til  
skipa, ok lögðu á brott; ok er ekki frá þeirra ferð at  
segja fyrr en þeir koma í Orkneyjar.

Nú er þar lokit frá Sveini at segja. Ok er þat mál  
manna, at hann hafi mestr maðr verit fyrir sèr í 470.  
Vestrlöndum, bæði at fornu ok nýju, þeirra manna er  
eigi höfðu meira tignar-nafn en hann.<sup>2</sup>

<sup>3</sup>Eptir fall Sveins skiptu synir hans arfi með sèr,  
Ólafir ok Andres. Þeir gjörðu, hit næsta sumar eptir  
er Sveinn var látinn, gaffhlöð í drykkju-skála þann  
hinn mikla, er hann hafði áttan í Gareksey. Andres,  
son Sveins, átti Fríðu dóttur Kolbeins hrúgu, systur  
Bjama Orkneyínga-biskups.

Haraldr jarl ræð nú Orkneyjum, ok var hinn mesti  
höfðingi; hann átti síðarr Hvarflöðu dóttur Melkólms  
jarls af Morhæfi. Þeirra börn voru þau: Þorfinnr,  
Davíð, ok Jón, Gunnhildr, Herborga ok Langlíf.

<sup>1</sup> *Sva var . . með guði*] the Tr omits this whole passage, which, evidently, is a late clerical interpolation, Sweyn's death occurring twenty years, at least, before the canonization of earl Rögnvald (in 1192); not to speak of how un-

likely this sentiment would be on the lips of a wiking like Sweyn.

<sup>2</sup> Here the Tr. ends, adding,—  
"Finis. Endelige historiske be-  
" slutning paa denne Krønikeke."

<sup>3</sup> The following sentences are added from the Fl.

## ADDENDA TO THE ORKNEY SAGA.

### I. FROM THE FLATEY BOOK.<sup>1</sup>

1. ÞÁ ER Vilhjálmr biskup hinn síðari var andaðr, var vígðr til biskups eptir hann Bjarni son Kolbeins hrúgu, ok var hann hinn mesti höfðingi, ok kær vin Haralds jarls. Bjarni biskup hafði frænd-bálk mikinn í Eyjunum. Synir Eireks stagbrells vóru þeir: Haraldr úngi, ok Magnús mangi, ok Rögnvaldr. Þeir bræðr fóru austr til Noregs á fund Magnúss konúngs Erlingssonar; ok gaf hann Haraldi jarls-nafn ok hálfar Eyjar, svá sem haft hafði Rögnvaldr jarl hinn helgi móður-faðir hans. Haraldr jarl úngi fór vestr yfir haf, ok með honum Sigurðr murtr, son Ívars galla. Móðir Ívars var dóttir Hávarðs Gunnasonar; sá Ívarr féll á Ákrinum með Erlingi skakka. Sigurðr murtr var á úngun aldri, ok manna vænligastr, ok hinn mesti áburðar-maðr. Magnús mangi var eptir með 472. konúngi, ok féll með honum í Sogni. Kómu þeir A.D. 1198. fyrst við Hjaltland, ok fóru þaðan til Kataness, ok svá upp í Skotland á fund Vilhjálms Skota-konúngs. Beiddi Haraldr jarl, at Vilhjálmr skyldi fá honum Katanes hálf, svá sem haft hafði Rögnvaldr jarl. Þetta veitti konúngr honum. Þaðan fór Haraldr jarl ofan á Katanes, ok efdist þaðan at liði. Þá kom til hans Lífólfr skalli, mágr hans; hann átti þar mart göfugra manna, þeirra er frændr hans vóru. Lífólfr

<sup>1</sup> The following chapters are contained in the Flatey book, where they follow immediately after the

preceding text. But they differ entirely from the Saga, both in style and character.

átti Ragnhildi systur jarls. Þessi var kallaðr Haraldr A.D. 1198. jarl hinn úngi; en Haraldr Maddaðarson hinn gamli. Lífólfr hafði mest ráðagjörð fyrir liði jarls. Þeir gjörðu menn út í Orkneyjar á fund Haralds jarls hins gamla, ok beiddu at hann mundi gefa upp hálfar Eyjarnar, svá sem konúngr hafði veitt Haraldri unga jarli. En er þessi orð kómu fyrir jarl, þá synjaði hann þess þverliga at miðla ríki sitt með neinu sáttmáli. Lífólfr skalli fór þá ferð; ok heitaðist jarl við hann mjök áðr hann færi brott. Haraldr jarl gamli dró lið saman eptir þetta, ok varð all-fjölmennr. Þeir Haraldr jarl úngi voru a Katanesi, ok höfðu þar samnað nokkurn. Þá er þeir spurðu at Haraldr jarl gamli dró lið saman, þá sendu þeir enn<sup>1</sup> af nýju Lífólfr norðr yfir Pétlands-fjörð at skynja um herinn. Hann lagði austan at Rögnvalds-ey,<sup>2</sup> ok gekk þar upp 474. á fjall, ok fann þar þrjú varðhalds-menn Haralds jarls gamla, ok drápu tvá; en höfðu einn með sèr til frétta. Lífólfr sá þá ok herinn jarls; ok hafði hann mart skipa ok flest stór. Sneri Lífólfr þá ofan af fjallinu, ok til skips síns, ok sagði félögum sínum slík tíðindi sem hann hafði víss vorðit. Hann sagði, at Haraldr jarl hafði svá mikinn her, at þeim var úfæra at berjast við hann. “Er þat mitt ráð,” segir Lífólfr, “at vèr farim í dag norðr í Þórsá; ok mun oss þar samnast lið mikit í dag. En ef þèr vilit leggja til orrostu við Harald jarl, þá er þat hin mesta úfæra, hversu sem tekst.” Þá tók Sigurðr murtr til orða: “Illu heilli hefir mágr jarls farit yfir Pétlands-fjörð, er hann hefir eptir látið hjartað,” ok kvað eigi vænt horfa, ef allir skyldi hjarta-lausir þegar þeir sæi her Haralds gamla. Lífólfr svaraði: “Vant er þat at sjá, Sigurðr, hvar hvergi berr hjarta sitt, ef til þarf at taka. Ætla ek, þat mund er ek renn frá Haraldri unga, at yðr afburðar-mönnum muni ávinnt þykkja

<sup>1</sup> em] emend.; m, Cd.

| <sup>2</sup> Rögnvaldsey] R.ey, Cd.

- A.D. 1198. "eptir at standa." En ekki varð af förinni í Þórsá. En litlu síðarr sá þeir skipa-flotá Haralds jarls fara undan Rögnvalds-ey,<sup>1</sup> þjuggust þeir þá til bardaga. Haraldr jarl gekk á land upp ok fylkti<sup>2</sup> liði sínu, hafði hann her miklu meira. Þeir Sigurðr murtr ok Lífólfr fylktu<sup>3</sup> liði únga jarls. Sigurðr murtr var í rauðum skarlats-kyrtli, ok drap blöðunum undir belti sér. Sumir mæltu, at svá mundi hann ok gjöra á bakit. Hann bað eigi upp drepa, "Þvíat eigi mun ek öfugr at "ganga í dag." Í sinn fylkíngar arm var hvár þeirra. Ok er þeir höfðu fylkt liðinu, seig saman orrostan, ok var
476. ákafa-hörð. Í liði Haralds jarls gamla var mart hinna hörðustu manna, þeirra er ofrkapps-menn vóru miklir, ok húnir forkunnar-vel, sem vóru frændr biskups, ok margir aðrir sveitar-höfðingjar jarls. Þá er staðit hafði orrostan um hríð, féll Sigurðr murtr, ok hafði vel barizt ok drengiliga. Lífólfr gekk annarra manna bezt fram. Svá segja Katnesíngar, at hann gengi þrysvar í gegnum fylkíngar Haralds jarls gamla; en þó féll hann í þeirri orrostu með góðan orðstír. Þá er þeir vóru báðir fallnir, Lífólfr ok Sigurðr murtr, brast flótti í liði jarls hins únga. Haraldr jarl úngi féll við torf-grafir nökkunar; var þá þegar um nóttina sèt ljós mikit þar er blóðit hafði niðr komit. Þeir kalla jarlinn sann helgan. Ok er þar nú kirkja, sem hann féll; ok er hann þar jarðaðr á Nesinu; ok gjörast útöluligar jarteinir fyrir hans verðleik, veittar af guði; ok vitrar þat jafnan, at hann vildi yfir til Orkneyja til Magnúss jarls ok Rögnvalds jarls, frænda sinna. Eptir bardagann lagði Haraldr jarl undir sik allt Katanes, ok fór þegar út í Orkneyjar, ok hrósaði miklum sigri.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> *Rögnvalds-ey*] Rey, Cd.

<sup>2</sup> *fylktu*] fylgdu, Cd.

<sup>3</sup> *fylktu*] fylgdu, Cd.

<sup>4</sup> The slaying of earl Harold the

younger is in the Iceland Annals assigned to the year 1198; cfr. Biskupa S. i. 455, (fall Haralds jarls únga á *Katanesi*).

Vilhjálmr Skota-konúgr spurði at Haraldr jarl var fallinn, ok þat með at Haraldr jarl Maddaðarson hafði undir sik lagt allt Katanes, ok hann ekki sik eptir spurt. Varð Skota-konúgr þessu reiðr mjök, ok sendi menn í Suðreyjar til Rögnvalds Suðreyja-konúngs Guðröðarsonar. Móðir Guðröðar var Ingibjörg, 478. dóttir Hákonar jarls Pálssonar. Rögnvaldr konúgr var þá mestr hermaðr í Vestrlöndum. Þat var þrjá vetr er hann lá úti á herskipum, svá at hann kom eigi undir sótkan rapt. Þegar er Rögnvaldi kómu þessi orð, dró hann her saman um allt Suðreyja ríki ok af Satúri; hann hafði ok níkít lið af Írlandi. Hèlt hann þá norðr til Kataness, ok tók undir sik allt landit, ok dvaldist þar um hríð. Haraldr jarl sat í Orkneyjum ok gaf engan gaum at ferð konúngs. En er leið at vetri bjóst Rögnvaldr konúgr heim í ríki sitt í Suðreyjar. Hann setti eptir á Katanesi þrjá sýslumenn; var einn Máni Ólafsson, annarr Rafn lögmaðr, Lífólfr hinn all<sup>1</sup> hét himu þríði. Nokkurv síðarr en Rögnvaldr konúgr fór í Suðreyjar, sendi Haraldr jarl mann yfir á Nes; ok sagði, at þá þetti honum gott hans örindi, ef hann gæti drepit einn af sýslumönnum, eðr alla þrjá.<sup>2</sup> Þessi maðr var fluttr yfir Pétlands-fjörð; fór hann þar til, er hann kom á fund Rafns lögmanns; ok spurði Rafn hvert hann skyldi fara. Hann varð fír svá um. Rafn tók til orða: “Sè ek þat á þèr, at Haraldr jarl hefir þik til “ nokkurs ills sent lúngat á Nesit; en ek nenni eigi “ at láta drepa þik, þvíat þú ert frændi mín.” Við þetta skildu þeir, ok fór hann á brott þaðan ok til Lífólfs, ok fóru þeirra skipti svá, at hann veitti Lífólfi lúlat. Hljóp hann þá í brott, ok út í Orkneyjar á fund Haralds jarls, ok sagði honum hvat er hann hafði gjört.

<sup>1</sup> *hinn allr*] thus Cd.; perhaps | <sup>2</sup> *þrjá*] tua, Cd.

nialli ought to be read.

480. Haraldr jarl bjóst nú ór Orkneyjum; ok er hann var albúinn, fór hann fyrst norðr til Þórsár, ok gekk þar af skipum sínum. Biskup var í borginni á Skarabólstað. Ok er þeir sá her Haralds jarls, sá þeir Katnesíngar, at hann hafði her svá mikinn, at þeir höfðu enga viðstöðu. Þeim var ok sagt, at jarl væri í svá illu fari, at úsýnt væri hverju hann einði. Biskup tók þá til orða ok mælti: “Ef okkur skipti fara vel, þá mun hann gefa yðr grið.” Svá var gjört sem biskup mælti fyrir. Herr jarls þusti af skipunum ok til borgarinnar. Biskup gekk í móti jarli, ok fagnaði honum með blíðum orðum. En þeirra skipti fóru svá, at Haraldr jarl lét handtaka biskup ok skera ór honum túnguna; en síðan lét hann stínga knífi í augun, ok blinda ham. Jón biskup kallaði á meyna hina helgu Traullhænu<sup>1</sup> í meizlumum, ok gekk síðan á brekku nokkura þegar þeir létu hann lausan. Kona ein var á brekkunni, ok bað biskup hana hjálpa sér. Hon sá at blóð fëll ór andliti hans, ok mælti: “Vertú hljóðr, herra, þvát gjarna vil ek hjálpa yðr.” Biskup var færðr til þess staðar, er hvílir hin helga Tröllhæna, þar fëkk biskup heilsu-bót, bæði máls ok sýnar. Haraldr jarl gekk þá upp at borginni, ok gáfu þeir hana þegar upp í vald jarls. Hann veitti möm-
482. um þegar stórar refsíngar; ok lagði á þá memm gjöld stór, er honum þótti mest verit hafa í landráðum við sik. Lét hann þá enn alla Katnesínga ganga undir sik með eiðum, hvárt er þeim var ljúft eðr leitt. Síðan tók hann undir sik eignir þær allar, er átt höfðu sýslumem, þeir er til Skota-konúngs vóru farnir. Sat Haraldr jarl þá á Katanesi með mörgu fólki.

Nú er at segja frá sýslumönnum. Þeir rëðust sex saman upp í Skotland, ok fundu þar konúng um vetr-

<sup>1</sup> *Traullhænu*] perhaps only mis- | St. Triduana, or St. Tredwall of  
written for *Tröðdæna* (*ll* for *dd*) *i.e.* | the Scots, Munch, iii. 451, note.



inn á Jóla-föstu; kunnu þeir glöggliga at segja frá þeim tíðindum, er gjörzt höfðu á Katanesi í ferðum Haralds jarls. Þessum tíðindum varð konúgr all-reiðr; en tvennum gjöldum kveðst hann þeim gjalda skyldu er sitt höfðu látið. Himn fyrsta dag er þeir vóru með Skota-konúngi, lét hann gefa hálfan þriðja tog álna klæðis hverjum þeirra, ok eim mörk Enska til skotz-silfrs sèr, sína hverjum þeirra. Vóru þeir með Skota-konúngi fram um Jól í góðu yfirlati. En þegar á bak Jólum sendir Skota-konúgr orð öllum höfðingjum í ríki sínu, ok dró her saman ofa-mikinn um landit, ok stefndi þeim her ofan á Katanes á hendir Haraldí jarli. Hafði Skota-konúgr all-mikinn her; ok ferr hann þar til er hann kemr í Eysteinsdal; þar mætist Katanes ok Suðrland. Herbúðir Skota-konúgs [vóru] eptir endilöngum dölumum; ok er þat löng leið. Haraldr jarl var á Katanesi, er hann spurði þessi tíðindi. Dró hann þegar lið at sèr; ok er svá frá sagt, at hann fengi lx. hundraða manna, ok hafði þó alls enga við-stöðu at berjast við Skota-konúng. Sendi hann þá <sup>484.</sup> menn á fund Skota-konúgs at leita um sættir með þeim. En er þat var flutt fyrir konúngi, sagði hann, at ekki þurfti um sættir at leita, nema hann hefði eim fjórða hvern penníng af Katanesi þann er á var landinu. En er þessi orðsendíng kom fyrir Harald jarl, kallaði hann á tal við sik landsmenn, ok aðra höfðingja, ok leitaði ráða við þá. En við þat at þeir sá engin efni sín, gengu þeir at þessi sætt, at Katnes-íngar guldu fjórðung eigu sinnar Skota-konúngi fyrir útan þá menn, er á konúgs fund höfðu farit um vetrinn. Haraldr jarl tór út í Orkneyjar, ok skyldi hann hafa Katanes allt, sem hann hafði áðr haft, en Haraldr jarl úngi tæki af Skota-konúngi. Í úfriði þeim var blindaðr Þorfinnr, son Haralds jarls, hann hafði verit gislaðr af Skota-konúngi. Eptir sætt þeirra fór konúgr upp í Skotland. Haraldr jarl var nú eim höfðíngi í Orkneyjum.

- Þat var ofarliga á dögum Haralds jarls, er þeir Ólafr mágr hans, ok Jón Hallkelsson efldu flokk ór Orkneyjum, ok austr í Noreg á hendr Sverri konungi. Þeir tóku til konungs Sigurð son Magnúss konungs Erlíngssonar. Í þann her ræðust margir stóráettaðir menn ór Orkneyjum. Þat var hinn sterkasti flokk. Þeir vóru kallaðir Eyjar-skeggjar, ok Gullbeinar, um
- A.D. 1194. lúð. Þeir börðust í Flóruvágum við Sverri konung ok feugu úsigr. Þar fellu þeir báðir, Jón ok Ólafr, ok svá konungr þeirra, ok mestr hluti hersius. Eptir þat lagði Sverrir konungr á Harald jarl fjándskap mikinn, ok kendi honum völd um er flokkrinu hafði hafízt. Kom því svá, at Haraldr jarl fór vestan, ok Bjarni biskup með honum. Jarl gaf sik í vald Sverris
486. konungs, ok lét hann eimu skera ok skapa í milli þeirra. Þá gjörði Sverrir konungr Hjaltland allt af Haraldí jarli með sköttum ok skyldum; ok hafa Orkneyja jarlar ekki þat haft síðan.
- A.D. 1138. Haraldr jarl var þá fimm vetra gamall, er honum
- A.D. 1138- var gefit jarls-nafn. Hann var tuttugu vetr jarl, svá at
1158. þeir Rögnvaldr jarl hinn helgi vóru báðir saman yfir Orkneyjum. Eptir fall Rögnvalds jarls var Haraldr jarl í Orkneyjum átta vetr hins fimta tigar. Hann andaðist á öðru ári ríkis Ínga konungs Bárðar sonar. Eptir Harald jarl tóku synir hans ríki, Jón ok Davíð. Heinrekr son hans á Ros á Skotlandi.
- Þessir hafa ríkastir verit Orkneyínga jarla, at tali þeirra manna, er frásagnir hafa þar um gjört: Er þar til nefindr Sigurðr Eysteínsson, Þorfinnr jarl Sigurðarson, Haraldr jarl Maddaðarson. Þeir bræðr, Jón ok Davíð, ræðu báðir löndum eptir föður sinn; þar til er
- A.D. 1214. Davíð andaðist ór sótt á því ári sem Hákon galíum andaðist í Noregi. Síðan tók Jón jarls-nafn yfir öllum Orkneyjum.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> After this ch. follows in Cd. the | 520-28), and then "Brenna Adams  
poem "Konúngatal" (see Flat. ii. | "biskups" (Flat. ii. 529, 530).

II. BRENNA ADAMS BISKUPS.<sup>1</sup>

Þá er Jón biskup andaðist á Katanesi, sá er Haraldr A.D. 1222. jarl lét meida, var tekinn biskup í stað hans, sá er Adam lét; ok vissi eingi maðr zett hans, þvíat barnit hafði fundizt við kirkju-dyrr nokkurar. Hann þótti Katnesíngum heldr harðr í biskupsdóminum; ok kendu þat mest munk þeim, er var með honum. Þat var forn siðr, at biskup skyldi hafa spanu snjörs undan tuttugu kúm; skyldi þetta hverr bóndi gjalda, sá er á var Katanesi; sá meira, er fleiri kýr átti, en hinn því minna, sem færi hafði, ok skyldi hverr eftir því gjalda, sem teldist til. En Adam biskup vildi æsla gjaldit, ok hafa spanu undan fimtán kúm; ok er þat fækst, beiddist hann at hafa undan tólf kúm; ok er þat var uppi látið, vildi hann hafa undan tín kúm. En þat þótti öllum údæmi. Þá fóru Katnesíngar á fund Jóns jarls, hann var þá á Katanesi, ok kærðu þeir þetta fyrir honum. Jarl læzt hær mundu ekki til leggja; kvezt þat þikkja óvandast; kvað tvá illa fyrir höndum; kvað þetta vera úþolanda, en læzt eigi mundu annan upp kveða. Þá var Adam biskup at Há-kirkju í Þórsdal, en Jón jarl var skamt þadan. Katnesíngar höfðu þá þing á fjalli yfir bæ þeim, er biskup var á. Rafn lögmaðr var þá með biskupi, ok bað hann biskup vægja heldr mönnum; kvezt ella hræddr um hversu færi. Biskup bað hann vera kátan; kvað bændr munu sjálfa stöðva sik. Þá var sent til Jóns jarls, ok beðit, at hann skyldi sætta þá biskup; en jarl vildi hvergi nær koma. Þá runnu bændr ofan af fjallinu, ok

<sup>1</sup> This episode is contained in the Flatey Book, col. 582-3. (Flat. ii. 529, 530).

A.D. 1222. fórn ákaflega geystir. Ok er Rafn lögmaðr sá þetta, bað hann biskup gera nokkut ráð fyrir sér. Þeir biskup drukku í lopti einu. Ok er bæendr kómu at loptinu, gekk munkrinn út í dyrnar; ok var þegar högginn um þvert andlitið, ok féll dauðr inn í loptið. Ok er biskupi var þetta sagt, þá svaraði hann. “Þat kom eigi fyrr fram en líkligt var, þvíat hann lagði “jafnan þúngliga til várra mála.” Þá bað biskup Rafn segja bændum, at hann vill sættast við þá. Ok er þat var sagt bændum, urðu þeir fegnir allir þeir er vitrari vóru. Gekk biskup þá út, ok ætlaði til sætta. En er þat sá hinir verri menn, þeir er óðastir vóru, tóku þeir Adam biskup, ok færðu hann í eitt lítið hús, ok slógu síðan í eldi. En húsið braun svá skjótt, at þeir er biskupi vildu hjarga, fengu ekki at gert. Lèzt þar Adam biskup; ok var líkit lítt brunnit er faust. Þá var líkinu veittr sémiligr gröftr ok virðuligr umbúnadr. En þeir menn, er helzt höfðu verit vinir biskups, þá gerðu þeir menn á fund Skota-konúngs. Þá var Alexandr Skota-konúngr, son Vilhjálms konúngs hins helga. En [er] konúngriinn varð varr við þessi tíðindi . . . svá illa at menn hafa þær hraknúngar at minnum, er hann gerði eftir bremuna biskups í manna meiðingum ok manndrápum, fjár-ránum ok brott-rekstri manna af landinu.

Kunnum vèr nú eigi greiniligar at segja af þeim tíðendu[m] er til heyra Orkneyinga jörlum, en svá sem vèr höfum sagt.

## III.

FROM PEDER CLAUSÖN UNDALS TRANSLATION OF THE A.D. 1209,  
 LOST "INGA SAGA," ALSO CALLED "BÖGLUNGA SÖGUR." 1210.

Der bleff et stort Bulder baade blant Birkebenerne oc Baglerne fordi der vaar mange ypperlige mend sein hafde mist alt deris gods oc Pendinge i den Feide. Da bleff det Raad paa fundet, at om Sommeren derefter skulde de drage vester til Synderö i Rofuerii, oc forhverfue sig Gods oc Pendinge igien. Oc de lafuede Skibe til paa begge Sider. Peter Steiper oc Reider Sendemand, som hafde Margrete K. Magni Erlingsöns Daatter, lagde Staldbrödreteg, at de vilde seile ud til Jerusalem den nestkommendis Sommer, oc her med skildis de ad.<sup>2</sup>

Nogen stund efter denne Forligelse begjerede mange Orloff aff begge Parterne; somme dröge hiem til deris Huus oc Gaard, oc somme i Kjöbferd, oc om vaaren der efter seilede da baade Birkebenerne oc Baglerne met tolf Skib i Roffuerii udi Vester-landene oc röffuede paa Suderöer oc de omliggendis Öer, thi kongerne i de Öer

<sup>1</sup> This translation is of year 1599, since edited by Ole Worm, 1633, Copenhagen, in 4to; see Fins. ix. 186, 188, 189; and 192-196.

<sup>2</sup> The Icelandic text to this, the first paragraph, is preserved in the abridged Iuga Saga in Eirspennil (Unger's edition, p. 235), thus:—  
 " Þá görðisk kurr í hváru-tveggja  
 " líðinu af þeim mönnum, er fē-  
 " lausir vóru, ok höfðu þó nafn-  
 " bætr. Var þá þat ráð gört at  
 " eptir um vátir skyldu þeir herja  
 " til Suðreyja, ok afla sēr fjár.  
 " ætluðusk þá til menu af hváru-  
 " tveggja líðinu. Þá görðu þeir  
 " ok sitt ráð, Pétr steypir ok  
 " Reiðarr sendimaðr; hann átti

" Margrétu dóttur Magnúss kon-  
 " ungs. Ætluðu þeir at fara út  
 " í Jórsala-heim. Skildusk þá at  
 " svá mæltu." Upon which fol-  
 " lows:—" Þat sumar fóru þeir í  
 " víking í Suðreyjar, Þormóðr  
 " þasarr, ok Þormóðr fylbein.  
 " Óspakr Suðreyski; þessir fóru  
 " af Birkibeinum. Eu af Böglum  
 " var, Eirekr Tófa son ok Erlendr  
 " píkr, Bergr maull, Nicholas gilli.  
 " Þeir höfðu tólf skip. Einum  
 " vetri síðarr fóru þeir af landi  
 " brott, Petr steypir ok Reiðarr.  
 " ok höfðu tvau skip. Ok kom  
 " hvárrgi apr." — See Munch,  
 History of Norway, iii., 539-544.

A.D. 1210. hafde indbiurdis Feide med hver andre. De röffuede Öen den Helge, hvilichen Norske mænd altid hattue holdit fredhellig. Siden bleffue de tvedrectige oc skildis at, oc bleffue saa slagne paa atskillige steder. Oc de som igien komme til Norrig bleffue haardelige til talit af Bisperne for deris Roffuerii.

Denne Sommer drog Peter Steiper oc Reider Sendemand aff Landet met to store Skib, oc megit Folck, oc deris Hustruer, Ingeborg oc Margrete K. Magni Daatter fulde med dennem. Aff deris Reise er megit sagt. Peter Steiper oc hans Hustru döde paa Reisen; men Reider kom til Jerusalem, oc drog til bage igien til Keyseren i Constantinopel, oc tiende hannem lenge, oc bleff der död.

Udi K. Suerris tid hafde Torald (!) jarl Madoder-sön i Örknöi, met mange flere der i Öen opset sig mod hannem, oc lode de sig kalde Öie-skiegger. Oc der Grefuen blef forligt met K. Suerre igien, da skulde ald Landgilde oc Sagetald aff Örknöi oc Hetland falde til kongen i Norrig, oc kongin sette sin Fogit ved Naffn Arne Löría met Grefuen i Örknöi, oc torde Harald jarl intet sige hannem i mod saa lenge som K. Suerre lefnede, men strax efter hans död lod hand forrædelige i hiel sla Arne Löría, oc lagde Orknöi oc Hetland under sig igien met alt skad oc skyld, ligesom hand til forn hafde det; oc döde hand to Aar efter at K. Ingi var blefuen Konge i Norrig. Siden bleffue hans Sömer, Jonn oc David, Grefuer i Örknöi, oc de holt Landene lige som deris Fader saa lenge som indbyrdis Feide var i Norrig; men der de spurde at Kongerne vaare forligte, sende de Bisp Björn til Norrig. Hand fand K. Ingi oc Hagen Jarl i Bergen, oc gaff dennem Grefuernis ærinde tilkjende, at de begie-rede at forligis met dennem; oc det kom saa langt, at hand tog Leide paa deris vegne aff Kongen oc Grefuen, at Grefuerne skulde komme til dennem den Sommer der efter, oc forligis met dennem.

Den Sommer som Vikingerne (det er Norske Siörö-<sup>A.D. 1210.</sup>fuere) droge Vester ofuer Hafuit, oc efter kongemis forligelse, da fore Kongens Befalnings-mend met dennem til Örknöi oc Hætland; oc den anden Sommer der efter komme Grefuerne oc Bispen met dennem til Norrig at forligis met Kongen oc Grefuen; oc sette de allt den Handel udi Kongens oc Grefuens egit gode tycke. De dömdo dennem til at gifue en stor Summa Pendinge, der til maatte de sette dennem Borgen oc Gissel oc suerie dennem troskab oc lydighed, men paa det sidste gjorde K. Ingi dennem til sine Grefuer ofuer Örknöi oc Hætland, met saadan villkor, som siden bleff holdit ind til deris Döde dag.

Rögnvald Konge aff Möen i Syderö, oc Gudroder Konge paa Manö hafde icke udi lang Tid gifuit Kongerne udi Norrig skat. Der de Norske Vikinger nu hafde sværmot der omkring Öen, oc röfuit oc brent, oc Kongerne fornomme at der var fred gjort i Norrig, da fryete de sig, oc droge til Norrig oc forligte sig met K. Ingi oc Hagen Jarl, oc betalede den Skat, som igien stod, oc suore dennem troskab oc lydighed, oc toge deris Land udi Læn af Norrigs Konning, oc droge saa hiem igien.

Erling hed en Mand i Færö, hand sagde sig at vere Kong Sverris Sön, hans moder var Astrid Rois Daatter. Hand drog met nogen Forsamling hen paa Öerne oc gjorde stor offuervold oc uro. Hand hafde 7 Böm, oc drog hand siden til Norrig paa Einar Sysselemands Skib, oc gaff sig til Philippus oc Fru Christin. Hun tog vel i mod hannem, oc kiende hannem for Broder; oc nogen Aar efter bleff hand der död af Blodlöp, der hand hafde ladet sig aaresla.





---

MAGNUS SAGA HELGA,

OR

MAGNÚS SAGA EYJA-JARLS.

---



## I.

## MAGNÚSS SAGA HIN LENGRI.

LOF<sup>1</sup> dýrð ok heiðr ok æra sè almáttigum guði, 428. lausnara várum ok skapara, fyrir sína margfalda mildi ok miskunnsemi, er hann veitir oss, er byggjum á útanverðum jafri heimsins; ok eptir meistaranna orðtaki, er svá setja í sínar bækr, at þeim sýnist sem vèr sèm kombir út ór heiminum. Ok allt eins, þó at svá sè, virðist guð at sýna oss sína mildi; einkanliga í því, er hann hefir oss látið koma til kynningar síns blezaða nafns; þar með gefit oss styrka stólpa, hina helgustu forgöngu-menn heilagrar Kristni, af hverra heilagleik öll Norðr-hálfan skín ok ljómar uer ok fjarri. Þessir eru: hinn heilagi Óláfr konúgr, ok hinn háleiti Hallvarðr frændi hans, er þrýða Noreg með sínum helgum dómum; hinu mæti Magnús Eyja-jarl, er birtir Orkneyjar með sínum heilagleik, hverjum til sæmdar eptirfarandi saga er saman sett. Hèr með eru blezaðir biskupar Johannes ok Thorlacus, hverir Island hafa geislat með háleitu skini sinna bjartra verðleika. Því má sjá, at vèr erum eigi fjarlægir guðs miskunn, þó at vèr sèm fjarlægir öðrum þjóðum at heims vistum; ok þar fyrir eigum vèr honum þakkir at gjöra, sæmd ok æru, alla tíma várs lífs.

Meistari Rodbert, er sögu hins heilaga Magnúss jarls hefir samt ok diktað í Látínu, byrjar svá *Prologum* sem hèr má heyra:—

2. Þvílíkt færir hverr sem hann hefir föng á í 430. landtjald guðs sèr til hjálpar ok miskunnar: Einn gull,

<sup>1</sup> The text is taken from Cd. Chart, A.M. 350, 4to.

aðrir silfr, sumir gimsteina, sumir hafra-hár ok rauð-  
bukka-skin; ok er slík fórn eigi svívirðiliga virðandi; þvíat af slíku er gjör yfirhöfn yfir landtjald guðs, at hlífa því ok verja þat fyrir vætu ok sólar-bita. Þessi orð má svá glósa með fáum orðum: Hverr kristinn maðr offri guði af<sup>1</sup> gjöfum ok láni, sem hann hefir honum veitt, þat er hann hefir bezt til: at guðs kristni, er landtjald þat, er Moyses gjörði guði til þjónustu, merkir, verði til hlífðar ok styrkingar móti árásum sinna úvina. Gull merkir speki ok vizku; silfr breinlífi; gimsteinar krapta-verk heilagra manna; hafra-hár iðran synda; rauð bukka-skin píslar-vætti. Nú má lesandi maðr svá til hugsa, at þessar allar fórnir hafi heilagr Magnús offrat sínum drotni, sem haus lífs-saga vátta. Nú þó at lofsöngur guðs sè eigi sæmiligr í syndugs manns munni, þá má hann þó vera öðrum hagligr ok hjálpsamligr; þvíat svá er lesit, at húsit allt fylltist af hinum sætasta ilmi smyrsla ok jurta þeirrar himnar syudugu konu, er iðrandi niðr steypiti, at þvá ok smyrja fætr Dróttius. En eptir vanaligum sið þeirra manna, er annarra jarðir byggja, en sínar vanrækja ok láta þurrar liggja, þá byrjum vèr sögu þessa um líf hins heilaga Magnúss jarls þeim mun traustligar ok ástsamligar, ok vart starf til leggjum svá heilagrar ok háleitrar fræði, sem [vèr] trúum ok væntum fullgjörla hans hjálp oss at styðja ok styrkja  
432. til sinnar virðingar ok tignar. Nú með því, at hann er hluttakari himinríkis, ok í genginn vald Dróttins, þá er hann máttugr at þiggja allt þat er hann vill. En með því at vèr erum syndugir, ok megum eigi fyrir sakir aumligs lífnaðar öðrum góð dæmi af oss gefa, þá sýnu vèr hinn heilaga Magnús með sínum frægðarfullum lífnaði, þann er allir eigu at fylgja ok heilög dæmi af draga. Nú at vèr gerim eigi lesandum erfiði af þessari ræðu; þvíat Dróttinn gjörði skamma ræðu,

<sup>1</sup> af] emend.; at Cd.

þá, birtum vèr sögu þessa með ljósum orðum ok lreinni frásögn, svá sem guð læði oss at skynja:—

3. UM daga Haralds Noregs konúngs Sigurðarsonar ræðu fyrir Orkneyjum jarlar, bræðr tveir, Páll, ok Erlendr, synir Þorfinns jarls, er ríkastr hefir verit allra Orkneyínga jarla. Hann var son Sigurðar jarls, er Ólafir konúngir Tryggvason kristnaði, ok allan líð í Orkneyjum. Þessi Sigurðr féll í Brjáns-bardaga á Írlandi. Móðir þeirra Erlends ok Páls var Íngibjörg, er kölluð var jarla-móðir, dóttir Finns jarls Árnasonar; en Haraldr Sigurðarson átti Þóru, dóttur Þorbergs Árnasonar, móður Ólafs kyrra; ok því vóru þeir þrúmenningar, Ólafir konúngir ok fyrr-sagðir jarlar. Erlendr jarl átti þá konu er Þóra hét, hon var Sumarliða dóttir, Úspaks-<sup>434</sup>sonar. Móðir Úspaks var Þórdís, dóttir Halls á Síðu. Egill hét son fyrr-nefnds Halls; hans dóttir var Þorgerðr, móðir hins heilaga Jóns Hóla-biskups. Synir Erlends jarls ok Þóru vóru þeir hinn heilagi Magnús ok Erlíngir, en daetr Gunnhildr ok Cecilia. Gunnhildi átti síðan Kolr Kalason, lendr maðr í Noregi; þeirra son var Rögnvaldr kali, er síðan varð jarl í Orkneyjum; hann er sannheilagr maðr; hefir Rögnvaldr kali verit systur-son hins heilaga Magnúss jarls. Páll jarl, bróðir Erlends, átti dóttur Hákonar jarls Ívars sonar ok Ragnhildar dóttur Magnúss konúngs góða, sonar Ólafs konúngs hins helga. Son Páls jarls hét Hákon, er síðan kemr við söguna.

4. Hinn heilagi Magnús jarl var fæddr í Orkneyjum, hinn dýrðligsti at ætt, ok hinn frægasti at kynferði. Fadir hans Erlendr var Orkneyja jarl, virðuligr herra ok höfðingi, sem þeir, er ríkuliga lifa á þessari jörð, tignaðr veldi ok virðingu. Móðir hans Þóra var ættuð af hinum göfgustum höfðingjum þess [lands]. En þó at mörgum kunnri ættgæði at snúast til metnaðar ok spillíng[ar] lundernis, var þessi hinn sæli sveim þegar í hinum fyrsta uppruna sinnar bernsku birtr ok lærdr kenníngum heilags anda; þvíat hann á hêlt, ok elskaði, virði ok varðveitti, hinn

hæsta krappt lugar, góðlyndi ok sómasamliga siðsemd, ok staðfesti tíguligra siða. Þessi sveinn sýndi sik gamlan at góðum siðum, hlutlauss bernsligs lífs í<sup>1</sup>  
 436. sínum verkum, gláðmæltr ok blíðr, hógværr í orðum sínum ástsamligum, ok eptirlátr ok viðræðiligr í göngu ok í öllu siðferði; vel roskinn ok stíltr, svá at ekki fást þat í hans meðferð, at angra mætti eðr styggja á-sjándi menn. Snemma var hann í skóla settr til at nema heilagar ritnúngar, ok þau önnur fræði, sem menn plöguðu þá mest at kunna. Magnús var hægr ok hlýðinn, auðráðr ok atlátzsamr<sup>2</sup> föður ok móður ok sínum meistarum; þýðr ok þekkr allri alþýðu. Hann þýddist lítt lausúng ok leika sem önnur úngmenni, heldr sýndi hann sik með semiligri framferð, þóat hann væri úngr at vetra tali; þvíat þegar birtist með honum auðsæ heilags anda gípt, sú er honum stýrði til allra góðra hluta.

Orkn. S.  
 ch. 40.

5. Þá er þeir bræðr, Erlendr ok Páll, höfðu ríki tekit í Orkneyjum, kom austan af Noregi Haraldr konúgrr Sigurðarson með her mikinn til Orkneyja ok lét þar eptir Ellisif drottnúgu, ok Máriam ok Ingigerði, dætr sínar. Jarlarnir ræðust til ferðar með konúngi með miklum her, ok höldu þeir suðr til Englands; ok í þeirri orrostu, er þeir börðust við Harald konúgr Guðinason, fëll Haraldr Sigurðarson finna náttum eptir Mathías-messu á haustið. Eptir þessa orrostu sigldi Ólafr kyrri Haraldsson með jörlunum um haustið aptr til Orkneyja. Ok þann sama dag, ok á þeirri stuudu, sem Haraldr konúgrr fëll á Englandi, varð bráðdauð Mária dóttir hans í Orkneyjum; ok er þat mál manna at þau hafi eins manns fjör haft bæði. Ólafr kyrri  
 438. var um vetrinn í Orkneyjum, ok var hann hinn kærasti vin jarlanna frænda sína; þvíat þær vóru bræðra-dætr, Þóta móðir Ólafs, ok Íngibjörg móðir jarla. Ólafr fór um várit austr til Noregs, ok var hann þar til konúngs tekinn með Magnúsi [bróður] sínum.

<sup>1</sup> [i] ok [7], Cd.

| <sup>2</sup> Cod. athlazzsamr.

6. Þeir bræðr, Páll ok Erlendr, ræðu Orkneyjum Orkn. S. ch. 40-41. langan tíma, ok var lengi gott samþykki þeirra. En er synir þeirra tóku at þroskast, þá gjörðust þeir ofstopamenn miklir, Hákon ok Erlígr, en Magnús var þeirra kyrrlátastr ok siðsamastr at öllu. Allir voru þeir frændr miklir menn ok styrkir, ok vel mentir um alla hluti. Hákon Pálsson vildi vera yfirmaðr eirra Erlends-sona; þvíat hanu þóttist meiri burðum en þeir; þvíat hann var dóttur-son Hákonar jarls Ívarssonar ok Ragnhildar dóttur Magnúss konúngs góða, sem fyrr var greint, ok vildi Hákon herra hlut hafa ór öllum þeirra skiptum. Kom þá svá, at þeir urðu eigi ásáttir; þvíat margir menn hnigu til Erlends-sona, ok vildu eigi þá lægra hlut bera láta þar í Eyjunum, þvíat þeir voru öllum lýð betr vingaðir ok ástsælli af mönnum; var þat því mjök ófundar-kent af Hákonni alla æfi. Var þá eigi úhætt með sonum jarla. Þá áttu fedr þeirra hlut <sup>44</sup> at með þeim, at þeir skyldu semja með sèr. Var þá fundr til stefndr; ok faust þat brátt á, at hvárr jarla hneigði með sonum sínum, ok urðu eigi ásáttir; gjörðist þaðan af sundrþykki mikit með þeim bræðrum; ok skildust við svá láit. Því næst fóru menn á milli þeirra, at leita um sættir; var þá stefndr fundr með þeim í Hrossey. Á þeim fundi gengu saman sættir þeirra með því móti, at þá var skipt Eyjunum í helmínga; stóð þá svá um hríð. Hákon Pálsson leitaði mjök á þá menn, er þjónuðu Erlendi ok sonum hans, svá at þeim þótti eigi svá mega standa; ok kom þá enn svá, at þeir urðu úsáttir, ok fórust at með fjölmenni. Hávarðr Gunnason ok adrir höfðingjar ok vinir jarla, báru<sup>1</sup> þá sáttmál milli þeirra; en þeir Erlendr fedgar vildu þá eigi sættast svá at Hákon veri þar í Eyjunum. En með því, at vinum þeirra þótti mikil ábyrgð á, ef þeir væri úsáttir, þá fór Hákon brott ór Eyjunum at sinni; gekk þá saman sættin með

<sup>1</sup> báru] þeir, add. Cd.

þeim bræðrum at góðra manna ráði. Hákon fór fyrst austr til Noregs á fund Ólafs konungs kyrra; var þat ofarliga á hans dögum; dvaldist hann þar skamma stund. Þaðan fór hann austr til Svíþjóðar á fund Ínga konungs Steinkelssonar, ok var með honum nokkura hríð vel tekinn. Þá var í Svíþjóð íng kristni; vóru þar margir menn, þeir er með forneskju fóru, ok þóttust verða vísir af því margra hluta þeirra, er eigi vóru fran komnir. Íngi konúgr var vel kristinn ok lagði mikla stund á at eyða úvenjum þeim, er lengi höfðu fylgt heiðninni.

Orkn. S.  
ch. 42.

7. Þá er Hákon Pálsson var í Svíþjóð, hafði hann frétt til, at þar í landi var sá maðr, er fór með vísindi ok spádóma, hvárt sem þat var af fjölkyngi eðr öðrum hlutum. Hákonni gjörðist á forvitni mikil at finna þenna mann, ok vita hvers hann yrði víss  
442. um forlög sín. Fór hann þá at leita hans, ok fann hann í markbyggð nokkurri; fór hann þar at veizlum, ok sagði bóndum árfærð ok aðra hluti þá er þeir forvitnuðust. En er Hákon fann þenna mann, spurði hann eptir, hversu honum mundi til ríkis ganga eðr annarrar hamíngju. Vísinda-maðr spyr, hvat manna hann væri. Hann segir nafn sitt ok ætt, at hann var dótturson Hákonar jarls Ívarssonar. Þá svarar vísinda-maðr: “Hví muutú vilja af mēr vísindi fá eða “sagnir hafa? Veiztú eigi þat, at hinir fyrri frændr “þínir hafa haft lítinn trúnað á þess-háttar mönnum “sem ek er? Ok má þer þat þörf vinna, at þú leitir “eptir at vita forlög þín af Ólafi dígra í Noregi, “frænda þínum, er þer hafit allan átrúnað á. En grunnr “er mēr á, at hann muni eigi lítillæti til hafa at “segja þer þat, er þú forvitnast, eða vera eigi svá “voldugr ella sem þer kallit.” Hákon svarar: “Ekki “vil ek honum hallmæla; ætla ek meirr, at ek mun “eigi verðleik til hafa, at fá af honum vísindi, en “litt, at hann mundi eigi mega mik vísan gjöra, ef “hann vildi. En því hefi ek á þinn fund farit, at



“ mēr hefir þat í hug komit, at hēr mun hvárrgi  
 “ okkarr þurfa fyrirlíta annan fyrir mannkosta sakir  
 “ eða trú-bragða.” Sá maðr svarar:<sup>1</sup> “ Vel líkar mēr  
 “ þat, er ek finn þat, at þú þykkist eigi þar allt traust  
 “ eiga, sem hinir fyrri frændr þínir hafa átrúnað haft.  
 “ Er þat ok undarligt, at þeir menn fari með föstum  
 “ ok vökum, er á slíkt stunda, ok ætla, at þar af  
 “ muni þeim veitast þá hluti at vita, er þeim er  
 “ forvitni á. En þó at þèr stundit á slíkt, þá verði  
 “ þèr því síðr vísir, sem yðr er meiri forvitni á, ok  
 “ yðr skiptir meira máli at vita; en vèr leggjum oss í  
 “ engar kvalar, ok verðum þó vísir þeirra hluta, er <sup>444.</sup>  
 “ vinum várum þykkir mál-skipti á at vita. Nú mun  
 “ svá fara með okkr, at þú mant þess njóta frá mēr,  
 “ er ek skil, at þú þykkist<sup>2</sup> heldr mega taka vísindi  
 “ af mēr en af kennimönnum Ínga konúngs, þeim er  
 “ hann þykkist allt traust undir eiga. Skaltú koma  
 “ til mín á þriggja náttu fresti; skulum vit þá freista,  
 “ at ek kunna at segja þèr nökkura hluti þá, er þik  
 “ forvitnar.” Eptir þetta skildu þeir, ok dvaldist  
 Hákon þar í bygdinni. Ok at liðnum þrem nóttum fór  
 hann at finna vísindamanninn; var hann þá í húsi  
 nokkuru einn saman, ok blæss mæðiliga, er hann gekk  
 inn, ok strauk hendinni um ennít, ok sagði, at hann  
 hefði mikít kostað, áðr hann yrði þess vís, er hann  
 vildi forvitnast. Hákon kvaðst vita vilja hvat hann  
 segði. Hann mælti þá: “ Ef þú vilt forlög þín vita,”  
 segir hann, “ þá er þar langt um at tala, ok af lífi  
 “ þínu; þvíat af vestr-för þinni til Orkneyja munu  
 “ hljótask mikil stór-tíðindi, þá er þeir allir hlutir verða  
 “ fram gengnir, er þar mun af leiða. Ok þat er mitt  
 “ hugboð, at þú verðir einvalds-höfðingi yfir Orkn-  
 “ eyjum at lyktum; kann vera, at þèr þykki langt;

<sup>1</sup> Sá maðr svarar] om. Cd.; efr. | <sup>2</sup> þykkist] þykkir, Cd.  
 Orkn. S. cap. 42.

“hygg ek ok, at þar muni þitt afkvæmi byggja. Þú  
 “mant ok á þínum dögum láta gjöra þann glæp, er  
 “þú mant annat-hvárt fá lætt eða eigi við þann  
 “gud, er þú trúir á. En spor þín liggja lengra út í  
 “heim en ek fá sèt; en þó hygg ek, at þú berir hær  
 “beinin í Norðr-hálfunni. Nú hefir ek sagt þær þá  
 “hluti, er ek mun at sinni; en þú ræðr hversu þú  
 “unir þínum hlut eða eyrindi.” Hákon svarar:  
 “Mikla sögu segir þú, ef söm er; en þat ætla ek mér  
 “betr gegna, sem vera mun, at þú munt þetta eigi  
 446. “með sammindum sèt hafa.” Vísindamaðr bað hann  
 slíku af trúa, sem hann vildi. Ok skildust at því.

Ok er Hákon hafði skamma hríð verit með Ínga kon-  
 úngi, þá fór hann þaðan til Noregs á fund Magnúss kon-  
 úngs berbeins frænda síns; þar frétti hann þau tíðindi  
 or Orkneyjum, at Erlendr jarl ok synir hans ræðu þar  
 mestu, ok vóru all-vinsælir; en Páll jarl faðir hans  
 var afskipta-lítill um ríkit. Þat þóttist hann ok  
 spyrja, at Orkneyíngar mundu lítt langa til at hann  
 kæmi vestr þangat; höfðu þeir þá frið góðan, ok ugðu,  
 ef Hákon kæmi til, at af honum mundi standa úfriðr  
 ok styrjöld; ok þótti Hákon eigi örvent, at frændr  
 hans mundu halda ríkinu fyrir honum. Tók hann þat  
 ráð, at sækja at Magnús konúng frænda sinn, at hann  
 kæmi honum til ríkis í Orkneyjum. Hákon eggjaði  
 mjök Magnús konúng at herja til Skotlands ok  
 Írlands, ok síðan til Englands, at hefna þar Haralds  
 konúngs Sigurðarsonar. Konúngr svarar: “Þat muntu  
 “lugsa, Hákon, ef ek gjöri þetta fyrir þín orð, at  
 “með her fara ek vestr um haf, at þær skal eigi á  
 “úvart koma, þó at ek bora frekan atsúg til ríkja  
 “þeirra, er þar liggja fyrir vestan hafit, ok gjöra ek  
 “þar at engan manna mun.” En er Hákon heyrði  
 þetta, lét hann sèr fátt um finuast; en Magnús konúngr  
 lét þá boða út leiðangr at fjölmenni ok skipum um  
 allan Noreg.

8. Nú skal þessu næst víkja apr til várs sögu-manns, hins heilaga Magnúss; þvíat fyrir litlu heyrðu þér, hversu hann var síðlátur í öllu athæfi, ok úlíkr öðrum <sup>448.</sup> úngum mönnum í sínum uppvexti. En með því at margir snúa sínum síðum eptir þeim, sem þeir hjá lifa, ok hverr er í tjöruna tekr saugast af henni: Sem Magnús var orðinn mjök svá fullroskinn at aldri, staddr millum grimma ok úsiðugra manna, er vóru illgjarnir móti góðum síðum, ústyrkir í trúnni, mótsaðligir réttum lögum, stírdir til keríngar, eptirlátir úsiðum, andmálgir ok úlfýðnir guðs boðorðum: Þá sýndist hann nökkura vetr líkr vera úsiða-mönnum, ok svá sem víkíngur með ráns-mönnum eðr hermönnum; lifði við rán ok herfang, ok stóð at manndrápum með öðrum; ok er þat trúanligt, at hann hafi þetta gjört meirr af vándra manna úsiðum ok áeggjan en eiginligri ílsku. Þykkir mönnum þat líkligast, at Magnús hafi þetta gjört ann tíma, er þeir frændr Hákon ok Erlíngur vóru allir samt í Orkneyjum, þvíat eigi finst síðarr tími til.—Yfir þessari framferð hans talar svá meistari Rodbert, er söguna hefir diktað:—

“Oho! ek undra,” segir hann, “hversu úmræðihgr  
 “er djúpleikr auðæfa guðligrar speki ok vízku drottins,  
 “hversu úskiljanligir eru dómar hans, ok úskoðanligir  
 “vegar hans mannlígu kyni. Hví leyfði allsvaldandi  
 “guð þenna sinn svein láta gírnast rán ok manndráp,  
 “ok saugast af svá margföldum syndum ok mis-  
 “verkum? Hví þoldi guðlig góðgírnid riddara sinn  
 “ok píslarvált at láta svá ferliga falla, er frá upp-  
 “hafi kaus at kóróna hann háleitliga á himni? Með  
 “gleði ok fagnadi auðgadi guð hann, ok um sneyri hans  
 “dupt í himneska dýrð ok gaf honum eilífa huggan  
 “eptir þessa heims harm; hamíngju yfirhöfu ok lofs <sup>450.</sup>  
 “eptir hjartans lamning. Hvat er þetta? nema þat er  
 “vèr sámm hvern dag svá opinberliga sem lofsamliga, at  
 “guð upp reisir ok gjörir sonu Abrahams af steinum,  
 “réttvísa af ranglátum, sæmiliga af syndugum, dýrð-

“liga af dauðligum, slætta ok skygða, fer-strenda<sup>1</sup>  
 “fjörum höfuðkröptum, at þeir gjörist hæfiligir í him-  
 “nesku uppsmíði, sterkir ok staðfastir horn-steinar í  
 “höfuðsteini várum Jesu Christo, honum samþykkir ok  
 “skapfeldir með eilífri ástsemd ok sambandi úendi-  
 “ligrar elsku. Þvíat drottinn Jesus er son hins mikla  
 “smíðs, er heiminn, ok allt þat í honum er, gjörði, ok  
 “gjörir ok stjórnar með sínu valdi; ok hann um skiptir  
 “ker reiði sinnar í miskunnar ker, sverfandi þau með  
 “þæl heilags anda; ok hann við tekr synduga menn í  
 “hinn víðasta faðm sinnar mildi ok miskunnar, alla  
 “þá er af láta sinni úvizku ok til hans snúast af öllu  
 “hjarta. Þvíat þat horfir til mikillar dýrðar ok mildi  
 “drottins, at hann lætr þar birtast nógleik sinnar  
 “miskunnar, sem áðr er fyrir mikill þúngi várrar  
 “vesoldar; ok læknir hann ok græðir þeim mun krap-  
 “tuligar sem sóttin sækir áðr hinn sjúka ákaflicar,  
 “ok gjörir hann alla heila ok holpna þá er til hans  
 “hjálpur leita. Sè um síðir, sem hinn heilagi Magnús  
 “í vafðist slíkum syndum, þá kom þar, at hann af  
 “lætti þessu starfi ok fylgði feðr sínum ok bróður ok  
 “lendum mönnum í Orkneyjum.”

Orkn. S.  
 p. 68-73.

9. Þenna tíma sem hér er komit sögunni, kom  
 austan af Noregi Magnús konúgr berbeinn með útál-  
 452. ligum skipa-fjölda liðs ok hermanna. Honum fylgðu  
 margir lendir menn: Viðkunnur Jónsson, Serkr ór  
 Sogni, Kali af Ögðum Sæljarnarson, ok Kolr son hans,  
 ok margir aðrir höfðingjar. Ætlaði konúgr í þessi  
 ferð undir sik at leggja ok herja Vestrlöndin, England  
 ok Írland, sem fyrr var getið. Þá er Magnús konúgr  
 kom til Orkneyja, tók hann jarla, Erlend ok Pál, ok  
 nauðgadi þeim brott ór Eyjumum, ok sendi þá austr til  
 Noregs; en hann setti Sigurð son sinn yfir Orkneyjar,  
 ok fœkk honum ráðuneyti; þvíat hann var eigi ellri en

<sup>1</sup> fer-strenda] f' stnda, Cd.; fyrir strenda ?

nú vetra. Magnús konúgr skipaði sonu jarla til ferðar ok fylgðar með sèr, Magnús ok Erlíng sonu Erlends; ok Hákon Pálsson. Magnús son Erlends jarls var hármadr á vöxt, skörlúgr ok skjótlúgr, ok styrkr at afli, fríðr sýnum, ljós-lítaðr ok límaðr vel, tígulúgr í yfirbragði, ok himn kurteisasti í öllu athæfi; hann gjörði Magnús konúgr skutil-svein, sinn, ok þjónaði hann jafnan fyrir konúgs borði. Magnús konúgr fór ór Orkneyjum til Suðreyja, ok vann hann í þeirri ferð allar Suðreyjar undir sitt vald, ok tók höndum Lögmann Guðröðar son<sup>1</sup> Suðreyja konúgs. Þaðan fór hann suðr undir Bretland ok átti þar mikla orrostu í Öngulseyjar-sundi við jarla tvá Brezka, Huga himn dígra, ok Huga himn príða. En þá er menn brutu upp vápn sín, ok hjóggust til orrostu, þá settist Magnús Erlendsson niðr aptr í fyrir-rúmit þar sem hann var vannr at vera, ok vápnadist eigi. Konúgr spurði hví hann gjörði svá. Heilagr Magnús svarar: “Hèr á ek við engan mann sakir, ok því vil ek eigi berjast.” “Farðu þá,” segir konúgr, “undir þiljur niðr, en ligg hèr ekki undir fótum mönnum, ef [þú] þorir eigi at berjast; þvíat eigi ætla ek þèr trú til ganga.” Magnús jarls-son sat í sama stað, ok tók psaltara ok söng á um bardagan, en hlífði sèr ekki.<sup>454</sup> Orrosta þessi var bæði hörð ok löng. En um síðir féll Hugi himn príði, en Bretar flýðu; ok fékk Magnús konúgr sigr, ok hafði látið marga góða drengi, en fjöldi var sárr. Kali Sæbjarnarson hafði fengit mörg sár ok stór. Magnús Erlendsson var ekki sárr vorðinn í bardaganum, þóat hann hlífði sèr ekki. Ok mega allir sjá, at þat var hin fegrsta jartegn, at í svá þykkri örfa-flaug ok sterkum vápna-burð skyldi hann eigi særast, en á alla vega hjá honum fèllu vápnaðir menn. Ok þarf nú þetta eigi at undrast, þvíat guð hefir varðveitt hann til stærri kórónu ok sigrs en at

<sup>1</sup> Guðröðarson] om. Cd.; cfr. Orkn. S., l. e.

falla þar. Magnúsi konungi fanst ekki til þessa, ok lagði hann á Magnús jarls-son mikla fæð ok úþokka af þessu. Ok er hinn heilagi Magnús sá, at honum mundi þat ekki verða til sæmdar eða sálu-bótar at vera lengr með Magnúsi konungi, þá tók hann amat ráð fyrir sér, at gjöra þat er guð kendi honum.

10. Þat var á einni nátt, er Magnús konúgr lá við Skotland, at Magnús Erlendsson leyndist af skipi konúngsins, ok bjó svá í rúmi sínu um, [at svá] þótti sem þar lægi maðr. En um morguninn er konúgr var klæddr, spurði hann, hvúrt Magnús Erlendsson mundi vera sjúkr. Var þá um forvitnast, ok var hans sagnat. Konúgr lét leita hans; ok fanst hann eigi. Þá lét konúgr hleypra sporhundum á land. Magnús jarls-son hafði skeinzt á fæti, þá er hann hljóp á land, ok höfðu sporhundarnir þegar fundit sporit. Magnús hafði leitað til skógar, ok komst hann upp í <sup>456.</sup> trè eitt. Hundarnir kómu at eikinni, ok klifu upp í. Magnús sló þá einn þeirra með kefli, er hann hafði haldit á; en þeir lögðu þegar á flótta, ok lögðu halana á bak sér, ok runnu til skipa. Magnús Erlendsson leyndist á skóginum meðan konúngs-menn leituðu hans. Fór hann síðan upp á land, ok kom fram í hirð Melkólms Skota-konúngs, ok dvaldist þar um hríð; en stundum var hann á Bretlandi með biskupi nokkurum. Þetta sama haust fór Magnús konúgr apte til Suðreyja, ok var þar um vetrinn. Þann vetr audaðist Kali Sebjarnarson af sárum. Um várit snemma fór Magnús konúgr til Orkneyja. Þar spurði hann andlát jarla ór Noregi, hafði Erlendr andast í Niðarósi ok var þar jarðaðr, en Páll í Björgvín. Þá gipti Magnús konúgr Gunnhildi, dóttur Erlends jarls, systur Magnúss hins helga, Kol Kalasyni í födur-bætr með miklum eignum í Orkneyjum. Gjörðist Kolr þá lendr maðr konúngs; þeirra son var Rögnvaldr kali. Sumir menn segja, at Erlingr Erlendsson, bróðir hins heilaga Magnúss, hafi fallit í Öngulseyjar-sundi; en Snorri

Sturluson segir hann fallit hafa á Ulaztiri með Magnúsi konungi. Þvíat þá er Magnús konungr hafði níu vetr ráðit Noregi, fór hann vestr til Írlands með miklum her; ok um sumarit eptir féll hann á Ulaztiri á Bartholomæus messu-dag. En Sigurðr son hans fór þegar ór Orkneyjum austr til Noregs, ok var þar til konúngs tekinn með bræðrum sínum Eysteini ok Ólafi.

11. Nú heyrðu þèr í fyrra capitulo hversu almáttigr guð er búinn at miskunna, hvers eiginligr góðleikr er jafnan at þyrma ok snúa vandræðum til hags ok 458. hjálpar, ok hversu hann varðveitti þenna sinn kosinn kappa frá heimansins váða ok válki,<sup>1</sup> at birta honum ok sýna, hversu mikla hluti honum byrjædi at þola fyrir hans nafni; ok hann, er í hafði staðit optliga stórum manndrápum, skyldi um síðir verða fórn heilags anda, ok gefa guði sitt eiginligt blóð með lífi ok líkama. Ok fyrir því komst hann ór því valdi hins ágjarna konúngs sem fyrr var lesit.

Þá er hinn heilagi Magnús var á Skotlandi, frétti hann andlát Erlends jarls födur síns, ok þau önnur <sup>Orkn. S. p. 73.</sup> tíðendi; sem fyrr var ritað. Ok sem hann hafði verit slíka stund í hirð Skota-konúngs sem honum líkaði, sendr af konúnginum gjöfum ok göfgu föruneyti, fór hann á Katanes, ok var þar af öllum virðuliga tekinn, hirtr ok haldinn, ok þegar kosinn ok tíguaðr jarls nafni, vinsæll ok virðuligr öllum guðs vinum.

12. Ok því mest án dvöl gjörðist hinn heilagi Magnús jarl Paulus af Saulo, predikari af manndrápsmanni, ok hefndi hann þat á sjálfum sèr þat er hann hafði illa lifat. Tók hann at gráta sik dauðan í syndum með dagligum sýtingum ok staðfastri iðran; ok galt hann nú makliga hefnd í margföldum meinleikum syndugum girndum veslugs holds. Þá sýndist hann vorðinn nýr maðr, sá er eptir því er fallinn sem guði

<sup>1</sup> *válki*] emend. ; va-ki (valki), C.I.

er sæmd í, ok hann skipti í annan mann, í góðan af vándum, í sámiligan af syndugum, í helgan af herfiligum, í sælan ok hreinan af saurgum. Þessi er um-snúning þinnar hægri handar, almáttigi guð! Þú ert styrkr at styrkja, hollr at hjálpa, búinn at bæfa, göfugr at 460. græta. Með þessum hætti var hinn heilagi Magnús um snúinn í helgan mann. Tók at erja jörð síns hjarta með vöskum ristli viðkenníngar. Þá drap hann úgiptumann sinn, ok fal hann undir sandinum. Þá gróf hann skurðgoð Labans undir viðar-rótum. Sleit hann ór sér syndir ok saurganir, ok skrýddi sik háleítum kröptum í guðligum góðgjörningum með karlmannligri staðfesti. Tók hann þá at vaxa sem olívu-viðr, ok upp lyptist í öllum góðum hlutum ok virðuligum verkum. Svá sem cypressus er yfir önnur trè, svá vóx heilagr Magnús, at hann skyldi svá vera *magnus*, þat er mikill, í guðdóminum, sem hann var at nafni uppstígandi í hamíngju ok heilagleik.

Orkn. S.  
p. 73-75.

13. Einum vetri eða tveim eptir fall Magnúss konúngs berbeins kom vestan um haf til Noregs Hákon Pálsson; ok gáfu konúngar honum jarls-nafn, ok ríki slíkt sem burðir<sup>1</sup> hans stóð[u] til. Fór hann þá vestr um haf, ok tók undir sik allt ríki í Orkneyjum með svá mikilli ágirni ok vitjauligri,<sup>2</sup> at hann drap saklausan sýslumann<sup>3</sup> Noregs konúngs, er þann helmíng Eyjanna hèlt ok geymdi, er hinn helgi Magnús átti, ok lagði þann veg undir sik allar Orkneyjar með ofríki; þvíat hálfar Eyjarnar höfðu til hins heilaga Magnúss af föðurligri erfð. Nú sem hinn heilagi Magnús frètti þvílíka sturlan, at Hákon bræðrúngur hans tók undir sik erfða-lönd hans með opinberum rangindum, hafði hann ráðagjörð við sína menn hvat upp skal taka.

<sup>1</sup> *burðir*] so Orkn. S., p. 73; |  
bróðir, Cd. (badly).

<sup>2</sup> *vitjauligri*] thus, an ἀπ. λεγ. |  
'visiting,' aggressive, encroaching?

<sup>3</sup> *saklausan sýslumann*] saklausa  
sýslumenn, Cd.



Kemr þat ásamt með þeim, at hann vill biða um tíma, at sefist reiði ok ágími Hákonar frænda síns ; ok at eigi <sup>462.</sup> sýnist, at hann sæki sína erfð með hermanna hætti, heldr sem vin laga ok réttinda ok kærligr elskari.

14. En [er] sá tími er kominn, er hinn heilagi Magnús vill vitja sinnar föðurleifðar, þá ferr hann með vegligu förneyti af Katanesi til Orkneyja, ok verða honum frændr ok vinir fegnir. Þá beiddist hann at taka við föður-arfi sínum. Þat líkaði bóndum vel ; þvíat ham var vinsæll ; átti hann marga frændr ok mága, at gjarna vildu hann til ríkis halda. Þá átti Þóru móður hans sá maðr er Sigurðr hét ; þau áttu mikit bú í Papuli.<sup>1</sup> Þá er Hákon jarl spurði at Magnús var kominn í Þyjarnar, dró hann lið at sèr ok vildi eigi upp gefa ríkit, heldr at verja. Þóru þá vinir beggja í millum þeirra, ok leituðu um sættir. Kom þá svá með tillögum góðra manna, at þeir sættust at því, at Hákon jarl gaf upp hálf t ríkit, ef þat væri atkvæði Noregs konúnga. Magnús Erlendsson fór þá þegar austr til Noregs á fund Eysteins konúngs ; þvíat Sigurðr konúngr var þá farinn út í Jórsala-heim. Eysteinn konúngr tók við júngherra Magnúsi forkunnar vel, ok gaf honum upp föðurleifð sína, hálfar Orkneyjar, ok þar með tók hann jarls-nafn af konúnginum, með hinum sæmiligstum gjöfum, yfir Orkneyjum. Ok eptir þat fór herra Magnús jarl vestr um haf til ríkis síns ; ok urðu honum fegnir frændr ok vinir ok þar með öll alþýða. Sandist þá vel frændsemi þeirra Hákonar jarls marga <sup>464.</sup> vetr, er vinir þeirra áttu hlut at. Var þá ár ok fríðr góðr í Orkneyjum meðan vingan þeirra hëlzt. Þeir frændr, herra Magnús jarl ok Hákon, höfðu landvörn báðir samt nokkura hríð, svá at þeir urðu vel samþykkir. Svá er sagt í kvæðum þeim, er ort er[u] um þá, at þeir hafi barizt við víking þann, er herjadi ríki þeirra, er Dufjall hét ; hann var manni firmari en

<sup>1</sup> Papuli] Papuley, Cd.

bræðrúngr jarla; ok fèll hann fyrir þeim. Þorbjörn hèt maðr ríkr fyrir ættar sakir ok göfugr, en fátækr at góðum síðum, er þeir tóku af lífi í Borgarfirði á Hjaltlandi fyrir gnógar sakir. Ok enn urðu þau fleiri tíðindi, er kvæðin vísa til, at þeir hafi báðir samt at verit; þó at vèr kunnim eigi greimiliga frá at segja. Hefir hinn heilagi Magnús þessa hluti framit, eigi sem víkíngur eðr ránsmaðr, heldr sem lögligr stjórnari ríkisins, ok geymslu-maðr laganna, elskari friðarins, til at hirta úsíðu manna, ok refsar rangindi, friða ok náða sína undirmenn ok sitt ríki af ofsa ok ágangi vándra manna, er æ sátu um þat at spilla friðinum.

15. Herra Magnús var hinn ágætasti maðr í sínum höfðingskap, siðgóðr ok ráðvandr, vinholtr ok vápn-djarfr, vígkænn ok sigrsæll í orrostum, hóglyndr í friði, ok þó stjórnsamr, lítilátr í máli, ok miskunn-samr, spekíngur at viti, ok hafði hvers manns lof. Hann var ör af fê, ok stór-gjöffull við höfðingja; hann veitti hversdagliga mikla hjálp fátækum mönnum fyrir guðs ást. Refsadi hann mjök herrán ok stuldi, lét  
466. drepa víkínga ok illgjörða-menn, svá ríka sem fátæka. Ekki var hann vinhallr í dómum; virði hann meira guðs rætt en mannvirðingar mun. Í öllum hlutum hêlt hann ríkt guðs boðorð, ok var meinketissamr við sik. Margir ágætir voru þeir hans mannkostir, er hann sýndi sjálfum guði en leyndi mennina.

En með því at hinn heilagi Magnús jarl hafði ríki ok stjórn yfir veraldar-fólki, þá vildi hann líkjast heimligum síðum veraldliga höfðingja; fékk hann sèr ok fastnaði eina ríkborna júngfrú ok hina skærustu mey af hinum tignustum Skotlands höfðingja ættum, ok flutti heim til sín, ok gjörði brúðlaup til. Þetta gjörði hinn blezadi Magnús, svá sem reyndist, með djúpsettu ráði guðligrar miskunnar, til þess at blekkja blíðligar teygíngar þessa heims, heldr en at fullgjöra fýstir síns líkama, þvíat hann var holþinn guðligri gæzlu ok hinneskum krapti; bygði tíu vetr hjá

þessari meyju, hreinn ok hlutlauss gjörsamliga allra saurlífis synda. En er hann kendi á sèr freistni til líkams losta, þá fór hann í kalt vatn ok bað sèr fulltíngs af guði.

16. Sè hèr sterkan guðs kappi í dagligu stríði, hversu dásanliga hann lifði með þessari júngfrú svá langan tíma. Fyrir því, þó at hann maetti lögliga henni blíðkast, vildi hann heldr, studdr heilags anda miskunn, kjósa hinn betra hlut at lifa úspilt, en frenja leyfiliga hjúskap; þvíat þeir þola líkams bruna, er at slíku fara. Þvíat vildra er ok örugggra at varð-<sup>468</sup>veita heila blóma, en at bæta þá er áðr eru spiltir; þvíat ekki sár verðr jafnvel grætt sem þat hold, er heilt hefir haldit. En at lifa í þeim líkama án líkams losta, er eigi maunligs kraptrar heldr guðligrar gjafar. En hvílíka freistni ok meínleti hann þoldi af líkams bruna, hversu þúng skeyti úleyfðra hræringa, ok hversu torvelligt stríð hann sigraði ok stöðvaði harðar fýstir hitnanda holds, þá veit sá er reynir en úreyndr tortryggir. Se, mínir kærustu! Þessi er sú hin mikla sýn, er Moyses sá runninn loganda ok eigi brennauda; þat er at skilja: þessi hinn úngi maðr freistaðr en eigi yfir-stiginn. En með því at svá mælir Páll postuli, at eingi kórónast, nema sá, er lögliga stríðir ok karlmannliga til þjónar, þá valdi þessi hallarhöfðingi ok stríðandi riddari höll þína, at þola dagligt stríð ok nálægan bardaga brennanda holds. Ok hann barðist vaskliga ok sigraðist sælliga; þvíat honum virðist svá, at sá vill vera of-mikill hóglífis riddari, er fyrr vill hafa dýrðina en hann vinni krapta-verkin; þvíat kraptr er vegr til dýrðar, ok dýrðin gefst af kraptinum. Svikul er sú dýrð, ok hægómlig er sú fegrð, er eigi fæðir heilagr kraptr. Ok undra ek, segir rítningin, hversu fögr ok fýsilig er hrein getnúng með sínum hjartleik ok ástsemd. Þessi hinn háleiti guðs riddari, gyrðr með hreinlífis linda, kostgæfði með allri hugar-fýst, at fremja ok fullgjöra allskonar ástar-

verk til sæmdar sínum drottni. Eða, hvat mundi hann sýnja sínum guði þessa heims hluta, er sjálfs síns líf ok líkam til varði, ok sínu eiginligu blóði út steypiti fyrir guðs sakir?

470. 17. Nú með því, at engi má vera Abel, nema sá er þolir ok reynir nízku Káins ok öfund, ok hinn helgi Ezechieel bjó með eitrfullum mönnum, ok hinn rættláti Loth var þraungdr af ranglátum mönnum, þá vakti upp úvin alls mannkyns freistni ok bruna meiu-gjörða alla vega í mót þeim guðs riddara, sáandi sundrþykki ok hatri milli bræðra ok franda ok kærna vina, allt til þess at fyrircoma honum ok únyta hans kraptaverk, er þá tóku at vaxa með honum; en kvístr guðligns vínviðar mátti<sup>1</sup> hrærast en eigi af sníðast. Þvíat svá sem viðr flýtr á vatni ok um snýst af bárum ok vindi, en sökkr eigi; ok svá sem Vagn<sup>2</sup> snýst á himni, en sökst eigi; sem gull skívist í ofni, ok brennr eigi; ok svá sem sterkt hús er knúð af stormi, ok fellr eigi: Eptir þeim hætti var hugr ok hjarta þessa hins ágæta píslarvátts styrkr ok staðfast, úskelfdr ok úhræddr, milli ákafra atburða ok áfalla margs-konar freistni, í miðil storma ok stórra boða leyndrar öfundar ok undirbyggju, svá sem opinberrar ílsku ok illgirndar, í móti skeytum freistanda úvinar. — Er þat greinanda þessu næst með hverjum hætti þetta sundrþykki gjörist meðal jarlanna.

18. Þá er þeir frændr, heilagr Magnús ok Hákon jarl, höfðu nökkura vetr löndum ráðit með friði ok samþykki góðu, þá fór þar sem optliga kann verða,  
472. at illgjarnir menn urðu til at spilla um frændsemi þeirra. Dróst Hákon jarl þá úgirtu-menn á hendr, þvíat þeir frændr voru mjök úlíkir í skaplyndi. Herra Magnús jarl var góðgjarn ok trúlyndr í heitum; vildi halda ríki því, er guð hafði gefit honum, ok ágirnast

<sup>1</sup> mátti] mátti, Cd.

<sup>2</sup> vagn] i.e. Karlavagn, "Charles's

| "Wain," the well-known constellation.

ekki framarr. Þvíat með hverjum hætti mátti hann prófast ágjarn á annarra manna ríki eða eign, er svá var örr af sjálfs síns líkama, at hann þyrmdi eigi sínu lífi fyrir guðs ást? Hann síðaði ok samdi sitt undirfólk til rættar atferðar, svá at síðan hann hafði frelst ok friðat ríki sitt undan ágangi vándra víkinga, lofadi hann engum sinna manna at leggjast í hernað, ok hegndi harðliga allar lögleysur ok úsiðu. En Hákon jarl var harðlyndr ok grimmr, ágjarn bæði til fjár ok ríkis, ok meirr framlútr at eggja sína menn til hernaðar en letja; en refsadi lítt úsiðu ok illgjörðir. Hann var mjök öfundsjúkr um vinsældir ok höfðingskap hins heilaga Magnúss; vildi Hákon gjarna með ágirni sinna illra ráðgjafa fyrirkomu sæmdum Magnúss jarls, ok leggja undir sik ríki hans með ránum ok rangindum, ok tók Hákon með sínum mönnum um líf hans at sitja með sviksamligri undirhyggju.

19. Nú sem hinn signadi Magnús er þess viss vorðinn sannliga fyrir margar raunir, sem hann þykkist eigi mega við dyljast, at Hákon vildi komast at lífi hans ok ríki, þá efnaði hann ráðagjörð sína með sínum ráðgjöfum; ok sýndist honum at vægja nokkura stund undan öfund ok æði Hákonar. Kaus hann þá af líði sínu sem vildastir voru ok bazt til 474. fylgðar fallnir, ok sigldu til Englands, ok sóttu fund Heinreks konúngs, sonar Vilhjálms bastard, er þann tíma var einvalds-konúngr yfir Englandi. Sem hinn heilagi Magnús var konungr til þessa konúngs, þá birti hann honum atburði ok efni sinnar þagat-kvámu. Ok tók konúnginn með honum [með] mikilli virðing. Ok í svá mikla vináttu konúngsins hann upp stè, at hann hélt hann ok allt hans líð á sínum kosti alla tólf mánaði ríkuliga svá sem konúngi sómði at veita ágetum hertuga. En þessi hinn heilagi þíslarváttr hélt sik ok sína sveit svá vitrliga, at hann varaðist ok við sá öllum vándra manna félagskap. Ok er herra konúnginn skildi af sinni vizku, hversu Magnús jarl

var góðra verka ok sémiligra siða fágari, ok at heilagr andi bjó í honum, þá hlýddi hann gjarna hans ráðum, ok hafði hans forsjó í sínum framferðum ; þvíat hann var heill ok hollr í ræðum ok ráða-gjörðum, blíðlundadr ok þolinnóðr sem Chusi, glaðværr ok elskuligr sem Jónathas, réttvís vandlætis-maðr laganna sem Phinees. Svá var hann öllum kærri ok elskuligr, þekkr ok þægiligr, at margir voru þeir, er svá mæltu : “ Sælir eru þeir er þik sá, ok þeir er öðladist þína vináttu.” Hann var glaðr ok góðviljugr ríkum mömum, örr ok mildr við fátæka, góðlyndr ok góðgjarn ok lítillátr alhi alþýðu. Ok þó at hann væri í hirð staddr með heinaligum höfðingjum, þá varaðist hann ok við sá allskonar löstum, þeir er hirðmanna síðum spilla. Ok at hann skyldi eigi framvegis flekka sitt skírlífi í samþykki við annarra manna syndir, þá bjó hann sína heimferð, þegar er liðnir voru þeir tólf máuadir, er hann hafði með Heinreki konungi dvalizt. Kann þat vera, at guð hafi birt honum, at hann 476. skyldi lúka sínum þrautum innan skams tíma, ok fórna svá guði skaera blóma síns hreinlífis sem sigrsamligan dauða síns píslarvættis ; því at leysast ór líkama ok lífa með Kristi er miklu dýrðligra en vera hère í þessa heims saurgan.

20. Eptir þat him heilagi Magnús hafði tekit orlof af Heinreki konungi, ríkum gjöfum ok margskonar sæmdir ok virðr, veggamaðr af herra konunginum, þá skildust þeir með hinum mesta kærleik ok vináttu. Vitjandi hann þá heilagra staða fyrst allra eirra er í uánd voru ; ok fór síðan heim til sinna landa. En á þeim tíma, er heilagr Magnús var á brott, lagði Hákon jarl með mikilli ágirni ok herskap undir sik, eigi at eins allar Orkneyjar, heldr ok þar með Katanes allt, með rúni ok ofríki ; hvaðan af svá bar til, at Hákon sat í þann tíma á Katanesi, er hinn heilagi Magnús jarl lendi við Orkneyjar með finnum skipum vel skipuðum af vöskum ok vel vápnuðum mönnum, ætlandi

at sækja sitt ríki, þó með engri rangri ágirnd þessa heims metnaðar nè úheimilla eigna, allra helzt er hann hafði áðr lengi girnzt guð, ok var með öllum hjarta-fagnaði fullkomliga upp tekinn ór girndum dauðligra hluta í fýst eilífra fagnaða; því kom hann nú at lúka sínu langlífi á lítilli stundu þeim mun sæmiligar sem hann brott fór skjótara. Þessi tíðindi hans heimkvámu spurðust þegar hvervetna. Hákon jarl, jafn-skjótt vaknandi sem grimmu birna at hvelpum ræntum, saman safnandi ok til síu stefnandi sonum Belials, vándum<sup>1</sup> illvirkjum, ok sonum hins dáliga<sup>478</sup>. Dohet, er æ ok æ illt vunu<sup>2</sup> frá því er þeir fiedlust af móður-kviði. Ætlaði Hákon þá at koma á úvart á hendr hinum heilaga Magnúsi, at vinna ok fullgjöra með þeim hætti sína illgirnd ok svik þau, er hann hafði lengi áðr í hug haft ok efnat. En hinn hæsti himna-konúngur, er frá eilífu upphafi skipaði, at hann skyldi varðveita sín hin dýrðligu einvala-ker í sínum fêhirzlum, sá á<sup>3</sup> þeim sínum völdum manni enn nokkut ryð heimligrar atferðar, þat er hreinsanda var. Því vildi guð hann láta hreinsast ok skírast innan fárra daga með eldi þraungínganna ok meinlæta, ok með þelum<sup>4</sup> freistninnar, ok margra mótgjörða; þó at eigi væri höfuð-syndir til af honum at þvá. Þá vildi guð auka hans verðleika, ef nokkut skorti á, at eptir því sem hans freistni ok stríð væri meiri ok harðari, þeim mun hærrí ok háleitari skyldi verða dýrð ok fagnaðr sigr-vegarans. Því gjörðist svá, at jarlar sendu sín í meðal, með orðsendíngu fríðar ok sættar, hina hyggmustu ráðgjafa sína, er réttliga bera merkíng þeirra Chusi ok Achitophel, er báru sáttmál milli þeirra Davíðs konúngs ok Absalons sonar hans, þá er þeir voru missáttir. Kom þar um síðir þessu máli, af meðal-göngu góðra manna, at sætt var formerað milli

<sup>1</sup> vándum] i, add. Cd.

<sup>2</sup> vunu] vinnu, Cd.

<sup>3</sup> á] af, Cd.

<sup>4</sup> þelum] þrelum for þielum, Cd. (badly).

þeirra frænda, með þeim hætti, at jarldómr Orkneyja, Kataness ok Hjaltlands, skyldi miðlast til hálfis milli þeirra Magnúss jarls ok Hákonar; skyldi hvárrgi ganga á annars ríki með nokkurri ágirni. Sem þessi sætt er samín ok staðfest með eiðum ok handsöllum, þá fundust jarlar með friðar-kossi. En þat sem hinn 480. heilagi Magnús jarl hugði til friðar, þat sneri Hákon til flærðar ok undirhyggju. Ok þess lengr sem hann á hélt eitri ilsku sinnar, þess illmamligar hann upp spjó henni; þvíat hans ílska ok níðíngskapr gekk fram með miklu megni þann tíma, er hann gat henni eigi lengr leynt. Með þeim hætti sem etur í andliti gjöra mannum því meira mein, sem þær lengr í liggja, svá ferr alls-konar ílska; þess heldr sem hon seyrist lengr í hug ok hjarta, þess grimmari verðr hon til meinsendama.

21. Hinn heilagi Magnús jarl tók þá enu at stjórna sínu ríki með friði ok fagnaði um nokkurn tíma. Ok er þat mest í guðs augliti, hversu heilagliga hann lifði í þessarri biðstund síns dauða; hversu hann skrýddi sik með háleitum kröptum ok framningum alls-háttar mannkostar, í bænahaldi ok tára úthellingu ok viðr-kenníngu hjartans, í skírlífi ok sköruglyndi, í ölmosu-gjörðum ok allri siðsend við sitt undirfólk, í mein-lætum ok margs-konar þrautum, er hann þoldi upp á sinn líkama, ok miklum öðrum fleirum dygðum en syndugr maðr megi hug til koma. Hversu er guðs helgir menn gjöra, bjóst hinn mæti Magnús jarl þann veg við sínu píslarvætti; hvers frásögu vèr skulum þessu næst byrja með guðs vilja.

482. 22. Sem fyrr-sögð sætt ok friðr hafði haldizt millim jarla um nokkura vetr, þá birti Hákon sik svikara, fram steypandi ór sínu brjósti miklu ranglæti, er hann hafði um tíma apr haldit. Heyrit hversu sannr er órskurðr hius forna skáldsins svá segjandi:

Nulla fides regni sociis, omnisque potestas  
 “Iupatiens consortis erit, totum sitit illa.”



Þat segir svá: “Allðri kann félagskapr þessa heims  
 “ ríkis tryggir at vera, þvíat alls-konar valds-menn þola  
 “ eigi sèr jafn-ríka, ok vilja einir allt hafa.” Af þessu  
 megit þèr skilja, hvílíkt alðin er svikin fæða, ok hví-  
 líkir ávextir upp renna af ágirni. Allar syndir gjörast  
 af girnd, ok allar fýstir úleyfðar af ágirni fram ganga.  
 Þat reyndist með Achab, hinum ranglátasta konungi,  
 er ofsótti Heliam spámann. Þat birti hinn gæpaful-  
 lasti Judas, er seldi Dróttinn várni við verði. Þetta hit  
 sama svikarinn Hákon jarl, bæði með dæmum ok  
 raunar-stöfum, í þeim svikum, er hann sveik sinn frænda  
 [Magnús] jarl í trygðum, þó at með ymsum hætti  
 gjörðist atburðir um skipti þeirra ok sundr-þykki.

23. Tveir menn vóru þeir með Hákonni jarli, er töl Orkn. S.  
ch. 50.  
 eru nefndir, at einna vest gengu á millum þeirra  
 frænda; hèt annarr Sigurðr en annarr Sigvatr sokki. 484.  
 Sigurðr átti bróður, er Þorsteinn hèt, er var hinn  
 dyggvasti hirðmaðr Magnúss jarls. Margir vóru þeir  
 aðrir, er illan hlut áttu í þeim málum; ok vóru þeir  
 allir með Hákonni, þvíat heilagr Magnús vildi enga  
 rógs-menn halda í sinni hirð. Þessu rógi kom svá, at  
 jarlar drógu lið saman, ok fór hvárr í móti öðrum  
 með miklu fjölmenni. Þeir hældu báðir til Hross-eyjar,  
 þvíat þar var þing-stöð þeirra Orkneyfinga. En er þeir  
 kómu þar, þá fylktu hvárir-tveggju sínu liði ok bjogg-  
 ust til bardaga. Þar var þá komit allt stórmenni með  
 jörlum; ok vóru margir beggja vinur, þeir er allan hlut  
 áttu í, at setta þá; ok gengu í milli með drengskap  
 ok góðvilja. Þessi fundr var á Langa-föstu. En þvíat  
 margir góðgjarnir menn áttu hlut í at skirra vand-  
 ræðum með þeim, en vildu hvárigum veita til úhæfn  
 við annan, þá bundu þeir sett sína með eiðum ok  
 handsölum, at vitni hinna beztu manna. Var svá  
 staðfest, at þeir skyldu finnast um várit í Egils-ey  
 eptir Páscha. Til þess fundar skyldi hvárr jarla hafa  
 tvau skip ok jafn-marga menn. Jarlar báðir bundu

þat eiðum, at hafa ok halda þær sættir, sem hinir beztu menn ræði<sup>1</sup> á þeim fundi upp at kveða þeirra í millum. Ok eptir svá gjört fóru hvárir til sinna heimkynna. Þessi formáli sættar ok samþykkis líkaði hinum heilaga Magnúsi harðla vel, svá sem fullkomnum heilhuga ok skærrar samvizku, án allra grunsemda. En Hákon jarl hafði á þessu þingi skreytt sína undir-hyggju ok hult með skýi skrök-sendarinnar, þvíat þetta sáttmál hafði hann gjört með flærð ok prettum ok fullum svikum, sem síðan reyndist; þvíat á þeim tína blèsu þeir Hákon, er rættliga kallast fésjóðr fölgins glæps, ok hans hinir údyggu þrælar, 486. saman ráð sinnar ilsku til dráps ok dauða hins heilaga Magnúss. Fyrir því at rík ok harðla kær er öll ílska hæðiligum félagskap, því staðfesta þeir sín í milli, at þessi úhæfa skal aldregi lengr undan ganga, ok nú skulu þeir fullkomið seðja sinn harðan þorsta í úthellingu saklauss blóðs. En hinn hæsti drottinn allra valda fyrir sá sínum kæra vin ok völdum píslar-vátt, at í þenna tína búinn til himinríkis, skyldi hann ór takast þessu lífi undir þúngum þust<sup>2</sup> snarps dauða, svá sem vínber í vín-þröng af átroði ok þrýstingu, gefa af sér hit skærasta vín á sínum tína með miklum ilm ok sætri bergíng. Svá gaf þessi hinn dýrðligi píslar-váttr guðs, fyrir sakir síns dauða, öllum guðs vinum ok sínum himneskan sætleik guðligrar miskunnar, af þeirri dýrð ok fagnaði, er hann hefir öðlast í úendiligrí gleði eilífs lífs með guði ok hans helgum mönnum.

24. Þegar Páscha-dags-helgin leið af, þá þjoggust hvárir-tveggju til þessa fundar með úlíkum hætti. Hinn heilagi Magnús stefndi til sín öllum þeim mönnum, er hann vissi góðgjarnasta vera til umbóta með þeim frændum. Hann hafði tvau langskip, skipuð hinum vöskustum drengjum, svá mörgum sem á kveðit

<sup>1</sup> ræði] ræðu, Cd.

| <sup>2</sup> Thus = þungri þust ?

var. Ok er hann var búinn, hæld hann til Egils-eyjar. En er þeir reyru í logni ok sjókyrru vedri, þá reis boði hjá skipi því, er Magnús jarl var á, ok yfir skipit þar er jarl sat. <sup>1</sup>Svá hētu formenn á skipi Magnúss jarls: Þorsteinn, er fyrir var getið, Arnkell, <sup>488.</sup> Grímr, ok Gilli, ok margir aðrir dugandi menn. Þeir undrudust mjök þenna atburð, er boði féll í logni, þar er engi maðr vissi, at boði hefði fallit fyrr ok djúp var undir. Þá mælti hinn heilagi Magnús jarl: “Eigi er þat kynligt þó at þèr undrist þetta. En þat er hugboð mitt, at þessi atburðr sè fyrirboðan míns lífláts. Kann vera, at þat komi hèr fram, er fyrir er spáð, at son Páls jarls mun hinn mesta glep vinna; má vera, at Hákon búi um svik við oss á þessum fundi.” Meim Magnúss jarls urðu mjök hryggir við þessa ræðu, er hann sagði svá bráðar vánir síns lífláts, ok báðu hann hlífa sèr, ok gæta lífs síns, ok hætt[a] eigi á trúnað Hákonar jarls. Heilagr Magnús jarl svarar: “Ek skal at vísu fara til þessa fundar, sem á kveðit var, ok gjöra engi brigðmæli á mik fyrir hugarboð mitt eitt saman. Ok verði allt at guðs vilja um várar ferðir. En ef því væri at skipta, þá vil ek miklu heldr þola rangindi, en gjöra öðrum manni. Sem guð láti Hákon frænda bættr fá, þó at hann gjöri mèr rangt.”

Nú er at segja frá Hákon jarli, at hann stefndi at sèr herliði miklu. Hann hafði sjau eðr átta herskip, öll stór, skipuð af mönnum; var þat lið allt vel búit, sem til bardaga skyldi leggja. En er liðit kom saman, þá gjörði Hákon jarl þat bert fyrir sínum mönnum, at á þeim fundi skyldi um skipta með þeim Magnúsi, svá at þeir skyldu eigi báðir ríki ráða þaðan af Margir menn jarls, er senniliga megu kallast synir andskotans, létu vel yfir þessi ráða-gjörð hans, ok

Orkn. S.  
ch. 51.

<sup>1</sup> This passage is neither found in the Orkn. Saga, nor in the shorter Magn. Saga.

lögðu<sup>1</sup> þar til mörg ferlig orð; en þeir Sigurðr ok  
 490. Sigvatr sokki vóru þá enn með verstum tillögum,  
 er æ ok æ vóru ills eggjandi. Tóku menn þá róðr  
 mikinn, ok fóru geyst ok ákaflega. Hávarðr Guuna-  
 son, er fyrr var getið, var þá með Hákonni jarli; hann  
 var kær vin beggja jarla. Hákon hafði leynt Hávarð  
 þessu úráði. En þegar hann varð viss, þá hljóp hann  
 útbyrðis af skipi jarls, ok lagðist í ey eina úbyggða;  
 þvíat hann vildi í engum svikræðum vera með Hákonni  
 móti hinum heilaga Magnúsi. Sá maðr var með herra  
 Magnúsi jarli, er Holdboði hét, réttorðr bóndi or  
 Suðreyjum; hann var hirðmaðr Magnúss jarls hinn  
 kærasti; hann var þar nálægr öllum þeim tíðindum,  
 ok hefir síðan greiniligast frá sagt frá skiptum ok  
 allri viðræðu þeirra Hákonar jarls, hvat er hér má  
 heyrast þessu næst.

25. Hinu heilagi Magnús jarl kom fyrr til Egils-eyjar  
 með sínum mönnum en Hákon. Ok er þeir sá herskip  
 Hákonar átta, þá þóttist Magnús jarl vita, at um svik  
 mundi búit; ok faust níkit um öllum mönnum þeim  
 er nokkora skynsemd höfðu, at slíkr vápnaðra manna  
 fjöldi mundi eigi þess beiðast, er til friðar horfði.  
 Sem hinn heilagi Magnús jarl sá, at birtast mundi  
 undir-hyggja Hákonar, þá sótti hann með sína menn  
 upp á eyrna til kirkju til bænar; ok var þar um nótt-  
 ina, eigi sakir hræðslu eðr ótta, heldr at festa guði  
 allt sitt ráð. Menn Magnúss jarls buðu at verja hann  
 ok berjast í mót Hákonni. En hann svaraði svá: “Eigi  
 492. “eigi verðr friðr settr með okkr frændum, þá verði  
 “sem guð vill; þvíat heldr vil ek þola meingjörð ok  
 “svik en veita öðrum.” Þvíat þessi hinn ágæti píslar-  
 váttr, þessa hluti talandi, vissi þat, at öll flærð ok  
 þrettr snýst aptr til þess er gjörir. Nú þótti mönnum

<sup>1</sup> lögðu] sögðu, Cd., badly.

hans sannast þat, er hann hafði þeim fyrir sagt um svik Hákonar. En þvíat Magnús jarl vissi fyrir um lífs-stundir sínar, hvárt sem þat var heldr af hug-speki hans eða af guðligri vitran, þá vildi hann eigi flýja eða langt fara frá fundi úvina sinna, ok sótti hann eigi af öðru til heilagrar kirkju en fyrir trú-sakir. Magnús jarl vakti löngum á bænum um nóttina, ok hugsaði sálu-hjálp sína, ok baðst fyrir vandliga; fal hann allt mál sitt ok sjálfan sik guði á hendi. Um morgininn lét hann syngja sèr messu, ok tók hann í þeirri messu *Corpus Domini*. Ok þessi hans gjörð þarfaðist til hæstu skynsemdar, at í þeim stað skyldi hann verða fóra guðs, sem offruð var hjálpsamlig fórn holds ok blóðs Dróttins várs Jesu Christi til hjálkar öllum heimi. En Hákon jarl, er í þenna tíma var firðr allri guðhræzlu ok ástsemd, svívirðandi *privilegia* Kirkjunnar, óttadist eigi inn at ganga í heilaga kirkju, raskandi svá frið hennar ok frelsi, at hann sýndi sínu glæp því grimmiligar, sem hann framdi hann í helgara stað. Þvíat æ eykst synd af illgjörðum, ok ilska af údádum; ok syndugr maðr, þá er hann kemr í djúp syndanna, hafnar öllum guðs ótta; ok því meirr sem hann venst syndunum, því meirr dirfist hann, ok því síðr hirðir hann hvat illt hann gjörir; þvíat honum þykkir þá eingis vert, hversu stórt sem hann misgjörir. Þenna sama morgin, sem Hákon jarl var kominn upp á eyrna með sínum illgjörðar-mönnum, <sup>494.</sup> þá sendi hann meim sína fjóra, hina dáligstu þjóna, þá er grimmastir vóru ok gjarnastir til illgjörða, at handtaka Magnús jarl, hvar sem hann var staddr. Þessir fjórir, er heldr megu kallast, af sínum grimmleik, línir skæðustu vargar en skynsamir menn, jafnan þyrstandi til blóðs úthellingar, hlupu inn í kirkjuna mjök svá at lokinni messumi. Gripu þeir þegar hinn heilaga Magnús jarl með miklu herfangi, harki ok háreysti, af friði ok faðmi heilagrar kirkju, sem hinn hógværa-asta sauð af hjarðar-tröð. Heilagr var haldinn af synda-

þrælum, rættlátr var bundinn ok dreginn rangliga af ranglátum, ok leiddr þann veg fyrir hinn ágiarna dómara Hákon jarl. En þessi hinn styrki guðs kappi var svá með mikilli staðfesti í öllum þessum þrautum, at hvárki skalf hans líkamr af bræðslu, nè hugr af ótta eða harmi; þvíat hann fyrir-lèt þenna heim þornaðan með öllu sínu frjólausu blómi. Vænti hann, at guð mundi ambana honum þolinmæði hans óumræðiligri kórómu; en þeirra grímd ok æði eilífum píslum í heitum helvítis bruna fyrir svá ómannliga ilsku ok afskapliga ágirni. Hann var svá gláðr ok kátr, er þeir hand-tóku hann, sem honum væri til veizlu boðit; ok með svá staðföstum hug ok hjarta, at hvártki talaði hann til sinna mótstöðu-manna með nokkurri stygð, reiði eða skelfdri raust.

Orkn. S.  
ch. 52.

26. Þá, sem hinn heilagi Magnús jarl var kominn fyrir Hákon jarl, mælti hann með mikilli staðfesti til Hákonar: “Eigi gjörir þú vel, frændi,” segir hann, “er þú hælzt eigi eða þína; ok er mikil ván, at þú  
496. “gjörðir þetta meirr af illgírni annarra ok áeggjan  
“en af þínu eiginligri ilsku. Nú vil ek bjóða þér  
“þrjá kosti, at þú takir nokkurn af þeim, heldr en  
“þú spillir eignum þínum ok látir drepa mik, frænda  
“þinn, saklausan sem sumir munu kalla.” Hákon jarl mælti: “Heyra vil ek þá fyrst hvat þú býðr.” Heilagr Magnús segir: “Sá er hinn fyrsti kostur, at  
“ek mun fara af landi brott til Róms, eða allt út  
“til Jórsala, at sækja helga staði, ok bæta svá fyrir  
“hvárn-tveggja okkar; mun ek hafa tvá skip ór landi,  
“skipuð með góðum drengjum, ok þeim nauðsynjum,  
“sem vær þurfum at hafa. Mun ek þat sverja, at  
“koma aldri til Orkneyja síðan.” Þeim kosti var skjótt neitað af Hákon og hans mönnum. Þá mælti Magnús jarl: “Nú með því, at líf vart er á yðru  
“valdi, en ek veit mik í mörgum hlutum til sekta  
“hafa gjört við allsvaldanda guð, ok þarf ek þar fyrir  
“umbót at gjöra: þá send mik upp á Skotland til

“vina okkar beggja, ok sè ek þar varðveittr með tveim  
 “mönnum mèr til skemtunar; ok sjá þú svá til, at ek  
 “muni aldri ór því varðhaldi koma fyrir utan þitt  
 “ráð.” Þessu neittu þeir skjótt, ok fundu margt til  
 at eigi mætti vera. Þá mælti þessi stöðugi riddari:  
 “Mjök þreyngir nú at um kostina,” segir hann. “Nú  
 “er einn sá eptir, er ek vil þèr ljóða; ok guð veit,  
 “at meirr sè ek fyrir þinni sálu-hjálp hèr um, en mínu  
 “líkamans lífi, þvíat þèr sómir þó síðr at týna mínu  
 “lífi: Láttú mik aflina sem þér líkar, eða augum  
 “ræna, ok set mik svá í myrkva-stofu þá er ek kemst  
 “aldri ór.” Þá mælti Hákon jarl: “Þessa sætt tek  
 “ek, ok eigi beiði ek framarr.” Þá hljópu upp menn  
 Hákonar jarls ok mæltu: “Þessu verðum vèr eigi  
 “samþykkir, at þína Magnús jarl; en drepa munum  
 “vèr annau-hvárn ykkarr; ok eigi skulu þit upp 498.  
 “frá degi þessum báðir löndum ráða.” Þá segir Hákon  
 jarl: “Heldr vil ek ráða löndum en deyja skjótt, ef  
 “þèr erut þó svá strangir í þessu máli.”—Svá sagði  
 Holdboði frá viðræðum þeirra.—Eptir þetta féll heilagr  
 Magnús til lænar ok laut í gaupnir sèr, ok helti út  
 mörgum tárnum í guðs augliti, gefandi sína sök, sitt líf,  
 ok sjálfan sik, í vald Drottins.

27. Þessu mæst, sem him heilagi guðs vin, Magnús Orkn. S.  
 jarl, var ráðinn ok dæmdr til dauða, þá bauð Hákon ch. 53, 54.  
 jarl Ófeigi merkis-manni sínum at drepa Magnús jarl;  
 en hann neitadi með himni mestu reidi. Þá neyddi  
 Hákon jarl til steikara sinn, er Lífólfr hét, at vega at  
 Magnúsi jarli; en hann tók at gráta hástöfum. Þá  
 mælti heilagr Magnús jarl til hans: “Eigi skaltu  
 “gráta,” segir hann, “þvíat þèr er frægð í at vinna  
 “slíkt. Vertú með staðföstum hug, þvíat þú skalt hafa  
 “kleði mín, sem síðr er til ok lög hinna fyrri manna.  
 “Ekki skaltú hræðast, því þú gjörir þetta nauðigr; ok  
 “sá er þik nauðgar til hefir meiri synd en þú.” En  
 er hann hafði þetta mælt, þá steypti hann af sèr kyrt-  
 linum ok gaf Lífólfi. Síðan bað blezadr Magnús jarl

sér leyfis at biðjast fyrir; ok þat var honum veitt. Hann féll þá allt<sup>1</sup> til jarðar, ok gaf sik guði í vald, færandi honum sjálfan sik í fórn. Ekki at eins [bað hann] fyrir sjálfum sér, heldr ok jafn-vel fyrir úvinum sínum ok bana-mönnum; ok fyrir-gaf hann þeim öllum af öllu hjarta þat er þeir misgjörðu við hann; ok játti hann guði allar afgjörðir sínar, ok bað þær allar af sér þvást í úthellingu síns blóðs; ok fal 500. guði önd sína á hendi, biðjandi guðs engla at koma á móti henni, ok flytja hana í hvíld Paradísar. Þá er þessi hinn frægi guðs píslar-váttir hafði lokit þæn simi, þá mælti hann við Lífólfr: "Stattú fyrir mér, ok högg " mik í höfuðit mikit sár; þvást ekki sómir at háls- " höggva höfðingja sem þjófa. Styrkstú, maðr, ok grát " eigi, því ek lað guð, at hann líkni þér." Eptir þat signdi Magnús jarl sik, ok laut undir höggit. En Lífólfr hjó í höfuð honum mikit högg með öxi. Þá mælti Hákon jarl: "Högg þú annat." Þá hjó Lífólfr í hit sama sárit.<sup>2</sup> Þá féll hinn heilagi Magnús jarl á knèn, ok fór með þessu píslar-vætti af vesöldum þessa heims til eilífra himnaríkis fagnaða. Ok þenna, sem manndráparinn tók ór heiminum, lét guð allsvaldandi ríkja með sér á hinnum. Líkami hans féll til jarðar, en önd hans var háleitliga upp hafin til himneskrar dyrðar englanna. Staðr sá, er hinn heilagi Magnús jarl var högginn í, var grýttir ok mosóttir. En litlu síðarr birtust verðleikar hans við guð, svá at þar er síðan grænn völlr, fagr ok sléttr; ok sýndi guð þat í þessu tákni, at Magnús jarl var fyrir réttlæti drepinn, ok hann öðlaðist fegrð ok grænleik Paradísar á jörðu lifandi manna.--Andláts-dagr heilags Magnúss jarls er tveimr nóttum eptir messu-dag *Tiburtii* ok *Valeriani*; þat var á öðrum degi viku,<sup>3</sup> er hinn mæti Magnús jarl

<sup>1</sup> *allt*] thus, read "allr."

<sup>2</sup> The details are here a little at variance with Orkn. and the short

Magn. Saga, which only mention a single blow.

<sup>3</sup> Cf. Orkn. S., which yet leaves out the words *öðrum degi viku*.



var drepinn, þremr vikum eptir Máríu-messu<sup>1</sup> á Föstu. Þá hafði hann verið tólf vetr jarl með Hákonni. Þá A.D. 1104-  
vóru konungar at Noregi, Sigurðr Jórsalafari, ok bræðr 16.  
hans Eysteinn ok Ólafir. Þá var liðit frá falli hins heilaga Ólafs Haraldssonar lxxiiij.<sup>2</sup> vetr. Þat var á dögum Paschalis páfa amars með því nafni, ok hins heilaga Jóhannis Hóla-biskups á Íslandi.—Hinum<sup>502</sup> heilaga Magnúsi jarli til sæmdar talar svá meistari Rodbert, er látinu sögu hefir diktað:—

28. “ Í dag birtist oss, hinir kærustu bræðr, andláts-  
“ dagr hins sæla Magnúss jarls píslar-vátts, hvíldar-  
“ dagr hans ok eilífs fagnaðar. Gleðjumst ok fögnum á  
“ þeim háleita degi; þvíat hann beiðist af oss hátíðliga  
“ góðfýsi ok einkanliga vegsend, er byggjum hjá hans  
“ helgum dómi, ok undir hans varnaði ok varðveizlu,<sup>3</sup>  
“ ok væntum í hans verðleikum. Þvíat fyrir hans  
“ háleit eptirdæmi ok heilagan lifnað, blómguðust  
“ fyrst í álfum Orkneyja ríkis hinar fegrstu skipanir<sup>4</sup>  
“ skærrar góðfýsi, ok af<sup>5</sup> hinu helgustu lögmáli þessa  
“ dýrðarfulla píslar-vátts tóku margfalda aukning ens  
“ sæmiligsta siðferðis. Hann rak brott herra-sætis stól  
“ Eþjándans ór norðr-ætt heimsins, ok setti í staðinn  
“ landtjald almáttigs guðs. Hann eyddi öllu illgresi  
“ ok upprætti með sinni prèdikan, en lét upp vaxa  
“ enu fegrstu blóma<sup>6</sup> ok hinn sætasta korn-skurð hins  
“ hjálpsamligasta ávaxtar. Hann um sneri öllum beisk-  
“ leika Orkneyja í sæmd ok sætleik heilagra siða. Í  
“ dag<sup>7</sup> sigraði hann heiminn ok heimsins höfðingja; ok

<sup>1</sup> *Mariumessu*] rightly, *Mariú-messa* = 25th March; *Magnúsmessa* = 16th April.

<sup>2</sup> *lxxiiij.*] Thus Cd. and Orkn. S., p. 80; the figures are somehow wrong, it should be lxxxvi.

<sup>3</sup> From this it appears that Robert, the writer of earl Magnus' life, must have been an Orkney-inger.

<sup>4</sup> *hinar . . . skipanir*] conj.; *hinnar fegrstu skipanar*, Cd.

<sup>5</sup> *af*] add. by conjecture.

<sup>6</sup> *blóma*] conjunct.; *dóma*, Cd.

<sup>7</sup> *Í dag*] It would appear that this was appointed to be read on the day of the saint's martyrdom, April 16th.

“ hann upp stè, ágætr sigr-vegari yfir heiminn, takandi  
 “ af sínum heilaga dróttni, várum herra Jesu Christo,  
 “ dýrðar-kórónu. Í dag við skildist hann alla þvínган  
 “ líkamligrar spillíngar, í gegnum farandi himnana ; ok  
 “ hann inn gekk í fögnuð, orðim líkr heilögum  
 “ mönnum í allri dýrð. Í dag af klæddist hann  
 504. “ heimligri yfirhöfu þessa hins fallvalta lífs, upp stígandi  
 “ lærra en mannligr veikleikr megi virða ; ok er  
 “ honum því veitt himnesk virðíng, sæmd ok sæla  
 “ fyrir augliti allra heilagra. Upp stè hann at sönnu  
 “ hjatr at verðleikum, ríkr í fullsælu, dýrðarfullr af  
 “ sómasanligum sigri. Þessi hinn háleiti guðs píslar-  
 “ váttr, hinn sæli Magnús jarl, þýddr af kórónu  
 “ eiginligr blóðs, var þýndr þá er líðit var frá holdgan  
 “ várs herra Jesu Christi, þúsund, hundrað ok iiiij.<sup>1</sup> ár  
 “ á Mánadegi hinn sextánda *kalendas* dag Maíj mánaðar.  
 “ Nú mínir kærustu ! Rekum brott líkamligar fýstir, ok  
 “ forðumst elsku úleyðra hluta, sigrandi ok yfir-  
 “ stígandi árasir lastanna, en fylgjum fótsporun ok lífi  
 “ þessa hins dýrðliga píslar-vátts með öllu megni várs  
 “ hugskots, svá framalliga sem várr breyskleikr má  
 “ bera. Fylgjum vegun lífs hans ; höldum dæmun verka  
 “ hans. Leítum vèr við eptir at líkja hans lífi ; þó at  
 “ hversdagliga birtist ok auðsýnist fyrir dásanligar  
 “ jartegnir ok dýrðlig stórtákn, þau er almáttigr guð  
 “ veitir Norðr-hálfunni fyrir hans ágætt árnaðar-orð ok  
 “ frægðarfulla verðleika, bæði á sjó ok á landi : at hans  
 “ líf ok heilug siðsend er meirr vegsamandi ok dásam-  
 “ andi, heldr en eptirlíkjanlig várum veikleik. Sýndist  
 “ hann á jarðríki, at hann skyldi verða várr verndari  
 “ ok ármanar-maðr hjálpar ok miskunnar við almáttkan  
 “ guð. Fyrir því byrjar oss, er þröngdir erum með  
 “ miklum þunga várra synda, hans virðíng jafnan at  
 “ gjöra með einkanligri góðfýsi skyldugrar hlýðni ok

<sup>1</sup> *iiiij.*] Badly for *xyj.* May be | MS. of Robert's history, from which  
 the figures were mis-written in the | our author translated.

“ vegsendar, at þessi hinn háleiti píslar-váttir Magnús  
 “ jarl virðist með sínum verðleikum ok bænum fyrir  
 “ oss at halda, at vèr öðlimst at verða hluttakari sigr-  
 “ samligrar kórónu ok eilífrar dýrðar, þeirrar er hann  
 “ öðladist á sínum pínungar-degi. Þat veiti oss herra  
 “ Jesús Christus, sá sem er sæmd ok sæla, hjálp ok 506.  
 “ heilsa, gleði ok dýrð, allra heilagra ok réttlátra manna  
 “ sinna; sá er með feðr ok helgum anda lífir ok ríkir,  
 “ einn guð í þrennúgu, um úendiligar veraldir veralda.  
 “ Amen.”

Meistari Rodbert dictaði þessa sögu a Látínu til virð-  
 íngar ok sæmdar hinum heilaga Magnúsi Eyja-jarli  
 at liðnum xx.<sup>1</sup> vetrum frá hans písl.

29. Nú er þar til máls at taka, at segja frá þeim  
 hlutum er gjörðust eptir líflát hins heilaga Magnúss  
 jarls, at svá mikil var grimd ok harðlyndi Hákonar  
 jarls, ok svá mikil reiði ok æði við hinn sæla Magnús,  
 at eigi síðr öfundaði [hann] Magnús jarl dauðan en  
 lifanda. Ok þóat flestra manna æði ok grimd kunní  
 at sefast eptir framin illvirki, þá hvíldist eigi nè sefa-  
 ðist öfundsýki ok illgirnd í hjarta Hákonar; þvíat  
 hann fyrirbýðr at Magnús jarl væri at kirkju grafinn  
 sem kristnir menn, heldr at hann væri þar jörðu hul-  
 inn sem hann var drepinn.

30. Þat hafði mælt verit á hinum fyrra fundi jarla <sup>Orkn. S.</sup>  
 í Hrossey, at þá er þeirra sætt væri fullkomliga <sup>ch. 55.</sup>  
 styrkt ok staðfest eptir hinna beztu manna dómi,  
 sem þeir höfðu eidum bundit, at jarlar báðir, þá  
 er þeir færi af þeim fundi, sem á kveðinu var í  
 Egilsey, skyldu sækja veizlu í Papuli<sup>2</sup> til Þóru móður  
 Magnúss jarls. En nú eptir dráp ok dauða jarls, þá 508.  
 sótti Hákon jarl til veizlunnar með sínum mönnum.

<sup>1</sup> It is impossible to test or verify  
 this figure, which rests upon a  
 single MS. It may have been exx.  
 or lxx. But if the date be right,

Master Robert must have written  
 his Life of St. Magnus about year  
 1136.

<sup>2</sup> *Papuli*] Papuley, Cld.

Þar var veizla en bezta. En er drykkur fækk á Hákon jarl, þá gekk Þóra til hans ok mælti svá: “Nú ertú einn hær kominn, herra; en ek vænta ykkar beggja ok Magnúss jarls sonar míns. Nú vertú mēr svá bæna, sem þú vilt at allsvaldandi guð sè þær á dómsdegi, at þú leyfir mēr, at son minn sè at kirkju grafinn.” Hákon jarl leit í mót henni, ok feldi tár, ok mælti: “Graf son þinn, kona, þar er þær líkar.” Heilagr Magnús jarl var þá færðr til kirkju, ok grafinn í Byrgis-hæraði at Krists-kirkju þeirri er Þorfinnr jarl föður-faðir hans lèt gjöra. Sýndist þá þegar optluga skína himneskt ljós yfir hans greptri. Síðan tóku menn at heita á hinu heilaga Magnús jarl, er í háska vóru staddir, ok greiddist [þörf] þeirra sem þeir beiddu sjálfir. Jafnan var kendr hinneskr ilmr við gröf hans, ok fengu þar sjúkir menn heilsu. Því næst gjörðu ferðir sínar menn af Orkneyjum ok Hjaltlandi, þeir er vanheilir vóru, ok vöktu yfir leiði hans, ok tóku allir bót sinna meina; en þó þorðu menn eigi mjök upp at halda jartegnum Magnúss jarls meðan Hákon jarl lifði. Svá er sagt, at þeir menn, er verst höfðu gengit í milli jarla, ok vóru mest í svikræðum við Magnús jarl, at þeirra varð flestra skjótr endir ok skamt líf, ok dó þeir illum dauða.

Eptir dráp hins heilaga Magnúss tók Hákon Páls-son undir sik allt ríki í Orkneyjum. Lèt hann þá alla menn ganga til eida ok trúnaðar við sik, jafnvel þá, sem áðr höfðu þjónat Maguúsi jarli. Gjörðist hann þá höfðingi mikill, ok hafði álögur stórar við vini Magnúss jarls, þá honum þótti mest í móti sèr hafa verið í skiptum þeirra. Nokkurum vetrum síðarr bjó Hákon ferð sína ór landi. Hann fór suðr til Róms; ok í þeirri ferð fór hann allt út í Jórsalaheim, sem þá var siðr til pálmara; sótti hann þangat helga staði, ok laugaðist í ánni Jórdan. Eptir þat vendi hann aprt til óðala sinna, ok tók undir sik ríki

í Orkneyjum. Hann gjörðist þá stjórnsamr, ok friðaði vel sitt ríki. Setti hann þá ný lög, þau er bóndum líkaði miklu betr en þau er áðr höfðu verit. Tóku við slíkt at vaxa vinsældir hans. Kom þá svá, at þeir Orkneyíngar stunduðu á ekki annat, en halda Hákon jarl til ríkis í Orkneyjum ok hans afkvæmi. Ok lýkr þar frá Hákonu at segja í þessi bók.

31. Himn mildasti guð drottinn Jesus Christus, sá er laðar ok leiðir sína vini til eilífs fagnaðar frá albi ánaud þessa heims, sá hinn sami er leysir alla, þá er til hans miskunnar krjúpa af öllu hjarta, frá öllum syndum ok saurgan þessarar veraldar syrgiligrar, ok gjörir af fákunnigum hinn vitrasta, af lágum ok lítilátum hinn frægusta, af fátækum hinn ríkasta, af útignum hinn göfgasta höfðíngja, eigi at eins þessa heims ríkis, heldr ok jafnvel himinríkis, ok úendiligrar dyrðar, sem hann gjörði forðum við Joseph *patriarcham*, er leiddr var ór myrkva-stofu, ok gjör þegar herra ok höfðíngi alls Egiptalands-veldis : Sá hinn sami, er gjörði Davíð af smala-sveini hinn æzta konúng yfir allar Israels ættir, ok leiddi Judan Machabeum ór sult cyðimerkr, at hann mætti tign ok sigrs ágæti öðlast, ok svá mikla frægð, at hann þótti at mörgu vera yfir aðra menn, ok Alexandrum, son Philippi, er kallaðr var Macedo, 512. fyrir harðan meistaradóm Aristo[telis]<sup>1</sup> . . . . .  
 . . . . .  
 . . . . . ok búit at öllu sem samilegast mátti. Þá skrínlagði herra biskup helgan dóms hins sæla Magnús jarls með veg ok prýði, ok lofsöng alls lýðs, ok bættist þeim þá þar öllum, er andvana vóru heilsu, ok þurfandi miskunnar, er þangat höfðu sótt á þeim tína til hans heilags dóms. Heilagr Magnús jarl var skrínlagðr á messu-dag Lucie meyjar, fyrir Jól

<sup>1</sup> *Aristotelis*] thus emend. ; er Leo . . . . Cd. There is namely here a blank of one leaf at least of the original vellum. The Icelandic

transcriber of the lost vellum has here evidently mis-read the last word, in the middle of which the text suddenly breaks off.

um vetrinn. Ok er sá dagr víða virðuliga haldinn, bæði hinum heilaga Magnúsi ok sælli guðs meyju Lucie; en á várit er hans heimferðar-dagr til himinríkis.

32.<sup>1</sup> Nú er yfir farit, þóat minnr makliga en skyldi, um upptekning, prófan, ok skrin-lagning heilags dóms hins signada Magnúss jarls, ok eigi síðr lögtekning hans hátíðar. Ok er þat hugsanda ok greinanda, at með ýmisligum *privilegiis* sæmir guð drottinn sína ástvinu fyrir sitt réttlæti, suma hær þegar í lífinu en aðra eptir lífit. En þó sýnast þessar frumtignir á meðal heilagra nokkut einsligar ok frábærlicar, sem þeim guðs píslar-vátt Magnúsi til heyra. Þat er at skilja, at svá sem þein hans var prófat heima í Orkn-eyjum, snerist þat í fegrsta kross-mark í augsyn nærverandis manna. Sú er önnur grein, at þessi sami

514. þein-kross snerist síðan í hím skærasta gulls-lit fyrir sjálfum herra páfanum í Roma. Hvar fyrir hann tekr þenna him purpuruliga píslar-vátt í *catalogum* heilagra; en þat hefir fám öðrum veizt á Norðrlöndum, at sjálfir hann hafi þat gjört. Því má sjá ok dásama, þó at engi megi svá eptir hugsa sem er, hversu allsvaldandi guð er ríkr at auðæfum ok djúpleika sinna miskunnsemda; þvíat hann veitir þær ástgjafir öðrum sínum vinum, sem hann veitir eigi öðrum, ok skiptir þeirra í miðil þannig, sem hann vill; ok þrýtr hann aldregi, þóat hann gefi heilags anda gjafir hverjum þeirra. Því sè hans náln eilíflica lofat ok blezat *per secula. Amen.*

33. Frá<sup>2</sup> þeim tíma víðfrægdist ok fluttist jartegna-gjörð hins heilaga Magnúss jarls um öll Vestrlönd, ok Norðr-hálfa heimsins; ok fóru menn af nálægum löndum, borgum ok bæjum, kastalum ok héraðum,

<sup>1</sup> This chapter was probably added by the compiler and translator of Master Robert.

been taken for the most part from the Book of the Miracles by Saint Magnus, mentioned Orkn. S., page

<sup>2</sup> What follows seems to have 82, note 1.

með miklum hjörtum ok fórnar-höndum, at sækja hans helgan dóm; en sumir sendu fè til hans helga skríns, honum til sæmdar en sjálfum sèr til heilsu-bótar ok sálu-hjálpur, bæði þessa heims ok amars. Því skal hær næst segja nokkurar jarteiguir, þó at fár, af útalligum þeim, er guð veitir fyrir hans verðleika:—

34. Þá er Bergfinnr bóndi norðan af Hjaltlandi, sá <sup>Orkn. S.,</sup> er fyrr var<sup>1</sup> nefndr í þessu máli, spurði þessi fagnaðar <sup>ch. 66,</sup> tíðeudi, upptöku hins heilaga Magnúss jarls, þá fór <sup>p. 91-94.</sup> hann í amat sinn norðan af Hjaltlandi með son sinn <sup>516.</sup> líkþrán, er Hálfðan hét, til Kirkjuvágs; ok vöktu þeir báðir feðgar at helgum dómi Magnúss jarls. En heilagr guðs maðr birtist Hálfðani, ok fór höndum sínum nu líkum hans, ok í stað fèll af honum öll líkþrá, Þá reis hann upp alheill. Heilagr Magnús jarl vitradist ok Bergfinni bónda í svefni ok mælti við hann: “Nú muntú taka hjarta sýn; þviat nú hefir þú farit “híngat með rættri trú, ok tortrygt eigi heilagleik “minn, ok offrat mèr fagrligu heiti, bæði í bænum ok “fjárhlutum.” Þá gjörði hann krossmark yfir augum Bergfinns; ok vaknaði hann svá skygn sem þá er hann hafði skygnastr verit. Ok fóru þeir feðgar báðir heilir heim, lofandi guð ok hinn heilaga Magnúsi jarl.

Þorkell hét maðr, er bjó í Orkneyjum; hann fèll af bygg-hjálni sínum, ok landist allr öðrum-megin, er hann kom á jörð. Hann var sluttr til hins helga Magnúss jarls, ok fékk hann þar skjóta bót sinna meinsemda, at græddum beinbrotum ok styrktum líkama. Þakkaði hann guði ok hinum heilaga Magnúsi fyrir sína heilsu-gjöf.

<sup>1</sup> sá . . . var] *i.e.* in the missing leaves.

Ámundi Illugason hét maðr, bóndi norðr á Hjaltlandi; hann var líkþrár ok mjök sjúkr. Hann fór  
 518. til hins heilaga Magnúss jarls, ok vakti at skрни hans, ok bað sèr miskunnar ok heilsu. En er hann sofnaði, þá sýndist honum Magnús Eyja-jarl, ok fór höndum um líkama hans, ok gaf honum svá skjóta heilsu, at hann vaknaði alheill; ok gjörði hann guði þakkir fyrir sína heilsu, ok hinum milda Magnúsi.

Sigurðr hét maðr Tandrason; hann bjó á Hjaltlandi á þeim bólstað, er Dalr heitir; hann varð ærr, svá at hann var í húð rifaðr. Þessi maðr var færðr til hins heilaga Magnúss jarls, ok fèkk hann þar vit sitt ok fulla heilsu; ok fór hann þaðan alheill, lofandi guð ok him heilaga Magnús jarl.

Annarr maðr hét enn Sigurðr, norðan af Hjaltlandi; hann hefði krepta hönd, svá at allir fíngnir lágu í lófa. Hann sótti heim helgan dóm hins heilaga Magnúss jarls, ok fèkk hann þar heilsu sína með rættum ok mjúkum fíngnum til allra sinna nauðsynja. Þakkaði hann guði fyrir þá miskunn, er honum var veitt fyrir verðleika Magnúss jarls.

Maðr hét Þorbjörn Ólafsson norðan af Hja[ ]tlandi; hann var djöful-óðr ok vitlauss. Hann var færðr  
 520. til staðar hins heilaga Magnús jarls; ok varð hann þegar heill, ok fór hann til sinna heimkynna, fagnandi ok lofandi guð ok þenna hinn sæla píslarvált.

Þórðr hét maðr, ok var kallaðr dreka-skolþr; hann var leigumaðr fyrir-sagðs Bergfinns bónda. Hann barði korn í bygghlöðu hinn næsta dag fyrir messu-dag hins heilaga Magnúss jarls. En er nó<sup>n</sup> var dagsins, þá bað Bergfinnr hann hætta at vinna. “Þat er sjaldnast, sagði Þórðr, “at þèr þykki of mikit unnit.” Bergfinnr mælti: “Hátíðar-dag þann er kemr á morgin eigum

<sup>1</sup> *i.e.* about 3 o'clock P.M.



“vèr at halda með allri dýrð, þeirri er vèr megum ok kunnum.” Þá gekk Bergfinnr á brott, en Þórðr vann sem áðr. En er skamt var liðit, þá gekk Bergfinnr út í annat sinn, ok mælti til Þórðar af reiði mikilli: “En mesta mótgjörð er mèr á því, er þú vinnr á helgum tímum. Ok lát af þegar í stað!” Gekk bóndi þá brott reiðr mjök, en Þórðr vann sem áðr. En er menn vóru mjök svá mettir, þá kom Þórðr inn í herfiligum klæðum, ok tók þegar at drekka gráðuliga. Ok er hann hafði drukkit eitt horn af mungáti, þá varð hann ærr, svá at þegar urðu menn at færa hann í bönd, ok hèlt því sex dægr. Þá hèt Bergfinnr bóndi fyrir honum at gefa hálfu mörk silfrs til skríns hins heilaga Magnúss jarls, ok láta Þórð vaka þar þrjár nætr ef hann yrði heill. En Þórðr fékk þegar heilsu sína á næstu nótt eptir er heitið var fyrir honum. Ok lefuðu allir hinn hæsta himna-konung, ok þenna hinn virðuliga hans ástvin hinn heilaga Magnús jarl.

Þat er enn sagt, at tveir menn brutu gull af <sup>522.</sup> skríni hin heilaga Magnúss jarl; annarr þeirra var Katneskr, en annarr Orkneyskr. En sá hinn Katneski týndist ok druknaði á Pétlands-firði, ok hèt sá Gilli. En hinn Orkneyski varð ærr, ok sagði hann í órunum, hvat þeir höfðu gjört. Þá var heitið fyrir honum Róm-ferð, ef hann yrði heill. Síðan var hann færðr til hins heilaga Magnúss jarls, ok heitið á hann til heilsu-bótar honum; ok varð hann þegar heill, ok lofaði guð ok hinn heilaga Magnús jarl.

Ásmundr hèt maðr. Í höfuð honum fèll trè mikit, ok lamdist haussinn allr, en opt nefndr Bergfinnr bóndi hèt fyrir honum; ok var blutað um, hvárt heita skyldi fyrir honum Róm-ferð,<sup>1</sup> eða gefa fè til Magnúss-kirkju. En sá kom hlutr upp, at hann skyldi sækja

<sup>1</sup> Róm-ferð] utanferð, Cd.

til heilags dóms hins heilaga Magnúss jarls. Fèkk hann þá þegar mál sitt þat er hann hafði aðr misst. Fór hann eptir þat til hins heilaga Magnúss jarls, ok vakti þar, ok fèkk fulla bót sinna meinsemda. En Bergfinnr bóndi gaf Magnúsi jarli hálfra mörk silfrs vegna sem hann hafði heitið.

Kona hèt Sigríðr; hon var dóttir Sigurðar af Sandi, norðan af Hjaltlandi; hon var blind frá blautu  
524. barns-beini allt til þess er hon var tvítög. Faðir hennar fylgði henni suðr til Orkneyja, ok lèt hana vaka at skrúni hins helga Magnúss jarls. Hann offraði þar miklu fè. Sigríð tók þar hjarta sýn beggja augna; ok fóru þau feðgin þaðan fagnandi, ok lofandi guð ok hinn heilaga Magnús jarl.

Önnur kona hèt enn Sigríðr, dóttir Arnfríðar norðan af Hjaltlandi af þeim bæ er Unu-staðir heita. Fótleggr hennar brotnaði í tvá bluti; ok var henni fylgt til hins heilaga Magnúss jarls; ok fèkk hon skjóta heilsu; ok þakkaði guði ok hinum heilaga Magnúsi jarli.

Hin þriðja kona hèt enn Sigríðr, norðan af Hjaltlandi ór Ömstr; hon var vistum með þeim bónda, er Þorlákr hèt, hann bjó á Bollastöðum. Sigríð saumaði um kveldit fyrir messu-dag hins heilaga Magnúss jarls, síðan er aðrir menn létu heilagt. Þorlákr spurði hví hon ynni svá lengi, en hon kveðst þá hætta mundu. Gèkk bóndi þá brott; en hon saumaði sem áðr. Þá kom Þorlákr öðru sinni til hennar ok mælti: “Hví gjörir þú svá illa á svá  
“helgum tíma? nú fær þú brott ok vinn eigi lengr í  
“mínu húsi.” Hon lèt þá lítið at van-sökum, ok saumaði sem áðr þar til er myrkt var af nótt. En þá  
526. er menn ljoggust til matar, þá varð Sigríð ær, svá at hana varð þegar í bönd at færa; ok var harðliga haldin, allt til þess er Þorlákr hèt fyrir henni, ok

hlutaði, hvárt hon skyldi til Róms fara eða gefa fjár-  
blut til hins heilaga Magnúss jarls. Ok kom sjá upp, at  
hon skyldi sækja til Kirkjuvágs helgan dóm hins heil-  
aga Magnúss jarls. Ok síðan var hon þangat flutt, ok  
fèkk hon þar háleita heilsu-gjöf sinuar vittirringar; ok  
lofaði hon guð ok hans háleita riddara Magnús jarl;  
en þó fór hon síðan til Róms sèr til hjálpar.

Gróa hèt kona ór Hrossey; hon var djöful-óð, ok  
fór til Kirkjuvágs til hins heilaga Magnúss jarls; ok  
rèkk hon þar góða heilsu, ok lofaði guð ok hinn  
heilaga Magnús jarl.

Ragnhildr hèt kona; hon varð kryplíngr þá er  
hon var fjogorra vetra gömul ok allt til þess líón var  
tvítög, þá vakti hón þrjár nætr hjá helgum dómi heilags  
Magnúss jarls. Ok á hinn þriðju nótt sýndist henni í  
svefni hjartir maðr ok göfugligr ok skríddr fagrliga,  
ok mælti til hennar: “Þrátt ok opt hefir þú hèr legit.  
“ Mikil [er] þurpt þín; rís upp þú nú, ok ver heil, ok  
“ haf staf þenna í hendi þèr.” Eptir þat hvarf hann  
fra henni. En hon vaknaði; þá hèlt hún á lási þeim,  
er var at *almario*<sup>1</sup> því, er var öðrum-megum Magnúss  
kórs. Reis þegar upp alheil, svá sem hon hefði aldri  
krept verit, með rættum heinum ok sinum, lofandi  
guð ok hinn heilaga Magnús jarl. Var hon með  
biskupi marga vetr.

Ása hèt kona; hon hafði alla daga kryplíngr verit; 528.  
en hon fèkk svá háleita heilsu-bót af hinum sæla  
Magnúsi jarli, at hon gekk á því sama sumri til Róms,  
sem hon varð heil.

Guðrún hèt kona; hon var kryplíngr langa æfi.  
Hon fèkk bráða lót síns meins ok fulla heilsu af  
verðleikum ok ánaðar-orði hins heilaga Magnúss jarls,  
ok lofaði guð ok hans ástvin Magnús jarl.

<sup>1</sup> *almario*] *armarium* ?

Sigurðr hêt maðr; hann var ölmosu-maðr af Hnota-sandi; hann var svá mjök las-meyrr,<sup>1</sup> at hann skreið á knjám, ok mátti eigi upp rættast. Hann varð alheill at skríni Magnúss jarls; lofaði hann guð ok hinn heilaga Magnús.

Suðrmenn tveir köstuðu um silfr; ok lèt annarr hundrað merkr; var þá lokit öllu fê hans, nema kugg einn átti hann eptir. Hann lagði þá kugginn á mót öllu fênu, því sem hann hafði látið. Þá kastaði sá, er umit hafði fyrri, tvau sex. En þá hêt hinn til fulltings sêr, at hann næði aptr fê sínu, á hinn 530. heilaga Magnús jarl. Síðan kastaði hann, ok horfði upp sex á öðrum ternúginum; en annarr stökk í sundr í tvá hluti, ok vóru þar sjau augun á báðum saman hlutumum, en þrettán á þremr; ok hlaut hann svá fê sitt allt.

35. Sá atburðr varð í Noregi á dögum Haralds Gilla, at nokkurir ríkir menn ok mikils-háttar báru at tveim bræðrum, at þeir mundi fífla þeirra frændkonur. En þessi atburðr<sup>2</sup> var eigi samr. En allt eins veittu hínir ríku menn þeim atgöngu ok tóku löndum, flytjandi þá til skógar brott frá öðrum mönnum, ok drápu þann, sem þeir höfðu meirr fyrir sökinni. Síðan tóku þeir annann, ok veittu honum mörg ok stór hamkvæli með miklum grimmeik, svá framt, at þeir brutu sundr báða hans fótleggi ok svá handleggi. Eptir þat stínga þeir grimmu menn út hans bæði augu, þar með skerandi túnguna brott ór hans höfði, ok svá úmannliga við hann skiljandi, at þeir fóru brott; en hann lá þar eptir hálf-dauðr. Skjótliga sem þeir vóru brott, hlupu af skóginum margir vargar, rífandi ok slítandi hold af beinum þess, er drepinn lá, farandi eptir þat aptr í skógin. En af hinum

<sup>1</sup> *las-meyrr*] emend.; *lasin ærr*, | <sup>2</sup> Read *áburðr* ?  
Cd. (*in = m*).

sára er þat at segja, þó at hann mætti eigi með tungunni sèr miskunnar biðja, hugsaði hann allt eins, at almáttigr guð veitti honum nokkura hjálp. Einkanliga rennir hann sínum hug þur til sem var hinn heilagi Magnús jarl, því at í þeim tíma blómgaðist sem mest hans jartegna-gjörð. Ok at sömdu heiti <sup>532.</sup> verðr hann varr, at maðr er til kominn, sá er þreifar um brotna leggi handa ok fóta. Þar með tekr hann túngu-stúfimm ok heimitir síðast; hefir hann síðan hendr at augna-stöðunum. En við þessi átök verða dásamlig unskipti: augun skipast aptr með skærri sýn, tungan er greiðlig orðin til alls framburðar, brotnir leggir vóru heilir, ok allr hann sinni fyrrri heilsu aptr goldinn. Hann sèr standa hjá sèr mann fagrau at álitu, við hvern hann talar svá segjandi: “Hvert er þitt nafn, hinn tíguligi herra?” Bjarti maðr svarar: “Hèr er Magnús jarl; en geym vel at efna þat, er þú hefir guði heitið.” Af þessu varð hinn fullr fagnaðar, ok talar svá í annan tíma: “Meðr því, háleitr guðs vin, at þú hefir veitt mèr mikla heilsu-gjöf, bið ek em þína mildi, at þú úrnir bróður mínum lífs af guði.” Eptir svá talat hvarf hinn heilagi Magnús jarl brott at sýn, engu svarandi til greindrar bænar. En hinn fellr fram, ok þakkar guði sèr veitta miskunn, ætlandis at bíða í þeim stað tvær nætr með staðfastri bæn til hjálpar bróður sínum. En sem stund leið, litast hann um; ok sèr af skógi renna margra varga flokk þar til sem hræ hins andaða lá, ok spýja þar upp öllu, sem etið höfðu af hans holdi ok beini, ok hverfa eptir þat í skóginn. Ok er lítill tími er liðinn, lítr hann heilagan Magnús til kominn, ok blezar með sinni hægri hendi allt samt, spýju varganna ok beinin; verðr þá því næst af þessu alheill líkamr. Heilagr Magnús blezar annat sinn andlausan líkam, hvar fyrir sá rís upp heill ok lifandi, sem áðr var drepinn, ok gengr til bróður síns. Fagn-

aði þá hvárr þeirra öðrum, gjörandi guði þakkir ok  
534. hinum heilaga Magnúsi jarli fyrir svá údvalda mis-  
kunn, sem þeim veittist. Svá gjöri ok allir, þvílík  
stórmerki heyrandi, margföld lof sönnum guði, er svá  
stóra hluti veitir syndugum mönnum fyrir bænir ok  
verðleika sinna elskuligsta ástvina.

# MAGNÚSS SAGA HIN SKAMMA,<sup>1</sup>

OR

## THE MINOR MAGNUS SAGA.

HÉR HEFR UPP SÖGU MAGNÚSS EYJA-JARLS.

SÁ jarl ræð fyrir Orkneyjum, er Þorfinnr hét, son Sigurðar Hlödvers sonar; hann átti Ingibjörgu, er kölluð var jarla-móðir; hon var dóttir Finns Árnasonar jarls; en móðir hennar var Bergljót, dóttir Hálfðanar, sonar Sigurðar sýrs ok Ástu. Synir þeirra Þorfinns jarls ok Ingibjargar voru þeir Páll ok Erlendr, er ríki tóku eftir föður sínu í Orkneyjum. Þeir voru miklir menn ok fríðir, ok njök í móður att sína, vitrir menn ok hógvaerir. Páll jarl fékk dóttur Hákonar jarls Ívarssonar ok Ragnhildar dóttur Magnúss konungs góða; þeirra son var Hákon jarl. Erlendr jarl átti þá komn er Þóra hét, hon var Sumarliða dóttir Óspaks-sonar. Móðir Óspaks var Þórdís, dóttir Halls af Síðu. Erlíngr ok Magnús hétu synir þeirra Erlends;<sup>2</sup> en daetr Cecilia, ok Gunnhildr; hon var móðir Rögnvalds jarls Kala.

2. En er þeir bræðr ræðu Orkneyjum, Páll ok Erlendr, þá var þeirra samþykki gott. En þá er synir þeirra gjörðnst fullkominir menn fyrir aldrs sakin, voru þeir

<sup>1</sup> From Cd. mbr. Arna-Magn. 235, in folio, col. 24-40. The MS. appears to have been written towards the end of the fourteenth century,

circa 1380-1400. Cf. Biskupa S. I. xxxvii.

<sup>2</sup> *Erlends*] Erlíngs, Cd.

ofsa-menn miklir, Hákon ok Erlíngr; en Magnús var þeirra kyrrlátastr. Allir voru þeir sterkir ok vel mentir. En Hákon vildi vera yfirmaðr þeirra, þvíat hann þóttist vera meiri burðum í móður-ætt. En þeim samdi þat eigi, ok kom þat svá, at þeir máttu eigi ásamt vera, þvíat eigi var úhætt með þeim. Áttu þá jarlar hlut í at sætta þá, ok var fundr lagðr. En er jarlar tóku þetta at tala, fannst þat á, at hvárr hneigði eptir sínum syni; ok urðu eigi sáttir. Þá áttu vinir þeirra hlut í; ok sættu þá með því móti, at þá var skipt Eyjunum í helmínga, svá sem fyrr hafði verit, með þeim bræðrum; ok stóð þá svá um [hríð]. En er nokkut leið frá sættar-gjörðinni, þá gjörist Hákon svá mikill újafnaðar-maðr, ok leitaði á þá menn, er þjónuðu Erlendi jarli; svá at af því urðu þeir enn úsáttir, ok fórust í móti með fjölmenni. Hávarðr Gunnason ok aðrir vinir jarla báru þá enn sáttmál millum þeirra; vildi Erlendr jarl þá eigi sættast svá at Hákon jarl væri hjá. En með því at vinum þeirra þótti mikit í ábyrgð um deildir þeirra, þá báðu bæendr þá Hákon, at hann læti þat eigi fyrir sættinni standa, ok færi heldr brott ór Eyjunum. Sögðu þat ráðligt, at hann færi austr um haf at finna frændr sína svá marga ok göfga sem hann átti, bæði í Noregi ok Svíþjóð. Ok við umtölur manna, ok svá þat, at Hákon var öfund á frændum sínum þar í Eyjunum, en þótti gott at kanna síðu annarra höfðingja, fór hann brott ór Eyjunum austr um haf.

3. Þá er Magnús berfettr, Noregs konúngr, lælt her sínum vestr um haf, svá sem ritað er í sögu hans, ok hann kom til Orkneyja, tók hann höndum jarlana, Pál ok Erlend, ok sendi þá austr í Noreg; en hann setti Sigurð son sinn yfir Eyjarnar, ok fékk honum ráðuneyti; ok sagði svá, at jarlarnir skyldu aldri hafa ríki í Orkneyjum meðan hann væri konúngr í Noregi. Hann fór þaðan til Suðreyja, ok hafði með sér sonu Erlends jarls, Erlíng ok Magnús; þar var þá ok með



honum Hákon Pálsson. Ok er hann kom undir Skotland, kom þar í móti honum herr mikill í Öngulseyjar-sundi; ok ræðu fyrir liði því jarlar tveir, Hugi príði ok Hugi digri; þeir voru bræðr ok synir Kostnoma<sup>1</sup> konúgs á Írlandi. Ok er þeir fundust, lagði konúgrinn til orrostu við þá. En er menn vápnuðust, settist Magnús niðr. Konúgrinn spurði hví hann sat ok tók eigi vápn sín. Magnús kvaðst þar við engan sakir eiga: "Vil ek því eigi berjast," segir hann. "Tak þú vápn þín þá ok hjálp þèr," segir konúgr. Hann svarar: "Hlífi guð mèr; eigi mun ek "deyja, ef hann vill at ek lifa; vil ek heldr deyja en "heyja rangan bardaga." Konúgrinn mælti: "Farðú "undir þiljur niðr; ok ligg eigi undir fótum mönnum, "ef þú þorir eigi at berjast, þvíat eigi ætla ek at þú "gjörir þetta fyrir trú sakir." Magnús tók saltara ok söng meðan þeir börðust; en hlífði sèr eigi, ok varð þó ekki sárr. Þessi orrosta varð læði löng ok hörð, ok lyktaðist með því, at þar féll Hugi príði. Síðan flýðu Brettar, ok höfðu látið lið mikit. En Magnús konúgr hafði sigr, ok lét þó marga göfga menn; en sumir létust síðarr ór sárum.

4. Magnús konúgr hafði gjört Magnús Erlendsson skutil-svein sinn ok þjónaði hann jafnan at konúgs borði. En eptir bardagann lagði konúgrinn á hann fæð mikla, ok kallar hann þar údrensiliga hafa farit. Þat var eina nótt, þá er konúgrinn lá við Skotland, at Magnús Erlendsson hljóp í brott af skipi, þá er honum þótti helzt færi at flýja frá konúginum. Hann svamma til lands, ok hljóp til skógar, ok var í línklaedum einum. Hann drap fæti, ok skeindist á fætinum, er hann var berfættr, ok mátti þá eigi lengra fara. En svá hafði hann búit um rúm sitt, at svá sýndist sem maðr lægi þar. Hann kom þar at trè einu miklu, ok fór upp í limar þess, ok batt um fót sèr, ok leyndist

<sup>1</sup> So Cd.

þar í limnum um stund. En um daginn eptir, er menn gengu til borðs á konungs-skipinu, spurði konúgrinn hvar Magnús Erlendsson væri. Honum var sagt, at hann svæfi í hvilunni. Konúgrinn bað þá vekja hann; ok kvað til mundu bera fleira en svefn einnsaman, er hann lá lengr en hann var vanr. En er til rúmsins var komit, þá var hans sakuat; ok bað konúgrinn leita hans, ok lèt leysa eptir honum sporhunda. En er sporhundarnir vóru lausir láttnir, leituðu þeir á sporin, ok runnu til skógar, ok kómu at trè því, er Magnús var í limum uppi. Þá rann einn hundrinn í hríng um trèit, ok gó. Magnús hafði trèkeffi í hendi sèr, ok kastaði til hundsins, ok kom á síðuna: en hundrinn lagði halann millum fóta sèr, ok hljóp til skipa, ok þar aðrir eptir. Fundu konungs-menn eigi Magnús. Leyndist hann um hríð á skógum; ok kom um síðir í hirð Melkólms Skota-konungs, ok dvaldist þar um hríð, en stundum á Bretlandi með biskupi nokkurum. Þá var hann einn á Englandi í ymsum stöðum<sup>1</sup> með vinum sínum, ok kom ekki til Orkneyja meðan Magnús konúgr lifði.

5. En er Magnús konúgr kom aptr til Orkneyja ór hernaði, spurði hann þar andlát Erlends jarls austan um haf. Hann hafði andast í Níðarósi, ok er þar jarðaðr, en Páll jarl hafði andast í Björgvin ok er þar jarðaðr. Um várit gipti Magnús konúgr Gunnhildi, dóttur Erlends jarls, Kol, syni Kala Sæbjarnarsonar,<sup>2</sup> í föður-lætr, þvíat Kali hafði látizt ór<sup>3</sup> sárum þeim, er hann fèkk í Öngulseyjar-sundi. Gunnhildi fylgdu nokkurar eignir heiman í Orkneyjum ok bú eitt í Papyli. Erlúgr, sonr Erlends<sup>4</sup> jarls, segja sunnir menn at<sup>5</sup> fèlli í Öngulseyjar-sundi. Snorri Sturluson segir hann fallit hafa á Ulaðstiri<sup>6</sup> á

<sup>1</sup> *stöðum*] Ídum, Cd. (=löndum.)

<sup>2</sup> *Sæbjarnarsonar*] syni, Cd.

<sup>3</sup> *ór*] í, Cd.

<sup>4</sup> *Erlends*] Erlíngs, Cd.

<sup>5</sup> *at*] hann, add. Cd.

<sup>6</sup> *á Ulaðstiri*] í aulaðstiri, Cd.

Írlandi með Magnúsi konungi. En þá er Sigurðr, son Magnúss konúngs, spurði fall föður síns til Orkneyja, þá er hann var þar, ok hafði land-stjórn at skipan föður síns, þá þótti honum sèr ekki mjök friðvænligt at sitja fyrir vestan hafit, ok fór hann þegar um haustið austr til Noregs með því liði, sem þá var til hans komit, ok fylgt hafði föður hans til Írlands. En er hann kom til Noregs, þá var hann þar til konúngs tekinn með bræðrum sínum, Eysteini ok Olafi.

6. Einum vetri eðr tveimr eftir fall Magnúss konúngs kom Hákon Pálsson til Noregs vestan um haf. Hann fór á fund þeirra bræðranna; ok tóku þeir honum sæmiliga; þvíat hann hafði verit kerr vin Magnúss konúngs föður þeirra. Þeir bræðr, synir Magnúss konúngs, gáfu Hákonni jarls-nafn, ok ríki slíkt í Orkneyjum sem burðir hans stóðu til. Síðan fór hann vestr um haf, ok tók undir sik allt ríki í Eyjumum, ok ræð hann því einn um stund. Ok er Hákon hafði skamma hríð ráðit fyrir Eyjumum, þá kom Magnús Erlendsson af Skotlandi, ok beiðdist at taka við föður-leið sinni. Þat líkaði bóndum vel, þvíat hann var þar allvinsæll. Átti hann þar marga frændr ok mága, þá er gjarna vildu halda hann til ríkis. Þóru móður hans átti göfugr maðr, er Sigurðr hét; þeirra sonr var Hákon karl; þeir áttu bú í Papyli. En er Hákon jarl spurði, at Magnús var þar kominn, safnaði hann at sèr liði, ok vildi eigi miðla ríkit. Síðan fóru vinir þeirra á milli ok leituðu<sup>1</sup> um sættir. Ok kom svá, at þeir sættust með því, at Hákon jarl skyldi upp gefa<sup>2</sup> ríki hálfu í Orkneyjum, ef þat væri vili Noregs konúnga, ok sættist með því. Síðan fór Magnús austr á fund þeirra Eysteins ok Ólafs, en Sigurðr konúngur var farinn til Jórsala. Þeir konúngarnir tóku vel við Magnúsi, ok gáfu honum upp föður-leið sína, hálfar

<sup>1</sup> ok leituðu] om. Cd.

<sup>2</sup> gefa] af, add. Cd.

Orkneyjar ok jarls-nafn. Síðan fór hann vestr um haf til ríkis síns; ok varð honum fegin öll alþýða. Samdist þá með þeim Hákon. Var þá ok ár mikit ok friðr góðr meðan hëlzt vinátta þeirra frænda.

7. Magnús var enn ágætasti maðr í sínum höfðingskap; hann var siðgóðr ok siðvandr, sigrsæll ok spekingr at viti; málsnjallr ok ríkyndr; ok hafði hvers manns lof. Örr var hann af fè, ok mikill ráðagjörðarmaðr; vígdjarfir ok vinholtr. Hann refsaði mjök rán ok stuldi, ok aðrar údáðir; lét drepa víkinga ok ránsmenn. Opt gaf hann stórar gjafir höfðingjum, en í sífellu gaf hann fátækum mönnum mikla huggan fyrir guðs sakir. Í öllum hlutum hêlt hann ríkt guðs boðorð ok var meinkætasamr við sjálfan sik. Svá er sagt, at hann bygdði svá með konu tíu vetr, at þau hêldu hreimlífi; en er hann fann freistni á sèr, þá fór hann í kalt vatn ok bað sèr fulltings af guði. Þeir frændr, Magnús jarl ok Hákon, höfðu landvörn fyrir Orkneyjum nokkura stund, svá at þeir vóru vel samþykkir. Svá segir í kvæðum þeim, sem orkt eru um þá, at þeir hafi barizt við höfðingja þann, er Dufnjall hêt, ok hafi verit sonr Dungaðar jarls, þess er var manni finari en bræðrúngr jarlanna, ok hafi drepit hann. Þorbjörn hêt einn göfugr maðr, er þeir drápu í Borgarfirði á Hja[ ]tlandi. En svá er sagt, at þeir hafi tekit hús á honum ok brent hann inni.

8. Þá er þeir Magnús jarl ok Hákon höfðu eigi lengi ráðit fyrir Orkneyjum, kom þar sem opt verðr, at illgjarnir menn spilla um þeirra frændsemi, ok dróst Hákon jarl þá úgiptumenn á hendr, sem mjök spiltu um með [þeim]; þvíat hann var ok áðr mjök öfundsjúkr um vinsæld ok höfðingskap Magnúss jarls. Tveir menn eru nefndir, þeir er vóru með Hákon jarli, er vest gengu millum þeirra; hêt annarr Sigurðr, en annarr Sigvatr sokki. Þessu rógi kom svá, at þeir frændr söfnuðu liði saman, ok fór hvárr móti öðrum, ok hêldu báðir til Hrosseyjar. Þar var þingstaðr Orkn-

eyínga. Ok er þeir kómu þar, gengu hvárir-tveggju á land, ok bjoggust til bardaga. Var þar þá með jörlumum nær allt stórmenni. Þar vóru ok vinir beggja þeirra, ok gengu millum með góðvilja at sætta þá. Þessi fundr var á Föstu litlu fyrir Pálmadag. Ok með því at góðgjarnir áttu hlut í at sætta þá, varð þat, at jarlarnir sættust með þeim kosti, at góðgjarnir menn skyldu gjöra milli þeirra; ok skyldi sættar-fundr vera í Egilsey eptir Páska-viku. Tvau skip skyldi hvárr þeirra hafa til þessa fundar ok jafn-marga menn. Báðir sórn þeir eíða, at halda þær sættir, sem þar væri upp sagðar.

9. Eptir Páska bjoggust þeir til þessar ferðar. Svá er sagt, at Magnús jarl stefndi til sín öllum enum bestum mönnum, er vóru í ríki hans, ok þeir sem honum þóttu líkastir til at bæta um með þeim. Ok er hann var búinn, hēlt hann til Egils-eyjar; ok reru í logni. Þá bar svá til, at boði reis hjá skipi því, er jarl stýrði, ok fell yfir skipit, ok í skutum þar sem hann sat. Menn undrudust þetta, þar sem engi maðr vissi ván til, at þar hefði fallit, ok djúp var undir. Jarl mælti: "Eigi er þat undarligt, þótt þer undrist þenna atburð, sem svá fálheyrd er. En þat er mitt hugboð, at sjá atburðr birtí fyrir líflát mitt. Kann nú vera, at þat komi fram, sem fyrir var spáð, at sonr Páls mundi mikinn glæp vinna. Skulum vèr svá hugsa vart mál," segir hann, "at Hákon frændi minn búi eigi um heilt við oss." Menn jarls urðu hryggvir við orð hans ok báðu hann gæta lífs síns, ok fara eigi á fund Hákonar jarls. Hann svarar: "At vísu skal ek fara. Verði allt at guðs vilja um ferð vára."

10. Nú er at segja frá Hákoní jarli, at hann stefnir líði miklu, ok hafði átta herskip, ok öll skipuð sem til bardaga. Ok er líðit kom saman, gjörði hann bert fyrir alþýðu, at hann ætlaði, at á þeim fundi skyldi un skipta með þeim frændum, svá at þeir kynni eigi báðir frá at segja síðan. Margir hans menn létu vel

yfir þessi ráða-gjörð, ok lögðu margir úskaplig orð til þessa : vóru þeir þó tillaga-vestir, Sigurðr ok Sighvatr sokki. Ok tóku róðr mikinn. Hávarðr Gunnason var á skipi Hákonar jarls ; hann var mikill vinr beggja þeirra ok mágr þeirra, ok hafði Hákon jarl leynt hann þessu úráði. Ok er hann vissi, at jarl hafði þetta stað-ráðit fyrir sér, vildi hann eigi við sæma, ok hljóp útbyrðis ok svamm í ey eina litla ok úhygða.

11. Nú er Magnús jarl sá ferð Hákonar jarls, ok þat, at hann hafði átta skip, þóttust þeir vita, at hann mundi um svik búa. Fór Magnús jarl upp á eyna með allt lið sitt, ok til kirkju, ok var þar um nóttina. Menn hans buðu (at) verja ham. En hann svaraði : “ Eigi vil ek leggja líf yðvart í háska fyrir mik ; ok ef eigi verðr “ fríðr settr með okkr frændum, þat verði sem guð “ hefir fyrir ætlað.” Mönnum hans þótti þá samast, þat sem hann hafði sagt þeim þá er boðinn fëll at þeim. En af því at hann vissi fyrir um lífs-stundir sínar, hvárt sem þat var af hug-speki hans, eðr guðligri vitran, þá vildi hann eigi flýja fund úvina sinna ; sótti hann ok fyrir trú sakir til kirkju, ok baðst þar fyrir vand-virkliga, ok fál sik guði á hendi. Um morguninn gekk hann ór kirkju við þriðja mann út á eyna til sjófar í nokkut leyni, ok baðst þar fyrir til guðs. Svá segja sumir menn, at Magnús jarl lèti segja sér messu áðr hann gèkk frá kirkjunni ok tæki *Corpus Domini*.

12. Hákon jarl ok hans menn hljópu upp á eyna um morguninn, ok fyrst til kirkju, ok leitudu Magnúss jarls, ok fundu hann eigi þar. Síðan leitudu þeir hans um eyna. En er Magnús jarl sá hvar þeir fóru, kallaði hann á þá, ok sagði til sín. Ok er Hákon sá þat, hljópu þeir þangat. Þá mælti hann : “ Eigi gjörðir þú “ vel, frændi, er þú gekt á eiða þína ; en þat trúu “ ek, at þetta gjörðir þú meirr af annarra ílsku en “ þinni. Nú vil ek bjóða þèr þjá kosti : Sá er hinn “ fyrsti, at ek muna fara af landi í brott til Róms “ eðr allt til Jórsala, ok sækja helga staði, ok hafa

“ tvau skip ok þat sem vèr þurfum, ok vil ek svá bæta fyrir sál hvárs-tveggja okkars. Þat mun ek ok sverja, at koma aldri til Orkneyja meðan ek [líf].” En Hákon neitaði þessu. Þá mælti Magnús jarl: “ Nú með því at líf mitt er [í] yðru valdi, ok ek veit mik margt hafa gjört í móti guði, ok þarf ek fyrir því iðran at gjöra, ok ek sè at þat er úsæmiligt, at þú drepir mik: þá sendú mik til vana okkarra, ok lát mik þar varðveita ok tvá menn með mèr til skemtanar við mik; sjá þú ok svá fyrir, at ek koma eigi ór þeirri varðveizlu nema með þínu ráði.” Þessu neitaði Hákon jarl skjótt ok menn hans, ok fundu margar greinir til, at þat mátti eigi vera. Þá mælti enn Magnús jarl: “ Nú er einn hlutr eptir; ok veit guð, at ek sè meirr fyrir yðvarri sæmd en heilsu minni: láttu aflíma mik eðr augum rena, ok set mik svá búinn í myrkva-stofu.” Hákon jarl svarar: “ Þessa sætt tek ek, ok eigi beiði ek framarr.” Þá hljópu höfðingjarnir upp ok mæltu: “ Drepa munum vèr nú annan-hvárn ykkarn, ok eigi skulut þit báðir landi ráða hèðan frá.” Þá svarar Hákon jarl: “ Ef þèr vilit svá strangir vera í þessu máli, þá vil ek miklu heldr kjósa, at lifa ok hafa ríki.” Svá hefir sagt frá tali þeirra sá maðr er Holdboði hèt, sann-orðr maðr, er þá var annarr maðr með Magnúsi jarli. Ok þat sagði hann, at Magnús jarl væri þá með mikilli hugar staðfesti, þá er hans mótstöðumenn mæltu slíkt sem nú var sagt, at hann mælti hvárki með stygð nè reiði. Eptir þat fèll hann til bænar, ok laut í gaupnir sèr, ok helti út mörgum tárurum í guðs augliti.

13. Þá er Magnús jarl var til dauða dæmdr bauð Hákon jarl merkis-manni sínum, er Ófeigr hèt, at höggva Magnús jarl; þá neitaði hann því með mikilli reiði. Þá nauðgaði hann til steikara sinn, er Lífólfr hèt; en þá tók hann at gráta hástöfum. Þá mælti Magnús jarl: “ Eigi skaltú gráta,” segir hann, “ þat

“ er ókarlmannligt, en frægð er at vinna slík[t]. Verðú með staðföstum hug; því at þú skalt hafa klæði ok vápn mín, sem siðr ok lög eru enna fyrri manna. Eigi skaltú hræðast; þvíat þú gjörir þetta nauðigr; ok sá er þik nauðgar til þessa, misgjörir meirr en þú.” Síðan fór hann af kyrtlinum, ok gaf honum, ok bað sèr leyfis at biðjast fyrir; ok þat var honum veitt. Hann fèll þá allr til jarðar, ok gaf sik guði, ok fórn-færði sik svá honum. Ok eigi at eins bað hann fyrir sèr ok vinum sinum, heldr ok fyrir úvinum sínum ok banamönnum; ok fyrir-gaf þeim af öllum hug þat sem þeir misgjörðu við hann; ok játaði af öllum hug misverka sinn fyrir guði; ok bað þá af sèr þvást í úthellingu blóðs síns; ok fal önd sína guði á hendi; ok bað hann engla sína senda í mót honum, ok færa hana til ennar himnesku Paradísar. En þá er hann var leiddr til höggs, mælti hann við Lífólf: “Stattú fyrir mèr, ok högg mik í höfuð; þvíat þat sómir eigi, at höggva höfðingja sem þjófa. Styrkstú, aumr maðr, ok óttast eigi; þvíat ek bað guð, at hann líkni þèr.” Síðan signdi hann sik, ok laut undir höggit; ok var högginn í mitt höfuðit eitt högg; ok leið svá af heiminum til guðs. Sá staðr, er Magnús jarl var höggvinn, var grýttir ok mosóttir. En litlu síðarr birtust verðleikar hans fyrir guði, svá at þar var fagr völlr, ok hann öðladist feigrð ok grænleik Paradísar, þeirrar er kallast jörð lifandi manna. Þar var síðan kirkja gjör. Hákon jarl leyfði eigi at líkami Magnúss jarls væri til kirkju færðr.

14. Svá segja fróðir menn, at um várit á Föstu eptir sættina í Hrossey bauð Þóra, móðir Magnúss jarls, báðum jörlunum til veizlu þá er þeir kæmi ór Egilsey frá fundinum. En eptir líflát Magnúss jarls fór Hákon jarl til veizlunnar at á kveðnum degi. Þóra gekk sjálf at beina við jarl. Ok er drykkur fèkk á hann, þá gekk Þóra fyrir hann ok mælti: “Nú ertú einn húngat [kominn]; en ek vænta ykkar beggja. Muntú nú



“ vilja gleðja mik at guðs vitni ok manna; ok ver  
 “ mēr nú í sonar stað, en ek skal þær vera í móður  
 “ stað. Ek þarf mjök miskunnar þinnar með guði, at  
 “ þér lofit mēr, at sonr minn sè til kirkju færðr;  
 “ verit þær mēr nú svá bæna, sem þær vilit at guð  
 “ sè yðr á dómsdegi.” Jarl þagnar, ok hugsar sitt  
 mál, ok finst nú at þeim firna-verkum, sem til hans  
 horfðu. Hann leit þá til hennar, ok feldi tár, ok mælti:  
 “ Grafðú son þinn þar sem þær líkar.” Síðan var  
 Magnús jarl færðr ok grafinn at Krists-kirkju í Byrgis-  
 hëraði, þeirri sem Þorfinnr jarl hafði gjöra látið.

15. Brátt eptir þat sýndist opt himneskt ljós um  
 nætr yfir greptri Magnúss jarls. Síðan tóku menn at  
 heita á hann í nauðsynjum sínum, ef í háska vóru  
 staddir, ok greiddist þegar mál þeirra, sem þær beiddu.  
 Jafnan var kendr hiþneskr ilmr yfir gröf hans, ok  
 fengu menn heilsu þaðan. Því næst fóru menn af  
 Hja[ ]tlandi ok af Orkneyjum, þær sem van-heilir vóru,  
 ok vöktu menn þar at leiði hans; ok fengu þar bót  
 meina sima. En þó þorðu menn því eigi mjök upp  
 at halda meðan Hákon jarl lifði. Svá er sagt, at þær  
 menn, sem mest vóru í svikum við Magnús jarl, dó  
 flestir illum dauða ok herfiligum.

Í þenna tíma var Vilhjálmr biskup í Orkneyjum.  
 Þá var biskups-stóll at Krists-kirkju í Byrgis-hëraði  
 þar sem enn helgi Magnús jarl var grafinn; hann  
 tortrygði lengi um helgi hans, ok drap niðr nýjúng  
 þeirri fyrir lýðnum.

16. Eptir lífát Magnúss jarls tók Hákon ríki allt  
 undir sik; lét hann þá alla menn ganga til eiða við  
 sik ok trúnaðar þá sem áðr höfðu þjónat Magnúsi  
 jarli; gjörðist hann þá höfðingi mikill. Hann hafði  
 álög stór við þá menn, sem honum þóttu mest í móti  
 sèr verit hafa í skiptum þeirra frænda. Nokkurum  
 vetrum síðarr fór hann ór landi út til Róms, ok tók  
 þar lausn sinna mála af páfanum. Í þeirri ferð fór  
 hann út til Jórsala, ok sótti helga dóma, ok laugaðist

í ánni Jórdan, sem siðr er til pálmara. Eptir þat kom hann heim í ríki sitt. Hann gjörðist þá stjórn-samr ok friðaði vel ríkit. Setti hann þá ný lög, ok tók við slíkt at vaxa vinsæld hans. Kom þá svá, at Orkneyíngar stunduðu á ekki annat en at hafa Hákon jarl at höfðíngja yfir [sik] ok hans afkvæmi.

Bergfinnr Starrason<sup>1</sup> hèt bóndi norðan af Hja[l]tlandi, hann var sjónlauss ok fór suðr til Orkneyja ok vakti hjá leiði ens helga Magnúss jarls. Með honum vöktu tveir menn; hèt annarr Sigurðr en annarr Þorbjörn; þeir voru báðir kryplíngar. Enn helgi Magnús jarl sýndist þeim öllum ok gjörði þá alheila. Enn vöktu xxiiij. [menn]<sup>2</sup> at leiði Magnúss jarls ok fengu allir bót meina sinna.

Margir menn töluðu þat fyrir Vilhjálmi biskupi, ok eggjuðu hann á, at ræða um við Pál Hákonarson, er þá réð fyrir Eyjunum eptir föður sinn, at hann legði leyfi til at upp væri tekinn ór jörðu heilagr dómr Magnúss jarls, en biskup tók því þúngliga. Opt var hann í draunum á mintr, at hann lèti sèr skiljast um helgi jarls, ok vildi hann þó eigi trúa. Síðan kom svá, at hann [varð] knúinn til með bardögum guðligum, at vegsama jarteinir ok heilagleik Magnúss jarls.

17. Þat var eitt sumar, er Viljálmr biskup sigldi austr til Noregs nokkurra nauðsynja ok þegar heim um haustið, ok kom nærr vetr-nóttum til Hja[l]tlands. Þá lögðust á andviðri ok stormar. En er lengi vetrar gaf eigi byr til Eyjanna, þá örvænti biskup, at hann mundi koma til stóls síns fyrir vár. Stýrimaðrinn spurði, ef hann vildi samþykkja helgi Magnúss jarls, ef hann sýngi messu hinn næsta Dróttinsdag heinna. Biskup samþykkti þessu at kalla, ok meirr af nauðsyn en af áheiti. En er þetta var játað, þá kyrði veðr-

<sup>1</sup> *Starrason*] Skatason, Orkn. S., l. c.

<sup>2</sup> *men*] Wanting in Cd.

áttu, ok gaf brátt byr hagstæðan. Ok síðan sigldu þeir til Orkneyja; ok kom hann heim fyrir enn næsta Drotinsdag; ok lofuðu allir guð ok hans enn helga píslar-vátt Magnús jarl. Nokkurir menn sama þat, at Vilhjálmr biskup samþykkti eigi fyrir at taka ór jörðu helgan dóm Magnúss jarls, en sá atburðr varð þar heima einn dag, at hann mátti eigi ganga ór kirkjunni. Þvíat hann var orðinn blindr, ok fann eigi dyrnar, þar til er ham iðraðist ótrú sinnar, ok grét ákaffiga ok bað guð, at hann mætti hitta leiði Magnúss jarls. Ok er hann kom þar, fèll hann allr til jarðar, ok hèt at taka þegar ór jörðu helgan dóm hans, er hann fengi sýn sína. Ok er ham lauk þæn sinni fèkk hann sýn sína þar við leiðit.

18. Eptir þat samnaði hann saman enum vitrustum mönnum ok enum göfgustum í Orkneyjum, ok kom þá mikill mann-fjöldi til Krists-kirkju í Byrgis-héraði. Var þá tekinn ór jörðu heilagr dómur Magnúss jarls, ok vóru þá mjök komin upp beinin ór jörðu. Hann lèt þvá beinin, ok taka köggul, ok reyndi í vígðum eldi þrysvar. En hann brann eigi, heldr varð hann svá sem brent silfr. Þat er sumra manna sögn, at hann rynnir í kross. Þá gjörðist þar margar jarteinir af helgum dómimum. Síðan tóku lærðir menn helgan dóminn, ok lögðu í skrin, ok settu yfir altari. Þat var Lucie-messu fyrir Jól; ok vóru þá liðnir xx. vetr frá lífláti Magnúss jarls. Lífláts-dagr hans er haldinn um várit xvj. kal. Maí. Vilhjálmr biskup bauð þá heilagt at halda hvárn-tveggja daginn um allt sitt biskupsdæmi; ok hann var síðan í mikilli ástúð við hann helga Magnús jarl. Vilhjálmr var fyrstr biskup í Orkneyjum ok ríkti lxxj. vetr.<sup>1</sup>

19. Gunnr hèt bóndi «kilgóðr í Vestrey; hann dreyndi, at hinn helgi Magnús jarl kæmi til hans ok mælti: « Þat skaltú segja Vilhjálmi biskupi, at ek vil

<sup>1</sup> He died in 1168. Cfr. Isl. Ann. s. a

“ fara brott ór Byrgis-héraði austr í Kirkjuvág; ok  
 “ trúi ek því, at guð mun þar veita mæ miskunn, at  
 “ þeir munu verða heilir meina sinna, er minn fund  
 “ sækja með réttri trú. Þú skalt segja draum þinn  
 “ djarfliga.” En er hann vaknaði, þorði hann eigi at  
 segja drauminn; þvíat hann ugði reiði Páls jarls. Næstu nótt eptir sýndist honum Magnús jarl, ok bað hann segja þá drauminn, er flestir væri við. “En ef  
 “ þú gjörir eigi svá, þá muntu taka víti á þér þessa  
 “ heims, en meira annars heims.” Ok er hann vaknaði, varð hann óttafullr; ok fór til Hrosseyjar á fund biskups, ok segir drauminn at biskups-messu í miklum mannfjölda. Þar var þá Páll jarl, ok bað öll afhýða, at biskup færði helgan dóminn í Kirkjuvág, svá sem Magnús jarl hafði vitrað. En Páll jarl þagði hjá, ok setti dreyr-raudan. Síðan fór Villhjálmr biskup austr í Kirkjuvág með virðuligu föruneysi, ok flutti þangat helgan dóm Magnúss jarls. Var skrínit sett yfir altari í kirkju þeirri sem [þar er]. Þá var í Kirkjuvági kaupstaðrinn lítt húsaðr, ok hefir hann mjök síðan eflzt. Fóru þangat síðan margir menn; ok vöktu þar í kirkju at helgum dómnum; ok fengu bót meina sinna, of létu á Magnús jarl með réttri trú.

Þá fór Bergfinnr öðru sinni norðan af Hjaltlaudi með son sinn líkþrán, ok vöktu þeir at helgum dómnum. Bergfinnr gaf þá fê mikit enum helga Magnúsi jarli. Ok á þriðju vöku-nótt sýndist hann þeim báðum feðgum í svefni, ok strauk um líkama Hálfðanar, ok gaf honum heilsu. Bergfinni þótti ok sem hann tæki höndum á augum hans ok mælti: “Þú munt fá sýn  
 “ þína, slíka sem þá er þú vart skyguastr; þvíat þú  
 “ fórt nú hingat með réttri trú, ok gaft fê mikit hingat  
 “ guði til dýrðar, ok tortrygðir eigi heilagleik minn.” Bergfinnr var þá skygu maðr er hann vaknaði.

20. Þórðr dreka-skoltr hêt maðr; hann var leigu-maðr Bergfinns bónda. Hann barði korn í bygg-hlöðu næsta dag fyrir Magnús-messu um vetrinn. En at

öðrum lit, þá gekk Bergfinnr út, ok bað hann hætta verkinu. Þórðr svarar: “Þat er sjaldan at þer þykki “ ek of lengi vinna.” Bergfinnr mælti: “Messu-dag “ þann sem á morgin [er], eigum vèr at halda sem vèr “ kunnnum bezt.” Gekk þá bóndi á brott, en þórðr vann sem ákafast. En er skamt leið, gekk bóndi út, ok mælti við Þórð af reiði: “Mjök mislíkar mèr at “ þú vinnr nú; þvíat þá var þessi dagr lögtekinn, er “ heilagr dómr Magnúss jarls var reyndr ok skríns- “ lagðr; ok lát af þegar í stað.” En Þórðr vann sem áðr. Ok er menn vóru mjök mettir, þá kom Þórðr inn í herfiligum búníngi ok drakk þegar. Ok er hann hafði drukkit, varð hann óðr, svá at hann varð þegar í bönd at færa; ok hèle því sex dægr. Þá hèle Bergfinnr bóndi fyrir honum, at gefa hálfá mörk silfrs til skríns Magnúss jarls, ok láta Þórð vaka þar þrjár nætr, ef hann yrði heill. Ok fékk Þórðr heilsu sína á enni sömu nótt sem heitið var.

Ögmundr<sup>1</sup> hèle maðr; hann var systurson Bergfinns bónda. Þvertrè fèll í höfnð honum, ok lamdist haussinn mjök; en Bergfinnr hèle fyrir honum, ok hlutaði um hvárt heita skyldi suðr-göngu eðr man-frelsi, eðr fè til skríns Magnúss jarls. En sá kom upp, at gefa fè til skrínsins. Ok fékk hann þá þegar mál sitt, ok fór til ens helga Magnúss jarls ok varð þar heill. En Bergfinnr bóndi gaf hálfá mörk silfrs til skrínsins sem hann hèle.

Ámundi hèle maðr Illugason; hann hafði ena vestu líkþrá. Hann fór til ens heilaga Magnúss jarls, ok vakti, ok bað sèr heilsu. Hinn heilagi Magnús jarl sýndist honum í svefni, ok fór höndum um líkam hans, ok gaf honum heilsu. Sigurðr hèle maðr; hann var óðr, svá at hann var rífaðr með húð; síðan var hann færðr til ens helga Magnúss jarls; ok fékk hann þar heilsu.

<sup>1</sup> Ögmundr} Ögmndr, C1.; read Ásmund? See p. 275.

Þorbjörn hét maðr; hann var enn ærr, ok var færðr til Magnúss jarls; ok tók hann þar heilsu sína. Sigurðr hét maðr norðan af Fetilar; hönd hans var krept svá at fingrnir lágu í lófa. Hann fór til ens heilaga Magnúss jarls, ok varð þar alheill. Sigríðr hét kona Sigurðardóttir, er blind var frá barnæsku ok til þess er hon var tvítög. Faðir hennar flutti hana til Magnúss jarls, ok lét hana vaka þar, ok gaf fè mikit til heilsu henni, ok fékk hon þar sýn sína. Önnur kona hét ok Sigríðr, er brotnaði fótlegggr í tvá hluti, ok var hon færð til ens helga Magnúss jarls, ok fékk hon þar heilsu sína. Sigríðr het enn þriðja kona; hon var með þorláki er bjó á Baltastöðum.<sup>1</sup> Hon saumaði þá er aðrir menn létu heilagt um daginn fyrir Magnús-messu. Þorlákr spurði hví hon ynni svá lengi; en hon kvaðst þá mundu hætta. Hann kom aþr ok spurði hví hon gjörði svá illa, “ok far í brott, ok “vím eigi hær lengr.” Hon kvað þá lítið ósaumat, ok vann sem áðr til þess er myrkt var. En er menn bjoggest til nátt-verðar, þá ærðist hon; ok færðu menn hana í bönd. En þorlákr hét fyrir henni, ok var hlutað hvárt heita skyldi Róm-göngu eðr man-frelsi; eðr gefa fè til skríns Magnúss jarls. En sá kom upp, at gefa feit. Þorlákr færði hana til Magnúss jarls; ok varð hon þar heil, ok gekk síðan suðr.

Þorkell hét maðr er bjó í Orkneyjum; hann féll af bygg-hjálmi sínum ok landist allr öðrum megin. Hann var færðr til ens helga Magnúss jarls, ok fékk þar heilsu sína. Gróa hét kona; hon var óð; ok var færð til Magnúss jarls, ok fékk þar heilsu sína; ok vár þar alla æfi sína síðan.

Menn tveir brutu gull af skríni ens helga Magnúss jarls; annarr var Katneskr, en annarr Orkneyskr.

<sup>1</sup> *Baltastöðum*] or *h* allast., Cd., cfr. Orkn. S. l. c.; *Baltastaðir* seems more correct than *Bollastaðir*, and answers to the

modern *Balta* sound in Unst; cfr. Orkn. S. cap. 60. In Unst *Bollastaðir* (*Ballia* stay), Munch, *Norges Beskrivelse*, 210

Enn Katneski fórst á Pétlandsfirði, sá hēt Gilli; en annarr ærðist, ok sagði í órunum, hvat þeir höfðu gjört; ok var þá heitið fyrir honum suðr-göngu, ef hann yrði heill at skrini Magnúss jarls. Síðan var honum þangat fylgt, ok fèkk hann þar heilsu sína.

Í Englandi vóru tveir menn, er mikit fè lögðu við kast, ok er annarr hafði látið mikit, þá lagði hann út kugg einn, ok allt þat sem hann átti. En hinn kastaði tvau sex fyrri. Þá þótti honum úvænkast; ok hēt á enn helga Magnús jarl, at hann skyldi eigi láta, ok kastaði; en teningrinn hraut í sundr ok kómu upp tvau sex ok ás, ok hlaut hann þá allt, ok gaf síðan mikit fè Magnúsi jarli.

Þá er Rögnvaldr kali jarl, systurson ens helga Magnúss jarls, var kominn til ríkis í Orkneyjum ok settist um kyrt, þá lét hann marka grundvöll til Magnús-kirkju í Kirkjuvági, ok fèkk smíði til; ok gekk sú smíð bæði vel ok skjótt; ok er þat ágæt smíð ok vel vandað. Síðan var þangat fluttr heilagr dómr Magnúss jarls, ok verða þar margar jarteinir at hans helgum dómi. Þar er nú ok biskups-stóll, sá er fyrr var at Kristis-kirkju í Byrgis-héraði.

Maðr hēt Eldjárn ok var Varðason; hann átti konu ok mart barna, ok bjó norðr í Kelduverfi.<sup>1</sup> En í hallæri miklu þá varð hann fátækr ok vanheilsu-fullr, svá at hann mátti eigi sjálf-bjarga verða; ok með svá litlum mætti varð hann, at hann mátti eigi ganga, ok var ekit milli bæja. Þat var eptir Páska um várit, at honum var ekit Fimmtadag<sup>2</sup> ok Föstudag ok Laugardag, ok hafði enga fæðslu. Hann kom at nóni Laugardag þar sem prestur bjó, ok var þar um nóttina. Ok um morgininn, er menn fóru til óttu-söngs, bað hann, at hann skyldi bera til kirkju; ok þat var gjört. Eptir óttu-sönginu fóru menn inn milli tíða. En hann lá úti þar sem um hann var búit; var hann þá svá

<sup>1</sup> *Kelduverfi*] A place in Iceland, in Þingeyjar Þing, in the north of the island.

<sup>2</sup> *Fimmtadag*] i.e. Thursday.

mátt-lítill, at hann ætlaði þá mundu yfir lyka. Honum kom þat ok í hug, hvern verit hafði fyrr hagr hans, þá er hann átti fè þetta allt saman; ok bæn sú, er hann baðst fyrir, fèll honum svá nærr, at hann komst við mjök. Þá tók hann ok hèt sex dægra föstu, ef guð gæfi honum nokkura heilsu; þeirri föstu hèt hann bæði fyrir Ólafs-messu ok Magnúss-messu. Þá er hann hafði mælt fyrir heiti sínu, fóru menn til tíða, ok söng prestr messu. Þá er lesinn var pistill, sofnaði hann; en þeir er hjá vóru hugðu hann andast mundu. Í svefminum bar sýn fyrir hann, at hann þóttist sjá ljós mikit innar í sönghúsit, en þat fór útar til hans. Hann sá með ljósinu mann fríðan, ok sá mælti til hans: “Eldjárn!” kvað hann, “máttú lítið nú?” Hann þóttist svara: “Svá þykki mèr; en þó má vera, at þat sè eigi. En hvern ertú?” Hann svarar: “Hèr er enn helgi Magnús jarl Erlendsson. Viltú heill verða?” Hann svarar: “Vilda ek.” [Hinn svarar]: “Ólafur konungur enn helgi heyrði bæn þína ok heit þat, er þú hèt á okkr til heilsu-bótar þèr. En hann sendi mik hingat, at gefa þèr heilsu; því at kona hèt á hann vestr í Fjörðum, ok fór hann þangat at gjöra hana heila.” Þá tók Magnús jarl at fara höndum um hann; en hann vaknaði þá er upp var hafit guðspjall. Hann mælti við þá menn er næstir vóru, at þeir reisti hann upp. En þeir svöruðu: “Hví mundu vèr reisa þik upp, er þú mátt þèr ekki?” Hann svarar: “Ek ætla mik nú heilan.” Þeir tóku til hans, ok reistu hann á fætr; ok stóð hann um allt guðspjallit, ok svá um alla messuna þaðan í frá. Eptir messu gekk hann innar at presti, ok segir jarteinina, hversu guð hafði gefit honum heilsu. En allir lofuðu guð fyrir þá miskum, er hann [hafði] þeim veitt fyrir verðleika ens helga Magnúss jarls. Hann árnei oss miskunnar ok synda-lausnar við Drottinn várn Jesum Christum, er með Feðr ok Helgum Anda lifir ok ríkir guð um allar aldir. Amen.



## ADDENDA TO MAGNUS SAGA.

### I.

## LEGENDA DE SANCTO MAGNO.<sup>1</sup>

### DE SANCTO MAGNO MARTYRE GLORIOSO.

BEATUS igitur Magnus apud Orchades insulas oriundus fuit, nobilissimus genere et alti sanguinis parentelæ. Pater ejus illarum insularum comes et dominus nominatissimus juxta nomen magnorum qui sunt in terris. Mater ejus de nobilioribus illius terræ duxisse fertur originem. Sed cum in multis nobilitas generis parere soleat ignobilitatem mentis, Martyr beatus statim a primis infantiae suæ rudimentis Sancti Spiritus unctione edoctus nobilitatem solam atque unicam animi virtutem reputabat. Agebat enim senem moribus, annis puer, lasciviæ puerilis expers. In gestu tam jocundus et hilaris, in sermone tam amabilis, in incessu<sup>2</sup> tam modestus exstitit et gravis, ut nihil appareret in eo, quod posset offendere intuentes. Sed quia ex convictu mores formantur, et qui tangit picem, inquinabitur ab ea: cum ad intelligibilem ætatem pervenisset, inter tam furialem quam feralem gentem constitutus, inter protervos, ad mores ferales,

<sup>1</sup> From Cd. Chart. Arna-Magn. 670. f. 4to., compared with a copy made by Arni Magnusson from the fragment of a lost vellum MS. The

Cd. 670 is here in the notes marked *a.*, and the copy of the fragment *b.*  
<sup>2</sup> *in incessu*] fr. *b.*; et in sensu, *a.*

ad ritus, ad fidem impios, ad legem barbaros, pronos ad vitia,<sup>1</sup> cervicosos ad disciplinam, se illorum moribus per dies aliquot cœpit conformare, marinus prædo existere, rapinis et spoliis vivere, cædibus indulgere. Quod tamen, magis pravorum instinctu provocatus quam propria iniquitate pulsatus, creditur acitasse. Denique cum beatus Magnus hujusmodi secleribus implicaretur, ad hoc tandem ventum est, ut patrem et germanum comitatus Hatlandiam applicaret. Quos rex Noruegiæ, in expeditione positus cum infinita navium et armorum multitudine, utpote exteris nationes invasurus,<sup>2</sup> comprehendens, inimicis secum resistere cœgit.

Tunc patre ejus apud Norvegiam rebus humanis exempto, quidam Hako nomine, filius patru sui irruens in quendam procuratorum regis Norvegiæ, qui patriam beati Magni ex parte regis administrabat, dominium<sup>3</sup> Orkadiæ sibi subjugavit, cum non nisi pars dimidia ei de jure competeret, alia autem pars ad beatum Magnum jure hæreditario spectabat. Beatus igitur Magnus ut invidiæ locum daret et furorem Hakonis ad tempus declinaret, ad regem Henricum filium Vilhelmi, qui tunc temporis monarchiam Angliæ fræno moderabat justitiæ, iter arripuit.

Qui cum ad prædictum regem venisset, expositis negotiis et causis itineris sui, ab eodem honorifice est receptus. Visitatis igitur sanctorum locis ad propriam terram itineris sui cursum expedit. Prædictus interim Hako non solum Orkadiam verum et Cathaniam tam invasionis quam prædicationis titulo suæ

<sup>1</sup> *vitia*] lites, fr. *b.*

<sup>2</sup> After "invasurus," fr. *b.* has the following:—"Comprehendens  
" multos (*sic*) secum residere cœ-  
" git. Sed omnipotens Deus, cui  
" proprium est misereri semper et  
" parcere, electum suum a talibus  
" voluit mercimoniis suspendere, et  
" ostendere illi, quanta oporteret

" eum pati pro nomine ipsius, ut  
" qui sanguinem innocentem mul-  
" totiens fuderat ipse quandoque  
" Spiritus Sancti victima fieret, ut  
" proprium sanguinem Christo li-  
" baret. Unde contigit, ut de manu  
" violenti regis et prædatoris eva-  
" . . . ." Reliqua desunt.

<sup>3</sup> *dominium*] dominam, Cd.

tyrannidi subjugavit. Satellites autem sui in necem beati Magni conspirantes, sed simulationis nube palliantes, cum beato viro pacifice in dolo locuti sunt ut beatus Magnus et Hako statuto die in quadam insula, quæ vocatur Egelesio cum pari numero hominum et armorum convenirent. Placuit hoc beato utpote homini serenatæ conscientiæ, cui vivere Christus et mori lucrum. Ad prædictam igitur insulam, in qua mansio sua sita erat, cum duabus longis navibus, nullam mali habens suspicionem, pervenit. Imminente vero die statuto inter eos, prædictus Hako cum septem vel octo navibus plenis, viris Belial et sanguinem sitiens sibi associatis, prædictam insulam applicuit. Seditiouem igitur Hakonis comperiens Beatus Magnus se totum Deo committens, non timore perterritus nec formidine percussus, ecclesiam adiit.

Suis igitur vi vim repellere volentibus fertur respondisse, se malle injuriam accipere quam irrogare. Erat autem hora, qua sacerdos, vestibus sacris indutus, in altari Unigenitum Patris sub specie panis et vini in signum humanæ reconciliationis præsentavit. Sed prædictus Hako, ecclesiasticæ dignitatis abutens privilegio, ecclesiam Dei invadere non formidabat, missis apparitoribus suis quatuor, quorum pedes veloces ad effundendum sanguinem, qui ad omne opus nepharium cæteris promptiores et velociores, ut christum Domini raperent et illum sibi præsentarent. Irruentibus igitur in ecclesiam Domini apparitoribus, justus ab injustis injuste rapitur, extrahitur, et Hakonis præsentia præsentatur, in tali constantia perseverans, ut nec corpus terrore nec mens horrore concuteretur. Nec mora, electus Dei Magnus ab Hakone licitori tradebatur ut capitis sententia plecteretur. Eductus ergo hilari mente et intrepido animo quasi ad epulas invitatus, agonem suum Domino precibus commendans, securi bis in cerebrum suum vibrata, securus ictum ferientis suscepit. Sed quem licitor exemit mundo, Jhesus Christus in-

seruit cœlo, sublimiter collocatum.<sup>1</sup> Mater vero illius Yra<sup>2</sup> nomine ad Hakonem accedens christianam sepulturam beato martyri vix obtinuit impetrare.

*Collecta.* Deus, ejus nutu absque sanctorum solatio, nullius temporis præterit cursus, tribue nobis tua piissima dignatione, ut sancti Magni martyris tui pia interventione, in cunctis adversitatibus assidua tuæ magnæ misericordiæ mereamur potiri consolatione. Per Dominum. Amen.

---

<sup>1</sup> *collocatum*] emend., collocatus, C.d. | <sup>2</sup> *Yra*] for Thora.

II.  
SEQUENTIA.

IN FESTO MAGNI DUCIS MARTYRIS.<sup>1</sup>

[*Officium.*] Lætabitur justus.

*Oro coll.* Deus qui immensæ pietatis judicio corpus sancti Magni martyris et consulis ad honorem nominis tui revelasti: Concede nobis famulis tuis, ut ejus patrocinantibus meritis transferamur ad amœna loca felicitatis. Per [Jesum Christum Dominum nostrum. Amen.]

*Epistola.* Nemo militans.

*Gr.* Posuisti Domine.

Alleluia.

V' egregie martyr Christi, implo.

Sequentia:

Comitis generosi,  
militis gloriosi  
martyris certamina  
concinat Orchadi[c]a  
gens plaudens; nam cœlica  
terit Magnus limina.  
Magnum probant opera  
quæ Dei per munera  
agit dignus nomine.

<sup>1</sup> From Cd. Chart. Arn.-Magn. 670, f. 4to., in the autograph of Arni Magnusson, from a lost vellum. On this Sequence Arni Magnusson makes the following note: "Super totam hanc Sequentiam sunt lineæ cum notulis cantoribus."

He also adds: "Exscriptum ex libro Officiorum Sacrorum in grandi folio, quem nactus sum Scardi Scardstrandensium in occidentali Islandia." The notes are, unfortunately, lost.

Spreto virgo<sup>1</sup> sæculo  
annorum<sup>2</sup> curriculo  
decem est eum virgine.

Quod ostendit et portendit  
casu fractus ovem<sup>3</sup> naetus  
puerili præmio.

Habens ita, orat vita  
ne privetur, cui medetur  
Magni interventio.

Qui a pacto primitus  
resilire monitus  
eligit sagæius  
illud quod est melius.

Mori pro justitia  
optat Dei gratia,  
susepturus gaudia,  
ditandus in gloria.

In agone spe coronæ  
martyr sudat, quod denudat  
sanguinis dispersio.

Deo gratus, solo stratus,  
non invitus, nunc præditus  
est cælesti solio.

Mæstis risus impenditur,  
cæcis visus aperitur  
ejus patrocínio :

Præsul orat ut sanetur,  
et implorat quod medetur  
mox precum obsequio.

Morbo lepræ medicamen,  
nautis quidem est tutamen,  
e diversis languoribus  
plebem curat mortalibus.

Tribulatos cunctos audit,  
prece, voto justis plaudit  
plenus misericordia,  
quæque fugat dæmonia.

O quam martyr hic beatus,  
virgo fructu fossus latus<sup>4</sup>

<sup>1</sup> *virgo*] thus.

<sup>2</sup> *annorum*] annori, Cd.

| <sup>3</sup> *ovem*] thus.

| <sup>4</sup> *virgo . . . latus*] thus.

ter centeno laureatus  
fruitur palatio.

Quos nos esse te laudantes  
tuum festum celebrantes  
perpetuo Magne tuo  
impetres colloquio :

Ut crepti tua prece  
nos ab hostis sævi nece,  
collætetur et privemur  
Gehennæ supplicio. Amen.<sup>1</sup>

*Ev.* In illis. Nolite arbitrari.

*Off'.* Desideratum a.

*Secreta.* Præsentia munera quæsumus, Domine, ita serena pietate intuere, ut Sancti Spiritus perfundantur benedictione, et in nostris cordibus eam desiderium (sic) dilectionem validam infu[n]dant, per quam sanctus martyr Magnus omnia corporis tormenta devicit. Per [Jesum Christum Dominum nostrum. Amen.]

*Com.* Posuisti Domine.

*Post Com.* Sumpsimus, Domine, Sancti Magni martyris solempnitate, cœlestia sacramenta, cujus suffragiis quæsumus largiaris, ut quod temporaliter gerimus, æternis gaudiis consequamur. Per [Jesum Christum Dominum nostrum. Amen.]

Vigilia Thomæ Apostoli, etc.

<sup>1</sup> Hactenus notæ cautorix cum suis lineis. (A. M.)





---

APPENDIX.

---



## APPENDIX.

### A. EXTRACTS FROM SAGAS.

#### 1. To Chapters 1-4 (from Flatey Book, i. 21, 22).

##### 1. HVERSU NOREGR BYGÐIZ.

Nú skal segja dæmi til hversu Noregr bygðist í fyrstu; eðr hversu konunga-ættir hófust þar eðr í öðrum löndum; eðr hví þeir heita Skjöldungar, Buðlungar, Bragningar, Öðlingar, Völsungar eðr Niflungar, sem konunga-ættirnar eru af komnar:—

Fornjótr hét maðr. Hann átti þrjá sonu; var einn Hlér, annarr Logi, þriðri Kári; hann réð fyrir vindum, en Logi fyrir eldi, Hlér fyrir sjó. Kári var faðir Jökuls, föður Snæs konungs. En börn Snæs konungs voru þau: Þorri, Fönn, Drífa ok Mjöll. Þorri var konungr ágætr; hann réð fyrir Gottlandi, Kvenlandi, ok Finnlandi. Hann blótuðu Kvenir<sup>1</sup> til þess at snjófa gerði ok væri skíðfæri gott. Þat var ár þeirra. Þat blót skyldi vera at miðjum vetri; ok var þaðan af kallaðr Þorra-mánaðr. Þorri konungr átti þrjú börn: synir hans hétu Nórr ok Górr enn Góí dóttir. Góí hvarf á brott; ok gerði Þorri blót mánaði síðarr en hann var vanr at blóta; ok kölluðu þeir síðan þann mánað, er þá hófst, Góí. Þeir Nórr ok Górr leituðu systur sinnar. Nórr átti bardaga stóra fyrir vestan Kjölu, ok féllu fyrir hómum þeir konungar er svá heita: Vee ok Vei, Hundingr, ok Hemingr; ok lagði Nórr þat land undir sik allt til sjófar. Þeir bræðr fundust í þeim firði, er nú er kallaðr Nóra-

<sup>1</sup> Kōnir and Kōnlandi, Cd.

fjörðr. Nórr fór þaðan upp á Kjölu, ok kom þar sem heita Úlfa-móar. Þaðan fór hann um Eystri-dali ok síðan í Vernaland, ok með vatni því er Vænir heitir, ok svá til sjófar. Þetta land allt lagði Nórr undir sik allt fyrir vestan þessi takmörk. Þetta land er nú kallat Nórr-egr. At miðjum vetri kómu þeir í Heiðmörk. Þar var sá konungr fyrir, er Hrólfr í Bergi hét; hann var son Svada jötuns norðan af Dófrum, ok Áshildar, dóttur Eysteins konungs, er lengi hafði ráðit fyrir Heiðmörk. Hrólfr í Bergi hafði tekit Góí, ok gengit at eiga hana. En er hún spurði til Nórs bróður síns, þá fór hún í mót honum, ok þau Hrólfr; ok gaf hann sik upp í vald Nórs ok görðist hans maðr. Eptir þat fór Nórr til veizlu til mágs síns; ok fékk Nórr Höddu, dóttur Svada jötuns, systur Hrólfs. Eptir þat fór Nórr konungr vestr aptr til sjófar, ok þá hitti hann Górr bróður sínn. Hann var þá kominn norðan or Dumbs-hafi; ok hafði eignast eyjar allar á þeirri leið, bæði bygðar ok óbygðar. Þá skiptu þeir bræðr ríkinu með sér, svá at Nórr skyldi hafa meginland allt norðan frá Jötun-heimum ok suðr til Álfheima. Þat heitir nú Nóregr; en Górr skyldi hafa eyjar allar þær er lágu á bakborða elliða hans, er hann færi norðr<sup>1</sup> með landi. Þeir vóru synir Górs sækonungs: Heiti, ok Beiti, Meitir ok Geitir. Beitir sækonungr fór með elliða inn í Þrónðheim ok inn í Beit-sjó; hann lét gera skip-sleða undir elliðann; en snjórr var mikill ok sled-færi gótt. Þá settist Beitir í lypting, ok lagði stýri í lag, ok lét draga upp segl; ok lét menn sína draga elliðann norðr um Elliða-eið til Naumu-dals, ok eignaði sér land allt þat er lá á bakborða. Beiti sækonungr var faðir Heita sækonungs, föður Svada; en Geitir var faðir Glamma ok Gylfa.

<sup>1</sup> norðr] emend. norðan, Cd. Standing *northwards* and keeping the inner course (inn-leið), the islands of Norway are on larboard.

Meiti sækonungr var faðir Mævils ok Myndils. Myndill var faðir Ekkils ok Skekkils.

Nórr var faðir þessara manna, en Hodd, dóttir Svaða, móðir . . . . . (*Then follow the royal lineages descended from Nórr, the ancestor of all future kings of the Norse mainland.*)

2. To Ch. 12 (from the Flatey Book).

Ólafur Tryggvason sigldi vestan at Orkneyjum, sem fyrir var getið. En þvíat Pétlands-fjörður var eigi færri, þá lagði hann skip sín í lægi í Ásmundar-vági við Rögnvaldsey. En þar á váginum lá fyrir Sigurður jarl Hlöðversson með þrim skipum, ok ætlaði þá í hernað. En þegar Ólafur konungr vissi þat, at jarl var þar fyrir, þá lét konungr kalla hann til máls við sik. En er jarl kom á konungs skip, hóf Ólafur konungr svá ræðu sína : “ Þat mun þer kunnigt, Sigurður “ jarl, at Haraldur hinn hárfagri fór með her sinn “ vestr hingat þá er hann hafði eignast allar Noreg. “ Vann Haraldur konungr undir sik Orkneyjar ok “ Hjaltland, ok mikit ríki annat hær fyrir vestan “ haf. Gaf konungr Eyjarnar ok Hjaltland jarli sínum, “ Rögnvaldi hinum ríka, í sonar-bætr ; en Rögnvaldur “ gaf Sigurði bróður sínum ; gjörðist Sigurður þá “ jarl Haralds konungs. Annan tíma fór Haraldur “ konungr á hendr Einari jarli með all-mikinn her. “ Gengu þá góðgjarnir menn á millum þeirra, konungs “ ok Einars ; ok sættust þeir at því, at konungr “ kallaði sér allar Orkneyjar ok Hjaltland. Lauk svá “ með þeim, at jarl galt konungi sex tigi marka gulls “ fyrir dráp Hálfðanar háleggs, sonar hans ; en Einarr “ jarl hœlt löndin<sup>1</sup> af Haraldri konungi. Litlu síðarr “ kom austan af Noregi Eirekr konungr Haralds- “ son. Vóru þá jarlar, synir Torf-Einars, lýðskyldir “ Eireki konungi ; ok þat til marks um, at þeir fengu “ konungi mikit lið til hernaðar. En annan tíma,

<sup>1</sup> löndin] löndum, Cd.

“ er Eirekr konúgr kom til Eyjanna,<sup>1</sup> hafði hann  
 “ í brott jarla tvá með sér, Arnkel ok Erlend; en  
 “ lét fyrir löndin Þorfinn jarl, bróður þeirra. En  
 “ þeir báðir fellu á Englandi með Eireki konungi.  
 “ Eptir þat kvómu synir Eireks af Englandi, ok höfðu  
 “ þeir þá vald yfir Eyjunum. En þá er þeir vóru  
 “ héðan í brottu, skipuðu þeir löndin Arnfinni<sup>2</sup> jarli,  
 “ mági sínum. Eptir þat tók ríki fyrst Hávarðr  
 “ [af] bróður sínum, þá Ljótr, síðast Hlöðver, faðir  
 “ þinn. Nú hefir þú, Sigurðr, jarldóm yfir ríki þessu,  
 “ er ek kalla mína eign, sem allt annat þat ríki,  
 “ sem átt hefir Haraldr hinn hárfagri ok hverr hans  
 “ ættmanna tekit í arf eptir annan. Þú veizt, at nú  
 “ eru synir Eireks ok Gunnhildar flestir af ráðnir.  
 “ En þó at Ragnhildr, systir þeirra, lifi, þá sýnist mér  
 “ sem hon muni þá ílsku drýgt hafa á Orkneyíngum,  
 “ at hvergi eigi hon ráð nè ríki, heldr hafi hon full-  
 “ komliga fyrir-gjört sínu fè ok fjörvi, ef þær údáðir  
 “ eru allar sannar, er af henni eru sagðar, sem mön-  
 “ num þykkir mjök ugganda ok eigi úlíkligt at sè-  
 “ Nú með því, Sigurðr jarl, at svá hefir til borit, at þú  
 “ ert kominn á mitt vald, þá áttú tvá kosti fyrir hendi  
 “ mjök újafna: Sá er annarr, at þú skalt taka trú  
 “ rætta ok gjörast minn maðr, ok láta skírast ok allir  
 “ þínir undir-menn; skaltú þá eiga vissa vín virðing-  
 “ ar af mér, ok at halda, sem minn undir-maðr,  
 “ með jarls-tign ok fullu frelsi þetta ríki, sem þú  
 “ hefir áðr haft; ok þar á ofan, þat er miklu er  
 “ meira vert, at ríkja í eilífum fagnaði í himnaríki  
 “ með allsvaldanda guði; er þær þat víst, ef þú heldr  
 “ öll hans boðorð. Himn er annarr kostr, at mjök  
 “ er dáligr ok úlíkr hinum fyrra, at nú í stað skaltú  
 “ deyja; ok eptir þinn dauða skal ek grimmligæ  
 “ geisa láta eld ok járn um allar Orkneyjar; brenna

<sup>1</sup> at . . Eyjanna] thus Fms. l.e.; | <sup>2</sup> Arnfinni] Þorfinni, Cd. (badly)-  
 om. Fl.

“ ok bæla byggð ok menn, nema þetta fólk vili  
 “ frelsi hafa ok trúa á sannan guð. Ok nú, ef þú  
 “ ok þínir undir-menn vilja þenna upp taka, sem  
 “ síðarr var nefndr, þá muntú, ok allir þeir, er á  
 “ ymislig skurðgöð trúa, hæðiliga kveljast í helvítis  
 “ loga eptir bráðan bana, með dálígu djöflum útan  
 “ enda.” En er Sigurðr jarl hafði heyrt svá langt  
 ok sujallt örendi Ólafs konúngs, herði hann huginn  
 honum á móti, ok mælti svá: “ Þat er þèr at segja,  
 “ Ólafr konúngr, at ek hefir ein-ráðit fyrir mèr, at  
 “ ek vil eigi, ok eigi má ek, ok eigi skal ek,  
 “ fyrir-láta þann sið, er mínir frændr ok forfeðr  
 “ höfðu fyrir mèr; þvíat ek kann mèr eigi betri ráð  
 “ en þeir; ok eigi veit ek, at sá átrúnaðr sè betri, er  
 “ þú boðar, en hinn er vèr höfum áðr alla æfi haft  
 “ ok haldit.” Ok með því at konúngr sá jarl þrá-  
 haldan á sinni villu, greip hann son hans úngan,  
 er hann hafði þar með sèr, ok þar hafði upp vaxit í  
 Eyjunum; þenna son jarls bar konúngr fram á saxit,  
 ok brá sverði, ok bjóst at höggva sveininn, svá  
 mælandi: “ Nú muntú, Sigurðr jarl, sjá mega, at ek  
 “ skal engum manni eira þeim er eigi vill almátkum  
 “ guði þjóna, eðr hlýða mínum fortölum ek þeim  
 “ hinum blezaða boðskap til heyra; ok því skal ek  
 “ nú þegar í stað þenna þinn son þèr fyrir augum  
 “ drepa með þessu sama sverði, er ek held á, nema  
 “ þú ok þínir menn þjónir mínum guði; þvíat hèðan  
 “ ór Eyjunum skal ek eigi fyrr fara en ek hefi  
 “ framit ok fullgjört hans hit ágæta eyrendi, ok [þú]  
 “ hefir skírn tekit ok son þinn, sá er nú heldig á.”  
 Ok svá sem jarl var þá við kominn, kaus hann þann  
 kost er konúngr vildi, ok betr gegndi, at taka trú  
 rætta. Var jarl þá skírðr ok allt fólk í Orkneyjum.  
 Síðan gjörðist Sigurðr jarl, eptir veraldar virðingu,  
 jarl Ólafs konúngs; ok hèlt af honum lönd ok lèn;  
 ok fékk honum í gislíng þann sama son sinn, er áðr  
 var af sagt; sá hèt Hvelpr eða Hundr. Lèt Ólafr

skúra sveininn með Hlöðvers nafni, ok flutti með sèr til Noregs. Sigurðr jarl batt eiðum allt sáttmál þeirra. Því næst sigldi Ólafr konúgr burt af Orkneyjum; en setti þar eptir presta at síða fólkit ok kenna þeim heilug fræði. Skildu þeir Ólafr konúgr ok Sigurðr jarl með vináttu. Lifði Hlöðver skamma stund. En eptir þat at hann [er] dauðr, veitti Sigurðr jarl Ólafr konúgi enga lýðskyldu. Hann gekk þá at eiga dóttur Melkólfs Skota-konungs; ok var þeirra son Þorfinnr.

3. To Ch. 3. (from Magn. S. góða Ch. 23 in the Hulda).

Magnús konungr gaf Rögnvaldi Brúsa syni jarls-nafa, ok sendi hann til ríkis vestr í Orkneyjar. Fékk konungr hönnum lið ok skip, sem hann þurfti. Settisk hann í Eyjarnar, ok hafði í ró ríki um hríð, tvá hluti Orkneyja ok Hjaltlands; þar til er Þorfinnr jarl, föður-bróðir Rögnvaldr jarls, kallaði til landa þeirra er Magnús konungr hafði veitt hönnum. Gerðusk þaðan af missætti ok ófriðr milli þeirra frænda, sem segir í Jarla-sögum, þar til er Rögnvaldr jarl stökk ór Eyjum fyrir ofríki Þorfinns jarls, austr til Noregs á fund Magnúss konungs. Eftði konungr hann þá enn at skipum, ok fékk hönnum it bezta mann-val af hirð-sveitum sínum. Hann sendi ok bréf sín ok innsigli til Kálfs Árnasonar; hann hafði verit vestr þar, síðan hann flýði land í Noregi, með Þorfinni jarli mági sínum; hann átti Ingilhjörgu Jarla-móður, dóttur Finns Árnasonar. Stóð þat á bréfum Magnúss konungs, at Kálfr skyldi ná eignum sínum öllum í Noregi, ok þar með hafa vingau Magnúss konungs, ef hann vildi veita lið Rögnvaldi jarli í skiptum þeirra Þorfinnz jarls. En er Kálfr hafði heyrt bréfin, lét hann sér fátt um finnask; en svaraði þó: “Mér þykkin,” segir hann, “með mikilli hættu, hversu staðfastr “Magnús konungr er í skapi. Þá fyrr er ek lagða mik



“ í öllum hlutum til vinganar við hann, var ek í róg borinn, svá at ek flýða ór Noregi, þvíat lífi var at forða.” Rögnvaldr jarl mælti: “Spurt muntú þat hafa, at konungr hefir nú enn öllum mönnum upp gefit þat mikla mál, er hónum þótti lendir menn mest við sik sakaðir, ok er nú orðinn hverjum manni ást-fólginn; ok þaðan af er þat víst, at þú mant nú fá miklar virðingar af konungi, ef þú kemr á hans fund, þvíat hann er fastr í öllum góðum heitum.” Svá var sem Kálfi færi [um] annað eyra út þótt hann heyrði slíkt talat. En er Þorfinnr jarl spurði at Rögnvaldr jarl var kominn í Eyjarnar, samnaði hann at sér miklu liði ok fór í mót hónum. Þeir fundusk þar sem heitir Rauðabjörg, ok börðusk, ok gékk Rögnvaldi jarli betr. Lagði Kálfr þá til um síðir sex eðr sjau stór-skip[um] með Þortinni jarli mági sínum fyrir eggjan hans ok umtölur. Fékk Þorfinnr þá sigr. Ok fóru síðan skipti jarlanna sem segir í Sögu þeirra. Eptir þenna bardaga lagðisk Kálfr Árnason í hernað, ok gerðisk víkingr fyrir vestan hafit.

4. To Ch. 34 (from the Flatey Book, col. 490).

Þar er þeir vóru staddir vóru ber á einni þúfu. Konungr tekr berin, ok rennir í lófa sèr. Þá sá konungr, hvar upp vóru sett merki bónda. Hann mælti þá: “Vesöl ber!” kvað hann. Rögnvaldr Brúsa son svarar: “Mismælt varð þèr nú, konungr; lið mundir “þú nefna vilja.” “Rétt segir þú, jarl,” kvað konungr; “Eigi muntú minna mismæli mæla, þá er þú “átt skamt ólifat.” Þat gékk eptir, sem segir í Jarlasögum.

5. To Chh. 89-97 (from Inga Saga in the Hulda, Ch. 17).

ÚTFERÐ ERLINGS SKAKKA.

Erlingr hèt son Kyrpinga-Orms ok Ragnhildar dóttur Sveinka Steinars sonar. Kyrpínga-Ormr var son Sveins,

Sveins sonar, Erlends sonar or Gerði. Móðir Orms var Ragna, dóttir Orms jarls Eilifs sonar ok Ingibjargar, dóttur Finns jarls Árna sonar. Móðir Orms jarls var Ragnhildr dóttir Hákonar jarls ins ríka. Erlingr var vitr maðr ok mikill vin Inga konungs, ok með hans ráði fékk Erlingr Kristínar, dóttur Sigurðar konungs ok Málmfríðar dróttningar. Erlingr átti bú á Stuðlu á Sunn-hörða-landi. Erlingr fór ór landi, ok með hönum Eindriði ungi, ok enn fleiri lendir menn; þeir höfðu frítt lið. Þeir hjöggust til Jórsala-ferðar, ok fóru vestr um haf til Orkneyja. Fyrir þeirri ferð var Rögnvaldr jarl kali ok með hönum Viljalmr biskup. Ok höfðu alls af Orkneyjum fimtán langskip. Sigldu þeir fyrst til Suðreyja (sic) ok þaðan vestr til Vallands; ok síðan þá leið er farit hafði Sigurðr konungr Jórsala-fari út til Nörva-sunda, ok herjuðu víða um Spán heiðna. Litlu síðarr en þeir höfðu siglt um sundin, skildist frá þeim Eindriði ungi, ok þeir er honum fylgðu, með sex skipum, ok fóru þeir til Miklagarðs. En þeir Rögnvaldr jarl ok Erlendr hittu á Drómund einn í hafi; ok lögðu til nfu skipum, ok börðust við þá. En at lyktum lögðu þeir snekkjurnar undir Drómundinn; báru þá heiðnir menn ofan á þá vápn ok grjótt, ok grýtur fullar af vellanda biki ok viðsmjörvi. Erlingr lá sínu skipi næst inn [undir] Drómund; ok bar fyrir útan þat skip vapna-burðinn heiðingja. Þeir Erlingr hjoggu raufar á Drómundinum, sumar í kafi niðri, sumar uppi á borðunum, svá at þeir fóru þar inn. Svá segir Þorbjörn Skakka-skáld í Erlings-drápu:—

- “ Hjoggu öxar-eggjum ugglaut hvatir glugga  
 “ (því var nennt) á nýju Nördmenn í kaf borði:  
 “ Eyðendr sá yðrar aruar hungrs á járnnum  
 “ vág-fylvingi vélar vág-skörð ofan börðuzt.”

Auðunn rauði lét sá maðr, stafubúi Erlings, er fyrstr gékk upp í Drómundinn. Þeir umu Drómundinn, ok drápu þar ógrynni manna; ok tóku ofa-mikit fé; ok

unnu fagran sigr. Rögnvaldr jarl ok Erlingr, er síðan var skakki kallaðr, kómu í þeirri ferð til Jórsalalands, ok út til árinna Jórdana. Sneru þá aptr útan yfir hafit, ok fyrst til Mykla-garðs. Þar létu þeir eptir skip sín. Fóru útan landveg, ok héldu öllu heilu þar til er þeir kómu í Noreg. Ok var þeira ferð all-mjök lofuð. Þótti Erlingr síðan miklu meiri maðr en áðr, bæði af ferð sinni ok kván-fangi sínu. Hann var spekingr at viti, auðigr ok frænd-stórr, ok mál-snjall; hann var mest hallr at alri vináttu til Inga konungs, allra þeirra bræðra.

6. To Ch. 99 (Ch. 20 of the same Saga from the Hkr., Hulda, and Hrokkin-skinna).

VESTR-FERÐ EYSTEINS KONUNGS.

Síðan byrjaði Eysteinn konungr ferð sína ór landi vestr um haf, ok siglði til Kataness.<sup>1</sup> Hann spurði til Haralds jarls Maddaðar sonar í Þórsá. Hann lagði til með þrjár smá-skútur, ok kómu á þá úvara. En jarl hafði þrítögt skip ok á átta tigi manna. En er þeir vóru úbúnir við, þá fengu þeir Eysteinn konungr þegar upp-göngu á skipit, ok tóku höndum jarl, ok höfðu með sér á skip. Hann leysti sik út með þrem mörkum gulls. Ok skildust þeir at svá búnu. Svá segir Einarr Skúlason:—

- “ Vóru Sogns með (sára) syni Maddaðar staddir  
 “ (má-grennir fremsk manna máttigr), úgír átta:  
 “ Þrim skútum tók þreytir þann jarl drasils hranna;  
 “ hraustr gaf hrae-skúfs nistir höfuð sitt frömum jöfri.”

Eysteinn konungr sigldi þaðan suðr fyrir austan Skotland, ok lagði til kaupstaðar þess á Skotlandi, er heitir Apardjón, ok drap þar mart manna, ok rænti staðinn. Svá segir Einarr Skúlason:—

- “ Frétt hefi ek at féll (fólk brustu svell);  
 “ (jöfurr eyddi frið) Apardjónar lið.”

<sup>1</sup> ok . . . ness] thus Hkr.; hann sigldi til Orkneyja, Hulda and Hrsk., better, see Orkn. S. l. c.

Aðra orrostu átti hann suðr við Hjartapoll við riddara-lið; ok kom þeim á flötta; ok hrauð þar skip nökkur. Svá segir Einarr:—

- “ Beit buðlungs hjörr; (blóð féll á dörr;
- “ lírð fylgðisk holl) við Hjartapoll;
- “ Hugin gladdi heit (lruðusk Engla beit,
- “ óx vitnis vín) valbasta-Rín.”

Þá hélt hann enn suðr á England, ok átti ina þriðju orrostu við Hvítaby; ok fékk sigr, en brendi bæinn. Svá segir Einarr:—

- “ Jók hilmir hjaldr (þar var hjörva-galdr,
- “ hjósk Hildar-ský) við Hvítaby;
- “ Ríkt lék við rönn (rauðk ylgjar tönn,
- “ fékk-sk fyrðum harmr) fyrri-skógar garmr.”

Eptir þat herjaði hann víða um England. Þá var Stefnir konungr í Englandi. Því næst átti Eysteinn konungr orrostu við Skörpu-sker við riddara nökkura. Svá segir Einarr:—

- “ Drap döglingr gegn (dreif strengjar regn)
- “ við Skörpu-sker skjald-kænan her.”

Þar næst barðist hann við Pílavík, ok fékk sigr. Svá segir Einarr:—

- “ Rauð siklingr sverð, (sleit gylðis ferð
- “ prútt Parta lík) í Pílavík;
- “ Vann vísi allt (fyrir vestan salt
- “ (brandr gall við brú) brennt Langa-tún.”

Þeir brendu þar Langatún mikit þorp; ok segja menn, at sá bær hafi litla upp-reist fengit síðan. Eptir þat fór Eysteinn konungr brott af Englandi; ok um haustið apr til Noregs. Ok ræddu menn um þessa ferð all-misjafnt.

B. EXTRACTS FROM THE NJALA.<sup>1</sup>

## TO CH. 13. EARL SIGURD AND THE BRIAN-BATTLE.

CH. 84. Nú er þar til máls at taka, at þeir Grímr ok Helgi, synir Njáls, fóru af Íslandi þat sumar sem þeir Þráinn fóru útan, ok vóru á skipi með þeim Ólafi [ór] Eldu Ketils syni, ok Bárði. Þeir tóku norðan-veðr svá hörð, at þá bar suðr í haf; ok rak yfir myrkr svá mikit, at þeir vissu eigi hvar þeir fóru; ok höfðu þeir úti-vist langa. Þá kómu þeir þar, er grunn-sævi var mikit, ok þóttust þeir vita, at þat mundi vera nær löndum. Þeir Njáls-synir spurðu, ef Bárðr vissi nökkut til, hverjum löndum þeir mundu næst vera. “Mörg eru til,” segir hann, “at því sem vèr höfum veðr-föll haft, Eyjar,<sup>2</sup> eða “Skotland, eðr Írland.” Tveim nóttum síðarr sá þeir lönd á bæði borð, en boða mikinn inn á fjörðinn. Þeir köstuðu akkerum fyrir útan boðann. Þá tók at lægja veðrit; en um morguninn var logn. Sjá þeir þá fara þrettán skip út at sèr. Þá mælti Bárðr: “Hvat skal “nú til ráða taka, þvíat menn þessir munu veita oss “atsókn?” Síðan ræddu þeir hvárt þeir skyldu verja sik eða gefast upp. En áðr þeir höfðu ráðit, kómu at víkingar; spurðu þá hvárir aðra at nöfum, hvat fyrir-menn hèti. Þá nefndust fyrir-menn kaupmanna; ok spurðu í móti hverir fyrir liði þeirra veri. Annarr

<sup>1</sup> The text of these extracts from the Njáls Saga is taken from Cd., Arna-Magn. 468, collat. with 132, 133, folio, and with 166, 4to, in the

Arna-Magn. Library; as also with 2868-70, 4to., in the Royal Library at Copenhagen. All on vellum.

<sup>2</sup> *Eyjar*] Orkneyjar, 133.

nefndist Grjótgarðr, en annarr Snækólfr,<sup>1</sup> synir Moldans<sup>2</sup> or Dungals-bæ<sup>3</sup> í Skotlandi, frændr Melkólfs Skota-konungs: “Ok eru kostir tveir af oss gerfir,” segir Grjótgarðr, “at þér gangit á land, en vèr munum taka fè yðvart; hinn er annarr, at vèr munum sækja “ at yðr, ok drepa hvern mann, er vèr fám.” Helgi segir: “Þat vilja kaupmenn at verja sik.” Þá mæltu kaupmenn: “Mæl þú alls-vesall!<sup>4</sup> hverja vörn munu vèr veita; ok er ‘Fè fjörvi fyrra.’” Grímr tók þat ráð, at hann æpti á víkinga, ok lét þá eigi heyra illan kurr kaupmanna. Bárðr ok Ólafr ræddu: “Hyggit þér eigi “ at Íslendingar muni gera spott at látum yðrum? Takið “ heldr vápnr yður ok verit yðr!” Tóku þeir þá allir til vápna; ok festu þat með sèr, at þeir skyldu aldri upp gefast meðan þeir mætti verja sik.

85. Víkingar skutu á þá; ok tókst orosta; ok verja kaupmenn sik vel. Snækólfr hleypr at Ólafi, ok leggr í gegnum hann með spjóti. Grímr leggr til Snækólfs spjóti, ok svá fast, at hann féll útbyrðis. Helgi sneri þá móts við Grím; ok ráku þeir ofan alla víkinga, ok jafnan vóru þeir Njáls-synir þar er mest þurfti. Víkingar kölluðu, ok báðu kaupmenn upp gefast. Þeir segja, at þeir mundi aldri upp gefast. Í þessu varð þeim litið til hafs; sjá þeir skip fara sunnan fyrir nesit; vóru eigi færi en tíu. Þeir róa mikinn ok stefna at þangat; er þar skjöldr við skjöld. En á því skipi, er fyrst fór, stóð maðr við siglu; sá var í silki-treyju, ok hafði gyldan hjálm, en hárit bæði mikit ok fagrt; sjá maðr hafði spjót gull-rekit í hendi. Hann spurði: “Hverir eiga hèr leik svá újafnan?” Helgi segir til sín, ok sagði, at í móti vóru þeir Grjótgarðr ok Snækólfr. “En hverir eru stýrimenn?” segir hann. Helgi svaraði: “Bárðr svartí, er lifir; en annarr er látinn, er Ólafr

<sup>1</sup> *Snækólfr*] Snækollr, 2870.

<sup>2</sup> *Moldans*] Moddans, 132.

<sup>3</sup> *Dungalsbæ*] Dungsabæ, 133; Duggalsbæ, 2868.

<sup>4</sup> *alls-vesall*] 133, 2868; allvesall, Cd.

“hèt.” “Erut þú,” segir hann, “Íslenzkir menn?” “Svá er víst,” segir hann. Hann spurði hvers synir þeir væri. Þeir sögðu. Þá kannaðist hann við, ok mælti: “Nafn-frægir erut þér feðgar.” “Hværr ertú?” segir Helgi. “Kári heiti ek, ok em ek Sölmundar son.” “Hvaðan komtú at?” segir Helgi. “Ór Suðreyjum,” [segir Kári]. “Þá ert þú vel at kominn,” segir Helgi, “ef þú vilt veita oss nokkut.” “Veita slíkt sem þér þurft,” segir Kári; “en hvers beiðit þér?” “Veita þeim atlögu,” segir Helgi. Kári segir at svá skyldi vera. Lögðu þeir þá at þeim; ok tókst þá bardagi í annat sinn. En er þeir hafa barizt um hríð, hleypr Kári upp á skip til Snækólfs; hann snýr í móti honum, ok högg[r] til hans. Kári hleypr yfir slá eina, er lá um þvert skipit, aprt öfugr. Snækólfr hjó í slána, svá at fal báða egg-teinana sverðsins. Kári höggr til hans, ok kom sverðit á öxlina; ok varð högg svá mikit, at hann klauf frá ofan höndina; ok hafði Snækólfr þegar bana. Grjótgarðr skaut spjóti til Kára. Kári sá þat, ok hljóp í lopt upp, en spjótið misti hans. Í því vóru þeir Helgi ok Grímr komnir til móts við Kára. Hleypr þá Helgi at Grjótgarði, ok leggur sverði í gegnum hann, ok varð þat hans bani. Gengu þeir þá um skip öll með báðum borðum. Menn báðu sér þá griða; gáfu þeir þá grið öllum, en tóku fê allt. Eptir þat leggja þeir skipin öll út undir Eyjar.

86. Sigurðr hèt jarl, er ræð fyrir Orkneyjum, hann var Hlöðves son, Þorfinns sonar hausa-kljúfs, Torf-Einars sonar, Rögnvallz sonar jarls af Mæri, Eysteins sonar glumru. Kári var hirðmaðr Sigurðar jarls, ok hafði tekit skatta af Suðreyjum<sup>1</sup> af Gilla jarli. Kári biðr þá nú fara til Hrosseyjar; ok sagði, at jarl mundi vel við þeim taka. Þeir þágu þat, ok fóru með Kára, ok kómu til Hrosseyjar. Kári fylgir þeim á fund jarls, ok

<sup>1</sup> *Suðreyjum*] 2868; eyjunum, Cd., 132, 133, &c.

sagði<sup>1</sup> hverir menn þeir væri. “Hversu kómu þeir,” segir jarl, “á þinn fund?” “Ek fann þá í Skotlands-fjörðum; ok börðust þeir við sonu Moldans<sup>2</sup> jarls; ok vörðust þeir svá vel, at þeir urpu sér jafnan meðal viðanna, ok vóru þar jafnan sem mest var raunin; vil ek nú biðja þeim hirð-vistar.” “Því skalt þú ráða,” segir jarl, “tekist hefir þú svá mikit á hendr við þá áðr.” Þeir vóru þá með jarli um vetrinn, ok vóru vel virðir. Helgi var hljóðr er á leið. Jarl þóttist eigi vita hví þat mundi sæta; ok spurði, hví hann væri hljóðr; ok spurði hvat honum þætti. “Eða þikki þær hær eigi gott?” “Gott þikki mér hær,” segir hann. “Hvat hugsar þú þá?” segir jarl. “Eigi þær nökkurs ríkis at gæta á Skotlandi?” [segir Helgi]. “Svá mun oss þikkja,” segir jarl, “eða hvat er at því?” Helgi segir: “Skotar munu hafa tekit sýslumann yðvarn af lífi, ok tekit njósnir allar, at öngar skyldi ganga yfir Pét-lands-fjörð.” Jarl mælti: “Ertú forspár maðr?” Helgi segir: “Lítt er þat reynt.” “Auka skal ek sæmd þína,” segir jarl, “ef þetta er svá; ella mun þær gjald at verða.” “Ekki er Helgi<sup>3</sup> þess-háttar maðr,” segir Kári, “ok mun hann satt til segja; þvíat faðir hans er forspár.” Síðan sendi jarl menn suðr til Straumeyjar Arnljóti, sýslumanni sínum. Eptir þat sendi Arnljótr suðr yfir Pétlands-fjörð; ok tóku þar njósnir; ok fréttu þat, at Hundi jarl, ok Melsnatdi<sup>4</sup> jarl, höfðu tekit af lífi Hávarð í Þraðsvík,<sup>5</sup> mág Sigurðar. Sendir þá orð Sigurði jarli, at hann skyldi koma suðr með lið mikit, ok reka jarla þessa af ríkinu. Þegar jarl spurði þetta, dró hann saman her mikinn.

87. Síðan fór jarl með herinn, ok var Kári í för með honum ok svá Njáls-synir. Þeir kómu suðr við Katanes. Jarl átti þessi ríki í Skotlandi: Ross ok

<sup>1</sup> *sagði*] 133; spurði, Cd.

<sup>2</sup> *Moldans*] Cd., 132; Moddans, 133, 2868.

<sup>3</sup> *Helgi*] ñ, Cd.

<sup>4</sup> *Melsnatdi*] Melsnaði, 133; Melsnati, some.

<sup>5</sup> *Þraðsvík*] Thus here Cd. and 132, 133.



Myrævi,<sup>1</sup> Suðrland,<sup>2</sup> ok Dali. Kómu þar at móti þeim menn af þeim ríkjum, ok segja, at jarlar væri þaðan skamt í braut með mikinn her. Þá snýr Sigurðr jarl þangat herinum; ok heitir þar Dungals-nípa<sup>3</sup> er fundrinn var fyrir ofan. Ok laust í bardaga með þeim. Skotar höfðu látið fara sumt liðit laust; ok kom þat í opna skjöldu jarls-mönnum; ok varð þar mannfall mikit, þar [til] er þeir Njáls-synir sneru í móti þeim, ok börðust við þá, ok kómu þeim á flóttu; verðr þá bardaginn harðr; snúa þeir Helgi þá fram hjá merkinu jarls ok berjast vel. Nú snýr Kári í móti Melsnatda<sup>4</sup> jarli. Melsnatdi skaut spjóti til Kára. Kári skaut aptr spjótinu, ok í gegnum jarl. Þá flýði Hundí jarl. En þeir ráku flóttann, allt þar til er þeir spurðu til Melkólfs, at hann dró her saman í Dungalsbæ.<sup>5</sup> Átti jarl þá ráð við menn sína; ok sýndist öllum þat ráð at snúa aptr, ok berjast eigi við svá mikinn landher. Sneru þeir þá aptr. En er jarl kom í Straumey, skiptu þeir þar heifangi. Síðan fór hann norðr til Hrosseyjar. Njáls-synir fylgdu honum, ok Kári. Jarl gerði þá veizlu mikla. Ok at þeirri veizlu gaf jarl Kára sverð gott ok spjót gullrekit; en Helga gullhring ok skikkju; en Grími skjöld ok sverð. Eptir þat gerði hann þá hirðmenn sína, Grím ok Helga, ok þakkadi þeim framgöngu sína. Þeir vóru með jarli þann vetr ok um sumarit, þar til er Kári fór í hernað. Þeir fórn með honum. Þeir herjuðu víða um sumarit, ok fengu hvervetna sigr. Þeir börðust við Guðröð konúng ór Mön, ok sigruðu hann; ok fóru við þat aptr, ok höfðu fengit mikit fê; vóru þeir með jarli um vetrinn. Um vârit beiddust þeir Njáls-synir at fara til Noregs. Jarl mælti, at þeir skyldu fara sem þeim líkaði; ok fêkk þeim gott skip ok röskva menn.

<sup>1</sup> *Myrævi*] *Moræfi*, 133.

<sup>2</sup> *Suðrland*] syðri lönd, Cd., 132, badly; Syðr lönd, 133; om. 2868.

<sup>3</sup> *Dungals-nípa*] *Dugalsnípa*, 133, 2868.

<sup>4</sup> *Melsnatda*] *Melsnata*, 133, 2868.

<sup>5</sup> *Dungalsbæ*] *Duggalsbæ*, 2868.

Kári segir, at hann mundi þetta sumar koma til Noregs með skatta Hákonar jarls, ok mundu þeir þar finnast. Ok svá kom, at þeir sam-mæltust á þat. Síðan létu þeir Njáls-synir út, ok sigldu til Noregs, ok kómu við Þrándheim.

90. . . . Síðan fór Kári vestr um haf á fund Sigurðar jarls; ok tók hann við þeim allvel, ok vóru með jarli um vetrinn. En um várit bað Kári þá Njáls-sonu at þeir færi í hernað með honum; en Grímr kvaðst þat mundu gera, ef hann vildi fara með honum út til Íslands. Kári hæt því. Fóru þeir þá með honum í hernað. Þeir herjuðu suðr um Öngulsey,<sup>1</sup> ok allar Suðreyjar. Þá hældu þeir til Saltíris,<sup>2</sup> ok géngu þeir þar upp; ok börðust við landsmenn ok fengu til fjár mikils, ok fóru til skipa. Þaðan fóru þeir suðr til Bretlands, ok herjuðu þar. Þá hældu þeir til Manar; þar mættu þeir Guðröði konúngi ór Mön, ok börðust þeir við hann, ok höfðu sigr, ok drápu Dungal<sup>3</sup> son konúngs. Þar tóku þeir fê mikit. Þaðan hældu þeir norðr til Kolu,<sup>4</sup> ok fundu þar Gilla jarl, ok tók hann við þeim vel; ok dvöldust með honum nokkura hríð. Jarl fór með þeim til Orkneyja á fund Sigurðar jarls. En um várit gipti Sigurðr jarl Gilla jarli Nereiði<sup>5</sup> systur sína. Fór hann þá í Suðreyjar.

91. Þat sumar bjoggust þeir Kári ok Njáls-synir til Íslands. Ok þá er þeir vóru al-búnir, gengu þeir á fund jarls. Jarl gaf þeim góðar gjafir; ok skildu þeir með mikilli vináttu. Látu þeir nú í haf. Þeir lafa útivistir skammar, ok gaf þeim vel byri, ok kómu við Eyrar . . .

<sup>1</sup> Öngulsey] 2868; Öngulseyjar, plur., Cd., 132, 133 (badly).

<sup>2</sup> Saltiris] Saltiris, Cd., 132, 2868; Sallternis, 133.

<sup>3</sup> Dungal] Dufgal, 132.

<sup>4</sup> Kolu] i.e., Coll in the Hebrides, Cd., 133, 2870; Klo, 2868;

Kolni, 132; cfr. Flateyjarbók, i. 150.

<sup>5</sup> Nereiði] Cfr. cap. 155, where she is called Svanlaug or Hvarföð. In the Vatzdæla Saga a Nereida is mentioned as a relation of earl Sigurd, and it is added that she was the mother of Thorkel Krafla.

## b. THE BRIAN-BATTLE.

154. Flosi ríðr nú austr til Hornafjarðar, ok fylgðu honum flestir þíngmenn hans ; ok flutti austr vöru sína ok önnur fargögn, þau er þau skyldu hafa með sér. Síðan bjoggu þeir ferð sína ok skip. Var Flosi nú við skipit þar til er þeir vóru búnir. En þegar byr gaf, létu þeir í haf. Þeir höfðu langa úti-vist, ok veðráttu illa ; fóru þeir þá hundvillir. Þat var einu hverju sinni, at þeir fengu áföll stór þrjú nokkur. Sagði Flosi þá, at þeir mundu nokkur vera í nánd löndum, ok þetta væri grunnföll. Þoka var [á] mikil ; en veðrit óx svá, at hríð mikla gerði at þeim. Fundu þeir eigi fyrr en þá keyrði á land upp um nótt eina ; ok varð þar borgit mönnum, en skip braut allt í spán, en fè máttu þeir ekki hjarga. Urðu þeir at leita sér verma. En um daginn eptir gengu þeir upp á hæð nokkura ; var þá veðr gott. Flosi spurði, ef nokkurr maðr kendi land þetta. Þar vóru þeir menn tveir, er farit höfðu áðr, ok sögðust kenna at vísu : “ Ok “ eru vèr komnir við Orkneyjar í Hrossey.” “ Fá “ mættim vèr betri landtöku,” segir Flosi, “ þvíat þeir “ Grímr ok Helgi Njáls-synir, vóru hirðmenn Sigurðar “ jarls Hlöðves sonar, er ek vá.” Leitudu þeir sér þá fylg[s]nis, ok reyttu á sik mosa ; ok lágu svá um stund, ok eigi langa, áðr Flosi mælti : “ Ekki skulu vèr hær “ liggja lengr svá, at landsmenn verði þess varir.” Stóðu þeir þá upp ok gerðu ráð sitt. Flosi mælti þá til sinna mauna : “ Vèr skulum ganga allir á vald jarlsins ; þvíat “ oss gerir ekki annat ; þvíat jarl hefir at líku líf vart, “ ef hann vill eptir því leita.” Gengu þeir þá allir í brott þaðan. Flosi mælti, at þeir skyldu engum manni segja tíðindin, eða frá ferðum sínum, fyrr en hann segði jarli. Fóru þeir þá til þess, er þeir fundu menn, þá er þeim vísudu til bæjarins. Gengu þeir þá fyrir

jarl,<sup>1</sup> ok kvaddi Flosi hann ok allir þeir. Jarl spurði hvat manna þeir væri. Flosi nefndi sik, ok sagði ór hverri sveit hann var á Íslandi. Jarl hafði spurt áðr brennuna, ok kendist hann af því þegar við men-  
 nina. Jarl spurði þá Flosa: “Hvat segir þú mēr til  
 “ Helga Njálssonar hirðmanns míns?” “Þat,” sagði  
 Flosi, “at ek hjó höfuðit af honum.” Jarl mælti: “Taki  
 “ þá alla!” Þá var svá gert. Þá kom at í því Þorsteinn  
 Síðu-Hallsson. Flosi átti Steinvöru systur Þorsteins.  
 Þorsteinn var hirðmaðr Sigurðar jarls. En er Þorsteinn  
 sá Flosa höndlaðan, þá gekk hann fyrir jarl, ok bauð  
 fyrir Flosa allt þat góðs, sem hann átti. Jarl var  
 inn reiðasti lengi. En þó kom svá um síðir við um-  
 tölur góðra manna með Þorsteini,—þvíat hann var vel  
 vinum horfinn, ok gengu margir til at flytja með  
 honum,—at jarl tók sættum við þá, ok gaf Flosa grið  
 ok öllum þeim. Hafði jarl á því ríkra manna hátt, at  
 Flosi gekk í þá þjónustu, sem Helgi Njálsson hafði  
 haft. Gerðist Flosi nú hirðmaðr Sigurðar jarls, ok  
 kom hann sèr brátt í kærleika mikla við jarlinn.

155. Þeir Kári ok Kolbeinn svartí lētu út hálfum  
 mánaði síðarr af Eyrum en þeir Flosi ór Hornafirði.  
 Gaf þeim vel byri ok vóru skamma stund úti. Tóku  
 þeir Friðarey—hon er á milli Hjaltlands ok Orkneyja.  
 Við Kára tók sá maðr, er hèt Davíðr<sup>2</sup> hvíti; hann  
 segir Kára allt um ferðir þeirra, slíkt sem hann hafði  
 viss orðit; hann var inn mesti vin Kára, ok var Kári  
 með honum um vetrinn; höfðu þeir þá frèttir vestan  
 ór Hrossey allar þær er þær gerðust.

Sigurðr jarl bauð til sín at Jólum Gilla jarli mági  
 sínum or Suðreyjum. Hann átti Svanlaugu,<sup>3</sup> systur  
 Sigurðar jarls. Þá kom til Sigurðar jarls konúgr sá  
 er Sigtryggr hèt af Írlandi; hann var sonr Olafs kva-

<sup>1</sup> *Gengu . . . jarl*] om. Cd.

<sup>2</sup> *Davíðr*] *Dagviðr*, 132.

<sup>3</sup> *Svanlaugu*] *Kormlóðu*, 133  
*Hvarflóðu*, 132.

rans, en móðir hans hèt Kormlöð. Hon var allra kvenna fegrst, ok bezt at sèr orðin um þat allt er henni var úsjálfrátt; en þat var mál manna, at henni hafi allt verit illa gefit þat er henni var sjálf-rátt. Brjánn hèt konúngr sá er hana hafði átta, ok vóru þau þá skilið.<sup>1</sup> Hann var allra konúnga<sup>2</sup> bezt at sèr; hann sat í Kankara-borg<sup>3</sup> á Írlandi. Bróðir hans var Úlfr hreða<sup>4</sup> inn mesti kappi. Fóstri Brjáns hèt Kerþjálfaðr; hann [var] son Kylfis konúngs, þess er margar orrostur átti við Brján konúng, ok stökk ór landi fyrir honum, ok settist í stein. En þá er Brján konúngr gekk suðr, þá fann hann Kylfi konúng, ok sættust þeir. Þá tók Brjánn konúngr við syni hans Kerþjálfaði, ok unni meira en sínum sonum; var hann þá roskinn, er þetta er tíðinda, ok allra manna fríðastr. Dungaðr hèt son Brjáns konúngs, en annarr Margaðr, þriði Taðkr,<sup>5</sup>—þann köllum vèr Tann;<sup>6</sup> hann var þeirra yngstr; en inir ellri synir Brjáns konúngs vóru frumvaxta ok manna vaskastir. Ekki var Kormlöð móðir barna Brjáns konúngs; en svá var hon orðin grimmi Brjáni konúngi eptir skilnað þeirra, at hon vildi hann gjarna feigan. Brjánn konúngr gaf upp þryggrar útlögum sínum inar sömu sakir; en ef þeir misgerðu optarr, þá lèt hann dæma þá at lögum; ok má af slíku marka hvílikr konúngr hann hefir verit. Kormlöð eggjaði mjök Sigtrygg son sinn at drepa Brján konúng. Sendi hon hann nú til Sigurðar jarls at biðja hann liðs. Kom Sigtryggr konúngr fyrir Jól til Orkneyja. Þar kom þá ok Gilli jarl, sem fyrir var ritað. Svá var mönnum skipat, at Sigtryggr konúngr sat í miðju háseti; en til sinnar handar konúngi sat hvárr jarlanna. Sátu menn þeirra Sigtryggs konúngs ok Gilla

<sup>1</sup> *skilið*] þviat, add. Cd., 132.

<sup>2</sup> *konúnga*] 1133; manna, Cd.

<sup>3</sup> Emend. see Munch, I. 2. p. 644 and II. 549, footnote; Kantara-borg, Cd., 133, 2870; Kunnjatta-borg, 132 (badly).

<sup>4</sup> *hreða*] 133; hreða, Cd. 132.

<sup>5</sup> *Taðkr*] 132; Taðr, 2870; Taktr, Cd.

<sup>6</sup> *Tann*] Tanna, 133.

jarls innarr frá; en útar frá Sigurði jarli sat Flosi ok Þorsteinn Síðu-Hallsson; ok var skipuð öll höllin. Sigtryggr konúgr ok Gilli jarl vildu heyra tíðindin þau er gersk höfðu um brennuna, ok svá síðan hon var. Þá var fenginn til Gunnarr Lambason at segja söguna, ok var settr undir hann stóll.

156. Í þenna tíma kómu þeir Kári ok Kolbeinn, ok Davíðr<sup>1</sup> hvíti, til Hrosseyjar öllum á úvart. Gengu þeir þegar upp á land; en fáir menn gættu skips. Kári ok þeir félagar gengu þegar til jarls-bæjarins, ok kómu at höllinni um drykkju. Bar þat saman, at þá var Gunnarr at segja söguna; en þeir hlýddu til á meðan úti. Þetta [var] Jóla-dagiinn sjálfan. Sigtryggr konúgr spurði: “Hversu þoldi Skarphæðinn í brennu-  
“ unni?” “Vel fyrst lengi,” segir Gunnarr; “en þó  
“ lauk svá, at hann grét.” Ok um allar sagnir hallaði hann mjök til, en ló víða frá. Kári stóðst þetta eigi. Hljóp hann þá inn með brugðnu sverðinu, ok kvað vísu þessa:

“Hrósa hildar-fúsir

(Hvat hafa til fregit skatnar!)

“hve rá-fáka ráku<sup>2</sup>

rennendr Niáls brennu:

“Varðat vætti-njörðum

víðheims at þat síðan

“(hrátt gat hrafn at slíta

hold) skæliga goldit?”

Þá hljóp hann innarr eptir höllinni, ok hjó á hálsinn Gunnari Lambasyni; ok svá snart, at höfuðit f auk upp á borðit fyrir konúnginn ok jarlana. Urðu borðin í blóði einu, ok svá klæðin jarlanna.<sup>3</sup> Sigurðr jarl kendi mannum þann er vegit hafði vígit ok mælti: “Takit þer Kára ok drepit hann!” Kári hafði verit hirðmaðr Sigurðar jarls, ok var allra manna vinsæ-

<sup>1</sup> Davíðr] Dagvíðr, 132.

<sup>2</sup> ráku] rakum, 132, 133.

| <sup>3</sup> urðu . . . jarlanna] add. 132; om. Cd., 133, 466, 2869, 2870.

lastr; ok stóð engi upp at heldr, þótt jarl ræddi um. Kári mælti: “Þat munu margir mæla, herra, at ek hafa “ þetta fyrir yðr unnit, at hefna hirðmanns yðars.” Flosi mælti: “Ekki gerði Kári þetta um sakleysi; hann “ er í öngum settum við oss; gerði hann þat at sem “ hann átti.” Kári gekk í braut; ok varð ekki eptir honum gengit. Fór Kári til skips síns ok þeir fèlagar. Var þá veðr gott, ok sigldu þegar suðr til Kataness, ok fóru upp í Þrasvík til göfugs manns er Skeggi hét; ok var með honum mjök lengi.—Þeir í Orkneyjum hreinsuðu borðin ok báru út inn dauða. Jarli var sagt at þeir hefði siglt suðr til Skotlands. Sigtryggr konúngur mælti: “Þessi var herði-maðr mikill fyrir sèr, “ er svá röskliga vann at, ok sást ekki fyrir.” Sigurðr jarl svaraði: “ Öngum manni er Kári líkr í hvatleik “ sínum.” Flosi tók nú til at segja söguna frá brennuni; bar hann öllum vel; ok var því trúat. Sigtryggr konúngur vakti þá til um eyrendi sitt við Sigurð jarl; ok bað hann fara til orrostu með sèr í móti Brjáni konúngi. Jarl var lengi erfíðr; eu kom svá, at hann [gerði] kost á. Mælti hann þat til, at eiga móður hans, ok vera konúngur á Írlandi, ef þeir felldi Brján. En allir löttu Sigurð jarl í at ganga, ok tǫði ekki. Skildu þeir at því, at Sigurðr jarl hét ferðinni, en Sigtryggr konúngur hét honum móður sinni ok konúngdómi. Var svá mælt, at Sigurðr jarl skyldi kominn með her sinn allan til Dýflinnar at Pálm-sunnudegi. Fór [Sig]tryggr konúngur þá suðr til Írlands, ok sagði Kormlöðu móður sinni, at jarl hafði í gengit, ok svá hvað hann hafði til unnit. Hon lét vel yfir því, en kvað þau þó skyldu draga at meira lið. Sigtryggr spurði hvaðan þess væri at vau. Hon sagði at víkingar tveir lágu úti fyrir vestan Mön, ok höfðu þrjá tigi skipa; “ Ok svá harðfengir, at ekki “ stendr við; heitir annarr Óspakr en annarr Bróðir. “ Þú skalt fara til móts við þá; ok láta ekki at “ skorta, at koma þeim í með þèr, hvað sem þeir mæla

“ til.” Sigtryggr konúgr ferr nú, ok leitar víking-anna, ok fann þá fyrir útan Mön. Berr Sigtryggr konúgr þegar upp eyrendi sín. En Bróðir skarst undan, allt til þess er Sigtryggr konúgr hèt honum konúgdóm ok móður sinni; ok skyldi þetta fara svá hljótt, at Sigurðr jarl yrði eigi viss. Hann skyldi ok koma Pálm-sunnudag til Dyflinnar. Sigtryggr konúgr fór heim til móður sinnar, ok sagði henni hvar þá var komit. Eptir þetta talast þeir við Óspakr ok Bróðir. Sagði þá Bróðir Óspaki alla viðræðu þeirra Sigtryggs; ok bað hann fara til bardaga með [sèr] í móti Brjáni konúngi, ok kvað sèr mikit við liggja. Óspakr kvaðst eigi vilja berjast í móti svá góðum konúngi. Urðu þeir þá báðir reiðir, ok skiptu þegar liði sínu; hafði Óspakr tíu skip, en Bróðir tuttugu. Óspakr var heiðinn, ok allra manna vitrastr. Hann lagði skip sín inn á sundit, en Bróðir lá fyrir útan. Bróðir hafði verit maðr kristinn ok messu-djákn at vígslu; en hann hafði kastað trú sinni; ok gerðist guðníðingr, ok blótaði nú heiðnar vættir; ok var allra manna fjölkunnigstr; hann hafði herbúnað þann er eigi bitu járn. Hann var bæði mikill ok sterkr; ok hafði hár svá mikit, at hann drap undir beltí sèr; þat var svart.

157. Þat bar við eina nótt, at gnýr mikill kom yfir þá Bróður, svá at þeir vöknudu allir, ok spruttu upp, ok fóru í klæði sín. Þar með rigndi á þá blóði vellanda. Hlífðu þeir sèr þá með skjöldum, ok brunnu þó margir. Undr þetta hëlzt allt til dags. Maðr hafði látizt af hverju skipi; sváfu þeir þá um daginn. Aðra nótt varð enn gnýr, ok spruttu þá enn allir upp. Þá rendu sverð ór slíðrum; en öxar ok spjót flugu í lopt upp ok börðust. Sóttu þá vápnin svá fast at þeim, at þeir urðu at hlífa sèr; ok urðu þó margir sárir; en dó maðr af hverju skipi. Hëlzt undr þetta allt til dags. Sváfu þeir þá enn um daginn eptir. Þriðju nótt varð gnýr með sama hætti.



Þá flugu at þeim hrafnar, ok sýndist þeim ór jární nefin ok klærnar. Hrafnarnir sóttu þá svá fast, at þeir urðu at verja sik með sverðum, en hlífðu sér með skjöldum. Gékk þessu enn til dags. Þá hafði enn látizt maðr af hverju skipi. Þeir sváfu þá enn fyrst. En er Bróðir vaknaði, varp hann næðiliga öndunni, ok bað skjóta útan báti: “Þvíat ek vil fuma Óspak.” Steig hann þá [í] bátinn, ok nokkurir menn með honum. En er hann fann Óspak, sagði hann honum undr þau, er fyrir þá hafði borit, ok bað hann segja sér, fyrir hverju vera mundi. Óspakr vildi eigi segja honum fyrr en hann seldi honum grið. Bróðir lét honum griðum; en Óspakr dró þó undan allt til nætr.<sup>1</sup> Óspakr mælti þá: “Þar sem blóði rigndi á yðr: þar “munut þèr hella út margs manns blóði, bæði yðru “ok annarra. En þar sem þèr heyrðut gný mikinn: þar “mun yðr sýndr heims-brestr, ok munu þèr deyja allir “brátt. En þar er vápnin sóttu at yðr: þat mun vera “fyrir orrostu. En þar sem hrafnar sóttu at yðr: þat “merkir djöfla þá, er þèr trúit á, ok yðr munu draga “til helvítis kvala.” Bróðir var þá svá reiðr, at hann mátti öngu svara. Ok fór þegar til manna sinna; ok lét þekja sundit allt með skipum, ok bera strengi á land;<sup>2</sup> ok ætlaði at drepa þá alla eptir um morguninn. Óspakr sá ráða-gerð þeirra alla. Þá lét hann at taka trú, ok fara til Brjáns konúgs, ok fylgja honum til dauða-dags. Hann lét þá þat ráðs taka, at þekja öll skipin, ok forka með landinu, ok høgga strengi þeirra Bróður. Tók þá at reiða saman skipin. En þeir voru sofnaðir. Þeir Óspakr fóru þá út ór firðinum, ok svá vestr til Írlands, ok kómu til Kankara-borgar.<sup>3</sup> Sagði Óspakr þá Brjáni konúgi allt þat, er hann var viss orðinn; ok tók skírn, ok fal sik konúgi á hendi. Síðan lét Brjánn konúgr samna liði um allt ríki sitt,

<sup>1</sup> Þvíat Bróðir vá aldri víg um nætr, add. 132.

<sup>2</sup> ok lét . . . land] 132; om. Cd.

<sup>3</sup> Emend. see above. Kantara-borgar, Cd.; Kunjattu, 132; Kanocbu, 2870.

ok skyldi kominn herrinn allr til Dyflinnar í vikunni Pálm-Dróttinsdag.

## BRJÁNS-BARDAGI.

158. Sigurðr jarl Hlöðvesson bjóst af Orkneyjum. Flosi bauð at fara með honum. Jarl vildi þat eigi, þar sem hann átti suðrgöngu sína at leysa. Flosi bauð fimmtán menn af liði sínu til ferðarinnar; en jarl þektist þat; en Flosi fór með Gilla jarli í Suðreyjar. Þorsteinn Síðu-Hallsson fór með Sigurði jarli, Hrafn inn rauði, Erlíngr af Straumey. Jarl vildi eigi at Hárekr færi, en jarl læzt mundu segja honum fyrstum tíðindin. Jarlinn kom með allan her sinn at Pálma-degi í Dyflin; þar var ok kominn Bróðir með allan her sinn. Bróðir reyndi til með forneskju, hversu ganga mundi orrostan. En svá gekk frèttin, ef á Föstudegi væri barizt, at Brjánn konúngr mundi falla ok hafa sigr; en ef fyrr væri barizt, mundi þeir allir falla, er í móti honum væri. Þá sagði Bróðir, at eigi skyldi fyrr berjast en Föstudaginn. Þá<sup>1</sup> reið maðr at þeim Kornlöðu<sup>2</sup> á apal-grám hesti, ok hafði í hendi pálstaf.<sup>3</sup> Hann talaði lengi við þau.<sup>4</sup> Brjánn konúngr kom með allan her sinn til borgarinnar. Föstudaginn fór út herrinn af borginni, ok var fylkt liðinu hváru-tveggja. Bróðir var í annan fylkíngar-arminn; en Sigtrygg konúngr í annan. Sigurðr jarl var í miðju liðinu.—Nú er at segja frá Brjáni konúngi, at hann vildi eigi berjast Föstudaginn, ok var skotið um hann skjaldborg, ok fylkt þar liðinu fyrir framan. Úlfr hreða var í þann fylkíngar-arminn, sem Bróðir var til móts. En í annan fylkíngar-arm var Óspakr ok synir hans, þar er Sigtrygg var í móti.<sup>5</sup> En í miðri fylkíngunni var Kerþjálfaðr, ok voru fyrir honum borin merkin. Fallast

<sup>1</sup> Þá] Fimmtadaginn, 132.

<sup>2</sup> Kornlöðu] om. 132.

<sup>3</sup> ok . . . pálstaf] om. 132.

<sup>4</sup> þau] Bróður ok Kornlöðu, add. 132.

<sup>5</sup> þar . . . móti] add. 132; om. Cd.

nú at fylkingarnar; var þar orrosta all-hörð. Gekk Bróðir í gegnum lið þeirra; ok felldi þá alla, er fremstir stóðu; en hann bitu ekki járn. Úlfr hreða sneri þá í móti honum, ok lagði til hans þrysvar-sinnum, svá fast, at Bróðir féll fyrir í hvert sinn; ok var við sjálft, at hann mundi eigi á fætr komast. En þegar hann fékk upp staðit, þá flýði hann, ok þegar í skóginn undan. Sigurðr jarl átti harðan bardaga við Kerþjálfað. Kerþjálfaðr gekk svá fast fram, at hann feildi þá alla, er fremstir vóru; rauf hann fylkingina Sigurðar jarls allt at merkjum, ok drap merkis-manninn. Fèkk hann þá til annan mann, at bera merkit; varð þá enn orrosta hörð. Kerþjálfaðr hjó þenna þegar bana-högg; ok hvern at öðrum, þá er í nánd vóru. Sigurðr jarl kvaddi þá til Þorstein Síðu-Hallsson at bera merkit. Þorsteinu ætlaði upp at taka merkit. Þá mælti Ámundi hvíti: “Berðú eigi merkit, þvíat þeir “ eru allir drepnir er þat bera.” “Hrafn inn rauði,” sagði jarl, “berðú merkit!” Hrafn svaraði: “Berðú “ sjálf fjánda þinn!” Jarl mælti: “Þat mun vera “ makligast, at fari saman karl ok kýll.”<sup>1</sup> Tók hann þá merkit af stönginni, ok kom í millum klæða sinna. Litlu síðarr var veginn Ámundi hvíti. Þá var jarl ok skotinn spjóti í gegnum. Óspakr hafði gengit um allan fylkingar-arminn; hann var orðinn sárr mjök, en látið sonu sína báða, áðr Sigtryggr konúgr flýði fyrir honum. Brast þá flótti í öllu liðinu. Þorsteinn Síðu-Hallsson nam staðar þá er aðrir flýðu, ok batt skóþveng sinn. Þá spurði Kerþjálfaðr, hví hann rynni eigi. “Því,” sagði Þorsteinn, “at ek tek eigi heim í “ kveld, þar sem ek á heima út á Íslandi.” Kerþjálfaðr gaf honum grið. Hrafn inn rauði var eltr út á á nokkura. Hann þóttist þar sjá helvítis kvalar í niðri; ok þótti honum djöflar vilja draga sik til.

<sup>1</sup> *kýll*] thus Cd., 132; better *kýr*, see Sturl. I. 241, New Edit., and Diet.

Hrafn mælti þá:<sup>1</sup> “Runnit hefir hundr þinn, Pètr “ postoli, til Róms tysvar; ok mundi renna it þriðja “ sinn, ef þú leyfðir.” Þá létu djöflar hann lausan; ok komst Hrafn yfir ána. Bróðir sá nú, at liðit Brjáns konúgs rak flóttann, ok var fátt manna hjá skjaldborginni. Hjóp hann þá ór skóginum, ok rauf alla skjaldborgina, ok hjó til konúgsins. Sveinninn Taðkr<sup>2</sup> brá upp við hendinni; ok tók hana af honum, ok höfuðit af konúginum; en blóðit konúgsins kom á stúf sveininum, ok grei þegar fyrir stúfinu. Bróðir kallaði þá hátt: “Kunni þat maðr manni at segja, at “ Bróðir feldi Brján!” Þá var runnit eptir þeim, er flóttann ráku, ok sagt þeim fallit Brjáns konúgs. Sneru þeir þá aptr þegar, Úlfr hreða ok Kerþjálfaðr. Slógu þeir þá hring um þá Bróður, ok felldu at þeim við. Var þá Bróðir höndum tekinn. Úlfr hreða reist á honum kviðinn; ok leiddi hann um eik, ok rakti svá ór honum þarmana; ok dó hann eigi fyrir en allir vóru ór honum raknir.<sup>3</sup> Menn Bróður vóru allir drepnir. Síðan tóku þeir lík Brjáns konúgs, ok bjoggu um. Höfuð konúgsins var gróit við bolinn. Fimtán menn af Brennu-mönnum fellu í Brjáns-orrostu. Þar fèll ok Halldórr, son Guðmundar ens ríka, ok Erlíngr af Stranmey.

Föstudaginn Langa<sup>4</sup> varð sá atburðr á Katanesi, at maðr sá er Dörruðr hèt gekk út. Hann sá, at menn riðu tólf saman til dýngju einnar, ok hurfu þar allir. Hann gekk til dýngjunnar. Hann sá í glugg er á var, ok sá at þar vóru konur inni, ok höfðu færðan upp vef. Manna-höfuð vóru fyrir kljána, en þarmar ór mönnum fyrir viptu ok gam. Sverð var fyrir skeið,

<sup>1</sup> *Hrafn* . . [þá] add. 132; om. Cd.

<sup>2</sup> *Taðkr*] Tannr, 132; Taðr, 2870.

<sup>3</sup> So the Cd.; better ‘raktir.’

<sup>4</sup> *Föstudaginn Langa*] Föstu morguninn, 132.

en ör fyrir hræl. Þær kváðu vísur þessar; en hann nam:<sup>1</sup>

1. " Vítt er orpit<sup>2</sup> fyrir valfalli  
 " rifs reiði-ský,<sup>3</sup> rignir blóði:  
 " Nú er fyr geirum grár upp kominn  
 " vefr verþjóðar. Þann er vinur fylla<sup>4</sup>  
 " rauðum vepti Raudvés-bana.<sup>5</sup>
2. " Sjá er orpin vefr ýta þörmum,  
 " ok harð-kljáðr höfðum manna;  
 " eru dreyr-rekin dörr at sköptum:  
 " járnvarðr yllir<sup>6</sup> en örum hrælaðr;<sup>7</sup>  
 " skulum slá sverðum sigr-vef þenna.
3. " Gengr Hildir vefa, ok Hjör-þrimul,  
 " Sangríðr, Svipul, sverðum tognum:<sup>8</sup>  
 " Skapt mun gnesta, skjöldr mun bresta,  
 " mun hjálm-gagarr í hlíf koma.
4. " Vindum! vindum, vef Darraðar!  
 " ok siklíngi síðan fylgjum:  
 " Þar sjá bera<sup>9</sup> blóðgar randir,  
 " Gunnr ok Göndul þær er grani fylgdu.<sup>10</sup>
- 5.<sup>11</sup> " Vindum! vindum, vef Darraðar!  
 " sá er úngr konúngr átti<sup>12</sup> fyrr:  
 " Fram skulum ganga, ok í fólk vaða  
 " þar er vinir órir<sup>13</sup> vápnum skipta.
6. " Vindum! vindum, vef Darraðar!  
 " þar er vè vaða vígra manna:  
 " Látum eigi líf hans farask,<sup>14</sup>  
 " eigu Valkyrjur vals<sup>15</sup> um kosti.

<sup>1</sup> en . . nam] om. Cd.

<sup>2</sup> orpit] 132; orpin, Cd.

<sup>3</sup> reiði-ský] reiði, Cd.

<sup>4</sup> fylla] 132, 2870; fylla, Cd.

<sup>5</sup> Raudvés-bana] thus 132; randverks bla, Cd.; Raudvés lika, 2870. Randvés-baui must mean Odín, whos vinur, or friendesses, are the Valkyries.

<sup>6</sup> yllir] 132, 2870; ylli, Cd.

<sup>7</sup> hrælaðr] 132, 2870; hrælar, Cd.

<sup>8</sup> tognum] 132, 2870; tekna, Cd.

<sup>9</sup> bera] thus, bá, 132 bera, 2870; bragnar, Cd., gen. would do better.

<sup>10</sup> fylgdu] hlífðu, 132, 2870 (better?).

<sup>11</sup> In 132 and several other MSS. strophes 5 and 6 are interchanged.

<sup>12</sup> atti or átti is obscure; the verse may either be corrupt or defective.

<sup>13</sup> órir] várir, Cd.

<sup>14</sup> hans farask] 132, 2870; — hs faraz, Cd., a contraction of the same reading.

<sup>15</sup> vals] vígs, 132, 2870.

7. " Þeir munu lýðir löndum ráða  
 " er útskaga áðr um bygðu :  
 " Kveð ek ríkjum grani ráðinu dauða,  
 " nú er fyrir oddum jarlmaðr huiginn.
8. " Ok munu Írar angr um bíða,  
 " þat er aldri man ýtum fyrnask :—  
 " Nú er vefr ofinn, en völlr roðinu ;  
 " munu um land<sup>1</sup> fara læ-spjöll gota.
9. " Nú er ógurligt um at litask  
 " er dreyrug ský dregr með himni :  
 " Mun lopt lítað lýða blóði,  
 " er<sup>2</sup> spár várar<sup>3</sup> springa kunnu.<sup>4</sup>
10. " Vel kváðu<sup>5</sup> vèr um konúng úngan,  
 " sigr-hljóða<sup>6</sup> fjölb sýngjum heilar ;  
 " En hinn nemi, er heyrir á,  
 " geir-hljóða<sup>7</sup> fjölb ok gumum skemti.<sup>8</sup>
11. " Ríðum hestum hart út berum,  
 " brugðnum sverðum, á brot hëðan !”

Rifu þær þá ofan vefinn ok í sundr, ok hafði hver þat er hëlt á. Gekk Dörruðr nú í brott frá glugginum ok heim. En þær stigu á hesta sína, ok ríðu sex í suðr, en aðrar sex í norðr. Slíkan atburð bar fyrir Brand í Færeyjum Gneistason.—Á Íslandi at Svínafelli kom blóð ofan á messu-hökul prests Föstu-daginn Langa, svá at hann varð ór at fara.—At Þvátta sýndist prestí á Föstu-daginn Langa sjáfar-djúp hjá altarinu ; ok sá þar í ógnir margar ; ok var þat lengi, at hann mátti eigi sýngja tíðirnar.—Sá atburðr varð í Orkneyjum, at Hárekr þóttist sjá Sigurð jarl, ok nokkura menn með honum. Tók Hárekr þá hest sinn ok reið til

<sup>1</sup> land] Id., Cd., viz. Ireland

<sup>2</sup> er] = ef (?).

<sup>3</sup> várar] is to be read órar, unless it be miswritten for varðar.

<sup>4</sup> er . . kunnu] er spar údar syug,<sup>a</sup> 132, badly ; þá er sóknvarðar syn-gja, 2870.

<sup>5</sup> kváðu] thus Cd. kðn; kveðu, 132.

<sup>6</sup> sigrhljóða] = sigrhlíða, Cd.

<sup>7</sup> geirhljóða] = geirljóða : war-songs.

<sup>8</sup> skemti] segi, 132, 2870.

móts við jarl. Sá menn þat, at þeir fundust, ok riðu undir leiti nokkut. En hann sást aldri síðan, ok engi örmul fundust af Háreki.—Gilla jarl í Suðreyjum dreymdi þat, at maðr kæmi at honum, ok nefndist Herfinnr, ok kvazt kominn af Írlandi. Jarl þóttist spyrja þaðan tíðinda. Hann kvað vísu þessa :

- “ Var ek þar er bragnar börðusk ;  
 brandr gall á Írlandi ;  
 “ margr, þar er mættusk törgur,  
 málnr gnast í dyn hjálma :  
 “ Svipun þeirra frá ek snarpa ;  
 Sigurðr féll í dyn vígra ;  
 “ áðr tæði ben blæða ;  
 Brjánn féll ok hêlt velli.”<sup>1</sup>

Þeir Flosi ok jarl töluðu mart um draum þenna. Viku síðarr kom þar Hrafn inn rauði, ok segir þeim tíðindin öll ór Brjáns-orrostu : fall konúngs, ok Sigurðar jarls, ok Bróður, ok allra víkinganna. Flosi mælti : “ Hvat segir þú mēr til manna minna ? ” “ Þar fellu “ þeir allir,” segir Hrafn, “ en Þorsteinn, mágr þinn, þá “ grið af Kerþjálfaði, ok er nú með honum.” Flosi segir jarli, at hann myndi í brott fara, “ Eigum vēr suðr- “ göngu af höndum at inna.” Jarl bað hann<sup>2</sup> fara sem hann vildi ; ok fékk honum skip ok þat sem hann þurfti ok silfr mikit. Sigldu þeir þá til Bretlands, ok dvöldust þar um stund.

159. Kári Sölmundarson sagði Skeggja bónda, at hann vildi at hann fengi honum skip. Skeggi bóndi gaf Kára skip al-skipat. Stigu þeir [þar á], Kári ok Davíðr hvíti, ok Kolbeinn svartí. Sigldu þeir Kári nú suðr fyrir Skotlands-fjörðu. Þá fundu þeir menn ór Suðreyjum ; þeir sögðu Kára tíðendin af Írlandi ; ok svá þat, at Flosi var til Bretlands farinn ok menn hans. En er Kári spurði þetta, sagði hann felögum

<sup>1</sup> *velli*] 132 ; *veldi*, Cd.

<sup>2</sup> *hann myndi . . . hann*] 132 ; om. Cd.

sínum, at hann vildi halda suðr til Bretlands til móts við þá Flosa; bað hann þá þann skiljast við sitt föruneysi, er þat þætti betra, ok kvazt at öngum manni vilja vèl draga, at hann læzt enn á þeim hafa úhefnt harma sinna. Allir vildu honum fylgja. Siglir hann þá suðr til Bretlands; ok lögðu þar at í leyni-vág einn. Þenna myrgin gekk Kolr Þorsteinsson í borg at kaupa silfr; hann hafði mest hæði-yrði við af brennumönnum. Kolr hafði talat mart við frú eina ríka, ok var mjök í gadda slegit, at hann mundi fá hennar, ok setjast þar. Þenna inn sama morgin gekk Kári í borgina. Hann kom þar at er Kolr taldi silfrit. Kári kendi hann; ok hljóp at honum með sverð brugðit, ok ljó á hálsinn. En hann taldi silfrit, ok nefndi höfuðit tíu er þat fauk af bolnum. Kári mælti: “Segi þat Flosa, at Kári Sölmundarson hefir vegit Kol Þorsteinsson; at lýsi ek vígi þessu mèr á hendr.” Gekk Kári þá til skips síns, sagði hann þá skipverjum sínum vígit. Þá sigldu þeir norðr til Beruvíkr,<sup>1</sup> ok settu upp skip sitt, ok fóru upp í Hvítsborg<sup>2</sup> í Skotlandi; ok vóru með Melkólfi jarli þau misseri. En er Flosi frèttir víg Kols, býr hann um lík hans ok gefir fè mikit til legs honum.—Flosa stökk aldri hermdar-yrði til Kára. Flosi fór þaðan suðr um sjá; ok hóf upp suðrgöngu sína ok gekk suðr; ok létti ekki fyrr en hann kom til Róma-borgar. Þar fèkk hann svá mikla sæmd, at hann fèkk lausn af sjálfum páfanum; ok gaf hann þar til fè mikit. Fór þá aprt ena eystri leið, ok dvaldist víða í borgum, ok gekk fyrir ríka menn, ok þá af þeim mikla sæmd. Hann var í Noregi um vetrinn eptir, ok þá skip af Eireki jarli til útferðar, ok fèkk hann honum mjöl mikit; ok margir menn aðrir gerðu sæmiliga til hans. Sigldi hann nú út til Íslands, ok kom í Hornafjörð, ok fór þá heim til Svínafells. Hafði

<sup>1</sup> *Beruvíkr*] thus 132, 2870; | <sup>2</sup> *Hvítsborg*] *Hízbg*, 2870.  
Brúnsvíkr, Cd. (badly).



hann þá af hendi innt alla sætt sína bæði í útanferðum ok fé-gjöldum.

160. Nú er at segja frá Kára:—at um sumarit eptir fór hann til skips sins, ok sigldi suðr um sjá, ok hóf upp suðrgöngu sína í Norðmandi. Ok gekk suðr, ok þág lausn; ok fór aptr ina vestri leið, ok tók skip sitt í Norðmandi, ok sigldi norðr<sup>1</sup> um sjá til Dofra á Englandi. Þaðan sigldi hann vestr um Bretland, ok svá norðr fyrir Skotlands-fjörðu; ok léttu eigi fyrir ferð sinni, en hann kom í Þrasvík á Katanes til Skeggja bónda. Fèkk hann þá þeim Kolbeini ok Davíði<sup>2</sup> byrðinginn. Sigldi Kolbeinn þessu skipi til Noregs, en Davíðr var eptir í Friðarey.—Kári var þenna vetr á Katanesi. Á þessum vetri andaðist hús-freyja hans á Íslandi. Um sumarit eptir bjóst Kári til Íslands. Skeggi fèkk honum byrðing; vóru þeir þar á áttján; þeir urðu heldr síð-búnir, ok sigldu þó í haf; ok höfðu langa úti-vist. En um síðir tóku þeir Íngólfs-höfða, ok brutu þar skipit allt í spán. Þar varð mannbjörg. Þá gerði ok á hríð vedrs. Spyrja þeir nú Kára, hvat nú skal til ráða taka; en hann sagði þat ráð, at fara til Svínafells, ok reyna þegnskap Flosa. Gengu þeir nú heim til Svínafells í hríðinni.<sup>3</sup> Flosi var í stofu. Hann kendi Kára, er hann kom í stofuna; ok spratt upp í móti honum, ok mintist til hans, ok setti hann í hásæti hjá sèr. Flosi bauð Kára at vera þar um vetrinn. Kári þá þat. Sættust þeir þá heilum sáttum. Flosi gipti þá Kára Hildigunni bróður-dóttur sína, er Höskollr Hvítaness-goði hafði átta. Bjoggu þau fyrst at Breiða.

Þat segja menn, at þau yrði æfi-lok Flosa, at hann færi utan, þá er hann var orðinn gamall, at sækja sèr skála-við, ok var hann í Noregi þann vetr; en um sumarit varð hann síð-búinn. Menn ræddu um, at

<sup>1</sup> norðr] suðr, Cd.  
Davíði] Dagviði, 132, 2870.

<sup>3</sup> í hríðinni, forthwith, see Dict.

vánt væri skip hans. Flosi sagði vera ærit gott gömlun ok feigum. Ok bar á skip ok lèt í haf. Ok hefir til þess skips aldri spurzt síðan.

Þessi vóru börn þeirra Kára Sölmundar sonar ok Helgu Njáls dóttur: Þorgerðr, ok Ragneiðr, Valgerðr, ok Þórðr er inni braun. En börn þeirra Hildigunnar ok Kára vóru: þeir Starkaðr ok Þórðr ok Flosi. Son Brennuflosa var Kolbeinn, er ágætastur maðr hefir verit einhverr í þeirri ætt.—Ok lúku vèr þar Brennuflosa sögu.

---

c. THE BRIANS-BATTLE; FROM THE SAGA OF THORSTEIN SON OF HALL OF SIDA.<sup>1</sup>

FÓR Þorsteinn útan ok kom við Orkneyjar. Þá ræð fyrir Eyjunum Sigurðr jarl Hlöðvesson. Hann fagnaði vel Þorsteini, ok bauð honum til sín; ok hann var með jarlinum of vetrinn vel metinn. Ok er váraði, þá spurði jarl Þorstein, hvárt hann vildi fara með honum í hernað, eðr vildi hann eptir vera. Þorsteinn kaus at fara, ok var stafnbúi á skipi jarls; ok var enn hraustasti maðr á skipi, sem hann væri vanr því starfi. Þorsteinn var maðr ráðugr, ok vitr, ok fræku; ok bað jarl hann lengi með sér vera, síðan hann kannaðist við ætt hans, ok hann vissi frændsemi þeirra í milli.—Þvíat Þórey Ózurar-dóttir var móðir Halls á Síðu; en Ózurr var son Hrollaugs, Rögnvalds sonar af Mæri. Torf-Einarr jarl var son Rognvalds jarls af Mæri, en faðir Þorfinns jarls hausa-kljúfs, föður Hlöðves jarls, föður Sigurðar jarls.—En Sigurðr jarl herjaði víða um sumarit um Skotland, ok frýði engi maðr Þorsteini framgöngu ok hugar. Flutti þetta hvárt-tveggja fram mál Þorsteins, ætt hans ok hraustleiki. Jarl drap

---

<sup>1</sup> From A.M. 564, c. 4to (cfr. *Analecta Norröna*, edd. Möbius, Leipzig, 1859, 169-71).

mart úþjóða-fólk; en sunt flýði undan á skóga; ok fór jarl víða um Vestrlönd, ok brendu. Síð um haustið fór hann heim til Orkneyja, ok lafði þá kyrretu þrjá mánuði, ok gaf þá vinum sínum góðar gjafir. Jarl mælti þá við Þorstein: “Góða fylgð hefir þú mér veitta “ ok drengiliga; ok þigg af mér öxi gullrekna; hana “ samir þér at bera.” Þorsteinn þakkar jarli; þvíat þat var en mesta gersemi.—Þetta haust kom Brennu-Flosi til Orkneyja ok hans menn. Ok fóru skipti þeirra Sigurðar jarls sem segir í Njáls sögu.

2. Þenna vetr bjóst Sigurðr jarl til Írlands. Ok þá barðist hann við Brján konúng; ok hefir sú orrosta fregst verit fyrir vestan haf, bæði af fjölmenni ok stór-tíðindum þeim sem þar urðu. Ok er jarl bjóst heiman, spurði hann Þorstein, hvárt hann vildi fara. Þorsteinn kvað sèr eigi annat sama en fara, ok fylgja honum í háskanum, “Er oss þykkir gott at hafa hóg-“ lífi með yðr í friðinum.” Jarl þakkaði honum orð sín. Þeir fóru síðan til Írlands, ok börðust við Brján konúng; ok urðu þar mörg tíðindi í senn. Sem segir í sögu hans.<sup>1</sup> Þar féllu þrír merkis-menn Sigurðar jarls; ok þá bað jarl Þorstein bera merkit. Þá mælti Þorsteinn: “Ber sjálfr krák<sup>2</sup> þinn, jarl!” Þá mælti einn maðr<sup>3</sup>: “Rètt gerir þú, Þorsteinn; þvíat af því “ hefi ek mist þrjá sonu mína.” Jarl tók merkit af stönginni, ok lét koma milli klæða sèr; ok barðist þá all-djarfliga. Ok litlu síðarr heyrðu [menn] mælt í loptinu: “Ef Sigurðr jarl vill sigr hafa, þá sækir hann á Dumaz-bakka með lið sitt. Þat . . .<sup>4</sup> fylgði jafnan jarli, ok svá var þá.<sup>5</sup> Þar féll jarl í þeirri atlögu, ok mart lið með honum. Ok í þessu drap Bróðir Brján

<sup>1</sup> *hans*] viz. Brján; this Brian's Saga has perished.

<sup>2</sup> *krák*] krákr = crow; cfr. Ork. Saga, cap. 12; fjánda þinn, Njála S., see above in the extracts from Njála.

<sup>3</sup> *maðr*] Amundi hvíti, Njáls Saga.

<sup>4</sup> *Þat*] Here a blank space for some words has been left in the MS.

<sup>5</sup> *þá*] This particular is not mentioned in the Njáls Saga.

konúng; en Óspakr bróðir hans tók hann ok hleypti út þörmunum, ok leiddu hann of eik eina, ok dó hann svá. Þá urðu möig tíðindi senn í manna-látum. Þorsteinn, ok þeir nökkurir saman, námu stað við skóginn. Þá mælti einn maðr: “Hví flýr þú eigi, “ Þorsteinn?” Hann svarar: “Þvíat ek tek eigi heim “ í kveld, þóat ek flýja.” Þorsteini voru grið gefin. Ok fór hann aptr til Orkneyja, ok þaðan til Noregs . . . . En er hann hafði þrjá vetr útan verit, ok var orðinn frægr mjök, þá fór hann út higat. Þá var Þorsteinn tvítögr, er hann var í Brjáns-orrostu.

### 3. FRÁ HELGA OK ÚLFI.<sup>1</sup>

SIGURÐR jarl Hlöðversson ræð fyrir Orkneyjum; hann var höfðingi mikill. Maðr hêt Úlfr illi; hann bjó í Sandey í Orkneyjum; hann var mikill hermaðr, ok fylgdi nafni. Haraldr hêt maðr, er bjó í Rínausey. Helgi hêt son hans; hann var efnillgr ok vænn í ásjónu. Hann mælti til föður síns: “Skipa vilda ek at “ þú aflaðir mèr; ok vilda ek herja á Skotlands-fjörðu, “ ok vita hvat fyrir legðist.” Hann svarar: “Þat má “ ek gera, ok er þat úngra manna siðr.” Síðan herjaði Helgi. Ok ferr vel með hernaði sínum, þótt hann væri heiðinn, þá voru þó eigi allir jafnir. Ok er Helgi var í brautu ór Orkneyjum, þá ferr Úlfr enn illi til Rínans-eyjar, ok hittir Harald ok mælti: “Lendur þínar vilda “ ek kaupa; þær falla mèr vel í hag; en ek skal fá þær “ lausa-fè fyrir.” Haraldr kvezt eigi mundu honum eignir sínar selja; kvezt eigi þess vita ván, at hann ætti eigi þar vist nè veru. Úlfr kvezt ætla öðru sinni er hann kæmi, at hann mun verða laust at láta þat er kraft verðr. Eptir þat skildu þeir. Fám nót-

<sup>1</sup> From the Flatey Book, col. 851-52.

tum síðarr kom Úlfr á úvart, ok tók Harald höndum, ok kvezt ætla, at þau umskipti mundi nú verða, at hann mun líta bæði löndin ok lífit. Ok lét Úlfr síðan drepa hann. Þetta verk mæltist illa fyrir; ok er Sigurðr jarl spurði, lastaði hann verkit. Úlfr kom á fund jarls, ok sagði honum. Jarl segir, at honum líkar illa slík tiltekja, “Ok vil ek at þú bætir frændum “sæmiliga.” Úlfr kvað hann mundu því ráða; en kvað sèr mart hafa verit í mótt gert af Haraldi. Nú varð ekki mjök eptir gengit málinu, er Helgi var eigi í Eyjunum.—Maðr hèt Bárðr fagri, frændi Úlfs illa; hann var vinsæll maðr, ok vel at sèr, ok var þó opt með Úlfi. Eitthvert sinn mælti Bárðr til Úlfs: “Ekki “munu vit samhuga verða; þú slæst á illvirki, ok er “þat fjarri mínu skaplyndi; ok mun ek í brott ráðast.” Úlfr svarar: “Þat er nú meðal-lagi ráðlegt, meðan mál-  
“um er ekki sett; en Helgi Haraldsson er í víkingu.” Hann kvazt þó fara mundu, ok býr sik með skipi ór Rögnvalds-ey. Ok í því er hann er búinn, þá sigldi Helgi at Eyjunum ok hafði þá spurt dráp föður síns. Heitr nú á menn sína, at þeir drepi Bárð, kvað hann skyldastan mann Úlfi einhvern. Bárðr bjóst við, ok kvaðst ekki til saka hafa gert við hann, en sagðist eigi vilja frændsemi í sundr segja við Úlf. Síðan berjast þeir; ok fellr Bárðr þar, þvíat Helgi hefir mikit lið. Ok er Úlfr spyr þetta, safnar hann sèr liði. En er Sigurðr jarl sèttir þetta, stefnir hann Helga á sinn fund. Ok er þeir finnast, mælti jarl: “Þú hefir gert “illt verk í móti hörmum þínum, ok leitaðir eigi eptir “þinni sæmd með vóru ráði; var nú áðr sættum á “komit, ok þèr sæmd hugað.” Helgi svarar: “Þá skal “enn vera allt á yðru valdi; en úkunnugt var mæ um “sætt þá.” Jarl mælti: “Þat mun ek vilja, at gera sætt með mínum mömum hær í Eyjunum.” Ok síðan heldr Helgi í braut. Úlfr gerir þegar menn til hans með tveim skipum, ok hittust eigi; ok var Helgi fyrir heim kominn til búa sinna; ok frètti þetta, ok kvezt ætla,

at hönnum mundi engi ró í Eyjunum. Ok seldi jarðir sínar ok bjó sik braut; ok kvað þá vel þó þeir Úlfr hittist, ef hann vildi eigi hlíta dómi jarls, sem hann gerði sik beran í. Síðan snýr hann til búa Úlfs, ok var hann eigi heima. Helgi rænir þar, ok tekr í brott dóttur hans er Helga heitir; kvað sèr slíkt hielzt henta í föðurbætr. Hón bað hann þat eigi gera, “Þvíat faðir minn mun þrálíga eptir sækja.” Hann kvazt hætta mundu til þess. Síðan fór hann suðr um Eyjar. En er Úlfr spyr þetta, ferr hann eptir honum með mörg skip, ok kvazt opt hafa hefnt minni svívírðingar. En er þeir hittust, þá börðust þeir; ok var Helgi lið-færri, ok ruddust skip hans, en hann varðist vel, ok varð sárr. En er náttaði, þá gerði á storm veðs; ok er þat hans fanga-ráð, at hans hleypr fyrir borð með dóttur Úlfs; ok lagðist með hana frá skipunum; ok kemst svá til lands í nátt-myrrí, ok í skóg; ok sá þar eld ok einn mann við. Helgi spyr hværr sá væri. Hann kvaðst vera bóandkarl einn, “Ok veit ek deili á þær, ok fórtú vel með hernaði þínum við oss smá-bændr.” Helgi sagði honum svá sem var um sína lagi. Bónði þessi hèt Þorfinnr, ok veitti hann Helga um vetrinn allt slíkt er hann þurfti, ok gafst þeim báðum vel. Helgi kvaðst vilja gera brúðlaup sitt til Helgu í hans húsi. Þorfinnr kvað þat dælligt en ekki virðuligt. En þat fór þó fram. Ok líðr vetrinn af hendi. Þá kvazt Helgi vilja leiga jörð af bónda, ok kvazt ætla, at vera mundi annat-hvært, at Úlfr mun deyja skjótt eða hann mun finna hann. Nú leigir hann jörð ok gerir bú. Síðan spyr hann at Úlfr var dauðr. Helgi átti son við konu sinni Helgu, ok hèt hann Bárðr; hann var vel í lýðsku ok siðlátr, vænn maðr ok görr at sèr. Ok er tveir vetr liðu, fara þau Helgi aptr til Orkneyja ok taka við eignum sínum, bæði þeim, er Úlfr hafði átt, ok þeim er Helgi átti eptir feðr sinn Harald, ok skorti nú eigi ið.

Ok er Bárðr son hans var tólf vetra, vildi hann á

brott, ok kvazt vilja afla sèr fjár. Helgi kvað hann enn úngan til ferða. Bárðr mælti: "Vít erum úskap-  
" líkir, faðir minn," sagði hann, "ok vil ek til þeirra  
" þjóða fara, er mèt er sagt at trúu á sjálfan himna-guð." Helgi kvað hann úlíkan Úlfi móður-feðr sínum.

Síðan fór hann, ok kom til eins bónda mjök í fjar-  
lægð, ok kvazt vilja vinna fyrir honum. Bóndinn kvað  
sèr þat vel líka; hann sat at fè, ok vann sèr einn; en  
bóndi var harðla ríkr. Sveinninn var lítt klæddr; en  
þó fór sýslan vel fram; ok kvazt bóndi mundu gefa  
honum kú í kaup sitt; ok kvazt [Bárðr] þat vilja. Ok  
[ekr] hann nú til skógar um daginn, ok í skóginum  
mætti hann stafkarli einum. Þessi bað Bárð gefa sèr  
kúna til Petri þakka. Bárðr svarar: "Þú kant vel at  
" biðja, ok skyldi Petr þessi verða vinr miun, enda skal  
" ek gefa honum kúna." Bárðr kom enn til bónda, ok  
vann fyrir honum; ok fóru þau misseri enn betr fram  
um fè bónda; ok fèkk honum þá ein kú aðra. Fór  
enn sem fyrr, at stafkarlinn kom með sama hætti, ok  
beiddist enn kýr fyrir Petrs skyld; en Bárðr gaf  
honum. Bóndinn spurði hvat af varð kúnum. Bárðr  
sagði þá hafa er þurftu. Meðr þessum bónda var  
Bárðr hinn þriðja vetr, ok gætti enn fjár; ok vóru þá  
nær tvau höfuð á hverju því er hann átti; ok lukti  
hann Bárði kú enu þriðju. Kom enn á sama degi  
stafkarlinn til hans í skóginum, ok kvazt enn vilja  
þiggja þessa kú í Petri nafni. Hann veitti þat þegar,  
ok gaf kúna. Þá mælti þessi maðr til Bárðar: "Nú vil  
" ek fara höndum um þik." Ok svá var; ok þótti honum  
sem dofi færi ór hverju hans beini. Síðan mælti hann:  
"Hamíngju-maðr muntú verða." Ok þá setti hann  
bók á öxl honum; ok sá Bárðr þá víða um lönd. Þá  
mælti stafkarlinn: "Þikki þèr nú launaðar kýrnar?"  
"Svá er víst," sagði Bárðr. Síðan sá hann um allt  
Írland. Þá mælti enn hinn komni maðr: "Þikki þèr  
" þá launaðar kýrnar, ef þú hefir vald jafn-víða sem  
" nú sèr þú?" Bárðr kvað svá vera. "Hèr er nú

“ kominn Pètr postuli,” sagði hann; ok gaf hann honum þá *plenarium*, “ ok skal ek svá launa þèr kýr, “ at vit skulum aldri skildir vera.” Síðan fann Bárðr bónda, ok sagði honum þenna atburð. Bóndi kendi hann trautt, svá var hann bjatr ok hamíngjusamlig, ok bauð honum at þiggja af fè sínu slíkt er hann vildi. Hann bað bónda klappa sèr einn stein. Ok svá var gert. Var hann þá skírðr; en settist síðan í þann sama stein; ok varð all-mikill dýrðar-maðr. Eptir nokkur ár liðin varð hann biskup á Írlandi, ok hinn mesti höfðingi. Þar kom til hans faðir hans ok móðir, bræðr ok systr, ok gæddi hann þau öll mörgum góðum hlutum. Launaði guð allsvaldandi honum, sem öllum, sitt lítilæti. Sem hann sjálfváttaf, at hverr er sik lægir í augliti skaparans, þann skal hann sjálfv upp hefja. Faðir ok móðir Bárðar fóru aþr til Orkneyja, ok náðu öllum eignum sínum; ok bjuggu þar til elli. Ok lýkr þar þessi sögu.

---



## C.—HEMINGS ÞÁTTUR.

HARALDR Sigurðar son sýrs ræð þá fyrir Noregi er þessi saga görðist; hann var konúgr yfir Noreg xx. vetr; hann hafði ij. vetr hins fjórða tigar, er hann varð konúgr; hann átti Ellisif, dóttur Jarisleifs konúgs ór Hólmgarði; hann setti hana þar eptir þá er hann fór til Noregs, ok kveðst mundu láta vitja hennar áðr en xv. vetr væri liðnir; hann lét eptir hjá henni einn belg flegim af hinum mesta hafri, fullan af gulli ok skæru silfri, ok segir hana þat eiga skyldu ef hann kæmi eigi aptr, eða hans misti við. Hvárt þeirra sór öðru trúnaðar-eiða. Þeirra dóttir hét Mária, er fríðust kona hefir verit í Noregi. Þá síðan er Haraldr varð konúgr yfir Noregi þá kvángaðist hann, ok fëkk Þóru, dóttur Þorbergs Árna sonar ok Ragnhildar, dóttur Erlíngs Skjálgs sonar af Sóla; þeirra son hét Magnús, faðir Hákonar Þóris-fóstra af Steig. Hann var fimm álna hár ok manna kurteisast; hermaðr mikill, ok manna vitrastr. Marga hafði hann vaska menn með sèr: Nikulás, mágr hans, Þorbergs son var mest virðr. Þar vóru ok Íslenzkir<sup>1</sup> menn með konúngi. Bøðvarr Ásbjarnarson; Eldjárn-synir, Arnórr ok Ívarr kerlingarnef,<sup>2</sup> ok Oddr Ófeigsson; Finnrr Kjartansson ok Þórarinn Nefúlfsson; þeir vóru allir virðir vel af konúngi. Þat var vandi hans at fara at veizlum yfir landit þá er fríðr var.

2. Þat var eitt haust er konúgr tók veizlu á Hálogalandi; tók hann veizlu at bónda þeim er Áslákr hét, með c. manna. Þat var at þeim bæ er á Torgum

---

<sup>1</sup> *Íslenzkir*] Vikverskir, Cd. | “Eldjarns-synir, Arnórs sonar ker-  
<sup>2</sup> *Eldjarns-synir, . . . nef*] Hr., | “lingarnefs.”  
should be, “Bøðvarr ok Asbjörn |

heitir. Áslákr var spekingr at viti ok höfðingi mikill í Torgum; Björn hêt son hans, mikill ok sterkr. At þeirri veizlu sitr konúgr iij. nætr; var þar veizla en bezta. Þar var veitt í einum skála; hann var allr skipaðr et efra með skjöldum ok herklæðum, ok vóru þar margar skemtarnir; mæla þar ok allir eitt um, at eigi hafi þeir betri veizlu þegit. Ok annan dag veizlunnar, svá sem messau var súngin, kallar konúgr Áslák bónda. Þá mælti konúgr: “Hversu kunnig eru þær lög þau, sem enn helgi Ólafr konúgr hóf, “bróðir minn; þú ert sagðr lagamaðr mikill?” Áslákr svarar: “Eigi kann er þar mikit af at segja.” Konúgr mælti: “Hver eru þar lög um, ef maðr fæðir upp son “sínna á laun?” Áslákr svarar: “Eigi er mæðr þat kunnigt, at maðr skal eigi fæða börn síu svá upp sem hann vill.” Konúgr mælti: “Annat stendr í minni “bók.” Áslákr svarar: “Hvat er þat?” Konúgr svarar: “Hverr er svá gerir, hefir fyrirgert fê ok “fríði.” Áslákr svarar: “Hví skal þeim svá harðan “skapa.” Konúgr segir: “Eigi má sá verja land með konúngi, er leyndr er; má sá ok sitja um leynd “svik við konúng er huldr er.” “Eigi kemr þat mik til,” segir Áslákr. “Nikulás Þorbergsson sagði mæðr,” segir konúgr. Áslákr svarar: “Segir þú þat, Nikulás?” Hann svarar: “Vant er mér at væna konúng lygi, þar “sem ek hefi þó nökkut um talat; man, ek þat,” segir Nikulás, “at ek var hêr í Torgum x. vetra gamall, “ok kölluðu margir menn mik heldr frækinn eptir “aldri, ok áttir þú þá þann son, er Hemíngr hêt, vj. “vetra gamlan, ok lækumst vit barnleikum, ok var “hann at öllu fræknari en ek, ok engan sá ek “honum líkan; var hann þá eptir hêr; ok síðan hefir “ek aldri til hans frêtt; nú hefir ek eigi fremr sagt “konúngi.” Konúgr spurði: “Hvar er nú sá maðr?” Áslákr svarar: “Satt er þat, er Nikulás segir, at ek “átta þá son er Hemíngr hêt. Ok er hann var vj. “vetra gamall, tók hann vitfirring, ok síðan senda ek

“ hann til Finna ; ok síðan hefi ek ekki til hans frètt,  
 “ ok eigi veit ek hvárt hann er lífs eða látinn.”  
 Konúngr svarar : “ Burt skulum vèr hèðan fara at  
 “ sinni ; en önnur misseri í þenna tíma skaltú láta  
 “ hèr kominn son þinn, hvárt hann hefir meira vit  
 “ eða minna, ok þótt hann sè dauðr, þá vil ek sjá  
 “ bein hans.” Áslákr svarar : “ Fyrir því vænti ek at  
 “ mèr sè ekki.” Ok skiljast þeir nú at sinni ; ok ferr  
 konúngr braut. Ok er koma þau misseri enn at öðru  
 hausti, sækir konúngr veizluna í Torgir til Ásláks, ok  
 vantaði þar eigi góða veizlu. Ok er ein nótt var  
 liðin, þá var Áslákr kallaðr til konúngs. Þa mælti  
 konúngr : “ Mantú nokkut, Áslákr, hvat vit töluðumst  
 “ við næstum er ek var hèr ?” Áslákr svarar : “ Eigi  
 “ hefir ek um þat hugsat.” Konúngr mælti : “ Hèr  
 “ mun nú kominn son þinn, sá er þú hefir lengi leynt.”  
 Áslákr svarar : “ Þar hefir ek aldri gaum at gefit, ok  
 “ eigi fæ ek honum nú hingat komit.” Konúngr mælti :  
 “ Eigi skal ek svá harða reiði á þik leggja sem þú  
 “ ert verðugr ; skulum vèr í brottu fara hèðan ok  
 “ vera í brott ij. mánaði ; síðan man ek hèr koma, ok  
 “ láttu þá Hemíng son þinn hèr hominn.” Áslákr  
 segir : “ Eigi þurfi þèr svá mikit kapp á þetta leggja,  
 “ þvíat ek geri gjarna yðar boð.” Allir menn sjá  
 mikinn reiði-svip á konúngi ; ok skildust at sinni.  
 Ok er sú stund er liðin, er konúngr hafði á kveðit,  
 kom hann í Torgir ; hafði Áslákr þá enn búit til veizlu,  
 ok fagnaði konúngi sem blíðligast. Konúngr mælti  
 til Ásláks : “ Er hèr nú Hemíng son þinn ?” Áslákr  
 segir : “ Enn hefi ek eigi gaum at gefit at yðrum  
 “ orðum.” Konúngr mælti : “ Send þú ekki eptir honum  
 “ fyrr en þèr líkar, en hèr munum vèr vera þar til er  
 “ hann kemr, eða þik þrýtr kost fyrr ; þá muntú eigi  
 “ fleiri veizlur gera eða Björn son þinn.” “ Þèr eigit  
 “ völd á því,” segir Áslákr. Skiljast þeir nú at sinni.  
 3. Áslákr kallar til sín þann mann er Kálfr hèt.  
 “ Þú skalt,” segir Áslákr, “ stíga á skip í stað við

“ fimtánda mann ok fara norðr til Snasar, ok lenda  
 “ þar sem Framnes heitir. Þar skaltú ganga upp við  
 “ fimta mann. Þar muntú hitta á einn lítinn stíg í  
 “ skógi; sá stígr man vera því breiðari, er þèr hafit  
 “ lengr gengit. Þèr monuð fara fjóra daga, ok þá  
 “ munu þèr enn ganga þann dag til kvelds. Þá mun  
 “ vera fyrir yðr einn dalr hömrum luktr ok skógi,  
 “ svá at hann sèr eigi fyrr en þèr komit í dalinu.  
 “ Þá munu þèr sjá einn kotbæ; gangit þar til. Þar  
 “ mun eigi fleira manna fyrir vera en karl ok kvona;<sup>1</sup>  
 “ segit honum et sanna til hvaðan þèr erut. Þèr  
 “ skulut vera þar um nóttina. Einn skal vaka af  
 “ yðrum mönnum, ok þat skaltú vera. Þú mant sjá  
 “ einn mann koma inn í meira lagi. Eigi dyl ek  
 “ þess, at hann sè eigi svá heimsligr sem ek hefir  
 “ sagt konúngi. Þá skaltú upp standa, Kálfr, ok  
 “ heilsa Hemíngi; ok seg honum kveðju mína, ok  
 “ bið hann fara heim til mín. En ef hann lætr eigi  
 “ brátt við, þá bið hann ráða sjálfan; ok seg honum  
 “ at þar liggi við líf mitt ok Bjarnar sonar míns. En  
 “ meiri vón þykki mèr at hann fái sèr forðat. En  
 “ seg honum þó, at þar liggir hans líf við, ef hann  
 “ kemr, ef svá er sem ek ætla. Biðit hann þat af at  
 “ taka, er honum þikkir kostligast.” Síðan biðr hann  
 þá vel fara. Fóru þeir þá veg sinn sem vísat var;  
 ok kvómu um síðir til bæjar karls; ok var þeim þar  
 vel fagnat, þegar karl vissi hvaðan er þeir vóru.  
 Þeir fóru í hvílu um kveldit, útan Kálfr, hann er í  
 einum leyndum stað, en þau hjón sitja eptir við  
 eldinn. Þá mælti Kerling: “Seint þykki mèr fóstri  
 “ okkarr heim koma.” [Karl mælti]: “Allt þat gótt  
 “ er ek á, vilda ek gefa til þess, at hann kæmi eigi  
 “ heim á þessari viku.” “Hvat veldr því?” segir  
 kerling. Karl svarar: “Ek hræðumst, at þessir menn  
 “ sè eptir Hemíngi komnir.” Kerling mælti: “Eigi

<sup>1</sup> i.e. kona.

“veit ek hversu mèt vagnar,<sup>1</sup> ef ek skil við fóstura  
“minn.” Karl segir: “Vel munda ek yfir láta, ef ek  
“vissa, at hann tæki betra við; en meiri hyggja er  
“mèt á því, at ek á at skilja við hann.”

4. Egi var langt at bíða áðr maðr kemr í rauðum  
kyrtli, ok hafði gull-hlað um enni, en hárit lá á her-  
ðum niðr. Öngvan þóttist Kálfr sèt hafa meira mann  
eðr vaskligrá. Þau standa upp ok heilsa Hemingi  
fóstura sínum. Hemíngr spyr: hvat komit er. Ker-  
líng segir: “Menn eru komnir frá föður þínum, ok  
“hræðumst vit, at þeir fari eptir þèr.” Hemíngr  
segir: “Þat man mælt, at þat sè eigi of snúmma.”  
Kálfr stendr upp, ok heilsar Hemingi, ok segir honum  
at faðir hans sendi honum kveðju; ok þat með, “At  
“hann bauð þèr til sín.” Hemíngr svarar: Mikit er  
“nú um, er mèt skal orð senda, ok mun ek hvergi  
“fara.” Kálfr svarar: “Eigi man ek því þurfa at leyna  
“þik, at hann bað þik ráða;” ok segir honum nú  
ummæli föður síns.<sup>2</sup> Hemíngr svarar: “Farit hèðan  
“á morgin; eigi þurfi þèr mín at bíða, ef ek kem  
“eigi.” Þá svófu þeir af nóttina. En um morgininn  
fóru þeir til skips. Ok þar sem þeir vóru búnir, sá  
þeir hvar Hemíngr rendi af landi ofan á skíðum, ok  
stígr hann á skip með þeim. Kálfr spurði: “Nær  
“fórtú heiman?” Hemíngr segir: “Í morgin.” Eigi  
er getið um ferð þeirra fyrir en þeir koma í Torgir;  
var þá svá komit morni, at menn fóru til tíða. En  
eptir messu, er konúngur var í sæti kominn, gekk  
Hemíngr fyrir konúng ok kvadli hann. Konúngur  
tók vel kveðju hans, ok spurði hverr hann væri.  
Hemíngur nefndi sik. Konúngur mælti: “Eigi vilda ek  
“sjá þá húðina, er þú ert einn hemíngurinn af.”  
Hemíngur svarar: “Eigi er hverr sem kallaðr er til;  
“en ek em því hèr kominn, at ek vilda yðr alla þá  
“hluti bjóða, er ek má yðr veita, ok þèr vilit af mèt

<sup>1</sup> i.e. vegnar.

| <sup>2</sup> síns] þins, Cd.

“ Þiggja, þó at ek eiga lítið brautar-gengi; en allt  
 “ þat er ek má, ok ek effi, vil ek bjóða föður mínum  
 “ til friðar; en ef þer hafit mēr dauða ætlat, þá mun  
 “ ek eigi undan hlaupast.” Konúngr spurði: “ Ertú  
 “ ífróttu-maðr at nökkuru?” Hemíngr svarar: “ Svá  
 “ þótti þein karli ok kerlíngu, er mik fæddu upp, sem  
 “ ek kynni nokkurar, en litlar eðr engar munu yðr  
 “ þykkja; en ef ek skal ein-hverja til tína, þá þykk-  
 “ jumst ek eina mega telja fyrir yðr.” Konúngr  
 spyr: “ Hver er sú?” Hemíngr svarar: “ Skíða-  
 “ ferð hirði ek aldri við hvern er ek þreyti.”  
 Konúngr segir: “ Ek vil fyrst sjá leika þína, ok vita  
 “ hvern slægr mēr þykkir vera til.” Hemíngr svarar:  
 “ Þer munið láta leika fyrir, en ek mun freista at  
 “ leika eptir.”

5. Konúngr gengr þá út ok hans menn. Eyin var  
 mjök skógi vaxin. Konúngr gengr til skógsins; hann  
 setr spjót eitt niðr í völlum at oddinum, ok stóð upp  
 halinn. Konúngr tók boga, ok skaut öru upp í lopt.  
 Örin snerist í lopti, ok kom ofan í miðjan spjóts-  
 halann, ok örin af upp rétt í lopt upp. Hemíngr  
 leggr ör á streng, ok skýtr í lopt upp, ok kemr ofan  
 í streng-flaug örvar konúngs. Þá tekr konúngr spjó-  
 tíð, ok skýtr bæði langt ok beint, svá at allir menn  
 höfðu at orði. Konúngr bað Hemíng at skjóta eptir.  
 Hemíngr görði svá; ok skaut svá yfir fram, at ör-  
 falrinn hans lá á spjóts-oddi konúngs. Konúngr  
 tekr nú spjótíð í annat sinn, ok skýtr yfir fram spjót  
 Hemíngs öllu skaptinu. Þá mælti Hemíngr: “ Eigi  
 “ þarf ek eptir at skjóta, því at eigi mun ek þetta  
 “ skot upp inna.” Konúngr mælti: “ Þú skalt skjóta,  
 “ ok hafa við einurð at skjóta lengra, ef þú mátt.”  
 Hemíngr skaut þá, ok langt um fram skot konúngs.  
 Konúngr tók kníf einn, ok stakk í lág eina; hann  
 skýtr ofan í knífs-skaptíð, svá at örin stóð föst í.  
 Þá tok Hemíngr örvar sínar. Konúngr mælti: “ Met-  
 “ naðar-maðr mikill ertú, Hemíngr, er þú hefir övvar

“ Þínar reyrðar með gulli.” Hemíngr svarar: “ Gefnar vóru mér þær, en eigi hefir ek göra látið, ok engan búning hefir ek af þeim tekit.” Hemíngr skýtr eptir, ok kom í knífs-heptið, ok stökk þat sundr; en örvar-oddrinn kom í tangann. Konúngur mælti: “ Lengra skulu vit nú skjóta,” ok tekr ör eina, ok var mjök reiðuligr; dregr konúngur svá bogann, at saman þóttu ganga hálsarnir. Örin kom í einn lítinn kvist ok mjök mjóvan. Þá mæltu allir, at þetta veri it ágætasta skot. Hemíngur skaut þá, ok nokkuru lengra, ok kom örvar-oddrinn í gegnum eina hnot.<sup>1</sup> Þetta undruðust allir þeir, er hjá vóru. Þá mælti konúngur: “ Nú skaltú taka hnot aðra, ok leggja í höfud Birni, bróður þínum; ok skaltú þar hæfa hnotina; ok skjóta þá þó ei skemra en áðr; en ef þú missir, þá skal þar líf þitt við liggja.” Hemíngur mælti: “ Þér verðit lífi at ráða, en eigi man ek þetta skot skjóta.” Björn mælti: “ Heldr skaltú skjóta, en láta líf þitt, því at hverr á sitt líf at lengja meðan hann má.” Hemíngur svarar: “ Muntú ráðinn at standa kyrr, ok skjótast eigi undan, ef ek skýt hnotina?” “ Efa-laust skal þat,” segir Björn. Hemíngur svarar: “ Standit hjá, herra, ok sjáit hvárt á kemr hnotina.” Konúngur segir: “ Hjá þér skal ek standa.” En hann bauð Oddi Ófeigssyni at sjá skotið. Hemíngur gengur þangat sem konúngur bauð honum at standa, ok signir sik, ok mælti: “ Yðr er þat kunnigt, at ek vil bróður mínum ekki mein gjöra; en konúngi fel ek alla ábyrgð á hendi, ef öðru-vís verðr.” Síðan skaut Hemíngur, ok hækði hnotina, ok valt hún ór höfði Birni; enn hann varð eigi sárr. Konúngur kom at, ok spurði: “ Hvárt á kom á hnotina.” Oddr sagði hversu á kom. Konúngur mælti: “ Hætta munum vèr skotunum at sinni; en vinhallt berr þú vitnit.” Þeir ganga nú heim, ok sofa af um nóttina.

---

<sup>1</sup> knot, Cd. here and below.

6. Eptir dag-drykkju um morguninn gengr konúgr til sjófar með sínum mönnum. Þá mælti konúgr við Halldór Snorrason: “Þèr ætla ek at fyrir-koma He-  
 “ míngi á sunði í dag.” Halldór svaraði: “Heptast  
 “ mun þeim þat er betr eru til færir.” Þá kvaddi  
 konúgr til Böðvar Eldjárnsón. Böðvarr svaraði:  
 “ Þó at ek hefða allra þeirra manna íþróttir, er hèr  
 “ eru, þá munda ek at engu hèr vinna; en einna sízt,  
 “ er ek veit mik allt skorta við Hemíng.” Þá mælti  
 konúgr við Nikulás Þorbergsson: “Þú skalt þreyta  
 “ sund við Hemíng.” Nikulás svarar: “Eigi veit ek  
 “ hversu gengr; en freista mun ek, ef at þèr vilid.”  
 Konúgr kveðr þá báða til sunds. Hemíngr mælti:  
 “ Við hann vil ek ok helzt reyna, ef ek skal við nok-  
 “ kurn reyna.” Þeir af-klæðast, ok fara á sund. Ni-  
 kulás spurði: “Hvært viltú heldr reyna kaf-sund  
 “ eðr fram-langt?” Hemíngr svarar: “Þá er kostr at  
 “ reyna kaf-sund,<sup>1</sup> er þú hefir yfir-unnit mik á hinu  
 “ áði.” Hemíngr legst þá þvert undan landi. Ok er  
 þeir hafa lengi lagzt, spurði Nikulás: “Mun eigi ráð  
 “ at venda aptr?” Hemíngr mælti: “Framar,<sup>2</sup> vænti  
 “ ek at þèr konúngs-mágarnir munut ætla lykkjuna  
 “ á leiðinni.” Ok er þeir höfðu lagzt um stund, þá  
 mælti Nikulás: “Ertú ráðinn í, Hemíngr, at leggjast  
 “ lengra?” “Einfær hugða ek at þú mundir, þóttú  
 “ yltir aptr fyrir bylgjunni; en fara mun ek lengra.”  
 Nikulás svarar: “Aptr mun ek hverfa.” Ok svá  
 gjörði hann. Ok er hann hafði eigi lengi lagzt, þá  
 dofnaði hónum sundit; ok er Hemíngr sèr þat, legst  
 hann at honum, ok spurði: “Hversu gengr sundit?”  
 [Nikulás svarar]: “Öngu skiptir þik þat, ok far leið  
 “ þína!” Hemíngr svarar: “Hefðir þú maklegleika  
 “ til þess, en þó skulum vit nú báðir flytjast til lands.”  
 Nikulás svarar: “Eigi skal ek neita því.” Tók Ni-  
 kulás þá höndum undir beltí hans. Ok fluttust þeir

<sup>1</sup> kaf-sund] kófsund, Cd.

| <sup>2</sup> Framar] Fram, Hd.



svá báðir til lands. Gengr Nikulás þá upp; ok er hann orðinn mjök móðr ok stíðr. En Hemíngr settist á einn stein í flæðar-máli út, ok spurði konúngr Nikulás, hversu Hemíngi hefði veitt sundit. Nikulás svarar: “Engi tíðindi hefða ek at segja til lands, hefði He-  
 “ míngr eigi orðit mēr betri drengr en ek hafða verð-  
 “ skuldat.” Konúngr kastar þá klæðum. En Áslákr gengr til fundar við Hemíng ok mælti: “Hafðú þik  
 “ í brott, ok forða þèr, er konúngr vill þik feigan;  
 “ en skýli er í skóginum.” “Hvergi mun ek fara,” segir Hemíngr, “komi konúngr ef hann vill. ‘Önd-  
 “ ‘verðir skolu ernir klóast.’” Konúngr hleypr nú á sundit ok Hemíngr á mót. Konúngr rak hann þegar í kaf, svá at aðrir menn sá ekki til þeirra atgangs. En sjór var mjök ókyrr fyrir þeim. Tók þá at myrkva af nótt. Ok um síðir legst konúngr at landi; hann var svá reiðuligr, at engi þorði við hann at mæla. Engi maðr sá Hemíng, ok ætluðu allir hann dauðan; eingi þorði ok at honum at spyrja. Gekk konúngr heim síðan er hann var klæddr; var þar litil ölteiti. Konúngr var bæði reiðr ok hljóðr, en Áslákr var hryggr af harmi. Log vóru kveykt í skálanum. Ok er allir vóru í sæti komnir, þá gengr Hemíngr í skálann fyrir konúng, ok leggr tígil-kníf í knè honum, þann er konúngr hafði haft á hálsi sèr þá er hann hljóp á sundit. Þóttust nú allir vita at hann mundi knífinn tekit hafa.

7. Leið nú nóttin. Ok um morguninn býr konúngr ferð sína. Hann sagði, at Hemíngr skal fara með hónum til megin-lands ok vera með konúngi. Ok svá var. Á landi var eitt hátt fjall. En leið þeirra lá fram með hlíðinni um eitt einstigi. Flug-hamrar vóru fyrir neðan, en hátt fjall fyrir ofan; ok eigi var meiri hallinn, en maðr mátti ríða jam-fram. Konúngr mælti, “Nú skaltú, Hemíngr, leika fyrir oss á skí-  
 “ ðum.” Hemíngr mælti: “Eigi er nú vel til fallit,  
 “ þvíat mjök er svellat, ok snjó-lítið,” ok var hart mjök

í fjallinu. Konúgr segir, at engi íþrótt væri í at renna, ef gott færi væri.<sup>1</sup> Hemígr mælti: “Þèr “ munut ráða verða.” Stígr Hemígr á skíð sín, ok rennir fram undir<sup>2</sup> hlíðina ymist upp eða ofan; ok sögðu þeir þat flestir, at engan mann hefði þeir sét jafn-mjúkliga renna. Síðan rendi hann at konúgi, ok mælti: “Af vilda ek láta at renna.” Konúgr mælti: “Eigi skaltú renna meirr enn um sinn; þú “ skalt ganga hèr upp á fjallit þvers, ok renna fyrir “ ofan, ok stöðva þik, ef þú mátt, á framan-verðum “ björgunum.” Hemígr mælti: “Þat sè ek, at þèr “ vilit hafa líf mitt, þá þurfi þèr eigi at fresta því.” Konúgr svarar: “Gjörir þú þat eigi, er ek býð þèr, “ þá skaltú dauðann fá í stað.” Hemígr svarar: “ Lítil dauða-dvöl er mèr þat ok í þessu. En þat er “ þó hverjum manni boðit, at lengja líf sitt meðan “ hann má; ok svá skal ek gjöra.” Áslákr gengr þá fyrir konúg, ok býðr honum aleigu sína til friðar Hemígi; en konúgr kvazt þat eigi vilja: “Enda mun “ hann mèr eigi þyrma, ok skal hann vissuliga fara “ þessa ferð.” Hemígr bað sik engan mann undan þessu mæla. Ok gengr þegar í brott, ok með honum Oddr Ófeigsson. Hann mælti: “Illa skiljumst vèr hèr “ við góðan dreng; ok skal ek þat sýna, at ek vilda “ at þú lifðir. Ok hefir ek hèr einn líndúk, er hinn “ helgi Stephanus hafði fyrir augum sèr, er hann “ var grýtt; hann man ek knýta at þèr, því at ek “ veit eigi þat kvikindi, síðan er sancti Stephanus “ hafði dúkinn, þat er hann hefir verit yfir borinn, at “ eigi hafi heilsu fengit, hvert meinlæti sem þat hefir “ haft. En ef þú rennr fyrir bjargit, ok látist þú, þá “ er dúkrinn eigi betri en annat lèrept. En ef þèr “ verðr lífs auðit, þótt vit finnimst eigi, þá vil ek “ þú gerir góð skil á honum, þvíat ek gef þèr hann “ eigi.” Hemígr svarar: “Vera má at þú hafir eigi

<sup>1</sup> *vori*] undir, add. 326 a.

[ <sup>2</sup> *undir*] um, 326 a.

“ launin góð; en eigi skulu vera verri en engi.” Síðan skilja þeir. Engi maðr skildi þeirra viðtal. Konúngur gengr fram á bergit ok allir hans menn. Konúngur hafði rauðan kyrtil, ok skarlat-s-möttul<sup>1</sup> á tyglum yfir sèr, ok spjót í hendi. Hann leysti tyglana á skikkjunni. ok skýtr niðr fjöðrinni á spjótinu. Nikulás Þorbergsson stóð at baki honum, ok studdi höndum um hann miðjan, ok svá hverr þeirra er hjá<sup>2</sup> stóðu. Hemíngur gengr nú á fjallit, ok stígr á skíðin, ok rendi ofan fyrir fjallit. Hann rendi aldri svá stór köst at hann stæði eigi; ok því næst kemr hann þar at sem konúngur stóð. Ok er hann kom á framan-vert bergit, skaut hann niðr skíða-gíslanum, ok hljóp í lopt upp; en skíðin hlaupa fram af fjallinu, en hann kom undir sik fótunum á framan-verðu berginu. Hann reiðir mjök til. Hann þreif í skikkju konúngs; en konúngur rak niðr höfuðit, ok steypir af sèr skikkjunni. Ríðr Hemíngur þá ofan fyrir bjargit. Þá mælti konúngur: “ Þar skildi nú með feigum ok ófeigum!” Oddr mælti: “ Eigi mundi þit einnar gistingar fá, þótt þit hefðit látizt hær báðir.” Konúngur mælti: “ Hverja gisting ætlaþ þú at hvárr okkarr Hemíngs hefði haft.” Oddr mælti: “ Giarna vilda ek fá virðiliga gisting, sem ek ætla at Hemíngi sè fyrir-búin; en ek bygg, at Kristr mundi eigi vilja, at fjándinn yrði þær svá feginn, at hann taki við þær í kveld.” “ Eigi má ek minna veita þær,” segir konúngur, “ en þú náir þeirri góðu gisting, er Hemíngur er nú til kominn.” Ok biðr taka hann, ok reka ofan fyrir bjargit. Þá svarar Halldórr Snorrason: “ Annat-hvært munum vér allir látast Íslendingar er hær eru nú, eða engi várr ella; en hafa manum vér nokkut fyrir oss.” Konúngur mælti: “ Þat skal gjöra fyrir þínar sakir, Halldórr, at Oddr skal grið hafa í vetr; ok fara til Íslands

<sup>1</sup> Emend.; er kallaz, Hd.; mötull, Ct.

<sup>2</sup> hjá] aptar, 326 a.

“ at sumri; ok þegar hann er í brot, þá skal gera hann útlægan af öllum Noregi.” Oddr segir: “ Þat “ skal leyfa sem liðit er;” þvíat mart hefir konúgr “ vel gjört til mín; en eigi skal mër skaði at þykkja, “ þó at nú skili hër með okkr.” Oddr fór þegar í brott. En konúgr fór þegar til þeirrar veizlu er honum var fyrir búin. Ok er nú eigi fyrst frá honum at segja. En Oddr fór út Íslands um sumarit eptir.

8. Nú er frá Hemíngi at segja, at hann hraut ofan fyrir hjargit; ok fór honum sem Oddr gat til, þeim er stökkva út af hjörgum, at öll klæðin blès út af honum, en blöð dúksins vöfðust um eina berg-snös,<sup>1</sup> ok festi. Þar hëkk Hemíngur í berginu, ok vissi þá ekki til sín. Litlu síðarr vitkaðist hann, ok var allr felmsfullr ok ótta. Ok svá sem vit hans óx, svá dró óttann ór þrjóstinu. Hann mæltist þá við eim saman: “ Því mun mik hër fest hafa, [at] eigi er guði meira “ fyrir, at láta mik í brott komast, en hafa stutt mik “ hër með lífi ok heilsu. Nú vil ek því heita guði, at “ ek vil skipta góðsi mínu í þrjá staði; skal ek gefa “ þriðjúng hinum heilaga Ólafi konúngi; annan þíla- “ grímum ok fátækum mönnum; en hinn þriðja hinum “ heilaga Stephane; ok skal ek þat fè fá í hendr Oddi “ Ófeigssyni. Ætla ek mër at ganga suðr til ens “ heilaga Petrs, ef guð lætr mik hëðan komast. Þess “ bið ek guð, at ek mega jafn-nær staddr vera dauða “ Haralds konúngs, sem hann þóttist nú mínum dauða.” Þá var myrkt af nótt. Hann sá mikit ljós yfir sèr; ok einn mann ganga at hónum eptir bjarginu, ok kippir honum upp á hjargit at sèr. Hann mælti: “ Hër er “ kominn Ólafur konúgr Haraldsson til fundar við þik, “ at [hjálpa þèr,²]; þvíat ek vilda eigi, at þú fyrir- “ færist, svá at Haraldi konúngs ykist ábyrgð. En heit “ þín skaltú efna, at ganga suðr. En ef þú kemr fyrir “ ókunna menn, þá skaltú nefnast Leifr, meðan

<sup>1</sup> *berg-snös*] bergskvös, Cd.

| <sup>2</sup> Add. 326 a.

“Haraldr konúgr lifir. Veitast mun þèr þat, er þú  
 “baðzt, at þú skalt nær vera staddr þá er Haraldr  
 “konungr læzt; ok eigi þykkir mèr þú vel launa mèr,  
 “ef þú veitir þèr af mikil skipti.” Síðan þykkir  
 Hemíngi sem hinn heilagi Ólafr konúgr líði upp í  
 loptið frá honum með ljósinn; en hann sèr einn bát,  
 ok rær út í Torgir. Hann gengr at kirkju, [ok sèr  
 hann mörg kerti brenna];<sup>1</sup> ok lágu þeir þar á bænum,  
 Áslákr ok Björn.<sup>2</sup> Þá mælti Björn, er Hemíngr kom  
 at kirkju-dyrnum: “Faðir,” segir hann, “mikil undr!  
 “hèr er kominn Hemíngr, bróðir minn?” Hemíngr  
 svarar: “Engi undr eru þetta, þvíat ek em lifandi, svá  
 “sem ykkir sýnist;” ok segir þeim allt sem komit  
 var. Þeir verða fegnari en frá megi segja. Var He-  
 míngr þar á laun um vetrinn. En um várit skipti hann  
 sínu fè, sem hann hafði heitið. Síðan fór Hemíngr til  
 Englands, ok hafði með sèr þann þriðjung fjárens, er  
 hinn heilagi Stephanus átti, ok lét þar varð-veita á  
 meðan hann fór suðr til Róms.

9. Konúgr hèt Játvarðr, er ræð fyrir Englandi;  
 hann var son Aðalráðs konúgs; móðir hans hèt  
 Emma,<sup>3</sup> er átti Knútr hinn ríki. Konúgr var vitr-  
 maðr ok vinsæll. Ekki átti hann barn. Til hans kom  
 Leifr; ok tók konúgr vel við honum. En er hann  
 hafði þar verit um hríð, þá sendi hann orð Oddi  
 Ófeigssyni leyniliga, at hann skyldi koma til hans þegar  
 er hann mætti. En er Oddr heyrði þessi tíðindi, þá  
 býr hann skip sitt, ok siglir fyrst til Orkneyja, ok  
 svá til Englands, ok finnr þar Leif í Lundún, ok  
 fagnaði hann vel Oddi, ok var hann þar um vetrinn.  
 Hann lét steypa tvær klukkur. Tók hann með því  
 fè, er Hemíngr gaf inum heilaga Stephanus til lífs  
 sèr, ok svá við dúkinum; ok [bauð] Hemíngr Oddi  
 at líta af því gera kirkju. Ok litlu áðr en Oddr var

<sup>1</sup> 326 a, an open space; ok sá  
 hann þar, Cd.

<sup>2</sup> Here ends F. (Fb. iii. 410.)

<sup>3</sup> Emend.; Anna, Cd.

búinn, þá var hann á einu þingi fjölmennu því er konúgr átti þar. Sá hann þar einn mikinn mann í feldi, sverð gull-búit í hendi. Oddr gékk at þessum manni, ok spurði hann at nafni; en hann nefndist Aðalbrikt. Oddr mælti: “Hvaðan fèktú gripi þessa, “ sverðit ok feldinn? Þvíat ek kenni, at bróðir minn “ átti þessa gripi, ok fór hann af Íslandi á einu skipi, “ ok spurðist aldri til þess síðan.” Hann kvezt keypt hafa gripina. Leifr gékk at ok mælti: “Þú verðr “ satt at segja; þvíat konúgr á eitt sverð, er Skír- “ teinn heitir, ok skaltú þar vera höggvinn með. En “ sú náttúra fylgir honum, at hverjum manni verðr “ hann at bana, er lýgr; enn á þann bítr hann ekki “ sem satt segir.” Aðalbrikt segir: “Bíta mun þat “ þá á mik; því at vèr vórum margir á skipi; ok “ tóku vèr eitt skip; ok vörðust þeir menn drengi- “ liga, ok myrðu vèr þá alla. Ok eigi dyl ek þess, “ at þess manns bani er ek, sem þú segir frá; ok vil “ ek gefast í guðs vald ok yðvart.” Oddr mælti: “ Eigi vil ek hafa líf þitt; en konúgr á vald á at “ ráða lands-vist þinni; en c. marka skaltú lúka mèr “ brendra.” Aðalbrikt játar þessu glaðliga. Síðan býst Oddr í brot; ok þá hann miklar sæmdir af kon- úngi ok Leifi. Hann siglir í haf. Honum bægir veðr at Noregi; ok tóku þeir þar höfn er heitir Eikundar- sund, ok lágu þar nökkurar nætr. Eitt kveld síð kom Haraldr konúgr þar með v. skip. Konúgr verðr varr við, at Oddr var þar kominn. Þá var myrkt af nótt. Konúgr lætr þá leggja skipunum í sundit fyrir útan skip Odds, ok lét þar tengja saman skipin; en hann sjálf hafði tjald á landi, ok var Oddr inni luktr. Menn gerðust ókátir. Oddr mælti: “ Verit “ eigi ókátir! Því at satt segi ek yðr; Hemíngur er “ lífs, ok var hann í meira háska kominn en vèr “ erum; ok munum vèr oss þangat leita heilla sem “ hann gjörði, sem almáttigr guð er. Ek vil heita “ því, at láta gjöra kirkju á Mel, sem mèr er boðit;

“ ok leggja þar fê til ; ok gjöra þar stað, ok gefa þar “ til allt þat góðs, er hêr er innbyrðis ; þêr skulut ok “ allir nokkuru heita.” Ok svá gerðu þeir. Ok er þetta var gert, þá fêll vindrinn. Oddr bað þá hafa upp akkerin, ok vinda seglit. Þá kemr á vindr nokkurr. Þeir hkeja er á landi eru, ok spurðu, hvárt Oddr mun ætla at sigla á landit, eða út á skipin. Oddr stýrir út á tengslin í milli skipanna, ok siglir í haf ; ok kemr skipi sínu í Miðfjörð ; ok fór heim á Mel ; ok lét þar reisa kirkju ; ok var vígð hinum heilaga Stephano. Ok er sá dúkr [þar] enn í dag er Hemíngr hafði um sik.<sup>1</sup>

10. Nú er þar til máls at taka, er jarl sá rêð Norðhumrulandi er Guddin hêt, Ulfnaðrs son ;<sup>2</sup> hann átti Ingiríði, dóttur Þorgils jarls spraka-leggs ; hon var systir Úlfs jarls, föður Sveins konúngs. Guddin átti mart barna. Son hans hêt Haraldr ; hann var manna kurteisast. Annarr hêt Tosti ; hann var mikill maðr ok sterkr, skolbrúnn, orðamaðr mikill, manna hermannligastr ; eigi var hann vinsæll. Enn þriði hêt Kári ; hann var kallaðr Muru-kári. Valþjófr hêt hinn yngsti. Enn dóttir hans hêt Velgerda ;<sup>3</sup> hón var gefin þeim manni er Áki hêt, ok var kallaðr Áki hinn mikli ; þeir vóru í Skarðaborg. Eitt haust sækir Játvarðr konungr reið til Skarðaborgar. Hann reið með spjót þat, er Haraldr vildi gjarna eiga. En Tosti, bróðir hans, tekr þat ráð, at hann tekr spjót sitt af skapti, ok telgir á trêfjöðr, ok ríðr síðan fram hjá konúngi ok mælti : “ Sjáit, herra, mitt spjót, er ekki er járnit á ! ” Konúngur mælti : “ Sè ek hvat þú vilt ; nú gef ek þêr “ mitt spjót, ok þat nafn með, at þú skalt heita Tosti “ trê-spjót ; ok þyki mêr þat líkara, at þik vanti eigi “ ágirni, ef þú sêr aðra ríkari en þik.” Konúngur

<sup>1</sup> “ Cujus etiam reliquæ in eadem “ æde nostro tempore visæ sunt,” says Arngrim the Learned in his MSS. Supplementa written year

1593. (Barthol. collect. No. 26, p. 199.)

<sup>2</sup> [Ulfnaðrs son] Ulfgarðsson, Cd.

<sup>3</sup> [Velgerda] Thus Cd. ; ueigerda, Hr. (sic).

bauð Haraldi til sín ; ok fylgði hann konúngi, ok skildist hann ástsamliga við sína menn. Ok er konúgr kom heim, þá vísaði hann Haraldi at sitja í öðru öndvegi hjá Leifi: “Hann kann flestar íþróttir, ok skal hann “ þær þær kenna allar.” Haraldr þakkaði þat mikiliga konúngi. Leggr ok Leifr alla ástundan á, at kenna Haraldi íþróttir; ok hann einn veit alla æfi Leifs á Englandi. Ok þá er v. vetr vóru liðnir, þá skortir Harald þat eina á íþróttir við Leif, [at] hann var ósterkari. Ok er Haraldr læk íþróttir fyrir mönnum, þá undruðust allir, hvar hann mundi numit hafa slíkar listir; þvíat engi vissi, at Leifr kynni svá margar íþróttir.

Þá var Haraldr xvij. vetra gamall, er hann fór ór Englandi vestr til Vallands með xij. skipum. Þar ræð fyrir Robert Rúðu-jarl; hann átti son er Vilhjálmr hêt, ok var kallaðr bastarðr; hann bauð Haraldi til sín; hann var meiri vexti en flestir<sup>1</sup> menn aðrir. Vilhjálmr<sup>2</sup> átti konu þá er Móold hêt; þeirra synir vóru þeir Heinrekr ok Róbjartr, enn kurteisasti, ok mikill maðr. [Vilhjálmr] bauð Haraldi til sín, ok var hann þar um vetrinn. En um várit gerðu þeir fêlag með sèr um fengit fê ok úfengit; svá ok, hvárum sem ríki til felli eðr tæmdist, þá skyldi þat vera beggja þeirra; ok hvárr skal veita öðrum fylgi at öllum málum, ok hvárr annars hefna sem bróður síns. Þeir fóru svá í hernat með v. skipum ok xx.; ok höfðu þá iðn vj. missiri. Haraldr var þeirra vinsælli.

11. Heinrekr hêt jarl í Englandi af Glocesti; hans son hêt Helgi, mikill maðr ok sterkr; hann var vitr maðr ok. ágjarn. Hann samnar her saman, ok herjar á ríki Játvarðar konúngs. Konúgr samnar her í móti. Sá maðr var fyrir her konúngs er Jón hêt. Þeir finast við Bonólfsstein (sic). Ok verðr þar hörð orrosta; ok fékk jarl sigr, en Jón fêll; en flótta-menn sóttu á konúngs fund. Fær konúgr þá þann höfðingja fyrir

<sup>1</sup> flestir] fleiri, Cd.

| <sup>2</sup> Vilhjálmr] Haraldr, Cd.



herinn, er Ótti lét; hann, var Birgis son Breta-kappa; hann ferr með herinn í móti jarli. Þeir finnast á Hrútzserk; þeir berjast tvá daga. Þar fell Ótti; en jarl lagði landit undir sik. Þetta spyr konúgr. Hann sendi menn eptir Haraldi Guðinasyni ok þeim Leifi; en hann samnar liði á meðan. Sendimenn kómu á fund Haralds, ok segja honum orð konúgs. Haraldr segir Vilhjálmi, at hann vill veita lið konúgi. Vilhjálmr segir: "Eigi vil ek skiljast við her minn." Haraldr svarar: "Þá munu vèr skipta fè okkru ok "herliði." Vilhjálmr segir: "Fara máttú ef þèr líkar, "en ei mun nú fjár-skipti fram fara." Haraldr segir: "Vera skal annat-hvært, at vèr skulum skipta fènu, "ella skulum vit báðir fara at berjast." Þat varð um síðir, at fjár-skiptið fór fram. Þat er sagt, at of mikill [kunnleikr væri með þeim]<sup>1</sup> Haraldi ok Móold drotningu. Ok er Vilhjálmr bar þetta á Harald, duldi hann. Ok var síðan ráð þeirra Móaldar ok Haralds, at hann bað dóttur þeirra Móaldar ok Haralds, at hann bað dóttur þeirra Vilhjálms. Ok þat var [at] ráði gjört, at hann festi hana, áðr hann fór til Englands; ok skyldi brullaup þeirra vera í Rauðu<sup>2</sup> at xij. mánaða fresti. Ok skildu þeir þá vinir at sinni. Heldr Haraldr til Englands, ok ferr á fund Játvarðar konungs. Dregr konúgr nú saman her, ok ferr í móti Henriki jarli;<sup>3</sup> ok finnast þeir við á þá, er Lodda heitir. Ok slær þar þegar í hinn mesta bardaga, Konúgr hafði svá skipat, at Haraldr skyldi koma í opna skjöldu jarli með menn sína. Ok er litla stund hafði staðit bardaginn, kom Haraldr með mikit fjölmenni á bak fylkingu jarls, ok verðr þar mikit mannfall. Ok því næst brestr flótti á jarls-mönnum; ok verðr þessi jarl handtekinn, ok með honum c. manna. Var síðan jarl drepinn ok með honum xxx. manna; en aðrir vóru þjáðir. Einn bóndi gekk fyrir konúng

<sup>1</sup> A hole in Cd.

<sup>2</sup> *Rauðu*] i.e. Rúðu, Rouen.

<sup>3</sup> *jarli*] emend. kgi, Cd.

ok mælti: “Hèr er einn maðr úngr ok sterkligr; “hann vilda ek, herra, at þèr gæfit mèr; ok mun ek “þjá hann.” Konúgr svarar: “Svá lízt mèr á hann, “at hann sè varla þitt færi, at bjóða honum ofríki; “en ef hann hleypr í brott, þá skaltú þess gjalda; en “ef þú fær eigi vinnu af honum, þá fær mèr hann “aptr.” Bónði kvazt eigi þat ugga, at hann gæti eigi sveigt hann. Síðan fóru þeir heim. Bónði mælti við þenna mann: “Vit skulum vel saman kaupa; ek skal “vel gjöra við þik, en þú skalt vinna mikit.” Gest-rinn segir: “Ekki mun ek vinna.” Bónði mælti: “Þik skal setja í hús einn saman; svelta þik þar til “dauðs, ef þú vilt ekki vinna.” “Þú munt ráða,” segir Gestr. Bónði setr hann í eitt hús, ok sveltir hann. Jafnan lemr hann Gest, svá at hann má varla ganga, en stundum lúð-strýkir hann hann, svá at blóð lá á jörðu. Hann býðr honum stundum fè til at vinna. Ekki vildi Gestr þat. Ok einn tíma mælti Gestr við bonda: “Lát af at þína mik til vinnu; þvíat ek segi “þèr eitt hèðan frá, at þú þrælkar mik eigi svó með “öllum þínum hjónum.” Bónði segir: “Ek mun þá “færa þik til konúgs.” Gestr svarar: “Eigi mun “konúgr heldr þrælka mik en þú; þó er at honum “betr vón en at þèr.” Bónði segir: “Hans góða skaltú “ok fá. “Þat hafða ek ætlat,” segir Gestr, “at “biðja þik fás; en þess vilda ek ráða, hvern tíma er “vit kæmin fyrir konúg.” Bónði játtar því. Gestr segir: “Þá skal þat vera Jóla-dag, sem konúgr gengr “til há-messu.” Ok svá gjöra þeir. Bónði heilsar á konúg, ok mælti: “Hèr er sá maðr, er þèr fengut “mèr í hanst; ok get ek ekki þjáð hann: því betr “má bleyta harðan stein en hjarta hans.” Konúgr mælti: “Drepit hann þá!” Gestr mælti: “Gríð mun “ek skulu hafa í dag!” Gengr konúgr til kirkju. Gestr mælti: “Far þú heim, bónði, ok lát vel yfir, ef “vit skiljumst við svá búit.” En er messan var sún-gin, þá gengr Gestr fyrir konúg, ok mælti: “Svá er

“ mēr sagt, at þær gefit hverjum manni Jóla-grið, þó  
 “ at þú eigir stórar sakir við.” Konúgr mælti :  
 “ Hafðu grið, ef nökkurr vill varðveita þik.” Gestr  
 gengr í höllina með konúngi ; ok gengr at Hemíngi, ok  
 biðr hann friða fyrir sik við konúng. Ok svá gjörir  
 hann, at hann fær Gesti grið fram un Jólin.<sup>1</sup>

12. *En sem Jólin vóru úti, bað Gestr Hemíng við  
 hjálpa sèr. Hemíngr segir : “ Ekki kann ek at leggja  
 “ mínn hug á at biðja fyrir þik, ef ek veit eigi hverr  
 “ þú ert.” Gestr segir : “ Eflátill von er á þú veitir mēr  
 “ lið meðan þú veist eigi, þú er engin von sêðar, er þú  
 “ veist hvada maðr ek er.” Hemíngr segir, “ Eigi  
 “ mundi ek veita þær, ef þú þykkist of góðr at segja mēr  
 “ hverr þú ert.” Gestr mælti : “ Þú verðr at ráða ; en  
 “ ek heiti Helgi, son Heinreks jarls ; en ek skipta vop-  
 “ num mínum við skjaldsvein mínn í flóttanum ; en  
 “ hann féll ; ok hugðust þeir mik þær drepinn hafa.”  
 Hemíngr gengr fyrir konúng, ok biðr Gesti landvistar ;  
 ok þat veitir konúngriinn honum fyrir sakir Hemíngs.*

13. <sup>2</sup>Eptir dauða Játvarðar konúngs tók Haraldr  
 Guðinason konúngdóm í Englandi, með þeim hætti  
 sem segir í sögu Haralds konúngs Sigurðar sonar ;  
 segir þar ok, at Tosti, ok aðrir bræðr Haralds Guðina-  
 sonar, vildu hafa ríkit í Englandi með honum, ok  
 fengu ekki. Fór Tosti jarl þá til Danmerkr á fund  
 Sveins konúngs frænda síns ; ok var honum þær vel  
 fagnat. Tosti spurði Svein konúng, hvárt hann á  
 nokkut tilkall til ríkis í Englandi. Konúgr svarar :  
 “ Eigi dyl ek þess, at ek þóttumst eiga ; en full-vel  
 “ þykki mēr nú komit, er Haraldr konúgr frændi  
 “ mínn á ráð fyrir, þvíat vit erum systkina-synir.”

<sup>1</sup> Here ends 65. Here, at the junction of the two MSS., there is evidently some blank. The following chapter is taken from a Cd. Chart. 326 c. ; it is, no doubt, spurious as to the wording, but the contents may

be true ; and so we have inserted it into the text, but in italics. It is a modern fill-gap to fill up the blank where 65 stops.

<sup>2</sup> The text is now taken from the Hr.

Tosti svarar : “ Tala þat margir menn þar í landi, ok  
 “ hans ráð, at ek, ok bræðr mínir, eigum þriðjúng  
 “ landsins.” Konúgr svarar : “ Eigi þykki mèt þá  
 “ Haraldr einn konúgr vera í Englandi, ef þèr hafit  
 “ þriðjúnginn.” Tosti mælti : “ Þat vilda ek, ef þèr  
 “ vildut nú fara at vinna landit. Vil ek ok bræðr mínir  
 “ veita yðr styrk, ok allan várn afla, ef þèr vilit fyrir  
 “ vera ; með því, ef vèr vinnum landit, skaltú gjöra  
 “ oss konúnga yfir landinu ; skulum vèr gjalda yðr  
 “ skatt, ok fá yðr landit, ef þèr þurfit.” Konúgr  
 svarar : “ Hugsa verð ek mèt andsvar hèt um,” ok kvað  
 hann skyldu vera með sèt um vetrinn. Tosti vildi  
 sín erindi sem skjótast vita.

14. Þat var einn tíma um haustið er konúgr reið at  
 veizlum ok Tosti með honum. Var þat þá, er þeir  
 áðu úti hjá brú einni ok átu. Konúgr átti einn  
 hjarðar-hund, er fór með þeim ; hundinum var gefinn  
 einn smár brauð-hleifr. Hundrinn hleypr á brúna, ok  
 sèt skugga sinn í vatninu ; ok sýnist honum þar í  
 sem aunarr hundr, ok hafi annan hleif í munni sèt.  
 Hleypr hann út af brúnni, ok í vatnit í kaf, ok hug-  
 ðist mundu ná hleifnum af hundinum. Nú er hann  
 kemr í vatnið, þá missir hann allz ; ok ferr nú tómr  
 aptr at landi. Konúgr mælti nú til Tosta : “ Sástú  
 “ hversu hundi mínum fórst nú ?” Tosti mælti : “ Eigi  
 “ geyndi ek at vandliga.” Konúgr mælti : “ Hun-  
 “ drinn þóttist sjá amnan hund í vatninu hafa brauð  
 “ í munni, ok hugðist mundu fá burt tekit hleifinn.  
 “ En hann hljóp eptir skugga sínum, ok hafði hvárki  
 “ brauðit á land. Svó veit ek at mèt mun fara, ef  
 “ ek ferr nú til Englands, þá mun ek sjá skugga  
 “ minn. En þó at ek komist hingat aptr, þá má vera  
 “ at Haraldr konúgr sèt hèt fyrir, ok nái ek þá eigi  
 “ þessu ríki. Vil ek nú gefa þèr órskurð þíns máls :  
 “ at ek kem eigi til Englands ; þvíat í Danmörk skal  
 “ ek konúgr vera meðan guð vill ; því þat hæfir  
 “ mèt nú, at ágirnast allri meira. En þú, Tosti,

“munt fara til Haralds konúngs.” Ok svá gjörði hann.

15. Haust þat áðr en Tosti kom til Noregs, dreyndi Steigar-Þóri draum, ok sagði sínum mönnum ok bað þá ráða. Hann sagði, at hann þóttist vera staddr á einu þingi er Haraldr konúgr var á. Hann sat á stóli svá miklum, at hann tók um allan Noreg; en konúgr var svá mikill, at hann tók alla vega út af stólnum. “Maðr þótti mēr ganga at honum, ok min-  
 “nast við hann; en mēr þótti svá mikil fluga fljúga  
 “ór munni þeim manni í munn konúngi, því líkt  
 “sem hrafn. Við þat þótti mēr verða hrafns-nef á  
 “konúngi; með því nefi þótti mēr hann höggva í  
 “höfut þeim öllum er vóru á þinginu, útan oss Steigar-  
 “mönnum; þar af þótti mēr margir deyja, en öllum  
 “varð illt af. Ek var þá hræddr um, at hann mundi  
 “oss höggva Steigar-menn. Í því vaknaða ek. Nú  
 “mun ek sjálfr ráða.—Þar er vèr vórum á þingi  
 “staddir, ok konúgr sat á stóli: þat var veldis-stóll  
 “hans. En þar er hann tók alla vega af stólinum: þá  
 “tekr ágirni hans alla vega út af veldinu. En þar  
 “sem mēr þótti hrafns-nef á honum: þá hræðumst ek  
 “at hann verði fyrir hrafns-nefi, ok hrafnum dragi hans  
 “blóði (sic). Þar mēr þótti hann höggva nefi í höfuð  
 “mönnum: þat get ek þeim í koll koma, svá at mar-  
 “gir fái þar bana af, en öllum gangi þó nær þeim er  
 “með honum eru. En vèr Steigar-menn munum eigi  
 “fylgja honum” . . . <sup>1</sup>viss orðinn af sanninda-mönnum,  
 at annarr er konúgr yfir Englandi. Nú at Jólum  
 er kemr . . . yðr því þess valds bezt, mætti nú ok  
 Tosti [taka] slíkt lén af Harald, sem af Sveini kon-  
 úngi, ef landit ynnist. Tosti segir hónum ok, at Sveinn  
 konúgr vildi ekki víkjast við hans erindi. Konúgr  
 segir, at hann skal eiga ráð við sína menn hversu

<sup>1</sup> Hence the text is taken from | the vellum itself begins. In the  
 the II.; the beginning, however, | first sentences the text is therefore  
 from the transcript of Ásgeir, till | somewhat mutilated or defective.

Þessu skal svara. Var nú Tosti með konúngi um vetrinn. Þenna vetr áðr hafði Haraldr konúngr sent Þórarinn Nefúlfs-son, ok Hjörtr, austr í Holmgarð eptir þeim hafr-belg, er hann lét þar eptir með Ellisif dóttningu, sem fyrr segir; ok skyldu þeir eigi aptr koma nema þeir næði belginum ok því góðs[í] er í var. Þeir kómu aptr þá er Tosti hafði litla stund verit með konúngi. Hjörtr gékk fyrir konúng, ok heilsaði honum, ok segir, at Ellisif heilsaði konúngi. En svá var honum ákaft um tal við Tosta, at hann gætir eigi þeirra, er komnir vóru.<sup>1</sup> Þá kvað Hjörtr vísu :

“ Þröngvir gulli gramr fast saman ;  
 “ veitir [Sýrar]<sup>2</sup> sonr fás-konar ;  
 “ Land skyldi lítið Laf-Hamðir hafa,  
 “ þá mundi haulðum Haraldr svara.”

“ Hversu lítið?” segir konúngr.<sup>3</sup> “ Eigi meira,” segir Hjörtr, “ en þú mættir liggja á.” Konúngr brosir, ok spyr: “ Hversu hefir farizt,<sup>4</sup> Íslendingr?” Hjörtr kvað:

“ Hafr er úti hvítr í túni ;  
 “ skumir angum, hefir skegg mikið ;  
 “ brestir klaufum, vill börn taka,<sup>5</sup>  
 “ sá er geitar sun gerr við erru.”

Konúngr bað þá láta bera inn fèit. Er þá borinn inn hafr-belgrinn fyrir konúng. Þá spyr [hann], hvárt sú léti orðalaust er fram seldi fè. Þórarinn kvað hana engi orð um hafa. Konúngr mælti: “ Þann skal þá “ spyrja, er rætt-orðari er. Hvat segir þú til, Hjörtr?”

<sup>1</sup> ok heilsaði . . . ] ok heilsaði honum svá þrysvar sínum, svá at konúngr heyrði eigi, Hr.

<sup>2</sup> Open space in the MS., proba- bly thus to be filled up.

<sup>3</sup> þ. kv. II. visu; ok er henni var

lokít spyr konúngr “ hversu stórt “ land skylda ek hafa” ? Hr.

<sup>4</sup> Here ends Hr.

<sup>5</sup> The he-goat is here, like in the nursery tales, fancied as a bugbear.

Hann svarar : “ Þat segi ek, at hón kvað vísu.” Konúgr mælti : “ Hversu er sú ? ” Hjörtr kvað :

“ Munað í vári vestr langskipum  
 “ hug-ragr um haf Haraldr fara :  
 “ Því man lengi laf-hræddr konúgr  
 “ alls andvani Englands ok vegs.”

Þá mælti Tosti : “ Þetta er spásaga, er þeir biðja yðr  
 “ fara til Englands ; er eigi ván yðarrar þangat-kómu.”  
 Konúgr [mælti] : “ Þú skalt ganga til skrínis ens  
 “ helga Ólafs konúgs, ok skaltú sverja eið, at þú  
 “ skalt alla hluti sanna segja frá afla . . . ; en ek  
 “ man þá gera her ór landi, at vinna England ; en  
 “ ek vil einn hafa öll ráð fyrir herinum.” Tosti kvezt  
 mundu vinna eiðana, “ En ef nokkut bregðr yðarri  
 “ ferð, þá skulu þessir eiðar á yðr falla.” Konúgr  
 kvað svá vera skyldu. Síðan sendir konúgr bréf  
 um allan Noreg, ok bauð út öllum almenníngi. Þá  
 kom til hans Eysteinn orri, sun Þorbergs Árnasunar,  
 ok festi þá Máriau dóttur Haralds konúgs ok Elli-  
 sifar dóttur Jarisleifs konúgs af Hólmgarði. Hennar  
 móðir var Íngigerðr, dóttir Ólafs konúgs Svænka.  
 Nikulás Þorbergsson hafði þá sýslu í nerztu þíngá á  
 Hálogalandi. Þessi herr kom allr saman í Sólundum ;  
 þar var kominn konúgr, ok Tosti jarl, ok fimm tígir  
 lendra manna. Ok einn morgin, er konúgr lá til  
 byrja, segir hann Tosta draum sinn : At hónum þótti  
 maðr ganga á skip sitt, ok þóttist þar kenna Ólaf  
 konúg, bróður sinn. “ Hann var,” mjök reiðulegr,  
 sagði hann, “ ok kvað vísu ” :—

“ Gramr vá frægr til fremðar flestan sigr enn digri ;  
 “ hlaut ek þó at heima sætim<sup>1</sup> heilagt fall til vallar :  
 “ Uggi ek efst ráð tiggja, yðr man feigð um byrjuð ;  
 “ trolls gefit fákum fylli fíks ; veldrað guð slíku.”

<sup>1</sup> Better is, “ Því at heima sátum.”

Tosti svarar: "Eigi mun Ólafr konúgr hafa kveðit "vísuna, heldr vænti ek at sè fjölkýngi Enskra manna." "Þat vænti ek," segir konúgr, "at engi sè svá fjölkunnigr, at líki Ólafs konúgs bregði á sik." "Góðr maðr var Ólafr konúgr," segir Tosti, "en þó hafa fjölkunnugir menn sýnzt í þeirra manna líkjum, er eigi eru úhelgari en hann." Konúgr svarar: "Ek vil fara til Englands með þèr, til þess at leita um sættir, en eigi til annars." Tosti svarar: "Á þik skulu falla eiðarnir, ef þú rýfr leið-angrinn." Konúgr segir: "Eigi man ek þat í hættu eiga."

16. Svá er sagt, þá er konúgr siglði út eptir Þröndheimi, ok hann . . . einn maðr til skips hans á báti, ok bað konúgr leggja at landi ok hjálpa konu hans sjúkri. Konúgr spurði, hvat sjúkleika hón hefði. Bóndi sagði, at hón hefði sofnað hjá brunni; [þó]tti sem nokkorr [ormr . . .] væri í munni hennar, "Ok vill síðan jafnan drekka vatn." Konúgr segir, at skipinu skal at landi leggja, "Þá vitu þèr, at þèr eigut eigi konúgr drambsaman, þó at harðr sè kal-laðr ok sinkr." Konúgr gengr á land, ok Þjóðólfr skáld með hónum. Þeir koma til konunnar; ok bað konúgr, at konuna skyldi bera til þess sama brunns, sem hon fèkk krankleikann. Hann bað snúa henni á grúfu, ok leggja varramar niðr at brunninum. Konúgr sat hjá, ok hafði spennitöng í hendi. Hann lét tendra hjá sèr lítinn eld. Konan grèt sárliga; ok bað, at henni skyldi gefa at drekka; en konúgr lét hana eigi svá vatninu. Þá þröngir meini hennar upp í hálsinn; skær þá sundr munninum, ok kemr þar út orms-höfud. Konúgs tók spennitöngina, ok lagði á orms-höfudit, ok dró ór henni út lifanda ormr, ok kastar hónum í eldinn. Er síðan konan flutt heim, ok varð hon skjótt heil. Síðan ferr konúgr til skips, ok siglir suðr með landi með öllum þeim her, er þá var til hans kominn norðan ór landinu.



17. Svá er sagt þá er konúgr lá í Súlundum<sup>1</sup> þá sigldi þar eitt Grænlands-far af hafi. Fyrir því skipi var sú maðr er Líka-Loðinn hét, því at hann hafði flutt lík Finns fegins, ok þeirra skipara, ór Finns-búðum fyrir austan jökla á Grænalandi, með boði Ólafs konúngs helga; þvíat Finn var sun Ketils kálfs af Ríngunesi af Heiðmörk, ok Gunnhildar systur Ólafs konúngs. Þeir skjóta báti, ok róa til konúngs-skip-sins; ok heilsaði Loðinn konúngi. Konúgr spurði hversu lengi þeir hefði í hafi verið. Loðinn svarar: “Sjau nætr.” Konúgr spurði: “Urðu þèr við enga nýlundu varir?” Loðinn svarar: “Engi nýlunda þykki mèr nú.” Þá vindu<sup>2</sup> hans kumpamar láti-num. Þá mælti konúgr: “Eigi þykkir þínum mömum sem þú segir satt; ok seg nú.” Loðinn svarar: “Þá er vèr höfðum siglt tvær nætr undan landi, þá sáum vèr eld brenda; hann var svá langr, at vèr sáum fyrir hvárngan enda; hann var blár sem einn logi; hyrr var inn bezt, ok mátti hvergi hjá sigla. Var mitt ráð, at sigla þar á eldinn sem vèr kómum at, ok lægstr var loginn. Vèr [kendum] hita af eldinum, ok brann hvárt-tveggja skautið ok . . . .<sup>3</sup> skautin ok líkin með nýrri Grænenskri.<sup>4</sup> Ok er vèr höfðum siglt [iij. dægr kom] ský-flóki yfir skip vart; þar fylgdi svá mikit myrkr, at menn sá eigi hendr sínar. Þá heyrðu vèr brest mikinn; ok leit ek upp; var þá ský-flókinn sundr brostinn, ok blæddi ór hvárum-tveggja . . . með stóru fors-falli; ok þessi blóð-straur kom ofan í skip vart; ok lét ek setja undir . . .<sup>5</sup> ok má þat blóð enn hèr sjá; ok er nú saman hlaupit síðan kólnaði; þvíat varmt var þá er ofan kom. Ok er vèr höfðum enn siglt þrjú

<sup>1</sup> *i.e.* Sólundum.

<sup>2</sup> So Cd. *i.e.* unda.

<sup>3</sup> Cd.; here something must be wanting.

<sup>4</sup> *Grænenskri*] thus, “tjörú,” or the like being understood.

<sup>5</sup> ker or byttu, or the like.

“ dægr, þá heyrðu vèr gny mikinn. Vèr sáum þá marga  
 “ fugla fljúga, sem ek veit þar nöfn til í Noregi;  
 “ flugu þeir næst oss er [stærstir] vóru; þeir gullu ok  
 “ klökuðu með mikilli gleði. Þessi flaug vanzt um  
 “ eina eykð dags, svá at ei mátti sjá heiðan himin  
 “ fyrir; ok flugu þó aldri enir sömu. Síðan sigldu  
 “ vèr í tvau dægr áðr vèr kómmum at landi í gær-  
 “ kveld. Þá sáum vèr ena sömu fugla fljúga vestan  
 “ [um haf]; vóru þá brottu allir enir stærstu fuglarnir.  
 “ Flugu þeir þá allir þegjandi, ok svá sem sorgfullir.  
 “ Ok er þeir kómu at landi, dreifðust þeir, ok set-  
 “ tist sèr hverr. Nú hefi ek yðr ekki meina at segja.”  
 Konúngr mælti: “ Leyna vildir þú mik þessu, þar þú  
 “ kallaðist ekki sèð<sup>1</sup> hafa.” Svarar: “ Svá sagða ek,<sup>2</sup>  
 “ herra, at mèr þótti þetta nú engi undr, er ek veit  
 “ yðr ferð ráðna ór landi.” “ Hvar fyrir?” sagði  
 konúngr. Loðinn mælti: “ Því at þèr munuð eigi apr  
 “ koma; en þess er vón, at mikil furða verði fyrir  
 “ slíkra höfðingja fráfalli.” Konúngr mælti: “ Viltú  
 “ fylgja mèr?” Loðinn svarar: “ Þèr verðit at ráða;  
 “ en sækja má ek lík yðarra manna, þeirra er látaz.”  
 [Konúngr svarar]: “ Betra man mèr til manna verða  
 “ meðan ek lifi; en því mantú fara verða, at þú  
 “ kallast vita um vórar ferðir.” Þá mælti konúngr:  
 “ Þikki þèr, Tosti, þetta nokkur undr?” Tosti segir:  
 “ Hefði fyrir merkan mann borit, þá væri þetta ný-  
 “ breytni.” Loðinn segir: “ Myklu mundi kaupanda,  
 “ at þú, Tosti, lygir eigi fleiri lygir millim landa,  
 “ en ek.” Konungr gaf Loðni orlof.

18. Hugi hèt prestr, er söng a Avallnesi (!), í Körmt.  
 Hann dreyndi eina nótt, at hann þykkist sjá í kirkju-  
 garðinn, ok sýnist hónum allt þat fólk á fótum er þar  
 var jarðat. Þeir höfðu einn mann millim sín, ok

<sup>1</sup> sèð] From hence the text is taken from the vellum II. itself.

<sup>2</sup> at, add. Cd.

brundu hvárir til sín; en annan veg kirkjuunar höfðu þeir annan mann, ok togaði þann hverr til sín. Þaðan gekk fram<sup>1</sup> kona ok til prestzins, hon var alber. Prestur spurði, hvat sukki þar væri. Hon svarar: “Lík kemr “ þat til kirkju í morgin er sól er í landsuðri, er “ hvárigir vilja við taka; en þat man koma at miðjun “ degi, er allir vilja til sín draga; en þat lík er fyrr “ kemr, vilda ek at grafit væri í austanverðum kirk- “ jugarði; en þat er síðarr, kemr, vilda ek at grafið “ væri fyrir norðan, þar er kirkjan mœtitz ok söng- “ húsið; ok þar munu þèr mannz-bein finna, ok vilda “ ek, at þeim væri hláðit alla vega útan at líkinu, “ þvíat þat eru bein mín.” “Segðú mèr þá,” segir þrestr; “hversu man konungi várum farast ór “ landi?” Hon svarar: “Fellr hann.” Prestur spurði: “Hverr man þá ráða ríki?” “Frilleifr,” segir hon. “Hvé lengi ræðr hann?” segir prestur. “Sjau vetr “ ok xx.,” segir hon. “Hvat tekr þá við,” segir hann. “Styrlaugr man þá koma,” segir hon. “Hversu “ lengi man hann ríkja?” segir prestur. “Tíu vetr,” segir hon. “Hvat tekr þá við?” segir hann. “Góðráðr, “ ok Góðvili, ok Harðráðr,” segir hon. “Hverr verðr “ þeirra langæztr.” “Harðráðr,” segir hon. “[Hvé] “ lengi ræðr hann,” segir prestur. “V. (sic) vetr ok xx.,” segir hon; “en eptir hann verða mörg illvirki. Ok mun “ ek nú eigi segja framarr.” Prestur vaknar; ok koma svá lík um daginn, sem hon sagði. En þar var Ólafur kyrrri, er hon kallaði Friðleif; en Magnús berfættur, þar er hún nefndi Styrlaug; Eysteinn, þar er hon nefndi Góðráð; en Ólafur, þar er hon nefndi Góðvilja; en Jórsala-Sigurðr, þar er Harðráðr var. En guð fyrir- bauð, at hon segði þau illvirki, er síðarr urðu görr.

19. Nú er þar til at taka, at Haralldr konungur siglir á haf með her sinn; kom hann fyrst til Orkneyja, ok lét þar eptir Mária dóttur sína ok mart fólk

<sup>1</sup> fram] fra, Cd.

annað. Þaðan siglir konúgr til Englandz; ok kómu at Skarðaborg. Þá fëll veðrit í logn, ok lágu þeir þar um nóttina. Menn vöknudu við þat er kveðit var í lopti; ok þótti hverjum sem yfir sínu skipi væri. Allir líta í loptið, ok sjá eina trollkonu ríða vargi í loptinu. Hon hafði trog í kujám sèr, fullt með blóði ok manna-lima. Hon kvað vísur iij. þessar.

“ Víst er að allyvaldr austan eggjazt vestr að leggja  
 “ mót við marga knútu, (mínn snúðr er þat) þrúða:  
 “ Þar man val-þiðurr velja (veit hann ærna sèr beitu),  
 “ steik af stóði Gjúka stamns: Fylgi ek þar jamnan:  
 “ stamns, fylgi ek þar jamnan.

“ <sup>1</sup> Stór taka fjöll at falla, <sup>2</sup> ferr sótt um kyn dróttar;  
 “ eyðizt friðr, en fæðizt fjánd-hugr, meðal <sup>3</sup> landa;  
 “ Vera mun ek yðr sem öðrum augrljóða-söm þjóðum  
 “ ylgr nemr suðr at svelgja sveita, urðr um heitin:  
 “ sveita, urðr um heitin.”

“ Skóð lætr skína randan skjöld, er dregr at hjaldri;  
 “ brúðr sèr Aurnis jóða úfór konúngs görva:  
 “ Svíptir sámleitr kjóptum svanni holdi <sup>4</sup> manna;  
 “ úlf s munn litar innan óðlát konan blóði:  
 “ óðlát konan blóði.”

Konúgr spurði Tosta, hvárt hann vakir. Tosti svarar: “Vaknað hefir ek nú við ljóðan þessa.” Konúgr mælti: “Þikki þèr nokkurr vert umi þetta?” “Einkis,” segir Tosti. “Þú ertú dauðr í hjartanu,” segir konúgr, “þvíat ek hefir í mörgum bardögum verið, ok sá ek aldri fyrr slíkar bendingar.” Þeir taka land, ok ganga þar upp sem Klifönd heita. Konúgr spyr Tosta: “Hvat heitir hæð sú, er þar er norðr á landit?” Tosti segir: “Eigi er hverri hæð nafn gefit.” Konúgr segja: “Nafn man þó þessi eiga, ok skaltú segja mèr.” Tosti segir: “Þat er haugr Ívars beinlausa.” Konúgr svarar: “Fáir

<sup>1</sup> This stanza is found only here. | <sup>3</sup> *meðal*] meðar, Cd.  
<sup>2</sup> *falla*] fjalla, Cd. | <sup>4</sup> *holdi*] blóði, Cd.

“ hafa þeir sigrað England, er at hans haugi hafa fyrst komit.” Tosti segir: “ Forneskja er nú at trúa slíku.”

20. Þeir ganga á land með herinum, en sumir geyma skipa. Þeir bræðr, Möru-kári jarl ok Valþjófr jarl, ok Áki mágr þeirra, samna her saman þegar þeir spyrja til hers Norðmanna. Þeir mættuz við á þá er Úsa heitir; ok tekzt þar en hardasta orrosta, ok hëlzt framan til nóns. Þá hafði Eysteinn gengit í gegnum fylkingar enna Ensku, ok drepit Áka enn mikla. Sèr hann þá, at Möru-kári hefir gengit á bak fylking Tosta; snýz hann þá með sínum mönnum á bak fylking Möru-kára. Ok er jarl Möru-kári sèr þetta, biðr þá sína menn snúaz at bökum, ok verjaz vel ok drengilega. Ok um síðir brestr flótti á haus mömmu, ok flýja út á ána; ok er Möru-kári jarl þar drepinn, ok mestr þori fólks hans. Margir sukku ok niðr. Í þann tíma hafði Haraldr konúgr hand-tekið Valþjóf jarl. Þá gengr Tosti til konúngs ok mælti: “ Láti þá eina för fara bræðr.” Konúngr svarar: “ Þá skaltú drepa, er þú fangar, en ek man hónum ráða.” Konúngr mælti til Valþjófs: “ Ek man gefa þèr grið, ef þú vilt þess sverja at berjast aldri móti mèr, ok gera mèr njósu, ef þú veizt mèr sandcægris svik ráðin.” Valþjófr segir: “ Eigi man ek sverja; ok eigi man ek þat mèr til lífs vinna at veita eigi Haraldí bróður mínum, meðan ek má; en gera man ek þèr njósu ef ek veit þèr svik ráðin, ok vinna þat til lífs mèr: en eið man ek engan vinna, þvíat mèr lízt sen.” Tosti muni mèr litla erfð ætla.” Konúngr gat Valþjóf liðugan at fara hvert er hann vildi. Tosti segir: “ Úvitrlægt bragð, at láta þann mann lausan fara er yðr þikkiz ofgóðr eiða at vinna.” Konúngr mælti: “ Betri ætla ek heit hans, en handsöl þín.” Tosti mælti: “ Förun með her várum til Lundúna, ok eyðum landit með eldi ok jární, ok gefum [engum] manni grið, hvárki konum nè börnum.” Svá var gört. Ok eptir þat fara þeir til ok skipa

suðr með landi, ok leggja skipum sínum upp til Rafuseyrar. Hvárki finna þeir þá fyrir sèr í þorpum] menn nè fè, svá flýr allt undan. Ok einn dag, er konúngr lá í einni höfu, þá reið ein kona af landi ofan, ok spurði at<sup>1</sup> Norðmanna-konúngi. Konúngr sagði til sín. Hon mælti: “Ek hefir landtjald er ek vil gefa yðr.” Tosti mælti: “Þigg þú tjaldit, ok lát brenna þat síðan.” Konúngr mælti: “Brenn þat er þer er gefit, en ek “ verð ekki varr við at landz-menn þínir bjóði þer “ nökkorar scemðir.” Ham biðr láta setja upp tjaldit; Ok sögðu allir eitt um, at eingi sá jam-vænt tjald. Konúngr spyr hver laun hon vill hafa fyrir tjaldit. Hon svarar: “Sunu á ek tvá, ok vilda ek þiggja þeim “ báðum líf.” Konúngr sagði, at bæði skyldi grið hafa menn hennar ok fè, ef hann vissi hvar þat væri. Hon reið síðan í brott. En konúngr sefr í tjaldinu þá nótt. En um morgoninn segir konúngr Þjóðólfi skáldi, at hann hyggir Tosta þat satt hafa sagt, at tjaldit mundi eigi vera atkvæða-laust, “Því at ek þikkjumz sèð “ hafa sjau ráð til hvers-vetna hær til, en nú þikkiz “ ek engi ráð kunna.” Þjóðólfr svarar: “Yðrum ráðum “ munu vèr þó hlíta.” Konúngr mælti: “Breyta skal “ nú ráðunum; ver skulum ganga á land með xx. hund- “ ruð mamma, en sex tígir hundraða skulu vera við “ skipin; skulu þá formenn vera þeir bræðr, Eysteinn “ ok Nikulás. Tosti skal fylgja mèr.” Svá gerir konúngr, at hann gengr á land, ok brennir. Ok er hann kemr at þeim stað er Jork heitir, þá senda staðar-menn honum boð, at þeir vilja gefaz í hans vald; þeir binda þat með erðum. Þetta þiggir konúngr. Ferr hann síðan til skipa sinna. En um morgininn skyldi hann ganga á land at skipa sínum mönnum staðinn, ok lá konúngr at skipunum nóttina eptir.

21. En þegar dagr kom, lýsk konúngr at ganga á land til staðarins. Þeir hafa skjöldu ok hjálma, en engar

<sup>1</sup> at] af, Cd.

brynjur, útan hundrad manna, þat er léttast var á sèr. Tosti mælti: “Þetta er mikit ráðleysi, at ganga nálíga  
 “ vápnlauss í heudr úvinum sínum, þvíat eigi þurfi þèr  
 “ at trúa Enskum mönnum, ef þeir fá vald á yðr; ok  
 “ illa hefir þèr, konúngr, brugðit við landtjallz-gjöfina  
 “ húsfreyju.” Konúngr mælti: “Hvært hræðiz þú nú,  
 “ Tosti?” Hann segir: “Myklu þikki mèr þetta hræði-  
 “ legra, er þú ert orðinn vitstoli, enn þat er vísur  
 “ hafa verið kveðnar fyrir oss.” “Ek skal þó ráða,”  
 segir konúngr. Svá var Tosti óvinsæll af Norðmön-  
 num, at engi vildi heyra hann. Þetta sama kveld er  
 Haraldr konúngr fór til skipa með Norðmanna-her  
 kom Haraldr Guðmasun með úvígjan her summan af  
 Englandi til Jorkar; ok frá þar söm tíðindi til Norð-  
 manna. En þegar staðar-menn vissu, at konúngr var  
 kominn, þá rufu þeir öll heit við Norðmenn, ok fóru  
 í her með Haraldi konúngi. Ok þegar un morguninu  
 rærir (sic) [hann] her sinn ofan til Steinfurðu-bryggju,  
 er nú er kallað Stamford (sic); ok fara nú hvárir  
 móti öðrum. Haraldr konúngr Sigurðar [son] mælti:  
 “Hvært er at sjá upp á landit hvirtil-vindr eða jóreykr?”  
 Tosti svarar: “Víst er jóreykr; ok munu þèr nú sjá  
 “ trúnað landzmannanna.” Konúngr stöðvar herinn, ok  
 bíðar; ok sèr skjótt at [ú]vígr herr vápnadr ferr móti  
 þeim. Í þenna tíma kom einn maðr ríðandi, ok  
 spurði eptir Haraldi konúngi. Hónum var sagt til  
 hans. Tosti mælti: “Þar er nú Valþjófr bróðir minn,  
 “ ok drepi hann!” Konúngr fyrir-lyfðr þat. Valþjófr  
 ríðr fyrir konúng ok heilsar hionum, ok bíðr hann  
 víkja sem skjótast til skipa sinna, “Þvíat Haraldr  
 “ konúngr, bróðir minn, ferr móti yðr [með] úvígjan  
 “ her; ok hafi þèr ekki atl til viðr-töku, þó at þèr  
 “ verið væpnðir, en nú enn síðr.” Konúngr mælti:  
 “Far vel, Valþjófr, ok fylg vel bróður þínum, ok hefir  
 “ þú vel haldit þín orð.” Konúngr spurði þá hvat til  
 ráðs skyldi taka; ok vóru þeir flestir, at báðu, at  
 konúngr færi til skipa í mót fólki sínu. Konúngr

svarar: "Aldri flýða ek enn orrostu-laust, ok eigi " skal ek enn; því at ek ann eigi þess sigrs Enskum " mönnum, at ek sè bæði elltr ok drepinn." Sendir hann þá menu til skipa, at segja Eysteini orra, at hann þarf manna við. En hann lætr blása, ok skipar fylkingar. Nemr þá ok inn Enski herrinn stað, ok skipar sínar fylkingar. Var þá ok litlu lengra millin þeirra en tvau ördög. Ok í þenna tíma ríða þrír menn at fylking Norðmanna, ok spurðu ef Tosti jarl mætti heyra mál þeirra. Einn af þeim, sá er talaði, var ekki mikill maðr, ok lætt-vaxinn, ok allra manna kurteisast, ok hafði gyltan hjálm, ok rauðau skjöld, ok dreginn á haukr með gulli. Annarr maðr var allra manna mestr ok sterkligast ok manna sæmilegastr. Þriði var hárr maðr ok mið-mjór ok herði-breiddr. Sá reið síðarst. Tosti bað hann tala hvat hann vildi. Riddarinn mælti: "Haraldr, bróðir þinn, sendi þer " guðs kveðju, ok bauð þer sættir." Tosti segir: " Hvat býðr hann nú framarr en fyrr?" Riddarinn segir: " Hónum þykkir nú minni boða vert, er slíkt er " af gert." Tosti segir: "Ekki munu vèr þat bæta " með fè; en hvat er nú boðit?" Riddari segir: " Hann bauð, at þú skyldir hafa fimtúng Englandz, " en hann skyldi hafa bótalausn bróður sinn; en þat " er þer hafit gert til skaða í landinu, þá kvezt hann " þat mundu bæta." Tosti segir: "Ekki þigg ek " þetta." Riddari mælti: "Eigi skal ek því leyna, " hvat hann sagði at framast skyldi bjóða, at heldr " vildi hann bjóða þer hálf England, en þið þrættið " með bardaga, ok þar með konúngs-nafn." "Hvat " vill hann þá bjóða Haraldi konúngi af Noregi?" Riddari segir: " Af því at hann unði eigi sínu ríki, " þá skal ek gefa hónum af Englandi hálfu fjórðu alin " á lengd, ok því meira sem [hann] er meiri en " meðalmaðr; en ekki fær hann hær meira, því at " mærr er úvant við hann." Tosti mælti: " Of seint " hafa þessi boð fram komið; en þat hefi ek heyr



“ Norðmenn þat (sic) opt mæla, ef mēr væri góð boð  
 “ boðin, at ek mynda þegar við þeirra mál skiljaz;  
 “ en nú skal þat eigi vera.” Riddari mælti: “ Þær  
 “ bað konúgr þá alla ábyrgð á hendi binda.” Ok  
 víkr síðan brott. Haraldr konúgr Sigurðarsun reið  
 á hesti svart-blesóttum, ok sagði fyrir hversu fylkja  
 skyldi, meðan þeir töluðuz við. Í því fëll hestrinn  
 undir konúgi, ok ferr svá þrysvar í ríðinni. Konúgr  
 mælti: “ Hví skal nú svá, Ólafir bróðir!” segir hann.  
 Tosti hlær ok mælti: “ Ætlar þú at Ólafir konúgr  
 “ felli hestinn undir þær?” Hann segir: “ Eigi man  
 “ ek annars mannz meirr at gjalda en þín, ef hann  
 “ lítr af mēr.” Hann stígr af hestinum, ok gengr í  
 fylkíngina. Konúgr mælti til Tosta: “ Hverr var  
 “ riddari þessi, er talaði við þik?” Tosti segir:  
 “ Haraldr konúgr, bróðir minn.” “ Hví sagðir þú  
 “ þetta svá seint?” segir konúgr. Tosti segir: “ Eigi  
 “ vilda ek svíkja hann, þar sem hann reið á trúnað  
 “ minn.” [Konúgr mælti]: “ Hann er hæverskr maðr  
 “ ok góðmannlegr, ok stendr nú vel í stigreip, ok man  
 “ þó ekki lengi löndum ráða. En hverr var til  
 “ hvárrar handar honum?” Tosti segir: “ Helgi Hein-  
 “ rekssun var annarr; en annarr heitir Bjarleifr.”  
 “ Lítil ván var mēr þess mannz hær,” [segir konúgr.]  
 “ Þvíat ek kenni manninn; ok eigi munda ek híngað  
 “ herferð farið hafa, ef ek vissa hann á lífi.” Tosti  
 segir: “ Engu man oss þat varða.” Þá spurði Haraldr  
 konúgr Guðinasun Leifr: “ Hverr sá var hinn mikli  
 “ maðr er hestrinn fëll undir?” Leifr svarar: “ Þat var  
 “ konúgr Norðmanna.” Konúgr segir: “ Hann er  
 “ grimmelegr maðr, ok eigi langelegr, þvíat ek get  
 “ hiðna nú hans daga.” Noregs-konúgr hafði svá  
 fylkt, at hans menn, þeir er skjöldu höfdu, skyldu  
 standa í hríng, ok horfa út allir: “ En þeir er hlífar-  
 “ lausir eru, skulu standa innan í ok vega út hjá  
 “ hinum.” En er saman [sigu] fylkíngar, þa kringja

Enskir menn um fylking Norðmanna. Hemíngur hafði sagt nafn sitt ok allt hvat yfir hann hafði liðit áðr hann fór til bardagans. Slá þá Enskir menn upp her-ópi. Þá kvað Haraldr konúngur Sigurðarson visu :—

“ Fram göngu vèr í fylkingar  
 “ brynju-lausir undir blár eggjar :  
 “ Hjálmar skína, hefkað ek mína ;  
 “ nú liggir skraut vart at skipum niðri.”

“ Illa er nú kveðit,” segir konúngur, “ ok skal um boeta ” :—

“ Krjúpu vèr fyrir vápna val-teigs brökum eigi,  
 “ (svá bauð Híldr) at hjaldri (haldorð) í bug skjaldar :  
 “ Hátt bað mik þar er mættusk men-spöng bera löngum  
 “ Hlakkar íss um hausea hjálm-stofn í gný málma.”

Haraldr konúngur Sigurðarsun bað sína menn ekki berjaz<sup>1</sup> ákaf, en standa fast, ok felmta ekki. Enskir menn hefja þá atsóku ; en Norðmenn verjaz svá vel, at ekki gengr á. Þá mælti Haraldr konúngur Guðinasun við Helga Heinrikssun : “ Hvat skal þat til ráðs taka, “ at brygðiz<sup>1</sup> staðan þeirra ; þvíat vón er skjótt, at þeim komi lið frá skipum ; ok man eigi þá vel “ seekjaz er nú vinst ekki at ; ok hafa þeir riðul “ einn manna.” “ Vèr skulum,” sagði Helgi, “ seekja “ at sem röklegast ; ok ef þá vinnst ekki at, þá “ skulu vèr leita frá ; ok má, at þeir ætli at vèr flý- “ jum ; munu þeir þá rjúfa fylkingina ok seekja eptir ; “ ok síðan skulu vèr snúaz í móti sem skjótast.” Ok svá gerðu þeir. Ok er Norðmenn sá, at þeir viku undan, þá sóttu þeir eptir ; ok er hinir sneruz við, þá gátu þeir eigi komið stöðunni á annað sinn. Var nú bardaginn mannskæðr ; en þar sem þeir stóðu, Haraldr konúngur ok Tosti, gekk ekki á. Þá mælti

<sup>1</sup> *brygiz*] bryðiz, Cd.

Haraldr konúgr Guðinasun til Hemíngs: “Hvar kemr  
 “nú hæfni þín ok harðskeyti, er þú skýtr eigi kon-  
 “únginn þar sem þú einkennir hann.” Hemíngr  
 segir: “Ekki dyl ek, at ek kenna hann; en eigi þori  
 “ek at skjóta hann fyrir Ólafi konúngi.” “Eigi  
 “veit ek,” segir Haraldr konúgr, “til hvert þú fórt  
 “til bardagans, ef þú vilt ekki at gera. Nú skjóttú  
 “svá, at ek mega kenna hann, af því at ek þori fyrir  
 “Ólafi konúngi at skjóta hann.” Hemíngr skýtr þá  
 at konúngs með möllu-ör; ok kom á hváptinn, ok  
 læsti örina í holdinu. Konúgr skar þegar ór örina.  
 En af þessu varð konúgr auðkendr. Haraldr Guðina-  
 sun skýtr þá í óstinn á Haraldi konúngi. Sezt þá  
 konúgr niðr. Hann mælti til Þjóðólfs skálds: “Farðu  
 “lingat, ok sezt undir höfuð mēr; lengi hefir ek þínu  
 “höfði upp haldit.” Tosti gékk at konúngi, ok spurði  
 hvárt hann var sárr. Konúgr svarar: “Lítið járn  
 “var mēr sent; en þess vænti ek, at þat hafi eigi til  
 “enkis erindis ór affi verið borið. Vil ek at þú  
 “takir sættir af bróður þínum, en ek man þiggja þat  
 “af ríkinu sem mēr var boðit í morgin.” Tosti  
 segir: “Einn karl skulu við báðir gista í kveld.”  
 Konúgr segir: “Þar getr þú þess karls er ek vilda  
 “aldri gisting at þiggja.” Ok síðan sálaðiz konúgr.  
 Enskir menn æpa þá heróp; ok segja, at Norðmanna  
 konúgr er fallinn, ok bjóða Tosta sættir. Tosti þríf  
 þá merkið; ok segir, at þat skulu þeir finna, at  
 eigi eru allir Norðmanna-höfðingjar fallnir: “Meðan  
 ek má vega.” Ok heldr Tosti nú upp bardaganum  
 um stund. Þá mælti Hemíngr: “Hví eggji þer  
 “mik eigi nú at skjóta, herra.” Konúgr segir:  
 “Þvíat ek vil eigi ráða bana-ráð bróður mínum.”  
 Hemíngr svarar: “Þat er undarlegt, er þer vilið láta  
 “drepa niðr menn yðra; ok senda man ek honum  
 “eina sendíng, ef þer fyrir-bjóðit eigi.” Konúgr  
 segir: “Eigi man ek nú manna-hefnd láta fyrir koma  
 “þó at honum sé geigr unnim.” Þá skýtr Hemíngr  
 í auga Tosta. Þá mælti Tosti, er hann fékk skotið:

“ Þessi markaði mik guði,” ok dó þegar. Haraldr konúgr býðr þá grið Norðmönnum. Í þann tíma kom Eysteinn orri, ok spurði Þjóðólf skáld hver tíðindi þar vóru orðin. Þjóðólfr kvað:—

“ Öld hefir afrað goldit illt ; nú kveð ek her stiltan ;  
 “ bauð þessa för Þjóðum þarflaust Haraldr anstan :  
 “ Svá lauk siklíngs æfi snjallz, at vèr erum allir  
 “ (lofðúngr fèkk enn leyfði lífs-grand) í stað vandum.”

Eysteinn mælti: “ Göngum fram rösklega ; ekki skal  
 “ hlífaz við, þóat vèr ætlaðim annað eptir at taka  
 “ hær en<sup>1</sup> beina-lag.”<sup>2</sup> Hlaupa þeir svá hart fram, at á  
 bak gengr öll fylking Enskra manna. Þeir segja  
 konúngi, at nú er eigi við menn at eiga. Konúgr  
 svarar: “ Menn eru þetta, ok fjör hafa þeir.” En er  
 þeir höfðu lengi barðs,<sup>3</sup> þá mælti Nikulás: “ Eigi  
 “ megu vèr valda sókn þessi lengi sakir mæði.”  
 Eysteinn svarar: “ Satt er þat ; ok því skulu vèr leita  
 “ oss ráðs. Vèr skulum hoga at skóginum, en Enskir  
 “ menn mu[nu] eigi mjök eptir sækja, þvíat þeir  
 “ munu verða fegnir hverri hvíld er á verðr ; skulu  
 “ vèr þá fara af herklæðunum, ok hefja síðan sök-  
 “ nina ; ok skal hverr vár vinna til frægðar, en eigi  
 “ til langlífis.” Þetta kváðuz allir gjarna vilja. Ok  
 taka þeir nú þetta ráð. Nú cepra Enskir menn, ok  
 ljóða frið Norðmönnum. Þá hleypr Eysteinn fram ok  
 Norðmenn ; ok segja, at þat skulu þeir finna, at  
 Norðmenn vilja eigi grið hafa. Tekzt þá bardagi af  
 nýju ; stökkva þá Enskir menn hundruðum brott frá  
 konúngi. Nikulás Þorbergsson berzt við Helga Hein-  
 riksson, ok sækir Nikulás svá fast, at Helgi má  
 ekki annað en hoga undan, ok verja sik ; en Eysteinn  
 orri sækir at konúngi ok Valhjófi. Svá var sá bar-  
 dagi harðr, at jamnan er Orra-hríð við brugðit síðan  
 í Englandi, þá er mann-raunir verða. Verðr þá mikít

<sup>1</sup> hær en] en hér, Cd.

<sup>2</sup> i.e. beina-leg.

<sup>3</sup> i.e. barzt.

mannfall, ok meira af Norðmönnum, þvíat þeir voru berir fyrir. Þá sèr Hemíngr, at Helgi er yfir kominn fyrir Nikulási. Þá skýtr Hemíngr á þunn-vembið Nikulási, svá at kom annan veg; fell þá Nikulás ok Þjóðólfr skáld, ok fjöldi Norðmanna. Eysteinn hèlt upp orrostunni; ok gekk svá nær konungi, at hann drap merkis-mann hans. Þetta sèr Hemíngr, ok skýtr ör undir hönd Eysteini, ok í hjartað, ok fell [hann] við mikinn orðz-tír. Norðmenn flýðu allir, þegar er Eysteinn var fallinn, þeir er því kómu við. En Enskir menn ráku ekki flóttann. Reið þá Haraldr konúgr eigi með meira lið til Lundúna en með d. manna. Hann fekk menn til at flytja til kirkju lík þeirra manna, sem fallið höfðu, svá Norðmanna sem sinna manna. Hann lofaði ok brott af Rafnseyri Ólafi Haraldz-syni, ok öllum þeim Norðmönnum, sem eptir lifðu.

22. Vilhjálmr bastarðr rèð fyrir Vallandi, sem fyrr var sagt. Hann spyr herferð Haralds konúgs til Englands; hann sendir boð um ríki sètt, ok stefnir til sín miklum her. Þá talar hann fyrir þeim, ok segir: “Yðr er kunnigt hversu fór félagsskapr okkarr “ Haralds Guðina sunar; er mèr nú sagt, at herr gengr “ á ríki hans. Nú vil ek fara með her þenna at “ hefna hans ef honum er nokkut orðit. En mau ok “ eigi annan tíma auðveldra at hefna Haralds þeirra “ skamma er hann hefir mèr gert, ok kalla til Eng- “ landz þóat hann hafi sigraz, þvíat allt hans eð “ vaskasta fólk man vera sárt ok víg-mótt.” En þann dag er Vilhjálmr reið ór Rúðu-borg, þá gekk at honum dróttnúng hans, er hann var á hest kominn, ok tók ístig hans, ok vildi tala við hann; en hann slær hestinn með sporum; ok fellr hon fyrir hestinn, ok hleypr hestrinn ofan á hana, ok fær hon þegar bana. Hann mælti: “ ‘Býsna skal til batnaðar;’ ok er þat “ vænna at fór vár verði góð.” Stíga þeir síðan á skip, ok sigla til Englandz, ok herjar þegar er hann kemr í landit. Svá er sagt, at hann lèt brenna Ívar

enn beinlausa áðr hann tók at herja. Þetta spyr Haraldr konúngr, ok stefnir at sèr mönnum; þá var fólk hans sem sárast. Konúngr býðr þeim at rýma landit, ef þeir þættiz eigi ferir at fylgja hönun; en allir sögðu, at honun vildu fylgja. Konúngr segir: “Upp gefi þèr mik, ef þèr fylgið mèr eigi trúlega.” Þeir sögðuz aldri skyldu við hann skiljaz. Hann stefnir her sínum móti Vilhjálmi. Ok tekz þar harðr bardagi. Sá var xix. nóttum síðarr en Haraldr konúngr Sigurðar sun fell. Þar verðr mannfall mikit af Enskum mönnum, þvíat margir vóru þeir í bardaganum er til enskis vóru færir. Þeir berjaz allan dag. Ok um kveldit fèll Haraldr konúngr Guðinasun; en þeir Hemíngur ok Helgi ok Valþjófr skjóta á svínfýlkíng, ok gengr þar ekki á. Þá mælti Vilhjálmr: “Gefa man ek þèr grið, Valþjófr, ef þú vilt sverja mèr trúnað; skaltú þá hafa föður-leifð þína ok jarldóm.” Valþjófr svarar: “Enga sver ek þèr eiða; en heita man ek þèr trúnaði, ef þú cfnir þetta.”— “At þessu munu vit sættaz,” segir Vilhjálmr. Valþjófr spurði: “Hvern kost skulu þeir hafa, Hemíngur ok Helgi, ef þeir sættaz?” Vilhjálmr svarar: “Helgi skal hafa föður-leifð sína ok jarldóm; hann skal sverja mèr trúnað, ok ráða mèr öll þau ráð, er hann kann gerr at sjá en ek; en Hemíngur skal vera með mèr; ok ef hann er mèr trúr þá skal ek hann mest manna meta.” Valþjófr spyr: “Hvat vili þit til ráðs taka.” Helgi svarar: “Hemíngur skal ráða.” Hemíngur svarar: “Veit ek yðr Enskum mönnum man mál þykkja, at lætti þessum úfriði, en mèr [man] ekki þykkja gaman at lifa eptir þenna bardaga; en þó vil ek eigi lengr halda yðr í háska, enn þèr vilið; en þat vænti ek, at Valþjófi verði skammæ griðin.” Valþjófr svarar: “Betra er at vèr veltum enn trúa engum; ok eigi skulu fleiri látaz fyrir mínar sakir.” Þeir gefa upp orrostuna, ok ganga til griða. Er þá tekinn Vilhjálmr til konúngs, ok þaðan ráða þeir til Lundúna. Valþjófr bað orlofs til

heimferðar, ok fékk, ok reið brott með ellefta mann. Konúgr leit eptir þeim ok mælti: “Úráðlegt er, at láta þann mann brott ríða liðugan er oss vill eigi “eiða sverja; ok ríðit eptir honum, ok drepit hann!” Ok svá gerðu þeir. Valþjófr stè af baki ok fyrirbauð sínum mönnum at verja sik. Hann gækk til einnar kirkju ok var þar drepinn; ok þar er hann jarðaðr; ok hyggja menn hann góðan mann.

23. Nótt þá eptir er Haraldr konúgr Guðinasun var fallinn, þá ók til valsins kotkarl einn ok kona hans, at fletta valinn, ok fá sèr fjár; þau sjá þar stóra valköstu; þau sjá þar bjart ljós. Þau talaz við, ok segja at þar man vera heilagr maðr í valnum; taka þau nú at ryðja valinn þar er þau sá ljósit; þau sjá, at mannz-hönd kom upp ór valnum, ok var á gullhrúgr mikill. Bóndinn tók til handarinnar, ok spurði hvárt sá maðr lifði. Sá svarar: “Lifi ek.” Kerlíng mælti: “Ryð af líkunum! ek hygg þetta konúgrinn “vera.” Þau setja upp manninn, ok spyrja ef hann er grœðandi. Konúgr segir: “Eigi syn (sic) ek at mik “mætti grœða; en ekki geti þit þat gört.” Kerlíng mælti: “Á þat skal hætta.” Þau tóku hann upp, ok lögðu í vagninn, ok aka heim með hann. Kerlíng mælti: “Þú skalt skera ór vöðvana or eyknum ok “af eyrun; ok ef menn koma at leita líks konúgs “til þín, þá skaltú segja, at ek em ær, en hross “þitt hafa rifit vargar.” Þau fægja sár konúgs ok binda, ok leyna honum með sèr. Lítlu síðarr koma þar menn Vilhjálms konúgs, ok spyrja hví hann hefir flutt til sín Harald konúgr lifanda eðr dauðan. Karl svarar: “Þat hefir ek eigi gört.” Þeir svara: “Ekki er at dylja, þviat til þinna húsa liggr blóð- “dreifn.” Karl segir: “Um konúgr yðarn þikki “mèr engi skaði; meiri skaði þikki [mèr] at eykinum “er vargar rifu fyrri nótt er bardaginn hafði verið.” Þeir svöruðu: “Satt man þetta vera, þviat vèr sámm “hèr eykinn rifinn; en þó vilju vèr hèr inn ganga ok

“ rannsaka hvat hær er tíðs.” Karl mælti : “ Mèr þrýtr  
“ eigi illa at ganga ; kona mín varð cer af því at  
“ hon [heyrði] lúðra ok herópit.” Þeir vilja þó ganga  
inn at einu. En er þeir koma inn, þá sat kerling  
við arinn ok át kol ; ok er hon sèr mennina, hleypr  
hon upp ok þrífir skálm eina, ok bannaðt um, ok segir,  
at hon skal drepa þá. Þeir ganga út, ok hlæja at henni,  
ok fara heim við svá búð, ok segja konúngi at þeir  
finna eigi lík Haraldz konúngs. En þau kerling  
græða konúng á laun þar til er hann var heill ; þá  
sendir konúngr kerling til Hemíngs ok segir hón  
honum hvar konúngr var. Hemíngr segir : “ Þyrfti  
“ nú, fóstura, at þú vissir nökkut.” Kerling svarar :  
“ Ekki var ek cer.” Annan dag eptir kemr Hemíngr  
til konúngs, ok verðr þar mikill fagna-fundr ; tala  
þeir þann dag allan. Hemíngr býðr konúngi at fara  
um allt land, ok draga her saman, “ Ok megu þèr  
“ skjótt fá landit undan Vilhjálmi.” Konúngr mælti :  
“ Sè ek at þetta má fram ganga, en of-margr verðr  
“ þá eiðrofi ; ek vil ek eigi, at svá illt leiði af mèr.  
“ Nú vil ek gera eptir dæmum Ólafs konúngs Tryggva-  
“ sunar, at síðan er hann fór úsigr fyrir Vinnlandi,  
“ þá vildi hann eigi fara aptr til ríkis síns, heldr fór  
“ hann út í Grecia, ok þjónaði þar guði meðan hann  
“ lifði. Nú vil ek láta gera mèr einn Ermita-kofa í  
“ Kantarabyrgi, þar sem ek mega sem optast sjá  
“ Vilhjálmi konúng í kirkjunni ; en þann einn skal ek  
“ mat hafa er þú færir mèr.” Þessu játtar Hemíngr.  
Konúngr gefr þeim karli nóga pennínga, en gengr  
síðan í einsetu. Hann er þar svá iij. vetr, at engi maðr  
veit hvat manna hann er, útan Hemíngr ok prestur  
sá er honum skriptaði. Ok einn dag er Hemíngr kom  
til Haraldz, þá segir hann honum, at hann hefir sótt  
fengit þá er hann man til bana leiða. Ok einn dag [er]  
Vilhjálmr konúngr sat yfir borði, þá heyrðuzt hrúng-  
íngar um allan staðinn. Konúngr spyr hví svá fag[rt]  
hrúngi. Hemíngr svarar : “ Ek get at múnkr einn sè



“andaðr sá er Haraldr lét.”—“Hverr Haraldr er sá?” segir konúngr.—“Guðinasun,” segir Hemíngr.—“Hverr hefir hann varðveitt?” segir konúngr. Hemíngr svarar: “Ek hefir þat gert.” “Ef þat er satt,” segir konúngr, “þá skal þat vera þínn dauði; en sjá vilju “vèr lík hans.” Gengr hann síðan í kofann þar er líkit lá; var þat þá berað; kendu þá allir Harald konúng. Líkit var fagrt ok þekkileg[t], ok kendu menn þar sætan ilm, svá at allir undirstóðu þeir er hjá vóru at hann var sannheilagr maðr. Konúngr spurði þá Hemíng hvat hann vildi sèr til lífs vinna. Hemíngr spyr: “Hvers beiðiz þèr.” Konúngr [segir]: “At þú sverir mèr þess [eið], at þú skalt vera mèr “jam-trúr um alla hluti sem Haraldr konúngi, ok “fylgja mèr svá sem honum.” Hemíngr segir: “Heldr vil ek deyja með honum en lifa með þèr; en “löngu máttu ek þik svikit hafa ef ek hefðu viljað.” “Þat er sannast,” sagði konúngr, “at er einum vas- “kasta manni færa í Englandi, ef þú ert drepinn; vil “ek nú bjóða þèr, at gera þik framastan barun í “Englandi, ok vera í minni hirð, ok stjórna henni “allri; ella vil ek gefa þèr, ef þú vilt eigi þetta, iii. “punda ingjald á hverjum xij. mánuðum, ok ver hvar “í Englandi er þèr gótt þikkir.” Hemíngr þakkaði konúngi boð sín, ok mælti: “Þat vil ek þiggja, at “vera í Englandi, en góðs lystir mik eigi at eiga “hèðan af; en þess vil ek biðja yðr, at þèr lofið “mèr ok gefið þenna sama kofa, ok vil ek hèr minn “aldr enda.” Konúngr þegir langa stund ok mælti: “Af því at þessa [er beðit] af hreinu brjósti, þá skal “þetta veita þèr.” Síðan lét Vilhjálmr klæða lík Haraldz konúngs með konúngs skróða, ok lét gera hans útferð sem sæmilegsta; ok var hann jarðaðr með enni mestu sæmð. Litlu síðarr gekk Hemíngr í fyrr-nefnðan kofa, ok þjónaði þar guði til ellidaga, ok varð um síðir sjónlauss, ok andaðizt í þeirri einsetu. —Ok lýkr þar nú frá Hemíngi at segja.

## D.—JATVARÐAR SAGA.

Hinn helgi Játvarðr konungr í Englandi var son Aðalráðs konungs Etgeirs sonar, er fyrstr var einn konungr yfir Englandi. Af honum heyrði hinn helgi Dunstanus biskup engla-söng í lopti á hans burðar-tíma, meðr þeim hætti, at á hans dögum mundi heilög kristni fá frið ok framgang í Englandi. Móðir hins heilaga Játvarðar var Emma dróttning, dóttir Ríkarðar hertoga af Norðmandí; hón var systir Roðbertz er kallaðr var *diabolus*; hann lét hertogadóm, ok gékk í heremíta-líf. Hinn helgi Játvarðr elskaði þegar á unga aldri helga kirkju ok tíða-gerð, klaustra at vitja, ok þá múnka at elska er hönnum þóttu helgastir ok siðsamastir, svá ok ágætar ölmusur at gjöra þeim er vóru fátækir ok þurftugir. Hann hafði jafnan ákall til almáttigs Guðs í sínum bænum, ok hans heilagra manna. En þó tignaði hann framast næst guði vára Frú, sanctam Mariam; þar næst Pétr postula sem sinn einkanligan fóstr-föður, ok Johannem ewangelistam svá sem gæzlu-mann þess hreina lifnaðar er hann hélt alla sína æfi; því at svá segja sannfróðir menn, at þær þrjár meyjar, er hann fékk sér til eigin-kvenna, hverja eptir aðra, héldu hreinlífi af hans fortölum alla sína daga. En eptir Roðbert móður-bróður hans, er sik hafði frá skilit ríkinu, tók hertogadóm í Norðmandí Viljálmr, son hans, er kallaðr var bast-harð; en hann var þó eiginkonu-son, ok hét móðir hans Gunnhíldr, dóttir Etgeirs konungs, ok var systir Aðalráðs konungs; en allir hertogar í Norðmandí,

fyrir hann, vóru frillu-synir, ok var hann því bastharðr kallaðr sem allir hans forellrar. Þeir gjörðu frið sín í millum, Viljálmr bastharðr, ok Balldvin hinn mildi, greifi af Flandr; ok hét greifinn at gipta hönnum dóttur sína Matthilldi. Ok sem hertoginn kom til greifans at sjá jungfrúna, ok hann talaði til hennar blíðliga, ok kallaði hana sína "*amio*." Þá svarar jungfrúin: "Ærr ertú, vallari, er þú hyggst at ek, komin af konunga-ætt, munu (sic) vilja giptast einum bastharði." Þá reiddizt þessi hinn ungi hertogi, ok tók í hár henni, ok felldi hana til jarðar, ok trað hana undir fótum, svá mælandi: "Eigi er ek bastharðr nema at auk-nefni." Hijóp hann síðan á hest sinn, ok reið brott skyndiliga. Greifinn ok hans kona huggudu jungfrúna, ok létu henni, at þau skyldu gipta hana innan mánaðar hertoga af Saxon. Jungfrú svarar: "Engum skal ek giptast á mínum lífdögum nema þeim er ek var heitin, þvíat eingi má at mínum dómi við hann jafnast?" Eptir þetta sendu þau greifinn menn eptir hertoganum, at kalla hann aptr. Hertoginn hugði, at þeir mundu vilja taka hann aptr með forz; ok af því hjó hann einn þeirra sundr í miðju einu höggi. En þeir sögðu, at greifinn vildi honum ekki nema gótt, ok festu honum þar til trú sína. Sneri hertoginn þá aptr með þeim í borgina, ok fagnaði greifinn honum vel, ok gjörði hann í þeirri ferð Matthilldi, dóttur sína, festar-konu hertogans, ok veitti brúðhlaup þeirra með hinni mestu vegsemd. Ok fór [hertoginn] síðan heim í Norðmandi.

2. Nú er at segja frá hinum helga Játvarði konungi — at öll Kristni í Englandi gladdizt af því frelsi, er þeir höfðu fengit eptir Knút konung [hinn ríka ok sonu hans], at taka Játvarð til konungs, er kominn var af [rétttri ok] fornri konunga-ætt í Englandi; þvíat í hans kóronan fékk heilög kirkja frjálsi, ok höfðingjar framgang, en alþýðan frið ok frelsi; víkingar ok ránsmenn niðran ok refsing. Margir hlutir urðu merki-

ligir í hans lifnaði um jarteigna-gerðir hans ok spádóm, þótt vér kunnum fátt frá at segja sakir fáfræði ok fjarlægðar.<sup>1</sup>

Þat bar til á einn Hvítasunnu-dag at Pétrs-kirkju í Vestmyst, er hinn helgi Játvarðr hlýddi þar hátíðligri messu skrýddr öllum krúnu-klæðum, at þá er prest-rinn upp hélt várs Herra líkam, kom at hónum hlátr svá mikill, at allir undruðuzt er hjá vóru. Eptir mes-suna spurðu hann menn hvat er völdi þeim fáheyrdá hlátri. Konungr svarar : “ Dana-konungr bjóz með “ útalligum her ok skipa-fjölda at herja á vart land ; “ ok svá sem hann skyldi stíga upp í skip af báti, þá “ féll hann á kaf ok druknaði eptir réttum Guðs “ dómi.” Þá vóru gerfir sendiboðar sem skjótast til Danmerkr, ok prófaðiz þetta allt satt eptir því sem konungr hafði sagt. En með því at þessi Dana-konungr er eigi nefndr, þá þykkjaz fróðir menn í Noregs-konungs veldi eigi [víst] vita, hverr þessi konungr hefir verit ; nema þat er sagt frá orðum Gizurar Hallz sonar, eins hins vitrasta mannz á Íslandi, at þessi konungr hafi verit Sveinn, son Knútz konungs hins ríka ok Alfífu.

Svá bar til enn einn þriðja dag í Jólum, á hátíð Jóhannis Evangeliste, sem konungrinn gékk í pro-cessione, skrýddr krúnu-klæðum, þá sá hann hjá sér svá sem einn pílagrímr (sic) af Jórsölum kominn í fögnum slagningi ;<sup>2</sup> ok sá pílagrímr það konunginn gefa sér nokkut ; en konungrinn kveðz þar ekki til hafa, þat sem hann mætti gefa honum. Pílagrímrinn mælti : “ Gef mér nokkut sakir þess heilags mannz, sem þú “ elskar mest.” Þá minntizt konungrinn á Johannem Ewangelistam, er þá var hátíð af haldin, ok gaf píla-gríminum krúnu-gull sítt ; ok þá hvarf pílagrímrinn.

<sup>1</sup> þótt vér . . . fjarlægðar] at sannfróðir menn hafa rita hátíð á bókum ; en fyrir fáfræði vitum vér varla hvat fyrr eða síðar hefir verit

á hans dögum, ok því segjum vér þat fyrst, er oss þykkir mestrar frásagnar vert, Fl.

<sup>2</sup> slagningi] Fl. ; búningi, Cd.

Næstu nótt eptir birtiz hinn heilagi Johannes einum göfgum manni Enskum herteknum, er þá hafði níu vetr verit hertekinn af Saracinum, ok bauð hönunum at segja Engla-konungi, at sjálfv Johannes Evangelista hafði vitraz honum á sínum hátíðar-degi; ok bað hann fá konungi fingr-gull sítt, at þetta væri satt, ok hann skyldi því síðr ifa er hann sagði. Þá færði hinn helgi Jóhannes hann á einni svipan ok skammri stundu heim í England á sjálfs síns eign, ok hann var skjótt kenndr af sinni húsfrú, börnum, ok frændum, ok hyski; ok hvíldist hann þann dag hjá þeim. En um morguninn eptir fór hann til konungs, ok tjáði konunginum, svá sem allir menn máttu heyra þeir er inni vóru, þau orð er hinn helgi Johannes hafði boðit at hann skyldi konunginum segja. Hann sagði ok innliga frá því, hversu hinn helgi Jóhannes hafði fært hann ok leyst hann á einni momentu af grimmum Saracína þrældómi. Þetta undruðuz allir er heyrðu, ok kveyktuz einkanliga af þessum hinum fáheyrða atburð til lofs ok ástar við hinn helga Jóhannem postula ok guðspjallara, ok til heilagrar hlýðni við hinn helga Játvarð konung.

3. Þat var enn einn tíma á Páska-degi í Vestmust, þá er hinn helgi Játvarðr konungr sat undir borði kórónaðr í milli margra höfðingja; en þessir vóru ágætastir, — Haraldr jarl, ok biskup einn, ok ábóti einn völdugr. Konungrinn hugsaði meirr um himneska hluti enn jarðneska, svá sem [hann] sei í einn spegil þá undarliga hluti, er hann fékk mykinn hlátr af. Ok þá er borðin vóru í brott tekin, spurðu höfðingjarnir, at hverju hann hefði hlegit. Ok svá sem þeir höfðu lengi at spurt, þá svarar hann: “Sjau sofendr, “ er hvíla í fjallinu Celio, ok nú hafa legit cc. ára “ á hægri hlið; en er ek tók at hlæja, sneruzt þeir á “ vinstri hlið; ok svá munu þeir þar liggja fjögur ár “ ok átta tigi ára. Ok hefir þetta at merkja mikla “ úhamingju dauðligum mönnum, þvíat á þessum átta

“ tigi ok iij. árum munu þeir hlutir fram koma, er guð hefir fyrir-sagt, ok verða munu við heims enda, at þjóð man upp rísa í móti þjóð; <sup>1</sup> ok ríki í móti ríki, ok verða stórir landskjálptar ok drepsóttir, hallæri ok himneskar ógnir; þvíat nú verðr úfriðr ok orrostur með heiðnum mönnum ok kristnum mönnum; en kristnir menn skulu vinna stundum sigr á heiðnum mönnum.” Marga hluti sagði hinn helgi Játvarðr þeim, þá er þeir undruðuz hversu hann mátti vita, bæði af þínu sjau sofenda ok álitum þeirra; ok flest þat sem í öngum bókum stendr áðr af þeim ritað; ok sagði þeim frá svá inniliga, sem hann hefði optliga hjá seau <sup>2</sup> sofendum verit staddr. En þrír höfðingjar er þetta heyrðu, ok fyrr var getið, Haraldr, ok biskup ok ábóti, gjörðu sína sendiboða, — jarlinn riddara, biskup klerk, ábóti múnk — til keisarans í Miklagarði. Þeir höfðu með sér bréf ok presentur Játvarðar konungs til keisarans í Miklagarði. Miklagarðz keisari tók sæmiliga við þeim, ok sendi til biskups af Effeso með sínu brèfi, er Girkir kalla sakram, at hann sýndi sendiboðum Engla-konungs líkani hinna helgu sjau sofara. Ok biskup gjörði svá, ok prófazízt (sic) sendiboðum allt eptir því sem hinn helgi Játvarðr konungr hafði þeim sagt. Þat kvóðuz ok Grikkir sverja mega, at þeirra forellrar höfðu svá sagt, at sjau sofarar lægi á hina hægri hlið; en nú, sem prófaðízt fyrir sakir þessa Enskra höfðingja sendiboða, lágu þeir á vinstri hlið. Eptir þetta kom þat fram skjótt sem hinn helgi Játvarðr konungr hafði fyrir sagt um ófrið ok önnur veraldar-áfelli; þvíat Agarene, Arabes, ok Tyrkir, gerðu mykinn úfrið í Siria, Licia, ok Minni Asia, ok eyddu þar margar borgir, Effesum, Jerusalem, sjau ár; ok eptir þat næst á öðrum sjau árum andaðízt [þrír] páfar,—Victor, Stephanus, Nicholas.

<sup>1</sup> [þjóð] [þjóðu, Fl. (dat.).

| <sup>2</sup> [seau] scu, Cd.

4. Þat var á einum tíma á miklum hátíðar-degi, ok Eðvarðr konungr heyrði messu, ok stóð nær einn biskup. Ok þá er upp var haldit líkama várs Herra, sýndiz konunginum sem veri einn ungr sveinn harla fagr. Hann bendi þetta biskupi; þá sem konungi sýndiz hónum ok svá (sic), en eingum fleirum þeim sem nær vóru.

Þat var ok annan tíma, at Játvarðr konungr sat í háseti sínu, at einn kryppill lá fyrir herbergis-dyrum hans, ok sagði svá, at Pétr postuli hefði hann þangat sent, ok kveðit á, at sjálfir konungr skyldi bera hann til Pétrs-kirkju, ok hann mundi þá heill verða. En er þetta var sagt Eðvarði konungi, gèkk hann til hans, ok heyrði sjálfir af hans munni þessi hans orð. Ok fyrir sakir trúfesti ok lítilætis, þá tók hann krypplinginn í fadma sér, ok bar hann til Pétrs-kirkju í Lundúnum, ok setti hann þar niðr. Kryppillinn var þá heill, ok røttr sem laukr. Allir lofudu guð er sá þessa jarteikn.

Svá bar at ok einn hátíðar-dag, þá er Játvarðr konungr sat yfir borði, at í herbergit komu þrír menn, ok vóru tveir blindir, en einn hafði eitt auga, ok sá þó lítið með því. Þeir báðu konung miskunna sér, ok-sögðu hónum vanheilsu sína. Eðvarðr konungr bað þá fá sér handlaugina, er hann hafði tekit eptir mat, ok bað þá strykja um augu sér. Ok er þeir höfðu þetta gört, urðu þeir skjótt heilir, ok fóru fegnir í brott, ok höfðu af heilagleik konungsins fengit fimm augu. Jafnan fengu menn heilsu-bót af handlaug hans, ok af því er hann fór höndum um þá er sjúkir vóru.

5. Í þann tíma er andaðar vóru tvær eigin-konur Játvarðar konungs, þær er báðar höfðu haldit sínum meydómi at hans fortölum: hann fékk hinnar þriðju, ok var sú dóttir Guðina jarls Ulfnaðar sonar, systir þeirra Haraldz ok Tosta ok annarra Guðin-suna. Tóku þeir fedgar þá virðingar miklar í Englandi, ok höfðu allir hina beztu jarldóma í Englandi. Svá segja

Enskir menn, at Haraldr Guðinason hafi fræknastr madr fæz í Englandi, ok beztr riddari hafi verit, bæði at fornu ok nýju. Játvarðr konungr átti [ungan] bróður sammæðra; en vèr kunnum eigi at nefna föður sveinsins, en hann var þó ágætr höfðingi. En þessi sveinn var kallaðr næst konungdómi í Englandi eptir Játvarð, ef hann dæi sonlauss. En er Guðini jarl varð þess varr af dóttur sínni, at hón hélt breinlífi af fortölum Játvarðar konungs, ok þau mundu öngvan son eiga til ríkis eptir hann, þá vildi hann þat til ráðum ráða, at Haraldr, son hans, yrði konungr, er þá þótti mestr atburðar-maðr af öllum Enskum höfðingjum. Ok í þann tíma fékk konungs-bróðir bráða-sótt, ok dó; ok var hèr um marg-talat, hvað sveininum yrði at skaða.—Þat var einn hátíðar-dag, at Játvarðr konungr sat yfir borði, ok sat Guðini jarl á aðra hönd hónum, en á aðra hönd hónum sat einn biskup. Ok er maðr bar inn vist fyrir konung, drap hann fæti, ok rasaði til fallz, ok þá stakk hann niðr öðrum fætinum, ok studdi sik svá. Guðini jarl tók til orða ok mælti, “Hlífði þar nú bróðir bróður!”<sup>1</sup> Konungr svarar: “Eigi hlífir mín bróðir mèr svá,” segir haná. Guðini svarar: “Svá láti Guð mik njóta “þessa morsels, er nú èt ek, sem ek røð eigi dauða “bróður þíns, þóttú grunir mik þar um jafnan!” Tók hann síðan morselit af diskinum ok ætlaði at èta. En konungr tók höndina hans um úlfliðinn, ok røtti til biskups, ok mælti: “Lávarðr biskup, bleza “þú!” Biskup gjörði svá. Síðan lagði Guðini jarl bitann í munn sér, ok át; ok er hann vildi svelgja, stóð bitinn í hálsi hónum, svá hvárki gékk upp nè ofan, ok þar af dó hann þegar í stað, ok var dreginn út ór hásetinu öfugr fyrir hræfugla. En þó var hann grafinn síðan til kirkju at bæn frænda sinna ok vina.

6. Játvarðr konungr hugsaði svá eptir, at hónum

<sup>1</sup> This reminds of the legend of Hamdir and Sörli in the Edda.



Þótti hertogi Viljálmr bastharð næst konungdómi í Englandi eptir sik; bæði fyrir þess sakir, at hann var kominn frá Engla-konungum, ok náinnar frændsemi, er var í milli þeirra.—Þat var einn tíma, er Játvarðr átti samtál við alla hina stærstu höfðingja. Lét hann alla sverja sèr: fyrst Guðina-sonu, ok alla þar með aðra, at þeir skyldu öngvan konung taka eptir hann nema Viljálmr bastharð.—En þat var nökkuru síðarr er Haraldr Guðinason fór at erendum sínum suðr um sjó; ok gaf eigi aptr fyrir andviðrum. Þá kom hann á fund Viljálms hertoga, ok dvaldiz með hómum um hríð. Þá veitti hann ok Viljálmi svarþaga til þess, at halda eigi ríki móti hómum, þá er Játvarðar konungs missti við. Þat er ok sumra manna sögn, at þá festi hann dóttur hertogans, ok rauf sjálf þau festar-mál.

Þá er Játvarðr konungr hafði ráðit Englandi þrjú ár ok tuttugu, hann var staddr í Lundúnum, þá tók hann sótt á Jóhann; ok kallar þá til sín marga höfðingja, ok lýsti þá enn því, at Viljálmr skyldi konungr vera eptir hann í Englandi. En er sóttin tók at þreyngja honum svá at lítið var mál, segja menn at Haraldr lyti<sup>1</sup> yfir hann; ok skírskotaði þá síðan,<sup>2</sup> at konungr hefði<sup>3</sup> gefit hómum ríkit eptir sik í Englandi. Játvarðr konungr andazizt (sic) lítlu síðarr, ok var grafinn í Englandi, í Lundúnum, í Páls-kirkju.<sup>4</sup> Hann skein þegar jarteinum eptir dauða sinn sem áðr, ok lá í jörðu allt til þess er hinn helgi Thomas Erkebiskup tók hann upp, ok lét leggja í virðuligt skrin.

7. Með því Haraldr Guðinason var stór-ættaðr í Englandi, en sjúlfr mannaðr forkunnar-vel, en landzstjórnar-mönnum þótti þungt at ganga undir ríki útlendra höfðingja, þá tóku þeir Harald til konungs; ok var hann vígðr undir kórónu, sem síðvenja var

<sup>1</sup> *lyti*] lysti, Cd.  
<sup>2</sup> *síðan*] þegar, Fl.

<sup>3</sup> þá, add. Fl.  
<sup>4</sup> í *Páls-kirkju*] add. Fl.

til Enskra höfðingja. Hēr var ekki við hafðr Tosti, bróðir hans;—En [hann] var eltri, ok þóttist hann því nær konungdómi. Fann hann þá Harald bróður sinn, ok beiddiz at vera jafn við hann. En er Haraldr synjaði þess, þá fór hann ór landi, ok fyrst til Danmerkr á fund Sveins konungs Úlfs-sonar, frænda síns, ok bað hann fara til Englandz ok vinna landit undir sik, “Sem gjört hafa hinir fyrri Dana-  
“ konungar.” En Sveinn konungr var þess eigi búinn. Fór þá Tosti norðr í Noreg, ok eggjaði Harald konung Sigurðarson at fara til Englandz ok vinna landit undir sik. Ok þetta sama sumar eptir fóru þeir Haraldr konungr ok Tosti til Englandz með her, ok felldu í Jórvík Mauru-kára jarl Guðinason; en Gyrðr jarl, bróðir hans, flýði ór þeirri orrostu. En fám nóttum síðarr börðuz þeir við Stafnfurðu-bryggjur vit Harald konung Guðinason; ok féllu þeir þar báðir, [Haraldr ok Tosti]. Sem sagt er í Æfi Noregs-konunga.

8. Þá er Viljálmr spurði andlát Játvarðar konungs, ok þat er Haraldr hafði látið taka sik til konungs í Englandi, líkaði honum stór-ílla, ok þótti Haraldr hafa rofit særi sín ok einka-mál við sik. Samnaði hann þá þegar öllum höfðingjun þeim er hann fékk ok miklum öðrum her. Bjó hann lið þat út í England. Kom hann þar þann tíma er þeir höfðu bariz Haraldarnir. Tók hann þegar at herja er hann var landfastr, ok lagði undir sik landit hvar sem hann fór. En er Haraldr Guðinason spurði þetta, fór hann í mót honum; ok varð fundr þeirra suðr við Helsingja-port, ok höfðu hvárir-tveggju all-mykinn her. Þá talaði Gyrðr jarl til Haraldz bróður síns: “Uggir mik, at þèr takizt  
“ eigi at halda orrostu við hertoga Viljálm, þvíat þú  
“ ert eiðsvari hans, ok hefir þú svarit honum, at  
“ halda eigi Englandi fyrir honum.” Haraldr konungr svarar: “Vera kann svá, bróðir, at þér sé betr hent  
“ at berjaz við Viljálm; en ekki hefir ek vanr verit  
“ at leggja í hreysum þá er aðrir menn hafa barizt,

“ ok ekki skal Viljálmr bastarðr,<sup>1</sup> þat spytja, at ek þori eigi at seá ham.” Eptir þat lét Haraldr konungr setja upp merki sítt fyrir sik; ok réð til orrostu í móti Viljálmi; ok var þar hinn mesti bardagi; ok þótti þat ósýnt langa stund hvárr sigrinn mundi fá. En er á leið orrostuna, snéri mannfallinu á hendir Enskum mönuum, ok féll þar mykill herr; ok allir flýðu þeir er lífit þágu. Þar féll Haraldr konungr ok Gyrðr bróðir hans; en Valþjófr, bróðir þeirra, flýði ór orrostu. Viljálmr bastarðr lét brenna hann síðan í skógi einum, ok með hönnum hundrað manna.

Þat er sögn Enskra manna, at um nóttina eptir orrostu þeirra Viljálms ok Haraldz, hafi nokkurir vinir Haraldz konungs farit til valsins ok leitað eptir líki hans, ok fundu hann lifanda ok fluttu til lækningar; var hann græddr á laun. Ok er hann var heill, vildi hann eigi stríða með Viljálmi til ríkis.<sup>2</sup> Ok er þat margra manna sögn, at hann hafi lifat allt á daga fram Heinreks hins gamla.<sup>3</sup>

9. Viljálmr bastarðr lagði undir sik allt England; ok lét taka sik til konungs ok vígja undir kórónu; görðizt hann hinn mesti höfðingi. En hans ríki var þó mjök öfundsamt af mörgum mönnum ok höfðingjum í Englandi; ok gjörðu þeir hinir Ensku höfðingjar, er eigi vildu þjóna Viljálmi, orðsendingar Sveini Úlfs syni Dana-konungi, at hann skyldi koma til Englandz með Dana-her, ok þeir mundu berjaz í móti Viljálmi, ok ganga undir Svein konung. En er Viljálmr spurði

<sup>1</sup> en ekki . . . bastarðr] Fl.; en eigi vil ek láta, Cd.

<sup>2</sup> ok er hann var heill vorðinn, þá var hönnum boðit af sínum vinum at stríða á Vilhjalm, ok fá landit, hvat er kostaði. En Haraldr konungr vildi þat ekki, ok kvazt undirstanda, at Guð í himinríki unti hönnum eigi ríkisins, ‘Enda

‘ má vera, at svá sé betr.’ Tók konungr þá upp æskiligt ráð, at fyrir-láta þessa heims metnað; ok gækk í stein, ok var einsetu-maðr meðan hann lifði, þjónandi svá almáttigum Guði úaðlátliga bæði nátt ok dag, Fl.—more minutely. Cp. the preceding Hemings þáttur.

<sup>3</sup> i.e. Henry Beaucleker.

Þessar orðsendingar, sendi hann þá suðr til Danmerkr Guðina unga Guðinason,<sup>1</sup> ok með hönnum einn ágætan biskup. Þeir fóru með stórum gjöfum til Dana-konuugs; ok bað sik undan, at hann skyldi eigi herja í ríki hans. Ok fyrir þetta sama settiz Sveinn konungr aþtr at fara með her í England. Ok gèkk því nökkur ár, at Viljálmur sendi Dana-konungi gjafir, ok frelsti svá ríki sítt. Ok þat hafa Danir til þess, er þeir segja, at Sveinn konungr hafi ráðit Englandi eptir Hörða-knútt ok Játvarð hinn góða.

10. Þá er höfðingjar Enskir urðu vísir, at Danir vildu ekki liðsinna þeim móti Viljálm;—en þeir vóru ráðnir til at þeir vildu eigi undir hans ríki búa,—þá létu þeir ódul sín, ok flýðu brott af landi með mykinn her. Þar vóru fyrir þrír jarlar ok átta barúnar; var mest fyrir þeim Sigurðr jarl af Glocestr. En þeir höfðu hálftr fjórða hundrað skipa ok þar á bæði mikit lið ok frítt. Þeir fóru fyrst suðr um sjó, ok síðan vestr fyrir Matheus-nes, ok svá út fyrir Galizu-land; en þaðan fóru þeir til Nörva-sundz, ok út yfir sundin til höfuð-borgar þeirrar er Septem heitir. Þeir veittu atgöngu borginni, ok fengu unnit borgina;<sup>2</sup> þeir drápu [þar] fjölda manna heiðinna; en tóku svá mikit fê í gulli ok silfri, at þat var allt meira enn þeir höfðu brott ór Englandi, ok var þat stór-fê, af því at þeir höfðu í lausa-fé varit öllum eignum þeim er þeir höfðu í Englandi.<sup>3</sup> Þaðan halda þeir austr eptir Nörva-sundum, ok kómu til eyjanna, ok unnu hvára-tveggju, Majörk ok Minork. Eptir þat fóru þeir til Sikileyjar. Ok er þeir vóru þar komnir, þá spurðu þeir úfrið mikinn ór Miklagarði; ok sat um staðinn heiðit fólk bæði á skipum ok á landi. Þá var stólkonungr Kirjalax inn mikli, ok hafði ný-tekit við ríki. Þetta var nokkurum vetrum eptir fall Haraldz

<sup>1</sup> *Guðinason*] Baldvina son jarls, |

<sup>2</sup> *ok . . borgina*] add. F

<sup>3</sup> *ok var . . Englandi*] add. Fl.

konungs Guðinasonar. En er Enskir menn spurðu úfrið or Miklagarði, væntu þeir sér framkvæmdar mikillar, þvíat langan tíma áðr höfðu Norðmenn þar stór-miklar sæmdir, þeir er mála-menn gjörðuz. Hældu þeir þaðan austr eptir hafinu ok svá norðr til Miklagarðz, ok kvómu til staðarins um nótt, ok var á tungls-ljós nokkut. Lögðu þeir þegar til orrostu við þá er á skipunum lágu; ok var þar hinn mesti bardagi; ok höfðu þeir miklu meira her er fyrir lágu. En Enskir menn lögðu at svá drengiliga, at þeir náðu uppgöngu á þau skipin er fúz[t] lágu, ok first lágu landinu ok borgar-veggjum; en ruðu þeir hvert svá sem þeir géngu á; en fólkit var drepit, en sumt hljóp á kaf. Sumir hljópu á önnur skip; ok gékk svá skip af skipi flóttinn, þar til er þeir höfðu unnit öll skipin, þau er eigi flýði undan. Þat fólk er á land komz, hljóp í herbúðirnar, ok sögðu at óflýjandi herr var kominn, sá er ekki vætta mátti rönd við reisa. Hljópu þá upp allir er í herbúðunum vóru; ok var ekki ráðit tekit annat, en hverr flýði sem kominn var með slíkt sem hann fékk munum á komit. En um morguninn er ljóst var orðit, sá fólkit af borginni, at herrinn var á brottu allr, sá er setið hafði um staðinn; en þar vóru komin skip mörg, ok gjör á annan veg allt, en þau hinu fyrri höfðu verit. Gjörðu borgar-menn þá menn til skipa-manna. Ok hér eptir fundu þeir konunginn, ok tók hann þá forkunnar-vel við þeim, ok þakkaði þeim sigr þann hinn mykla, er þeir höfðu unnit bónum til friðar ok frelsis. Þeir dvölduz um hríð í Miklagarði, ok frelstu ríki Grikkja-konungs af úfriði. Kirjalax konungr bauð þeim þar at staðfestaz ok gæta lífs síns, svá sem siðvenja Væringja var til, þeirra sem á mála gengu. En Sigurði jarli ok öðrum höfðingjum þótti þau offítil forlög sín, at eldaz þar með því móti, at þeir hefði ekki ríki til forráða, ok beiddu konung fá sér borg nokkura eðr stað, þann er þeir mætti eiga eðr þeirra erfingjar. En konungr

þóttiz eigi mega taka aðra menn af óðulun sínum. Ok er þeir áttu þetta at tala, segir Kirjalax konungr þeim, at hann vissi land eitt liggja til norðrs<sup>1</sup> í hafit, þat er legit hafði at fornu undir Miklagarðz keisara, en síðan höfðu heiðingjar unnit undir, ok bygt. Ok er þetta heyrðu Enskir menn, tóku þeir heimild af Kirjalax konungi, at þetta land skyldi þeira [eign] vera [ok þeirra erfingja], ef þeir fengi unnit [undir sik af heiðnum mönnum], skatta-laust ok skylda. Konungr játaði þeim því. Hèr eptir fóru Enskir menn brott or Miklagarði ok norðr í hafit; en eptir dvölduz í Miklagarði nokkurir höfðingjar, ok gengu þar á mála.

Þeir Sigurðr jarl kómu til landz þessa, ok áttu margar orrostur þar, ok fengu unnit landit, en ráku á brott allt fólk þat er áðr bygði. Síðan bygðu þeir þat land, ok gáfu nöfn; ok kölluðu England. Borgum þeim er í landinu vóru, ok þeim er þeir reistu, gáfu þeir nöfn staðanna af Englandi; kölluðu bæði Lundunam ok Jork, ok annara höfuð-borga [nöfnum] í Englandi. Þeir vildu ekki hafa Páls-bók, sem gengr í Miklagarði, ok sóttu biskupa í Ungaria ok aðra kennimenn. Landit liggr sex dægra haf<sup>2</sup> í ætt austrs [beggja] ok land-norðrs frá Miklagarði; ok er þat hinn bezti landkostr; ok hefir þetta fólk þar jafnan síðan bygt. *Explicit.*

<sup>1</sup> *norðrs*] land-norðrs, Fl.

<sup>2</sup> *sex dægra haf*] sex dægra sigling í hafit, Fl.

---

INDEX.

---





# INDEX

References to the Chapter.

## A.—LIST OF NAMES.

### I. *Names of Places.*

#### A.

- Agðir, a province, the southern point of Norway, east and west of Cape Naze; 43, 61, 71.
- Akr, near Nidaros, Thronheim, Norway; Add. p. 222.
- Akrs-borg, Acre, in Palestine; 94, 95.
- Ála-borg, now Aalborg, Jutland, Denmark; 37.
- Ála-sund (or better Jala-sund), Yell Sound, Shetland; 68.
- Aldeigu-borg, now Ladoga, a town in Russia; 24.
- Álf-heimar, a province in south-east Norway, between the two great rivers (Elbs), the Raum-elf and the Goth-elf; App. A.
- Allanz-haf, the Aland Sea or Aland Archipelago, in the Gulf of Bothnia; 1.
- Al-viðra, Hörðaland, Norway; 62, 64.
- Apardjón, Aberdeen, Seotland; 100, App. A.
- Ásgríms-erg, sheds or shielings, Gaelic airidh, in Caithness; 113.
- Askr, a place in the Isle of Fenring, off Bergen, Norway; 65.
- Ásmundar-vágr, Osmondvall, in Rögnvaldsey; 12, 17.
- Atjökklar, less right Atjoktar, the county Athol, Scotland; 66, 78, 81.
- Austr-Agðir, the Eastern-Agde, east of Cape Naze; 61, 64.
- Avallz-nes, Ögvaldznes, in the isle of Kormt, Norway; App. C., 18.

#### B.

- Balla-staðir, Bollastaðir, better Balta staðir (Magn. II. 296), *Balasta*, in Unst, Shetland; 60, Magn. 34.
- Barðs-vík, Barswick, in Rögnvaldsey; 102, 105.
- Beit-sær or Beit-stöð, a loch, the innermost branch of the Thronheims fiord, now called Beitstad fiord, northern Norway; 3.
- Beru-vík, Berwick, of the North, in Caithness; App. B.
- Beru-vík, the southern, Berwick-on-the-Tweed; 101.
- Bjarg, a place in Heiðmork, Norway; 2.
- Biskups-tungur, a district in south Iceland; 98.
- Björgyn, the town Bergen, Norway; 61-65, 89.
- Blý-hólmar, some 'haulmes' near North Berwick; 101.
- Bolgara-land, Bulgaria; 97.
- Bonolfs-stein?; App. C., 11.
- Borgar-fjörðr, Burra firth, Shetland; 49.
- Breiða-fjörðr, Broad firth, the Moray firth, 22, 78, 82, 88, 101.
- Brekkur, in Strjonsey; 59, 77.
- Bretland, Wales; 8, 43, 82.
- Byrgis-hérað, Birsá, a district in Hrossey; 55, 59, 60, 108 (Byrgisey is a false reading).

## C.

Celio, a mount; App. D., 3.

## D.

Dalar (plur.), the Dales in Skotlandz fiords, now 'the great glen of Scotland'; 107, 110 (whence Dalverja-ætt).  
 Dalir, or Dalr, in Caithness; 10, 56.  
 Dalr, in Shetland; Magn. 34.  
 Damis-ey (and Daminsey) the island Damsa, in Örríða firth, Orkney; 70, 103, 105.  
 Danmörk, Denmark, *passim*.  
 Dofrar, the mountain Dovre, Norway; 2.  
 Dofrar, Dover, in England; App. B., 339.  
 Dollz, an island off Söndmör, Norway, 64.  
 Dollz-hellir, Dollsten-bulen, a cave in that island, id.  
 Duf-eyrar, Duffus? a port on the Moray firth; 82, 87.  
 Dumaz-bakki, near Dublin; App. B., 341.  
 Dumbs-haf, the Arctic Sea, from Dumber, now Dommen, a peak near North Cape; App. A., p. 310.  
 Dungal-bær, or Duggals bær, Duncansbay, Caithness; 22, 55, 69, 82, 86, 87, App. B.  
 Dungal-nípa, a peak in Caithness; App. B., p. 323.  
 Dyflin, Dublin, Ireland; 12, 38, 115, 116.  
 Dynrastar-höfði, Dunrossness? Shetland; 89.  
 Dynrastar-vágr, the voe or creek near Sumburgh Roost; 89.  
 Dyn-rüst, the "Dioning Roost," or Race, now Sumburgh Roost, Shetland; 89, 102.  
 Dýr-ness, Deerness, a ness, Hrossey, Orkney; 22, 100.  
 Dyr-raks-borg, Durazzo, Italy; 97.

## E.

Effesus; App. D., 3.  
 Efja, the island Evie, Orkney. See Efsjund.  
 Efsjund, Evie Sound, Orkney; 78.

Egils-ey, Egilsay, Orkney; 50, 70, 80.  
 Egipta-land, Egypt, Magn; 31.  
 Eišína-borg, Edinburgh; 87, 101.  
 Ekkjall, R. Oikel, Scotland; 22.  
 Ekkjals-bakki, the banks of the R. Oikel, Scotland; 5, 78, 82.  
 Eldu-eið, Naumdals-eidet, a neck of land, or tarbert, from Beitstad fiord, the innermost part of Throndeims fiord, northwards to Naumdals fiord, North Norway; 3 (called Elliða-eið, App. A., p. 310, less rightly).  
 Elgin, Elgin, on the Moray firth; 82.  
 Engils-nes, Cape St. Angelo, Greece; 96 (cp. Symbolæ, 26).  
 England, England; 62, 63, *passim*.  
 Eyin Helga, the island Iona, Hebrides; Add. p. 232.  
 Eyjar = Orkneyjar; 8, *passim*, or more generally the Western isles.  
 Eyrar, in Eyra-þing, a meeting-place, near Nidaros; 24.  
 Eysteins-dalr, a dale between Caithness and Sutherland; Add. p. 229.  
 Eystra-salt, the Eastern sea, i.e. the Baltic; 1.  
 Eystri-Dalir, a valley, Österdalen, Norway; App. A., 310.

## F.

Fetlar, the island Fetlar, Shetland; 60.  
 Fífi, the province Fife, Scotland (suðr ú Fífi); 22.  
 Finn-land, Finland, east of the Gulf of Bothnia; 1.  
 Finn-mörk, Finmarken; 1.  
 Fírðir (Fjörðu) = Skotlandz fírðir; 103, ? 111.  
 Fírðir, the western Fjords in Iceland; 298.  
 Fjörðr? Frith, = Hafnarfiord, Hrossey; 101.  
 Flandr, Flanders; App. D.  
